

Úttekt á rekstri  
Sveitarfélagsins  
Skagafjarðar  
og tillögur

---

Sveitarfélagið  
Skagafjörður

# Samantekt

---

## Inngangur

- Að beiðni sveitarstjóra tók skýrsluhöfundur að sér að gera úttekt á rekstri Sveitarfélagsins Skagafjarðar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins, þannig að reksturinn skili meiri framlegð til að standa undir afborgunum lána og nýjum framkvæmdum.
- Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar gögn frá öðrum sambærilegum sveitarfélögum að stærð hvað íbúafjölda varðar.
- Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Rekstrarútgjöld sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrarútgjöld hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar.
- Við athugun á rekstri grunnskóla og leikskóla var aflað upplýsinga úr bókhaldi hjá sveitarfélögum með sambærilega skóla hvað nemenda- og barnafjölda varðar.
- Einnig var aflað upplýsinga um starfsmannafjölda hjá samanburðar skólunum og hann borinn saman.

## Íbúafjöldi

- Á tímabilinu 2002 til 2012 fækkaði íbúum um 138, eða um 3,3%. Á sama tímabili fækkað íbúum á Norðurlandi vestra um 6,3%.
- Mikil fækkun er á milli árána 2011 og 2012, eða um 86 íbúa, sem er 62% af fækkuninni frá 2002.

## Skuldir sveitarfélagsins

- Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012, mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins.
- Væntanleg er reglugerð sem mun skýra frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast.
- Eins og mynd 1 sýnir voru skuldir og skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. ársreikningi 2010 145% af tekjum sveitarfélagsins og 147% árið 2011.
- Eins og tafla 3 sýnir hafa skuldir A- og B-hluta samtals sem hlutfall af tekjum breyst lítið á milli árána 2002 og 2011 eða farið úr 143,8% árið 2002 í 147% árið 2011.
- Skuldahlutfallið lækkar á þessu níu ára tímabili fjórum sinnum á milli ára, þ.e. árið 2004, 2006, 2007 og 2009.
- Á þessu tímabili fer skuldarhlutfallið aldrei yfir það hámark sem sett hefur verið í lög skv. nýjum sveitarstjórnarlögum.
- Eins og tafla 4 sýnir eru 57,5% af langtíma skuldum sveitarfélagsins samtals hjá aðalsjóði. Síðan 42,5% hjá B-hluta stofnunum.

- Af B-hluta stofnunum eru Félagslegar íbúðir með hæsta hlutfallið, þ.e. 22% af langtíma skuldum sveitarfélagsins. Skagafjarðarveitur eru með 17%.
- Eins og tafla 5 sýnir er skuldastaða B-hluta stofnana gagnvart aðalsjóði sveitarfélagsins góð að undanskildum skuldum vegna félagslegra íbúða.
- Niðurstaðan af þessu er að rekstur B-hluta stofnana stendur undir sér að mestu nema þá vegna félagslegra íbúða.
- Tafla 6 sýnir hvernig langtímaskuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar skiptast á milli lánardrottna. 58% af skuldum sveitarfélagsins eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga og 20% hjá Íbúðalánasjóði, eða samtals 78% af lánum sveitarfélagsins eru hjá þessum tveimur aðilum.
- Ljóst er að nokkuð hátt hlutfall af skuldum sveitarfélagsins er hjá Íbúðalánasjóði. Vinna þarf að því að fá þetta hlutfall lækkað.

### **Handbært fé frá rekstri**

- Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið ekki að fullu fyrir daglegum útgjöldum né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda.
- Eins og tafla 7 sýnir var veltufé frá rekstri tvisvar á tímabilinu neikvætt, þ.e. árin 2003 og 2011 og handbært fé frá rekstri einu sinni á tímabilinu, þ. e. árið 2003.
- Það þýðir að á þessum árum vantaði sveitarfélagið 22,7 millj. kr. og 20 millj. kr. hvort ár til að eiga að fullu fyrir daglegum útgjöldum sveitarfélagsins, A-hluta, þ.e. fyrir launum, orkukostnaði o.þ.h.
- Eins og tafla 8 sýnir skilaði reksturinn þrisvar sinnum á tíu ára tímabili nægum afgangi til þess að eiga að fullu fyrir afborgunum lána.
- Síðan að teknu tilliti til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum var fjárvöntun öll árin nema árið 2007, en þá var afgangur upp á 137 millj. kr.
- Eins og tafla 9 sýnir var handbært fé frá rekstri hjá B-hluta neikvætt einu sinni á þessu tímabili, þ.e. árið 2007.
- Í sex ár af þessum tíu er handbært fé frá rekstri hærra en afborganir.
- Árin 2009, 2010 og 2011 var handbært fé frá rekstri hærri upphæð en samtals afborganir og fjárfestingar hvert þessara ára.
- Eins og tafla 10 sýnir hafa lántökur á þessu tímabili verið frá 50 millj. kr. árið 2008 upp í 803 millj. kr. árið 2010.
- Á því ári samsvöruðu lántökurnar um 25% af heildartekjum sveitarfélagsins, A- og B-hluta.

### **Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun**

- Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar.
- Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, tekjuafgangi eða nýrri lántöku.

- Í nýjum sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun felld úr lögunum. Einungis verði sveitarstjórnnum heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka.
- Ljóst má vera að skv. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er það brot á lögunum ef útgjöld fara fram úr fjárhagsáætlun. Slíkt er einungis heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjaldaaukanum verður mætt eða tekjulækkun.
- Þannig má ljóst vera að ekki verður heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra.
- Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga. Þetta kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaða greiðsluáætlun og eftirfylgni.
- Einnig er ákvæði í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem kveður á um að ekki er heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals í þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja árána sé um hallarekstur að ræða.
- Eins og tafla 11 sýnir er nokkuð um að kostnaðarliðir fari fram úr áætlun.
- Samtals fór rekstur málaflokka aðalsjóðs fyrir fjármagnstekjur 9,8% fram úr upphaflegri áætlun á árinu 2011, eða alls 242 millj. kr.
- Með fjármagnsliðum nettó fer reksturinn 8,7% fram úr upphaflegu fjárhagsáætluninni 2011, eða 209 millj. kr. Þegar tekið er tillit til skatttekna fer reksturinn 110 millj. kr. fram úr fjárhagsáætlun 2011.
- Í krónum talið fóru fræðslu- og uppeldismál mest fram úr upphaflegri áætlun, eða 95,5 millj. kr., sem er 7% umfram það sem upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir.
- Af þessum má ljóst vera að mikil peningaleg hagræðing myndi nást hjá sveitarfélaginu bara með því að láta einstaka útgjaldaliði standast áætlun.
- Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga.
- Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða.
- Á tímabilinu 2002 til 2010 var Sveitarfélagið Skagafjörður eitt af þeim níu sveitarfélögum sem var með hallarekstur á aðalsjóði fyrir óreglulega liði í sjö ár af níu.
- Eins og tafla 12 sýnir var afgangur á rekstri A-hluta tvisvar á tímabilinu 2002 til 2011, sbr. hér að framan. Hins vegar var rekstrarafkoman neikvæð öll árin nema eitt, þ.e. 2007, þegar A- og B-hluti eru teknir saman.
- Fyrsti töluliðir í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga hljóðar þannig: „1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“
- Mikil breyting þarf að eiga sér í stað hvað varðar samanlagðan rekstrarafgang A- og

B-hluta hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður til þess að ákvæði 1. töluliðar í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nái fram að ganga.

- Tafla 13 sýnir rekstrarafkomu sveitarfélagsins í krónum talið á tímabilinu frá 2002 til 2011 í þús. kr. Samtals hefur hallinn á A-hluta verið 993 millj. kr. á verðlagi hvers árs á þessu tímabili.
- Hjá B-hluta var hallinn samtals á þessu tímabili 399,7 millj. kr. á verðlagi hvers árs.
- Samtals á þessu tímabili var hallinn hjá A- og B-hluta á verðlagi hvers árs 1.392,8 millj. kr. Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2011 2.867 millj. kr. og heildar tekjur A- og B-hluta 3.298 millj. kr.
- Af þessu má ljóst vera að mikil breyting þarf að eiga sér stað í rekstri sveitarfélagsins til að það standist ákvæði sveitarstjórnarlaga um hallalausan rekstur með hliðsjón af reynslu undangenginna ára.

### Tekjur

- Eins og tafla 14 sýnir kemur Skagafjörður ágætlega út í þessum samanburði, með háar skatttekjur á hvern íbúa.
- Sveitarfélögin á þessu tímabili, sem eru með hærri skatttekjur á hvern íbúa, eru frá tveimur og upp í fimm.
- Frá árinu 2007 eru tvö til þrjú sveitarfélög af þessum samanburðar sveitarfélögum með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Skagafjörður.
- Eins og fram kemur í töflu 15 eru fjögur stærri sveitarfélög og þrjú minni með hærri útsvarstekjur á hvern íbúa en Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Hins vegar eru tvö stærri og tvö minni sveitarfélög með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa en Sveitarfélagið Skagafjörður.

### Launaútgjöld

- Eins og tafla 20 sýnir er hlutfall launa af tekjum nokkuð hátt hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður.
- Frá árinu 2005 til 2010 er sveitarfélagið með næst hæsta hlutfallið öll árin nema 2008, þá er hlutfallið hæst hjá Skagafirði.
- Árið 2010 voru launaútgjöld sem hlutfall af tekjum sveitarfélagsins 63,1%, sem er nokkuð hátt hlutfall.
- Árið 2011 var hlutfallið komið í 65,9%. Þessi samanburður kallar á það að launaútgjöld sveitarfélagsins verði skoðuð frekar.
- Heildarlaunaútgjöld allra sveitarfélaga sem hlutfall af tekjum þeirra samtals á árinu 2009 voru 51,9%. Hlutfallið hækkaði á árinu 2010 og var 53,0%.
- Árið 2002 var hlutfallið 54,2% samanborið við 65,9% árið 2011, eða 11,7 prósentustigum hærra árið 2011.
- Hefði launahlutfallið verið það sama árið 2011 og það var árið 2002 hefðu launin verið um 257 millj. kr. lægri árið 2011.
- Eins og tafla 21 sýnir er eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum með hærri launakostnað á hvern íbúa árið 2010 en Skagafjörður.
- Launakostnaðurinn á hver íbúa var lægstur hjá A-hluta Sveitarfélagsins Árborgar,

þar sem hann var 275 þús. kr. árið 2010. Til samanburðar var hann 421 þús. kr. hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður á hvern íbúa.

- Árið 2011 var yfirtíð og álagsgreiðslur samtals 196,1 millj. kr. og að auki launatengd gjöld. Samtals var yfirtíð og álagsgreiðslur 17% af föstum launum.
- Til mikils er að vinna að ná þessum kostnaði niður.
- Einnig eru dæmi þess að starfsmenn eru með fasta yfirtíð en hafa síðan fengið greitt fyrir unna yfirtíð aukalega.
- Ákvæði greinar 2.6.9 í kjarasamningi hefur verið túlkað þannig að greiða skuli 25 mínútur aukalega fyrir hverja vakt sem unnin er, þ.e. fyrir hvern unninn dag. Starfshlutfallið skiptir hér ekki máli.
- Skýrsluhöfundur leggur annan skilning í túlkun þessarar greinar. Ef raunveruleg viðvera á hverri vakt er 25 mínútum skemri en umsamin vinnuskylda óháð lengd vaktar kemur ekki til þessarar greiðslu.
- Einnig er ákvæði í kjarasamningi gr. 2.6.10, sem hafa ber í huga þegar ákvörðun um yfirvinnu er tekin hjá vaktavinnufólki.
- Túlkun þessa ákvæðis er að fyrir hverja unna klukkustund í yfirvinnu skuli greiða aukalega 12 mínútur eða starfsmaðurinn taki sér kaffi eða matarhlé í 12 mínútur á hverri klukkustund sem unnin er.
- Ljóst er að grein þessi hefur verið sveitarfélaginu nokkuð kostnaðarsöm miðað við mikla yfirvinnu vaktavinnufólks í íþróttamiðstöð og vegna málefna fatlaðra.

### **Stöðugildi**

- Miðað við 1. apríl 2011 voru samtals 328,7 stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi er skoðaður, tafla 23, í þessum samanburði er einungis eitt sveitarfélag með færri íbúa á hvert stöðugildi en Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Önnur sveitarfélög í samanburðinum eru með fleiri íbúa á hvert stöðugildi.
- Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög eru 14,8 íbúar á hvert stöðugildi. Til samanburðar eru 12,2 íbúar á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður.

### **Annar rekstrarkostnaður**

- Eins og fram kemur hér að framan fór 65,9% af tekjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar í launaútgjöld á árinu 2011. Þannig að eftir stóðu 34,1% fyrir öðrum rekstrarútgjöldum, afborgun lána og nýframkvæmdum.
- Eins og tafla 24 sýnir kemur Sveitarfélagið Skagafjörður vel út þegar hlutfall annars rekstrarkostnaðar af tekjum er borið saman við samanburðar sveitarfélögin.
- Árið 2010 var einungis eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum með lægra hlutfall.
- Árin 2007 og 2008 var hlutfallið lægst hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Á árunum

2006 til 2009 var hlutfallið undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga.

### Fjölskyldusvið – Fjölskyldu- og félagsmál

- Fjölskyldu- og félagsmál eru hluti af fjölskyldusviði.
- Félagsmálastjóri er sviðsstjóri fjölskyldu- og félagsmála undir fjölskyldusviði og heyrir beint undir sveitarstjóra.
- Á skrifstofu fjölskyldu- og félagsmála eru 5 stöðugildi.
- Náíð samráð er á milli félagsmálastjóra og fræðslustjóra um ýmis mál sem skarast. M.a. kaupa þau sameiginlega þjónustu af sálfræðingi í verktöku.
- Sveitarfélagið er aðili að byggðasamlagi með sveitarfélögum á Norðurlandi vestra – Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð – um málefni fatlaðra.
- Fjárhagsáætlun fyrir málefni fatlaðra er unnin af byggðasamlaginu. Sá hluti útsvarstekna, sem ætlaður er í málaflokkinn, er greiddur til byggðasamlagsins, þ.m.t. sá hluti sem sveitarfélagið fær með útsvarinu.
- Síðan deilir byggðasamlagið þeim út til sveitarfélaganna skv. sérstöku mati um þjónustuþörf fyrir fatlaða í hverju sveitarfélagi fyrir sig.
- Telja verður að með þessu fyrirkomulagi hafi viðkomandi sveitarstjórnir framselt nokkurt fjárhagslegt vald til byggðasamlagsins.
- Félagsmálastjóri og félagsráðgjafi eru starfsmenn barnaverndarnefndar og annast barnaverndarmál í sveitarfélaginu og einnig Akrahreppi.
- Ef fellur til kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu greiðir það sveitarfélag fyrir hann sem nýtur þjónustunnar. Einnig greiða sveitarfélögin hlutfallslega í kostnaði vegna barnaverndarnefndar.
- Að öðru leyti en að framan greinir liggur allur kostnaður vegna barnaverndarmála í báðum sveitarfélögum hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Sem dæmi má nefna að þegar starfsmaður sveitarfélagsins sinnir barnaverndarmáli í Akrahreppi er ekki sérstaklega fyrir það af hálfu Akrahrepps.
- Þetta fyrirkomulag verður að teljast óeðlilegt.
- Neyðarlínan tekur við tilkynningum um barnaverndarmál utan reglubundins vinnutíma.
- Dagvist aldraðra fer fram í húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki.
- Tafla 25 sýnir launakostnað vegna Dagvistar aldraðra árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag um 12% af mánaðarlaunum.
- Heimaþjónusta er einkum ætluð þeim sem ekki geta einir og óstuddir séð um heimilishald vegna skertrar getu vegna veikinda, álags, öldrunar eða fötlunar.
- Til heimaþjónustu telst heimilishjálp og heimsending matar.
- Tafla 26 sýnir launaútgjöld vegna heimaþjónustu árið 2011. Eins og fram kemur á töflunni var yfirvinna um 5% af mánaðarlaunum, eða 844 þús. kr. auk launatengdra gjalda.

## Fjölskyldusvið - Fræðslu- og skólamál

- Fræðsluþjónustan er stjórnýsly- og sérfræðieining fræðslumála í sveitarfélaginu og heyrir undir fjölskyldusvið.
- Starfsmenn fræðsluþjónustu eru fræðslustjóri í 100% starfi, talmeinaráðgjafi í 80% starfi, sérkennsluráðgjafi í 100% starfi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi í 80% starfi og sálfræðingur sem starfar í verktöku í u.þ.b. 40% starfi hjá fræðsluþjónustunni, en hann starfar einnig hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins. Samtals 4 stöðugildi.

## Leikskólar

- Í Sveitarfélaginu Skagafjörður eru reknir þrjú leikskólar á sex stöðum. Einn leikskóli er á Sauðárkróki sem rekin er á tveimur stöðum, einn í Varmahlíð og einn leikskóli austan vatna, sem er þeirra minnstur, en rekin er á þremur stöðum.
- Eins og tafla 28 sýnir voru börnin samtals í leikskólum sveitarfélagsins 235 árið 2003 en eru nú 232. Þannig hefur börnum á leikskólum sveitarfélagsins fækkað um 3 á þessu tímabili.
- Nú er vinna vegna opunar og lokunar Ársala skipulögð þannig að hún rúmast innan daglegs vinnutíma en greiða þarf álag ofan á vinnutíma fyrir kl. 8:00 og eftir kl. 17:00.
- Starfsmannafundir í Ársölum eru haldir fjórum sinnum á ári og standa yfir í fjórar klukkustundir. Þeir fara fram í dagvinnutíma og er leikskólinn lokaður þegar þeir standa yfir.
- Þeir starfsmenn, sem eru í hlutastarfi og eiga ekki að vera að vinna þegar starfsmannafundir eru haldnir, hafa fengið greitt í yfirtíð eða tekið frí á móti.
- Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að starfsmenn hafa fengið frí á launum vegna minni aðsóknar t.d. um jól og ármót sem mætti nýta á móti fundasetu þegar viðkomandi á að vera í fríi.
- Það kom fram í máli leikskólastjóra að ekki komi fram fjöldi málsverða sem greitt er fyrir né verð á mat á reikningum frá verktaka sem maturinn er keyptur er af.
- Á fundi með leikskólastjóra var nokkuð rætt um orkunotkun, m.a. var rætt um kosti þess að fylgst væri með orkunotkuninni í mánuði hverjum.
- Ef tekjur þessara leikskóla eru skoðaðar sem hlutfall af heildarútgjöldum skera Ársalir sig nokkuð úr með lágt hlutfall. Tekjurnar voru 15,9% samanborið við 23,7% þar sem þetta hlutfall var hæst hjá leikskólanum Hulduberg í Mosfellsbæ.
- Samtals var því kostnaður vegna matarkaupa og starfsmanna í eldhúsi 29,237 þús. kr. Miðað við 162 börn gerir þessi kostnaður miðað við heilt ár 180 þús. kr. á hvert barn.
- Með hliðsjón af því hversu mikill þessi kostnaður er er spurt hvort hægt væri að ná þessum kostnaði niður með því að annast matagerðina alfarið í eldhúsi leikskólans.
- Eins og kemur fram á töflu 30 eru þrjú skólar með fleiri börn á hvert stöðugildi en Ársalir.
- Eins og fram kemur á töflu 32 var kostnaður við yfirvinnu nokkuð mikill árið 2011 vegna Ársala, eða 6,8 millj. kr. Með launatengdum gjöldum gerir þetta um 8,5 millj. kr.
- Hafa ber í huga að á hverri deild í leikskólanum Ársölum er eitt umfram stöðugildi



vegna forfalla og undirbúningstíma.

- Starfsmenn hafa fengið greidda fatapeninga. Starfsmaður í 100% starfi hefur fengið greiddar 16.000 kr. einu sinni á ári. Greitt er skv. framlagðri nótu.
- Akrahreppur er rekstraraðili að leikskólanum líka.
- Þekkt er hjá sveitarfélögum sem standa að slíkum samrekstri að stjórnunarkostnaður er áætlaður 5% af heildarútgjöldum og er þeim kostnaði síðan skipt á milli sveitarfélaganna í sama hlutfalli og öðrum útgjöldum leikskólans.
- Á Birkilundi hefur yfirtíð verið greidd vegna námskeiðsdaga, starfsdaga og í undantekningatilfellum vegna veikinda.
- Tekjurnar samtals eru næst lægstar hjá Birkilundi. Bæði í krónum talið og sem hlutfall af rekstrarútgjöldum samtals.
- Eins og þar kemur fram (tafla 34) er yfirvinna nokkru lægri á Birkilundi en hjá Ársölum.
- Fatapeningar eru undir liðnum vinnufatnaður, kr. 80.390, greitt til starfsfólks gegn kvittun.
- Eins og tafla 35 sýnir eru fjórir af þessum skólum með fleiri börn á hvert stöðugildi en Birkilundur.
- Eins og tafla 36 sýnir fækkar börnunum á þessu tímabili um 9 í Birkilundi. Þrátt fyrir það fjölgar stöðugildunum um 1,1.
- Eins og tafla 37 sýnir eru þrjú börn á hvert stöðugildi í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að einungis tvö börn verði í Bangsabæ í haust að öllu óbreyttu.
- Yfir leikskólanum er leikskólastjóri sem er með aðsetur í Brúsabæ á Hólum í Hjaltadal. Síðan er deildastjóri á hverjum stað, þ.e. þrjár deildastjórar.
- Starfsmannafundir fara fram eftir að dagvinnutíma lýkur en ekki hefur verið greidd yfirtíð fyrir það heldur hafa starfsmennirnir fengið einn frídag í staðinn t.d. á Þorláksmessu.
- Sama hátt væri hægt að hafa með deildarfundum en það hefur ekki verið.
- Á milli jóla og nýárs hefur starfsemi leikskólans stundum legið niðri og hafa starfsmenn fengið aukafrí vegna þess.
- Eins tafla 41 sýnir hefur börnum fækkað um 12 í Tröllaborg en stöðugildum hefur hins vegar fjölgað um 3,1. Fjöldi barna á hvert stöðugildi var 5,1 barn árið 2003 en nú í mars 2012 eru þau 3.
- Mikill mismunur getur verið á því hvað sveitarfélög innheimta í leikskólagjöld og fyrir fæði á leikskólum. Eins og kom fram hér að framan er hlutfall tekna af heildarútgjöldum hjá leikskólum Sveitarfélagsins Skagafjörður frekar lágt.
- Það vekur athygli að kostnaður eins og t.d. launakostnaður á barn er svipaður á öllum leikskólunum þrátt fyrir nokkuð mismunandi rekstur og mismunandi fjölda barna á leikskólunum.
- T.d. munar ekki nema 12.490 kr. á launakostnaði vegna hvers barns á Ársölum og Tröllaborg. Telja verður Tröllaborg fremurð óhagstæða rekstrareiningu, rekin á þremur stöðum með tiltölulega fá börn a.m.k. á tveimur stöðum. Þrátt fyrir það er ekki meiri munur á launakostnaði.

- Með hliðsjón af þessu og einnig misræmi á milli fjölgunar stöðugilda og barna á Ársölum frá árinu 2003, sjá töflu 31, er spurt hvort ekki megi taka stöðugildafjölda við leikskólana til endurskoðunar með það að markmiði að fækka þeim.
- Kostnaður við matvæla kaup er mismunandi á milli leikskólanna sem einnig kallar á að núverandi fyrirkomulag við matar kaup verði tekið til endurskoðunar.

### Grunnskólar

- Í Árskóla hefur nemendum fækkað frá árinu 2003 um 78.
- Á tímabilinu 2008 til 2011 fækkaði nemendum við skólann um 15.
- Launakostnaður á hvern nemanda hækkar úr 780 þús. kr. árið 2008 í 891 þús. kr. árið 2011. Á milli árunna 2008 og 2011 hækka launaútgjöldin um 10% hjá skólanum.
- Eins og tafla 48 sýnir voru rekstrarútgjöld nettó á hvern nemanda hæst hjá Árskóla af 11 samanburðarskólum, eða 1.022 þús. kr. á hvern nemanda.
- Lægstur var kostnaðurinn hjá Giljaskóla á Akureyri, eða 726 þús. kr.
- Giljaskóli var með 10 fleiri nemendur en Árskóli. Mismunurinn á rekstrarútgjöldum nettó á hvern nemanda hjá þessum skólum var á árinu 2011 296 þús. kr.
- Miðað við 387 nemendur gerir það samtals 115 millj. kr.
- Akurskóli í Reykjanesbæ var með lægsta launakostnað á hvern nemanda af þessum skólum, eða 614 þús. kr. Til samanburðar var launakostnaður í Árskóla á hvern nemanda 891 þús. kr., eða mismunur sem nemur 277 þús. kr. á hvern nemanda.
- Niðurgreiðsla á matar kaupum voru á árinu 2011 14.320 þús. kr., sem gerir um 36.494 þús. kr. með hverjum nemanda.
- Hjá öðrum skólum í þessum samanburði, nema Grunnskólanum á Ísafirði og Akurskóla, er þetta ekki gert nema þá að litlu leyti.
- Árskóli sker sig nokkuð úr hvað fjölda stöðugilda varðar, tafla 50.
- Stöðugildin eru flest hjá Árskóla, eða 75,6. Til samanburðar er Akurskóli, sem er skóli með þremur fleiri nemendur en Árskóli, en með 46,4 stöðugildi.
- Stöðugildi bæði kennara og annarra starfsmanna eru flest hjá Árskóla af þessum skólum.
- Eins og tafla 51 sýnir er Árskóli með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af þessum skólum.
- Ef nemendafjöldinn á hvert stöðugildi kennara væri sá sami í Árskóla og er í Akurskóla væru stöðugildi kennara þar 33, en eru 45,6, eða 12,6 stöðugildum fleiri. Nemendur í Akurskóla eru þremur fleiri en í Árskóla.
- Eins og tafla 52 sýnir fækkar nemendum við grunnskólann á milli árunna 2003 og 2012 um 78. Þrátt fyrir það fjölgar stöðugildum kennara um 5,6 og öðrum stöðugildum um 0,1 á tímabilinu.
- Samtals fjölgar því stöðugildum við skólann um 5,7 á sama tíma og nemendum fækkar um 78.
- Miðað við hversu margir nemendur eru í skólanum verður að telja að tiltölulega

fáir nemendur séu á hvert stöðugildi.

- Ef jafnmargir nemendur væru á hvert stöðugildi samtals og var árið 2003 væru 55,8 stöðugildi við skólann nú en þau eru 73, eða 17,2 fleiri.
- Þetta gefur ástæðu til að starfsmannamál við skólann verði athuguð frekar.
- Í Árskóla hafa bæði kennarar og skólaliðar matast með nemendum og fá þá frían mat þegar þeir borða með nemendum.
- Spurning er hvor ekki væri hægt að komast af með færri starfsmenn sem borða með nemendum?
- Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra telur hann að það séu u.þ.b. 15 sem fái frían mat á dag. Ætla má að draga megi verulega úr þessum fjölda.
- Eins og tafla 57 sýnir er einungis einn skóli af þessum skólum þar sem forráðamenn greiða lægra verð fyrir skólamáltíðina en í Árskóla, það er í Akurskóla í Reykjanesbæ.
- Spurning er hvort hægt hefði verið að vera með samkennslu t.d. í 4. og 5. bekk og þannig fækka um eina bekkjardeild.
- Einnig hvort hægt hefði verið að vera með samkennslu í 8. og 9. bekk eða 9. og 10. bekk og þannig fækka um eina bekkjardeild til viðbótar.
- Samtals voru útgjöld vegna sérdeildarinnar og Árvistar nettó 48.540 þús. kr. á árinu 2011.
- Eins og fram kemur í töflu 45 fjölgaði nemendum í Varmahlíðarskóla á tímabilinu 2003 til 2011 um 16, eða úr 125 í 141, sem er fjölgun um 13%.
- Eins og tafla 63 sýnir fjölgar stöðugildum í Varmahlíðarskóla samtals á árunum 2003 til 2012, úr 26,4 árið 2003 í 30,8 árið 2012, eða um 4,4 stöðugildi. Á sama tíma fjölgar nemendum um 16.
- Yfirvinna vegna félagsstarfa, forfallakennslu, kennslu yfirvinnu og stundakennslu var samtals 4,1% af mánaðarlaunum kennara í Varmahlíðarskóla árið 2011.
- Eins og tafla 66 sýnir voru tveir af þessum skólum með hærri rekstrarútgjöld á hvern nemanda en Varmahlíðarskóli.
- Sömuleiðis voru tveir af þessum skólum með hærri launakostnað á hvern nemanda en Varmahlíðarskóli.
- Eins og tafla 68 sýnir eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi í Varmahlíðarskóla og Höfðaskóla af þessum skólum, eða 4,0 nemendur á hvert stöðugildi.
- Flestir eru nemendurnir í Grunnskóla Grundarfjarðar, eða 5,7.
- Eins og tafla 69 sýnir eru bekkjardeildir frekar fámennar í Varmahlíðarskóla. Að meðaltali eru 14 nemendur í hverri bekkjardeild.
- Kennarar hafa ekki verið í frímínútnagæslu nema kennarar á Sólgorðum.

- Ef stuðningsfulltrúar við Grunnskólann austan vatna hafa gætt nemenda vegna forfalla kennara hafa þeir fengið greiddar aukalega 30 mínútur í yfirtíð.
- Það er mat skýrsluhöfundar að ekki beri að greiða þetta og að hér sé verið að nota ákvæði í kjarasamningi við kennara, sem ekki á við hér.
- Íþróttakennari fer að Hólum tvisvar í viku hverri á eigin bíl og hefur fengið greitt fyrir það þótt skólinn hafi bifreið til afnota.
- Á milli árána 2008 og 2011 hækkuðu launaútgjöldin hjá Grunnskólanum austan vatna samtals um 26,6%. Á þessum tíma hækkuðu laun kennara að meðaltali um 14,5% og skólastjórnenda um 8,1%.
- Þannig má ljóst vera að launaútgjöld við skólann hafa hækkað mun meira á þessu tímabili en kjarasamningar segja til um þrátt fyrir fækkun nemenda.
- Aftur á móti lækkar annar kostnaður nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs úr 20,6 millj. kr. árið 2008 í 16,9 millj. kr. árið 2011, eða um 3,7 millj. kr.
- Yfirvinnugreiðslur til kennara vegna félagsstarfa, forfallakennslu, kennslu yfirvinnu og stundakennslu voru 9,1% af mánaðarlaunum árið 2011 og 10,3% árið 2010 hjá Grunnskólanum austan vatna.
- Til samanburðar var þetta hlutfall fyrir Árskóla árið 2011 7,7% og Varmahlíðarskóla 4,1%. Þannig má ljóst vera að nokkuð er mismunandi á milli skólanna hvað mikið er greitt í yfirtíð vegna kennara sem hlutfall af föstum launum þeirra.
- Mikilvægt verður að telja að skólayfirvöld marki stefnu í þessum málum, þannig að það sé ekki á valdi skólastjóra hvað greitt er mikið í yfirtíð í hverjum skóla fyrir sig.
- Einnig er hlutfall yfirtíðar hjá öðrum starfsmönnum nokkuð hátt hjá Grunnskólanum austan vatna, eða 8,7% og 10,6% hvort ár.
- Sum önnur sveitarfélög greiða ekki yfirtíð vegna annarra starfsmanna en kennara við grunnskóla nema þá vegna húsvarða.
- Einnig vekur athygli mikill kostnaður vegna aksturs skv. akstursbók með hliðsjón af því að skólinn hefur bifreið til afnota. Samtals var þessi kostnaður 2.635 þús. kr. árið 2011 og 3.378 kr. árið 2010.
- Eins og tafla 75 sýnir kemur Grunnskólinn austan vatna ekki vel út í þessum samanburði.
- Sá skóli sem kemur næstur með rekstrarútgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs er Húnavallaskóli þar sem útgjöldin voru 1.591 þús. kr. á hvern nemanda, eða 379 þús. kr. lægri en hjá Grunnskólanum austan vatna.
- Tafla 76 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólunum. Eins og taflan sýnir eru stöðugildin hjá Grunnskólanum austan vatna miklu fleiri en hjá hinum skólunum.
- Samkvæmt upplýsingum frá launadeild þá hafa skólastjórar raðað kennurum niður í launaflokka. Það verður að teljast eðlilegt að launadeildin annist þetta verkefni og deildin fá allar upplýsingar um kennara til að meta röðun þeirra í launaflokka.
- Launakostnaður á hvern nemanda var frá 891 þús. kr. á hvern nemanda, þar sem hann var lægstur í Árskóla, upp í 1.752 þús. kr. á hvern nemanda þar sem hann var hæstur í Grunnskólanum austan vatna.
- Að meðaltali fyrir alla skólana var launakostnaður á hvern nemanda í grunnskólum sveitarfélagsins 1.210 þús. kr., sem er nokkuð hátt samanborið við launakostnað hjá

mörgum öðrum sveitarfélögum.

- Að meðaltali voru 7,2 nemendur á hvert stöðugildi kennara í sveitarfélaginu, 10,4 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna og 4,3 nemendur á hvert stöðugildi samtals.
- Tafla 79 sýnir útgjöld hjá sveitarfélaginu vegna skólaaksturs og nemendaferða árið 2011. Eins og þarna kemur fram kostaði skólaakstur sveitarfélagið á árinu 2011 um 85 millj. kr. Hér er um verulegan kostnað að ræða og mikilvægt að aðhalds sé gætt við aksturinn.

### Tónlistarskóli Skagafjarðar

- Kennslustaðir eru fimm talsins og fara kennarar á milli staða eftir því sem þörf er á hverju sinni.
- Við skólann starfar skólastjóri í 100% og tveir aðstoðarskólastjórar, hvor í 30% starfi sem aðstoðarskólastjóri og 70% starfi sem kennari auk annarra kennara við skólann.
- Öll kennsla fer fram í einkatímum þannig að ekki er um að ræða hópkenndu hjá skólanum.
- Tónlistarskólinn hefur tvær bifreiðar til afnota fyrir skólann vegna kennslu í Varmahlíð, Hofsósi og Sólgorðum.
- Þrátt fyrir að tónlistarskólinn hafi tvo bíla til umráða var nokkuð um greiðslu bifreiðastyrkja á árinu 2011, eða um 1,8 millj. kr.
- Eins og tafla 81 sýnir voru tekjur tónlistarskólans um 15% af rekstrarkostnaði við hann.

### Fjölskyldusvið - Frístunda- og íþróttamál

- Á frístundasviði starfar þriggja manna stjórnunarteymi, frístundastjóri, sem er sviðsstjóri í 100% starfi, umsjónarmaður íþróttamannvirkja í 100% starfshlutfalli og forstöðumaður Húss frítímans í 100% starfi.
- Í húsi frítímans fer fram félagsstarf allra aldurshópa.
- Tafla 83 sýnir mánaðarlaun, álagsgreiðslur og yfirtíð vegna Húss frítímans árið 2011. Hæst er hlutfallið vegna opins húss fyrir 9 til 12 ára, eða 44,4%.
- Meðaltalið er 33% fyrir alla starfsemi í húsinu, eða 3,1 millj. kr. miðað við að mánaðarlaunin eru 9,5 millj. kr.
- Eins og þarna kemur fram er yfirtíð og álag nokkuð hátt hlutfall af mánaðarlaunum. Hafa ber einnig í huga að starfsemin er eingöngu yfir vetramánuðina.
- Yfirmaður sumar Tím hefur undirbúning starfsins seinni hluta apríl eða í byrjun maí.
- Vinnuskóli Skagafjarðar er rekinn fyrir börn í 7., 8., 9. og 10. bekk allra grunnskóla sveitarfélagsins.

- Ráðinn hefur verið sérstakur yfirmaður vinnuskólans sem jafnframt sér um atvinnuáttak 16-18 ára, sem byrjar um miðjan apríl ár hvert og í síðasta lagi 1. maí.
- Hann vinnur ýmist til loka ágúst eða fram í miðjan september, fer eftir því hvert umfang vinnunnar er, fjöldi barna og frágangur.
- Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að enginn undir 18 ára aldri skuli vera atvinnulaus. Því hefur sveitarfélagið boðið fyrirtækjum, að ef þau taki unglinga á aldrinum 16 til 18 ára í vinnu greiði sveitarfélagið helming launa þeirra.
- Útgjöld sveitarfélagsins vegna þessa voru á árinu 2011 3.266 þús. kr., sem er nokkurn veginn skv. fjárhagsáætlun.
- Hvatapeningar eru ekki greiddir út úr kerfinu heldur koma til lækkunar á upphæð þeirri sem sveitarfélagið rukkar inn fyrir íþróttafélög og námskeiðshaldara.
- Athygli vekur að mun hærri tekjur eru af aðgangseyri vegna sundlaugar á Hofsósi, eða 6,5 millj. kr., samanborið við tekjur af íþróttamiðstöð í Varmahlíð, þar sem tekjurnar voru 3,5 millj. kr.
- Benda má á hátt hlutfall yfirtíðar og vaktaálags af mánaðarlaunum. Hæst er hlutfallið vegna sundlaugar á Hofsósi, eða 44,7%.
- Vakin er athygli á mismunandi orkukostnaði og kostnaði vegna hreinlætisvara en sá liður er nær einnig klórs til sundlauga.
- Innkaup á hreinlætisvörum er skv. samningi við Olís, gerðum fyrir hönd allra stofnana sveitarfélagsins, sem fram kemur neðst í töflunni.
- Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra skapast yfirvinna á hverjum degi í íþróttahúsi Sauðárkróki vegna 25 mínútna ákvæðisins, vegna matartíma sem ekki er tekinn.
- Að kröfu sveitarstjórnar Akrahrepps hefur skólastjóri Varmahlíðarskóla daglega umsjón með rekstri miðstöðvarinnar skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu.
- Samkvæmt upplýsingum frá frístundastjóra var fyrir nokkru gerð könnun á því hvenær dags mest aðsókn væri að sundlauginni í Varmahlíð og var það á tímabilinu frá kl. 16:00 til 19:00 á virkum dögum.
- Á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á virkum dögum á veturna eru alltaf einn á vakt í íþróttahúsinu Varmahlíð. Skólaliði eða húsvörður kemur úr grunnskólanum vegna baðvörslu.
- Síðan eru tveir á vakt frá kl. 12:00 til 20:00. Á tímabilinu frá kl. 20:00 til 22:00 er einn á vakt. Á laugardögum frá kl. 10:00 til 16:00 eru alltaf tveir á vakt.
- Það er mat skýrsluhöfundar, miðað við það sem þekkist annar staðar frá í byggðakjörnum eins og í Varmahlíð, verði að telja það til undantekningar að

Íþróttamannvirki séu opin fyrir almenning á virkum dögum frá kl. 9:00 til kl. 20:00 eða 21:00 á kvöldin.

### Markaðs- og þróunarsvið

- Undir sviðið heyrta atvinnumál, að undanskildum landbúnaðarmálum, ferðamál og menningarmál. Jafnframt kynningarmál og undirbúningur hátíðarhalda.
- Á sviðinu starfa þrír starfsmenn í 100% starfi hver, sviðsstjóri, verkefnastjóri atvinnumála og verkefnastjóri ferða- og menningarmála.
- Auk þessa er sveitarfélagið aðili að Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) en á vegum þess er starfandi einn atvinnuráðgjafi á Sauðárkróki sem sinnir atvinnuráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja á staðnum.
- Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra markaðs- og þróunarsviðs að samræming á starfsemi SSNV og sveitarfélagsins að atvinnumálum mætti að ósekju vera meiri.
- Hjá héraðsbókasafninu eru 2,75 stöðugildi, sem þrír starfsmenn sinna.
- Í viðræðum við héraðsbókavörð kom fram að til greina kæmi að hafa opið alla daga frá kl. 11:00 til 18:00 í Safnahúsinu.
- Fram kom að þunginn í afgreiðslunni sé á tímabilinu frá kl. 16:00 til 18.00, það er á þeim tíma sem fólk er að koma úr vinnu.
- Héraðsskjalavörður sér um héraðsskjalasafnið, sérverkefni sem hafa verið á vegum héraðsskjalasafnsins, listasafnið og hefur umsjón með Safnahúsinu.
- Mörg sveitarfélög reka ekki héraðsskjalasöfn. Rekstur héraðsskjalasafna er ekki lögbundið verkefni hjá sveitarfélögum, en þar sem ekki eru héraðsskjalasöfn, sér Þjóðskjalasafn Íslands um eftirlit með skjalavörslu, móttöku skjala og afgreiðslu á þeim.
- Héraðsskjalasafnið var með samning við ríkið um að skrá skjöl fyrir Þjóðskjalasafn Íslands frá 2008 til 2010.
- Héraðsskjalavörður taldi sig sjá umframkeyrsluna komna fram um mitt ár og taldi sig hafa tilkynnt það til sinna yfirmanna og telur að það hafi verið kunnugt um þetta í stjórnkerfinu.
- Í ár fær Héraðsskjalasafnið 5 millj. kr. vegna ljósmyndaskráningar frá ríkinu. Starfsfólkið, sem ráðið er í verkefnið, er ráðið í samstarfi við atvinnuleysis-tryggingasjóð.
- Í viðræðum við sviðsstjóra kom fram að hann telur að sveitarfélagið eigi að geta losað sig við eignarhlut í einhverjum af félagsheimilunum á komandi árum.
- Sveitarfélagið hefur greitt fyrir eina stöðu á ári vegna byggðasafnsins en hefur síðan styrkt hálf starf á ári.

- Tafla 85 sýnir launaútgjöld vegna byggðasafnsins fyrir árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag um 27% af mánaðarlaunum.
- Við fornleifadeildina voru þrír starfsmenn á ársgrundvelli árið 2011. Hlutverk Fornleifadeildar er að annast rannsóknir, skráningar og miðlun (skýrslur, greinar, rit, sýningar, önnur fræðsla).
- Fornleifadeildin hefur selt út vinnu m.a. til Vegagerðarinnar og annarra sveitarfélaga.
- Nettó útgjöld sveitarfélagsins vegna Fornleifadeildar voru 4,8 millj. kr. á árinu 2011.

#### Umhverfis- og tæknisvið

- Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs er jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi og situr í almannavarnanefnd.
- Á sviðinu starfa með honum þrír starfsmenn.
- Eins og fram kemur á töflu 88 var yfirvinna um 42% af mánaðarlaunum starfsmanna umhverfis- og tæknisviðs.
- Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra að ekki væru haldnir reglulegir fundir með yfirhafnaverði né slökkviliðsstjóra.

#### Brunavarnir Skagafjarðar

- Hjá Brunavörnum Skagafjarðar eru fjórir starfsmenn í fullu starfi, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og tveir aðstoðar varðstjórar.
- Hver slökkviliðsmaður fær greiddar á ári samtals 20.000 kr. vegna síma nema slökkviliðsmenn í fullu starfi, sem hafa síma til afnota.
- Auk hefðbundinna slökkvistarfa sinna Brunavarnir Skagafjarðar sjúkraflutningum, slökkvitækjaþjónustu, eldvarnareftirliti og öryggisvöktun vegna viðburða.
- Samningur um sjúkraflutning er ótímabundinn með árs uppsögn miðað við áramót.
- Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri taka alla jafna ekki bakvaktir vegna sjúkraflutninga.
- Báðir aðstoðarvarðstjórnarnir taka bakvaktir vegna sjúkraflutninga og að auki fjórir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, sem eru í útkallsliði slökkviliðsins á Sauðárkróki.
- Þegar hvorugur aðstoðarvarðstjórninn er á bakvakt og þá tveir úr útkallsliðinu hefur slökkviliðsstjóri og/eða varaslökkviliðsstjóri tekið bakvaktir, sem yfirmaður í slökkviliðinu.



- Þegar svo er hafa þrír starfsmenn verið á sama tíma á bakvakt, tveir vegna sjúkraflutninga og einn sem yfirmaður í slökkviliðinu.
- Eins og fram kemur á töflu 89 var yfirtíð og bakvaktir um 80% af föstum launum.
- Varaslökkviliðsstjóri er með fasta yfirtíð sem á að ná yfir öll óþægindi og vinnu utan reglubundins vinnutíma vegna brunavarna nema bakvaktir.
- Sjúkraflutningar voru 228 árið 2011 hjá Brunavörnum Skagafjarðar.
- Mikilvægt er, þegar slökkvilið taka að sér aukaverkefni, að þá sé tryggt að tekjur standi undir þeim kostnaði sem af þeim hlýst.
- Hægt er að færa rök fyrir því að ef slökkviliðið væri ekki með þessa viðbótarþjónustu dygði að vera með einn starfsmann, slökkviliðsstjóra, í fullu starfi en þeir eru nú fjórir.
- Vegna sjúkraflutninganna eru a.m.k. tveir viðbótarmenn í slökkviliðinu auk slökkviliðsstjóra. Jafnframt þarf að tryggja stöðugar bakvaktir tveggja manna utan reglubundins vinnutíma.
- Tryggja þarf að tekjurnar standi undir kostnaði vegna þessa.
- Tekjur vegna sjúkraflutninga á árinu 2011 voru 15.619 þús. kr. Til samanburðar voru tekjur Slökkviliðs Ísafjarðar á árinu 2012 vegna sjúkraflutninga 18.700 þús. kr., sem er tæpum þremur millj. kr. hærri upphæð.
- Í viðræðum við slökkviliðsstjóra kom fram að það fyrirkomulag, að hann heyri undir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, gæti orkað tvímælis, t.d. gæti hann þurft að beita byggingarfulltrúa þvingunarúrræðum.
- Eins og fram kemur á töflu 92 eru útgjöldin nettó hærri hjá tveimur af samanburðar sveitarfélögunum en hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Eins og fram kemur á töflu 93 voru tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögunum með hærri kostnað á hvern íbúa vegna brunamála en Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Miðað við fyrirkomulag Slökkviliðs Akraness og kostnaðinn við rekstur þess virðist sem Sveitarfélagið Skagafjörður sé að bera nokkurn kostnað vegna sjúkraflutninga sem erfitt er að færa rök fyrir.
- Ætla verður að hægt sé að skipuleggja starfsemi slökkviliðsins þannig að með sérverkefnum náist fram samlegðaráhrif, þannig að þegar upp er staðið eigi kostnaður við brunavarnir að vera lægri en án þessara verkefna.
- Að teknu tilliti til framanritaðs er þeirri spurningu hér varpað fram hvort þau þjónustuverkefni, sem Brunavarnir Skagafjarðar hefur tekið að sér, hafi orðið til kostnaðarauka fyrir slökkviliðið?

## Þjónustumiðstöð

- Í þjónustumiðstöð eru fjórir starfsmenn í fjórum stöðugildum. Auk þess er einn smiður í einu stöðugildi og heyrir undir eignasjóð.
- Vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar er þannig að yfirverkstjóri vinnur frá kl. 6:30 til 17:30 en aðrir starfsmenn vinna frá kl. 8:00 til 17:15.
- Þeir hafa ekki tekið fullan matartíma og sleppt síðdegiskaffi.
- Vegna þessa hefur vinnutíminn reiknast 8 klukkustundir í dagvinnu og 1 klukkustund í yfirtíð á dag nema á föstudögum, þá reiknast dagurinn 8 klukkustundir í dagvinnu en engin yfirtíð.
- Þrír starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru með fasta yfirtíð og fá tveir af þeim einnig greitt fyrir unna yfirtíð. Sá fjórði fær greitt fyrir unna yfirtíð.
- Eins og fram kemur á töflu 94 var yfirvinna og álag sem hlutfall af mánaðarlaunum hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar um 44% á árinu 2011.
- Þjónustumiðstöðin hefur til umráða þrjár bifreiðar og eignasjóður eina.
- Þannig má segja að miðað við að starfsmennirnir eru fimm hafi hver þeirra nánast einn bíl til umráða.
- Um hverja helgi á laugardögum og sunnudögum fer starfsmaður úr þjónustumiðstöð um bæinn til að hreinsa. Um er að ræða útkall hvorn dag, eða fjórar klukkustundir í hvort skipti, samtals 8 klukkustundir í yfirtíð um hverja helgi.
- Nokkuð hefur verið um að skemmdir hafa orðið á kantsteinum vegna snjómoksturs. Samkvæmt samningi við verktakann á hann að gera við skemmdir eftir sig á sinn kostnað.
- Þjónustumiðstöðin heldur utan um rekstur bifreiða sem stofnanir sveitarfélagsins hafa til afnota. Um er að ræða 26 bifreiðar fyrir utan tæki og bifreiðar slökkviliðsins.
- Heildarrekstrarkostnaður framangreindra 26 bifreiða á árinu 2011 var 20.365 þús. kr.
- Þrátt fyrir allan þennan bifreiðaflota hjá sveitarfélaginu greiddi sveitarfélagið bifreiðastyrki á árinu 2011 samtals að upphæð 13.747 þús. kr.
- Samtals var því rekstrarkostnaður bifreiða annarra en hjá slökkviliðinu og greiddir bifreiðastyrkir á árinu 2011 34.112 þús. kr.
- Þetta gerir að eldsneytiskostnaður á hverja bifreið var að meðaltali 189 þús. kr., sem getur vart talist mikil eyðsla að meðaltali á hverja bifreið og þar af leiðandi ekki mikil meðaltals notkun alls þessa bifreiðaflota.

- Eins og tafla 95 sýnir eru nokkrar stofnanir með fleiri en eina bifreið til afnota. Má þar nefnda garðyrkjudeildina sem hefur fjórar bifreiðar, þjónustumiðstöð sem hefur fjórar bifreiðar, hús frítímans tvær, tæknideild tvær, byggðasafn tvær, tónlistarskólinn tvær o.s.frv.
- Síðan má velta upp þeirri spurningu af hverju einstaka stofnanir þurfa bifreið eins og t.d. íþróttahús.
- Þrjár stofnanir skera sig nokkuð úr með háar greiðslur bifreiðastyrkja þótt þessar stofnanir hafi bifreiðar til afnota.
- Grunnskólinn austan vatna, þar var greiddur bifreiðastyrkur að upphæð 2,6 millj.
- Tónlistarskólinn hefur tvær bifreiðar til afnota en greiddur bifreiðastyrkur var 1,8 millj. kr.
- Sömuleiðis hefur byggðasafnið tvær bifreiðar. Þrátt fyrir það var greiddur bifreiðastyrkur 882 þús. kr.
- Það er mat skýrsluhöfundar að annað hvort verði fylgt þeirri stefnu að vera með bifreiðar í eigu sveitarfélagsins og þá sé almennt ekki greiddur bifreiðastyrkur nema í undantekningartilfellum,
- eða hætt verði með bifreiðar á vegum sveitarfélagsins nema í undantekningartilfellum og starfsmenn fái greitt fyrir afnot af eigin bifreiðum.

### Eignasjóður

- Undir eignasjóð heyrir umsjón með félagslegum íbúðum, öðrum íbúðum og húseignum sem eru í eigu sveitarfélagsins.
- Íbúðir sem eignasjóður hefur umsjón með eru 86. Eignasjóður á 18 íbúðir en hinar 68 íbúðirnar eru á félagslega sviðinu.

### Garðyrkjudeild

- Garðyrkjustjóri hefur umsjón með öllum grænum svæðum sveitarfélagsins ásamt öllum hverfastígum og þar með leiksvæði sem eru hluti af hverfisgördum.
- Garðyrkjustjóri er einn að störfum frá októberlokum og fram í lok febrúar.
- Garðyrkjustjóri gerir verkefnalista fyrir vinnuskólann. Hann hefur síðan eftirlit með vinnunni og gerir athugasemdir ef vinna þarf betur.
- Eins og tafla 97 sýnir nam yfirvinna um 30% af mánaðarlaunum árið 2011 hjá Garðyrkjudeildinni.
- Aðrir starfsmenn í fullu starfi yfir sumarmánuðina hafa fjórar fastar klst. í yfirtíð á viku.

## Hafnir í Sveitarfélaginu Skagafjörður

- Í Sveitarfélaginu Skagafjörður eru tvær hafnir, Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn. Auk þeirra er höfn í Haganesvík sem er ekki notuð til atvinnustarfsemi.
- Hafnarstarfsmenn eru tveir.
- Við Hofsóshöfn er verktaki sem sinnir vigtun.
- Hafnarstjóri er sveitarstjóri.
- Yfirhafnarvörður annast alla reikningagerð fyrir höfnina.
- Að vetrinum er það fyrirkomulag að annar vinnur frá kl. 08:00 til 17:00 en hinn frá kl. 15:00 til 23:00.
- Utan reglubundins vinnutíma er alltaf annar hafnarstarfsmaðurinn á bakvakt.
- Höfnin hefur einn bíl til afnota.
- Eins og tafla 98 sýnir var yfirvinna og álag um 102% af mánaðarlaunum starfsmanna hafnarinnar.
- Kostnaður við bakvakt án útkalls frá kl. 17:00 á virkum degi til kl. 8:00 næsta dag, eða bakvakt í 15 klst., er 11.338 kr.
- Kostnaður fyrir bakvakt um helgi án útkalls, eða bakvakt í 63 klukkustundir, er 54.117 kr.
- Samkvæmt þessum dæmum kostar ein vika á bakvakt utan reglubundins vinnutíma og án útkalls um 98.000 kr. auk launatengdra gjalda.
- Síðan er skipstjóri viðkomandi skips í sambandi við höfnina a.m.k. 24 klukkustundum áður en skipið kemur að höfninni.
- Samkvæmt lögum um siglingavernd nr. 50/2004 hefur Sauðárkrókshöfn verið samþykkt og er skilgreind sem höfn sem þjónar skipum sem falla undir framangreind lög um siglingavernd.
- Samkvæmt ársreikningi hafnarsjóðs var rekstrarafgangur á árinu 2011 23,5 millj. kr. samanborið við 4,7 millj. kr. árið 2010.
- Þannig skilaði reksturinn nægum afgangi til að standa undir greiðslum afborgana.

## Skagafjarðarveitur

- Skagafjarðarveitur ehf. eru í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skagafjarðarveitur eiga og reka hitaveitur í sveitarfélaginu, hitaveitu í Akrahreppi, vatnsveitu sveitarfélagsins í þéttbýli og sjóveitu.

- Við uppsetningu á samstöðureikningi í ársreikningi sveitarfélagsins hafa komið upp vandamál þar sem Skagafjarðarveitur notast við annað bókhaldskerfi en sveitarfélagið.

### Stjórnsýslu- og fjármálasvið

- Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Auk hans eru 10 starfsmenn á sviðinu.
- Leggja ber áherslu á að ekki séu gerðar breytingar á starfskjörum, svo sem vegna starfsmats, nema fyrir liggja samþykki sveitarstjóra.
- Eins og tafla 99 sýnir eru fjögur af samanburðar sveitarfélögum með færri stöðugildi á skrifstofu sinni en Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Þrjú fjölmennari sveitarfélög eru með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Sveitarfélagið Skagafjörður í þessum samanburði.
- Í viðræðum við sviðsstjóra kom fram að taka þurfi til endurskoðunar kaup á internet þjónustu vegna mikils kostnaðar.
- Í viðræðum við nokkra forstöðumenn kom fram gagnrýni á kostnað vegna kaupa á internet tengingum.
- Á árinu 2011 var heildarkostnaður vegna internet tenginga hjá sveitarfélaginu samtals 11.459 þús. kr.
- Orku- og símareikningar vegna sumra stofnana eru greiddir með kreditkortum. Í þeim tilfellum eru reikningarnir færðir rafrænt inn í bókhaldið.
- Þessir reikningar eru ekki samþykktir á sama hátt og aðrir reikningar.

### Stjórnsýsla

- Samkvæmt gildandi stjórnskipun sveitarfélagsins eru starfandi níu nefndir auk byggðaráðs og sveitarstjórnar.
- Það er mat skýrsluhöfundar að ekki sé ástæða til að gera tillögu um breytingar á þessari skipan mála hjá sveitarfélaginu nema þá að það komi til greina að sameina atvinnu- og ferðamálanefnd og menningar- og kynningarnefnd í eina nefnd.
- Samkvæmt gildandi stjórnskipuriti eru fjögur svið hjá sveitarfélaginu með sex sviðsstjórum.
- Á hverju sviði er einn sviðsstjóri nema á fjölskyldusviði þar sem eru þrjú sviðsstjórar, eða samtals sex sviðsstjórar.

### Félagslegar íbúðir

- Sveitarfélagið á og rekur 68 félagslegar íbúðir.

- Samkvæmt niðurstöðu ársreiknings 2011 var tap á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 37,8 millj. kr. samanborið við tap á árinu 2010 að upphæð 52 millj. kr.
- Eins og tafla 100 sýnir voru langtímaskuldir í árslok 2011 769,7 millj. kr. en skammtímaskuldir samtals 148,1, eða samtals skuldir 917,8 millj. kr.
- Ástæða er til að vekja athygli á miklum skuldum við eigin fyrirtæki, eða 114 millj. kr. í árslok 2011.
- Hér er um að ræða það fjármagn sem sveitarfélagið hefur þurft að greiða með félagslegum íbúðum á síðast liðnum árum.
- Þannig má ljóst vera að sveitarfélagið er að bera mikinn kostnað vegna félagslegra íbúða.
- Tafla 101 sýnir eru að 595 millj. kr. af skuldum sveitarfélagsins við Íbúðalánasjóð eru lán sem bera frá 0,5% vexti upp í 2,40% vexti.
- Ljóst má vera að núvirði þessara lána er ekki það sama og annarra lána sem sjóðurinn veitir vegna almennra íbúða.
- Rétt er að fram komi að auk langtímalána hjá Íbúðalánasjóði eru félagslegar íbúðir einnig með langtímalán hjá Arion banka í erlendum myntum, sem voru um s.l. áramót 114,1 millj. kr.

### Tillögur

- Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.
- Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.
- Lagt er til að leitað verði eftir fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði, sem leiði til þess að skuldir sveitarfélagsins við sjóðinn lækki.
- Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.
- Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.
- Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins.
- Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

- Lagt er til að sveitarstjóri og sviðsstjóri stjórnýslu og fjármálasviðs eigi reglulega fundi með forstöðumönnum þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr ætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.
- Lagt er til að skoðað verði að leggja 5% álag á útsvar í þrjú ár til að fjármagna að hluta nýframkvæmd við Árskóla.
- Lagt er til að skoðað verði að leggja að fullu 25% álag á fasteignaskatt í A-flokki, tímabundið. Þetta verði gert vegna ársins 2013.
- Lagt er til að taka til athugunar að hækka lóðarleigu vegna íbúðarlóða úr 1,5% í 2% og vegna atvinnuhúsnæðis úr 2,5% í 3% á árinu 2013.
- Lagt er til að fastlaunasamningar verði endurskoðaðir.
- Lagt til að samningar um fasta yfirtíð verði teknir til endurskoðunar og sett verði á yfirvinnubann. Yfirvinna verði eingöngu heimiluð í algjörum undantekningar tilfellum. Sé yfirvinna nauðsynleg þurfi samþykki annað hvort sviðsstjóra fjármálasviðs eða sveitarstjóra.
- Lagt er til að kanna hvort ekki sé ódýrara að viðvera starfsmanna á hverri vakt verði 25 mínútum skemmri en umsaminn vinnutími segir til um. Þetta verði gert þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í yfirvinnu fyrir umræddar 25 mínútur, skv. grein 2.6.9 í kjarasamningi, eða þá að vinnan verði skipulögð þannig að starfsmenn hafi reglulegan matar- og kaffitíma.
- Lagt er til að forstöðumenn fari yfir launakeyrslur viðkomandi stofnunar áður en til útborgunar kemur. Jafnframt samþykki sviðsstjóri fjármálasviðs launakeyrslur endanlega áður en til útgreiðslu kemur.
- Lagt er til að sveitarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.
- Lagt er til að tryggingar og símaþjónusta hjá sveitarfélaginu verði boðnar út. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.
- Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.
- Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.
- Lagt er til að allir reikningar þurfi samþykki forstöðumanna áður en þeir eru færðir í bókhald sveitarfélagsins.

#### Fjölskyldusvið – Fjölskyldu- og félagsmál

- Lagt er til að þess verði gætt að Akrahreppur taki fullan þátt í kostnaði vegna barnaverndarmála.

- Lagt er til að tekningar verði upp viðræður á milli sveitarfélaganna, sem standa að byggðasamlaginu, með það að markmiði að sveitarstjórnirnar komi meira að ákvörðunartöku um ráðstöfun á þeim peningum sem eru ætlaðir til málefna fatlaðra.
- Lagt er til að þess verði gætt að þjónustunni vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum.
- Lagt er til að dregið verði svo sem kostur er úr yfirvinnu hjá vaktavinnufólki. Jafnframt verði ekki greidd yfirvinna eins og t.d. vegna heimilishjálpar og dagvistar aldraðra.
- Lagt er til að vinnuframlag bakvaktafólks verði 25 mínútum skemmra en umsaminn vinnutími segir til um þannig að ekki þurfi að greiða 25 mínútur í yfirtíð fyrir hverja vakt.
- Lagt er til að fylgst sé vel með því að starfsmenn t.d. í heimaþjónustu séu á hverjum tíma í starfshlutfalli miðað við vinnuframlag.
- Lagt er til að reglulega séu haldnir samráðsfundir þeirra sem þjóna eldri borgurum í sveitarfélaginu.

## Fjölskyldusvið - Fræðslu- og skólamálar

### Leikskólar

- Lagt er til að endurskoða fjölda stöðugilda við leikskólana með það að markmiði að fækka þeim.
- Lagt er til að ekki verði heimiluð yfirtíð á leikskólum sveitarfélagsins nema í algerum undantekningar tilfellum.
- Lagt er til að matarkaup leikskólanna verði endurskipulögð með það að markmiði að ná kostnaði niður. Þetta á sérstaklega við um Ársali.
- Lagt er til að lögð verði áhersla á það við verktaka að á reikningum komi skýrt fram hversu marga matarskammta reikningurinn er fyrir og á hvaða verði hver máltíð er.
- Lagt er til að leikskólagjöld verði endurskoðuð með það að markmiði að þau hækki og að tekjur leikskóla verði ekki undir 25% af rekstrarútgjöldum skólanna.
- Lagt er til að sveitarfélagið hætti að greiða fatapeninga.
- Lagt er til að starfsemi Bangsabæjar í Fljótum verði hætt haustið 2012. Leikskólastarfsemin í Fljótum verð sameinuð grunnskólanum að Sólgörðum.
- Lagt er til að leikskólastjórum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega.



## Grunnskólar

- Lagt er til að endurskoða þau viðmið sem notuð hafa verið við ákvörðun um fjölda stöðugilda við grunnskólana í Sveitarfélaginu Skagafjörður, bæði hvað varðar kennara og annað starfsfólk. Jafnframt verði mörkuð ný stefna um fjölda nemenda í bekkjardeildum og fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna.
- Lagt er til að skoðað verði að taka upp samkenndu árganga í Árskóla og Varmahlíðarskóla.
- Lagt er til að hætt verði að láta kennara gæta nemenda í frímínútum.
- Lagt er til að athuga hvort önnur yfirtíð til kennara en vegna kenndu geti skv. samningi rúmast innan þess sem greitt er með svo kölluðum potti. Jafnframt er lagt til að athugað verði hvort hægt sé að draga úr forfallakennslu.
- Lagt er til að fastri yfirtíð skólaliða verði sagt upp. Jafnframt að öll vinna skólaliða og þroskaþjálfara verði endurskipulögð þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi fyrir yfirtíð.
- Lagt er til að kannað verði hvort hægt sé að fá verktaka um skólamáltíðir í Árskóla til að lækka verðið á hverri máltíð með hliðsjón af því að þessi kostnaður er frekar hár miðað við það sem gerist hjá öðrum skólum og verð sem aðrir skólar greiða vegna stakra máltíða til verktaka annars staðar.
- Jafnframt verði kannað hvort hægt sé að gera þetta fyrir minni pening með því að skólinn reki sjálfur mötuneytið og/eða matargerðin fari fram í leikskólanum Ársölum. Einnig kemur til greina að bjóða matinn út að nýju.
- Lagt er til að verð á skólamáltíðum verði hækkað umtalsvert.
- Lagt er til að tekið verði til skoðunar að draga verulega úr því að starfsmenn fái fría máltíð fyrir að matast með nemendum. Athugað verði hvor ekki megi hætta þessu.
- Lagt er til að endurskoðandi sveitarfélagsins endurskoði uppgjör vegna skólamáltíða í Varmahlíðarskóla.
- Lagt er til að hætt verði að greiða bifreiðastyrki til starfsmanna hjá skólum sem hafa bifreið eða bifreiðar til afnota.
- Lagt er til að húsumsjónarmaður í Varmahlíðarskóla og Grunnskólanum austan vatna verði jafnframt húsumsjónarmaður við Leikskólann Birkilund og leikskólann á Hofsósi.
- Lagt er til að sami háttur verði hafður á í öllum skólunum varðandi ræstingar, þ.e. að dagvinnustarfsmenn annist ræstingar.
- Lagt er til að húsumsjónarmönnum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna þeirra húsa sem þeir hafa umsjón með.

- Lagt er til að skólayfirvöld fylgist vel með því að réttar upplýsingar birtist í opinberum gögnum um skólamál í sveitarfélaginu.
- Lagt er til að útboð fari fram með reglulegu millibili vegna skólaaksturs.
- Lagt er til að reynt verði að halda kostnaði við nemendaferðir í lágmarki.
- Lagt er til að stefnt verði að því að skólahald í Grunnskólanum austan vatna verði á tveimur stöðum á Hofsósi og á Hólum. Kennsla fari þannig fram að 1. til 4. bekkur verði á Hólum og 5. til 10. bekkur á Hofsósi.
- Lagt er til skoðað verði að leikskóladeildin Barnaborg á Hofsósi flytji í húsnæði grunnskólans þar.
- Lagt er til, að því gefnu að framangreindar tillögur um skólahald austan vatna nái fram að ganga, að kanna hvort hægt sé að sameina leikskólann og grunnskólann.

### Tónlistarskóli Skagafjarðar

- Lagt er til að hætt verði að greiða bifreiðastyrki til starfsmanna hjá tónlistarskólanum þar sem skólinn hefur tvo bíla til umráða.
- Lagt er til að skólagjöld ásamt leigugjöldum fyrir hljóðfæri verði hækkuð.

### Fjölskyldusvið - Frístunda- og íþróttamál

- Lagt er til að vinnufyrirkomulag í Húsi frítímans verði tekið til endurskoðunar þannig að dregið verði svo sem kostur er úr allri yfirvinnu.
- Lagt er til að ef húsnæði Húss frítímans verður áfram leigt út vegna viðburða eins og afmæla að þá standi leigan undir öllum kostnaði sem fellur til.
- Lagt er til að athuga hvort ekki megi stytta ráðningartíma forstöðumanns vinnuskólans og forstöðumanns vegna sumar TIM.
- Lagt er til að lögð verði áhersla á að starfsemi vinnuskólans sé skipulögð þannig að launaútgjöld skv. fjárhagsáætlun dugi.
- Lagt er til að kannað verði hvor ekki megi hætta atvinnuátakinu fyrir 16 til 18 ára.
- Lagt er til að opnunartími sundlaugar í Varmahlíð og á Hofsósi verði samræmdur og stytur. Starfsmannahald verði endurskoðað með hliðsjón af nýjum opnunartíma.
- Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé grundvöllur til að hækka leiguverð á Íþróttahúsinu til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
- Lagt er til að starfsmönnum íþróttamiðstöðva og sundlauga verði falið að skrá orkunotkun reglulega.

- Lagt er til að vinnuframlag bakvaktafólks verði 25 mínútum skemmra en umsaminn vinnutími segir til um þannig að ekki þurfi að greiða 25 mínútur í yfirtíð fyrir hverja vakt.

### Markaðs- og þjónustusvið

- Lagt er til að verkefni verkefnastjóra í atvinnu- og ferðamálum verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af samstarfi við SSNV um atvinnumál.
- Lagt er til að að sameina atvinnu- og ferðamálanefnd og menningar- og kynningarnefnd í eina nefnd.
- Lagt er til að opnunartími Héraðsbókasafnsins í Safnahúsinu verði alla virka daga frá kl. 11:00 til 18:00.
- Lagt er til að að Héraðsskjalasafnið hætti að taka að sér sérverkefni nema þá að tryggt verði að það hafi ekki útgjöld í för með sér fyrir sveitarfélagið.
- Lagt er til að skoðað verði með það að sveitarfélagið hætti að reka fornleifadeild. Núverandi starfsmönnum deildarinnar verði veitt aðstoð við að stofna sérstakt fyrirtæki um reksturinn.
- Lagt er til að kanna hvort sveitarfélagið geti selt eignarhluti sína í einhverjum af félagsheimilunum í sveitarfélaginu.

### Umhverfis- og tæknisvið

#### Brunavarnir Skagafjarðar

- Lagt er til að útseld þjónusta slökkviliðsins verði endurskoðuð og að tryggt sé að fyrir hana verði greitt þannig að ekki sé verið að greiða með þjónustu fyrir aðra.
- Lagt er til að kanna hvort ekki sé fullnægjandi að hafa þrjá fastráðna starfsmenn í slökkviliðinu miðað við að haldið verði áfram með sjúkraflutninga.
- Lagt er til að slökkviliðsstóri og varaslökkviliðsstjóri taki bakvaktir vegna sjúkraflutninga, þannig verði tryggt að annar bakvaktamaðurinn sé ávallt yfirmaður í slökkviliðinu.
- Lagt er til að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra verði sveitarstjóri. Jafnframt að þeir eigi reglulega fundi saman.

#### Þjónustumiðstöð

- Lagt er til að rekstur þjónustumiðstöðvar verði endurskoðaður og hann sameinaður rekstri Skagafjarðarveitna, eða Skagafjarðarveitur taki að sér reksturinn. A.m.k. verði skoðað að Skagafjarðarveitur taki yfir fráveituna. Samhliða þessu verði stefnt að því að sameina eignasjóð og þjónustumiðstöðina.
- Lagt er til að fækkað verði um einn starfsmann í þjónustumiðstöð þar sem er verið að selja gröfu.

- Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar verði átta klst. í stað níu. Samhliða því verði fastri yfirtíð sagt upp og dregið úr henni.
- Lagt er til að kanna hvort þjónustumiðstöðin komist ekki af með minna leiguhúsnæði en nú er.
- Lagt er til að skoðað verði hvort þjónustumiðstöð og eignasjóður komist ekki af með færri bíla.
- Lagt er til að þess verði gætt að verktaki um snjómokstur geri við skemmdir á kantsteinum sem hann hefur valdið eða greiði fyrir viðgerðir á þeim.
- Lagt er til að fjöldi bifreiða í eigu sveitarfélagsins verði endurskoðaður.
- Lagt er til að ekki verði greiddir bifreiðastyrkir til starfsmanna hjá stofnunum sem hafa bifreiðar til afnota nema þá í undantekningatilfellum.
- Lagt er til að móttökuritari í ráðhúsi haldi skrá um not af bifreiðum. Starfsmenn geti haft samband við hann og óskað eftir bifreið til afnota.

#### Garðyrkjudeild

- Lagt er til að daglegur vinnutími Garðyrkjudeildar verði frá kl. 8:00 til kl. 17:00. Hætt verði að kaupa matar- og kaffitíma af starfsmönnum. Föst yfirtíð tekin til endurskoðunar og hætt verði að greiða almennum starfsmönnum fasta yfirtíð.

#### Hafnir í Sveitarfélaginu Skagafjörður

- Lagt er til að samið verði við starfsmenn hafnarinnar um fasta yfirtíð, sem nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma.
- Lagt er til að kanna hvort þörf sé á því á veturna að vera með starfsmann í vinnu frá kl. 15:00 til kl. 23:00 eins og nú er.
- Lagt er til að næsti yfirmaður yfirhafnarvarðar verði hafnarstjóri/sveitarstjóri. Jafnframt að þeir eigi reglulega fundi saman.

#### Skagafjarðarveitur ehf.

- Lagt er til að rekstrarform Skagafjarðaveitna ehf. verði endurskoðað. Athugað verði hvort ekki færi betur á því að veiturnar væri reknar sem stofnun í B-hluta en ekki sem einkahlutafélag.
- Lagt er til að skoðað verði að Skagafjarðarveitur taki upp sama bókhaldskerfi og sveitarfélagið notar.

#### Fjármála- og stjórnsýslusvið

- Lagt er til að stofnuð verði ný staða mannauðsstjóra. Mannauðsstjóri verði yfirmaður launadeildar, hafi yfirumsjón með öllum launa- og kjaramálum hjá sveitarfélaginu, þ.m.t. ráðningarsamningum.

- Lagt er til, ef gera breytingar á ráðningarkjörum starfsmanna, verði það ekki gert nema samþykki sveitarstjóra liggi fyrir því.
- Lagt er til að gefinn verði út listi yfir þá sem mega taka út vörur á vegum sveitarfélagsins gegn gjaldfresti. Listinn verði sendur til helstu þjónustu aðila í sveitarfélaginu. Jafnframt verði tekin til endurskoðunar notkun á innkaupakortum og hvort þau séu nauðsynleg.

### Stjórnsýslan

- Lagt er til að markaðs- og þjónustusvið verði sameinað stjórnsýslu- og fjármálasviði. Jafnframt að yfir fjölskyldusviði verði einn sviðsstjóri. Þannig verði þrjár sviðsstjórar í stað sex eins og nú er.

### Félagslegar íbúðir

- Lagt er til að óskað verði formlega eftir því við Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána vegna íbúða sem seldar verða miðað við núvirðingu áhvílandi lána.
- Lagt er til að kannað verði hvort mögulegt sé að fá lán með betri kjörum en þau lán sem félagslegar íbúðir eru nú með hjá Arion banka í erlendum myntum.

### Lokaorð

- Það hefur verið ánægulegt við vinnslu verkefnisins að komast að raun um hversu atvinnuástand og horfur í atvinnumálum eru góðar í Sveitarfélaginu Skagafjörður. Lítið sem ekkert atvinnuleysi og bjart framundan.
- Fjárhagsvandi sveitarfélagsins einskorðast svo til eingöngu við rekstrarvanda.
- Miðað við árið 2011 þarf því að bæta rekstrarafkomu sveitarfélagsins um 300 millj. kr. á ársgrundvelli
- Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins er það mat skýrsluhöfundar að möguleikarnir eru margir til að bæta rekstrarafkomuna. Í skýrslunni eru settar fram um 90 tillögur.
- Það er mat skýrsluhöfundar að ef farið verður eftir þeim í meginatriðum eigi rekstrarafkoma sveitarfélagsins að geta orðið jákvæð strax á næsta ári.
- Í þeim tillögum sem hér eru settar fram þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á kjörum starfsmanna. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórna. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

# Efnisyfirlit

<b>GREINING</b> .....	<b>33</b>
INNGANGUR.....	33
ÍBÚAFJÖLDI .....	33
SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS .....	34
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI.....	37
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	38
TEKJUR.....	42
LAUNAÚTGJÖLD .....	46
STÖÐUGILDI .....	49
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR .....	50
FJÖLSKYLDUSVIÐ – FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSMÁL.....	51
FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÆÐSLU- OG SKÓLAMÁL .....	57
LEIKSKÓLAR.....	58
LEIKSKÓLINN ÁRSALIR .....	58
LEIKSKÓLINN BIRKILUNDUR .....	62
LEIKSKÓLINN TRÖLLABORG.....	65
LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFJÖRÐUR .....	67
GRUNNSKÓLAR .....	69
ÁRSKÓLI.....	70
VARMÁHLÍDARSKÓLI .....	81
GRUNNSKÓLINN AUSTAN VATNA.....	87
GRUNNSKÓLARNIR SAMANTEKIÐ .....	93
TÓNLISTARSKÓLI SKAGAFJARÐAR .....	94
FJÖLSKYLDUSVIÐ – FRÍSTUNDA- OG ÍPRÓTTAMÁL .....	96
ÍPRÓTTAMANNVIRKI.....	99
ÍPRÓTTAHÚS SAUÐÁRKRÓKI.....	101
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐ VARMÁHLÍÐ .....	102
SUNDLAUG SAUÐÁRKRÓKI.....	102
SUNDLAUG HOFÓSÍ .....	103
SUNDLAUGIN SÓLGÖRÐUM .....	103
ÍPRÓTTAVELLIR, SKÍÐASVÆÐI, REIÐHÖLL OG STYRKIR .....	103
MARKAÐS- OG ÞRÓUNARVIÐ .....	104
HÉRAÐSBÓKASAFN.....	105
HÉRAÐSSKJALASAFN .....	106
BYGGÐASAFN, GLAUMBÆR-FERÐAÞJÓNUSTA, FORNLEIFADEILD OG BYGGÐASAGA .....	108
FÉLAGSHEIMILI .....	110
UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ.....	110
BRUNAVARNIR SKAGAFJARÐAR .....	112
ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ .....	117
EIGNASJÓÐUR.....	120
GARÐYRKJUDEILD.....	121
HAFNIR Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFJÖRÐUR .....	123
SKAGAFJARÐARVEITUR EHF. ....	126
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ .....	126
STJÓRNSÝSLAN.....	128
FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR .....	129
<b>TILLÖGUR</b> .....	<b>131</b>
1. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR.....	131
2. LANGTÍMASKULDIR .....	131
3. ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR .....	131
4. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	131
5. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN .....	132
6. GREIÐSLUÁÆTLUN .....	132
7. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD .....	132

8. REGLULEGIR FUNDIR .....	133
9. TÍMABUNDIÐ ÁLAG Á ÚTSVAR .....	133
10. FASTEIGNASKATTUR .....	134
11. LÓÐARLEIGA .....	134
12. FASTLAUNASAMNINGAR .....	134
13. YFIRVINNA .....	134
14. GREIN 2.6.9 Í KJARASAMNINGI .....	135
15. LAUNAKEYRSLUR SAMÞYKKTAR FYRIR ÚTBORGUN .....	135
16. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS .....	136
17. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR .....	136
18. ORKUNOTKUN .....	136
19. UPPÁSKRIFT REIKNINGA .....	136
<b>FJÖLSKYLDUSVIÐ - FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSMÁL .....</b>	<b>137</b>
20. HLUTDEILD AKRAHREPPS Í KOSTNAÐI VEGNA BARNAVERNDARMÁLA .....	137
21. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐRA .....	137
22. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM .....	137
23. YFIRTÍÐ .....	138
24. HÆTT VERÐI AÐ GREIÐA 25 MÍNÚTUR FYRIR HVERJA VAKT Í YFIRTÍÐ .....	138
25. STARFSLUTFÖLL Í HEIMABJÓNUSTU .....	138
26. SAMRÁÐSFUNDIR .....	138
<b>FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÆÐSLU- OG SKÓLAMÁL .....</b>	<b>138</b>
27. STÖÐUGILDI VIÐ LEIKSKÓLA .....	138
28. YFIRTÍÐ .....	139
29. MATARKAUP .....	139
30. REIKNINGAR VEGNA MATARKAUPA .....	139
31. LEIKSKÓLAGJÖLD .....	139
32. FATAPENINGAR .....	140
33. BANGSABÆR .....	140
34. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN .....	140
<b>GRUNNSKÓLAR .....</b>	<b>140</b>
35. FJÖLDI STÖÐUGILDA .....	140
36. SAMKENNSLA ÁRGANGA .....	141
37. FRÍMÍNÚTNAGÆSLA KENNARA .....	141
38. ÖNNUR YFIRTÍÐ TIL KENNARA EN VEGNA KENNSLU .....	141
39. FÖST YFIRTÍÐ OG YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA .....	142
40. KOSTNAÐUR VIÐ KAUP Á SKÓLAMÁLTÍÐUM VIÐ ÁRSKÓLA .....	143
41. KOSTNAÐUR VIÐ SKÓLAMÁLTÍÐIR VIÐ ÁRSKÓLA .....	143
42. SKÓLAMÁLTÍÐIR ÁN ENDURGJALDS .....	143
43. BÓKHALD VEGNA SKÓLAMÁLTÍÐA Í VARMAHLÍÐARSKÓLA .....	143
44. BIFREIÐASTYRKIR .....	143
45. HÚSUMSJÓNARMAÐUR .....	144
46. RÆSTINGAR .....	144
47. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN .....	144
48. OPINBERAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLAMÁL .....	144
49. SKÓLAAKSTUR .....	145
50. NEMENDAFERÐIR .....	145
51. SKÓLAHALD Í GRUNNSKÓLANUM AUSTAN VATNA .....	145
52. HÚSNÆÐI LEIKSKÓLADEILDARINNAR BARNABORG .....	145
53. LEIKSKÓLINN AUSTAN VATNA VERÐI SAMEINADUR GRUNNSKÓLANUM .....	146
<b>TÓNLISTARSKÓLI SKAGAFJARÐAR .....</b>	<b>146</b>
54. BIFREIÐASTYRKIR .....	146
55. SKÓLAGJÖLD OG LEIGA Á HLJÓDFÆRUM .....	146
<b>FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÍSTUNDA- OG ÍPRÓTTAMÁL .....</b>	<b>146</b>
56. VINNUFYRIRKOMULAG Í HÚSI FRÍTÍMANS .....	146
57. ÚTLEIGA Á HÚSNÆÐI HÚSS FRÍTÍMANS .....	147

58. FORSTÖÐUMAÐUR VINNUSKÓLANS OG SUMAR TIM	147
59. VINNUSKÓLINN	147
60. ATVINNUÁTAK FYRIR 16 TIL 18 ÁRA	147
61. OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA	147
62. LEIGUVERÐ Á ÍPRÓTTAHÚSINU TIL FJÖLBRAUTASKÓLANS	148
63. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	148
64. HÆTT VERÐI AÐ GREIÐA 25 MÍNÚTUR FYRIR HVERJA VAKT Í YFIRTÍÐ	148
<b>MARKAÐS- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ</b>	<b>148</b>
65. ATVINNU- OG FERÐAMÁL	148
66. ATVINNU- OG FERÐAMÁLANEFND – MENNINGAR- OG KYNNINGANEFND	149
67. OPNUNARTÍMI HÉRAÐSBÓKASAFNSINS	149
68. SÉRVERKEFNI Á VEGUM HÉRAÐSSKJALASAFNSINS	149
69. FORNLEIFAEILD	149
70. FÉLAGSHEIMILI	150
<b>UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ</b>	<b>150</b>
<b>BRUNAVARNIR SKAGAFJARÐAR</b>	<b>150</b>
71. SELD ÞJÓNUSTA SLÖKKVILÐSINS	150
72. FASTRÁÐNIR STARFSMENN SLÖKKVILÐSINS	150
73. BAKVAKTIR	151
74. NÆSTI YFIRMAÐUR SLÖKKVILÐSSTJÓRA	151
<b>ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ</b>	<b>151</b>
75. REKSTUR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR VERÐI ENDURSKOÐAÐUR	151
76. FÆKKUN STARFSMANNA	152
77. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ	152
78. LEIGUHÚSNÆÐI	152
79. BIFREIÐAR TIL AFNOTA FYRIR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ OG EIGNASJÓÐ	152
80. VIÐGERÐ Á KANTSTEINUM	153
81. FJÓLDI BIFREIÐA	153
82. BIFREIÐASTYRKIR	153
83. MÓTTÖKURITARI ANNIST SKRÁNINGU Á NOTKUN BIFREIÐA	153
<b>GARÐYRKJUDEILD</b>	<b>153</b>
84. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ	153
<b>HAFNIR Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFJÖRÐUR</b>	<b>154</b>
85. FÖST YFIRTÍÐ	154
86. DAGLEGUR VINNUTÍMI	154
87. NÆSTI YFIRMAÐUR YFIRHAFNARVARÐAR	154
<b>SKAGAFJARÐARVEITUR EHF.</b>	<b>154</b>
88. REKSTRARFORM	154
89. BÓKHALDSKERFI	155
90. MANNAUÐSSTJÓRI	155
91. RÁÐNINGARKJÖR	155
92. VÖRUKAUP - INNKAUPAKORT	156
<b>STJÓRNSÝSLAN</b>	<b>156</b>
93. ÞRJÚ SVIÐ Í STAÐ SEX	156
<b>FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR</b>	<b>156</b>
94. NÚVIRÐING LÁNA	156
95. ENDURFJÁRMÖGNUN	157
<b>LOKAORÐ</b>	<b>158</b>
<b>FYLGISKJÖL</b>	<b>159</b>



# Greining

## INNGANGUR

Að beiðni sveitarstjóra tók skýrsluhöfundur að sér að gera úttekt á rekstri Sveitarfélagsins Skagafjarðar með það að markmiði að koma fram með tillögum að hagræðingu í rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð til að standa undir afborgunum lána sveitarfélagsins og nýjum framkvæmdum.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar frá öðrum sambærilegum sveitarfélögum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Í verkefninu fólst að eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn á milli ára og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstrarútgjöld sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrarútgjöld hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með þessum samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður miðað við þessi sveitarfélög sem nýttast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með sveitarstjóra og sveitarstjórn þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Við athugun á rekstri grunn- og leikskólanna var aflað upplýsinga úr bókhaldi hjá sveitarfélögum með sambærilega skóla hvað nemenda- og barnafjölda varðar. Borinn var saman rekstrarkostnaður þessara skóla. Einnig var aflað upplýsinga um starfsmannafjölda hjá samanburðarskólunum og hann borinn saman. Hver skóli í Sveitarfélaginu Skagafjörður var borinn saman við 10 sambærilega skóla að stærð hvað nemendafjölda varðar.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkueð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

## ÍBÚAFJÖLDI

Undanfarin misseri hefur atvinnuástand í Sveitarfélaginu Skagafjörður verið gott. Hins vegar hafa aðgerðir af hálfu ríkisins eins og t.d. niðurskurður í rekstri heilbrigðisstofnana leitt til fækkunar starfa í þeim geira, sem m.a. hefur leitt til fækkunar íbúa.

*Tafla 1: Fjöldi íbúa í Sveitarfélaginu Skagafjörður 2002 til 2012*

												Breyting
2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2002/2012	
4.162	4.176	4.181	4.145	4.106	4.083	4.038	4.078	4.131	4.110	4.024	-138	

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Sveitarfélaginu Skagafjörður á tímabilinu 2002 til 2012. Eins og taflan sýnir þá fjölgar íbúum á milli fjögurra ára á þessu tímabili, þ.e. 2003, 2004,

2009 og 2010. Á tímabilinu 2002 til 2012 fækkaði íbúum um 138, eða um 3,3%. Á sama tímabili fækkað íbúum á norðurlandi vestra um 6,3%. Mikil fækkun er á milli árána 2011 og 2012, eða um 86 íbúa, sem er 62% af fækkuninni frá 2002. Þessa fækkun má að einhverju leyti rekja til fækkunar starfa í heilbrigðismálum.

## SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS

Á undanförunum misserum hafa skuldir sumra sveitarfélaga aukist umtalsvert og standa nú sum þeirra frammi fyrir miklum vanda vegna þessa.

*Mynd 1: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2010*



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Mynd 1 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2010. Eins og fram kemur á myndinni var þetta hlutfall fyrir Sveitarfélagið Skagafjörður 145% í árslok 2010. Á myndinni kemur einnig fram hvert þetta hlutfall var árið 2011 fyrir Skagafjörð, eða 147%.

Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012, mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Væntanleg er reglugerð sem mun skýra frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast.

Eins og mynd 1 sýnir voru skuldir og skuldbindingar Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. ársreikningi 2010 145% og árið 2011 147% af tekjum sveitarfélagsins. Samkvæmt því voru skuldir sveitarfélagsins í árslok 2010 og 2011 innan þeirra marka sem ný sveitarstjórnarlög heimila.

*Tafla 2: Skuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar, A- og B-hluti, 2002 til 2011, í millj. kr.*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting 2002/2011
A-hluti	1.474	1.546	1.684	1.808	1.961	2.036	2.232	2.424	2.955	3.220	218,5%
B-hluti	1.127	1.188	1.121	1.159	1.197	1.427	1.802	1.773	1.629	1.632	144,8%
<b>Samtals</b>	<b>2.601</b>	<b>2.733</b>	<b>2.805</b>	<b>2.967</b>	<b>3.158</b>	<b>3.463</b>	<b>4.034</b>	<b>4.197</b>	<b>4.584</b>	<b>4.852</b>	<b>186,5%</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Tafla 2 sýnir skuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar, A- og B-hluta, frá árinu 2002 til 2011 í þús. kr. og á verðlagi hvers árs. Eins og tafla 2 sýnir hafa skuldir A-hluta aukist úr 1.474 millj. kr. árið 2002 í 3.220 millj. kr. árið 2011, eða rúmlega tvöfaldast á verðlagi hvors árs. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 1.561 millj. kr. í 2.867 millj. kr., eða um 84%.

Á sama tíma hækkuðu skuldir B-hlutans úr 1.127 millj. kr. í 1.632 millj. kr. eða um 45%. Tekjurnar í B-hlutanum jukust úr 248 millj. kr. í 431 millj. kr., eða um 74%. Þannig jukust tekjur B-hlutans hlutfallslega meira en skuldirnar.

Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili því aukist úr 2.601 millj. kr. árið 2002 í 4.852 millj. kr. árið 2011, eða um 86,5% á verðlagi hvors árs. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 70%.

Á tímabilinu hækka skuldir A-hlutans á milli ára öll árin. Skuldir B-hlutans lækka þrisvar sinnum á milli ára á þessu tímabili. Hins vegar hækka heildarskuldirnar á milli ára öll árin.

*Tafla 3: Skuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar, A- og B-hluti, 2002 til 2011, sem hlutfall af tekjum*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
A-hluti	94,4%	105,0%	103,2%	102,7%	96,4%	86,7%	87,8%	90,1%	107,2%	112,3%
B-hluti	455,2%	498,4%	356,8%	396,2%	392,6%	446,1%	483,1%	446,4%	401,8%	378,7%
<b>Samtals</b>	<b>143,8%</b>	<b>159,7%</b>	<b>144,1%</b>	<b>144,5%</b>	<b>135,0%</b>	<b>129,8%</b>	<b>138,4%</b>	<b>136,0%</b>	<b>145,0%</b>	<b>147,1%</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Tafla 3 sýnir skuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem hlutfall af tekjum, A- og B-hluta og A- og B-hluta samtals frá árinu 2002 til 2011. Eins og tafla 3 sýnir hafa skuldir A- og B-hluta samtals sem hlutfall af tekjum breyst lítið á milli árunna 2002 og 2011 eða farið úr 143,8% árið 2002 í 147% árið 2011. Skuldahlutfallið lækkar á þessu níu ára tímabili fjórum sinnum á milli ára, þ.e. árið 2004, 2006, 2007 og 2009. Á þessu tímabili fer skuldahlutfallið aldrei yfir það hámark sem sett hefur verið í lög skv. nýjum sveitarstjórnarlögum.

*Tafla 4: Skipting langtímaskulda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, A- og B-hluta, 31. desember 2011 á milli stofnana í þús. kr.*

A-hluti	2.064.317	57,5%
Hafnarsjóður	70.529	2,0%
Skagafjarðarveitur ehf.	604.348	16,8%
Fráveita	48.645	1,4%
Félagsíbúðir	800.323	22,3%
Tímatákn ehf	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>3.588.162</b>	<b>100,0%</b>

Heimild: Sveitarfélagsins Skagafjörður

Tafla 4 sýnir langtíma skuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar í árslok 2011 og hvernig þær skiptast á milli A-hluta og stofnana undir B-hluta. Eins og taflan sýnir eru 57,5% af langtíma skuldum sveitarfélagsins samtals hjá aðalsjóði. Síðan 42,5% hjá B-hluta stofnunum.

Af B-hluta stofnunum eru Félagslegar íbúðir með hæsta hlutfallið, þ.e. 22% af langtíma skuldum sveitarfélagsins. Skagafjarðarveitur eru með 17%. Síðan er Hafnarsjóður með 2%.

*Tafla 5: Skuldir B-hluta stofnana 31. desember 2010 og 2011 við eigin fyrirtæki í þús. kr.*

	<u>2010</u>	<u>2011</u>
Hafnarsjóður	0	0
Skagafjarðarveitur	0	0
Fráveita	17.342	0
Félagslegar íbúðir	131.702	114.137
Tímatákn	0	4.156
<b>Samtals</b>	<b>149.702</b>	<b>118.293</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 5 sýnir uppsafnaðar skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð eins og þær voru í árslok 2010 og 2011. Hér er bæði um að ræða skammtímaskuldir og langtímaskuldir. Þessar skuldir eru til komnar vegna hallareksturs eða fjárþarfar viðkomandi stofnana undangengin ár.

Eins og taflan sýnir er skuldastaða B-hluta stofnana gagnvart aðalsjóði sveitarfélagsins góð að undanskildum skuldum vegna félagslegra íbúða. Niðurstaðan af þessu er að rekstur B-hluta stofnana stendur undir sér að mestu nema þá vegna félagslegra íbúða. Mörg sveitarfélög, aðalsjóður, hafa þurft að leggja til mikið fjármagn með B-hlutastofnunum.

Lækkun skulda vegna félagslegra íbúða á milli árunna 2010 og 2011 er til kominn vegna söluhagnaðar af seldum íbúðum.

Leggja ber áherslu á að farið verði vel í gegnum það hvernig hægt væri að gera rekstur félagslegra íbúða sjálfbæran, annað hvort með því að auka tekjur eða lækka rekstrarútgjöld og/eða selja íbúðir. Verður rekstur þeirra skoðaður frekar hér síðar og þá hvað er til ráða.

Rétt er að fram komi að aðalsjóður skuldaði hafnarsjóði 65,5 millj. kr. í lok árs 2011.

*Tafla 6: Skipting langtímaskulda Sveitarfélagsins Skagafjarðar á milli lánardrottna í árslok 2011*

		Hlutfallsleg skipting langtímalána
Lánasjóður sveitarfélaga	1.991.441.370	57,5%
Íbúðalánasjóður	686.520.686	19,8%
Arion banki	246.214.163	7,1%
Skuldabréfa útboð	540.376.190	15,6%
<b>Samtals</b>	<b>3.464.552.409</b>	<b>100,0%</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 6 sýnir hvernig langtímaskuldir Sveitarfélagsins Skagafjarðar skiptast á milli

lánardrottna. 58% af skuldum sveitarfélagsins eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga og 20% hjá Íbúðalánasjóði, eða samtals 78% af lánum sveitarfélagsins eru hjá þessum tveimur aðilum.

Ljóst er að nokkuð hátt hlutfall af skuldum sveitarfélagsins er hjá Íbúðalánasjóði. Vinna þarf að því að fá þetta hlutfall lækkað. Einnig er athugandi að leita eftir því að greiða upp skuldir við aðra en Lánasjód sveitarfélaga með viðbótarláni frá sjóðnum með það að markmiði að ná niður vaxtakostnaði. Lánasjóðurinn býður í dag (maí 2012) verðtryggt lán sem bera 3,8% vexti til 22 ára og 3,15% vexti til 12 ára.

## HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, mat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna eða ganga á eigið fé. Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímalíðum. Eða með öðrum orðum hvað er eftir þegar búið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímalíðum.

*Tafla 7: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður árin 2002 til 2011 í þús. kr., A-hluti*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Veltufé frá rekstri	142.916	-22.695	15.664	72.142	149.664	344.366	208.363	74.244	20.580	-19.962
Handbært fé frá rekstri	82.486	-25.342	82.701	69.235	177.325	375.670	215.525	23.319	46.119	37.660

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 7 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður árin 2002 til 2011. Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri tvisvar á tímabilinu neikvætt, þ.e. árin 2003 og 2011 og handbært fé frá rekstri einu sinni á tímabilinu, þ. e. árið 2003. Árið 2003 var veltufé frá rekstri neikvætt um 22,7 millj. kr. og árið 2011 um 20 millj. kr. Það þýðir að á þessum árum vantaði sveitarfélagið 22,7 millj. kr. og 20 millj. kr. hvort ár til að eiga að fullu fyrir daglegum útgjöldum sveitarfélagsins, A-hluta, þ.e. fyrir launum, orkukostnaði o.p.h.

Að auki þarf sveitarfélagið að standa skil á afborgunum lána og útgjöldum vegna fjárfestinga. Reksturinn skilaði engu upp í það. Þannig þurfti sveitarfélagið á árinu 2011 að ganga á eigur sínar og/eða taka ný lán til að geta staðið í skilum með dagleg útgjöld, útgjöld vegna fjárfestinga og afborgunar lána.

*Tafla 8: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar 2002 til 2011 á verðlagi hvers árs í þús. kr., A-hluti*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri	82.486	-25.342	82.701	69.235	177.325	375.670	215.525	23.319	46.119	37.660
Afborganir	-142.255	-176.362	-321.803	-134.330	-139.712	-131.371	-104.839	-124.405	-292.907	-167.166
Fjárfestingar	-331.326	-80.363	-94.179	-66.184	-83.672	-106.833	-241.367	-315.926	-532.256	-128.279
Fjárvöntun	-391.095	-282.067	-333.281	-131.279	-46.059	137.466	-130.681	-417.012	-779.044	-257.785

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins árið 2011

Tafla 8 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar hjá A-hluta frá árinu 2002 til 2011. Eins og taflan sýnir skilaði reksturinn þrisvar sinnum á tíu ára tímabili nægum afgangi til þess að eiga að fullu fyrir afborgunum lána. Síðan að teknu tilliti til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum var fjárvöntun öll árin nema árið 2007, en

Þá var afgangur upp á 137 millj. kr. Fjárvöntunin var frá 46 millj. kr. árið 2006 upp í 779 millj. kr. árið 2010 þegar fjárvöntunin var mest. Það sem uppá hefur vantað hefur verið fjármagnað með eigin fé, sölu eigna og/eda nýjum lántökum.

Tafla 9: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar 2002 til 2011 á verðlagi hvers árs í þús. kr., B-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri	32.860	89.201	144.981	53.400	129.530	-50.107	230.305	233.390	186.318	158.025
Afborganir	-218.256	-136.829	-135.798	-168.052	-122.030	-69.099	-79.200	-92.476	-107.563	-93.972
Fjárfestingar	180.417	-75.267	-45.419	-166.992	-126.055	-124.351	-177.597	-84.595	-50.557	-61.060
Fjárvöntun	-4.979	-122.895	-36.236	-281.644	-118.555	-243.557	-26.492	56.319	28.198	2.993

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 9 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar hjá B-hluta frá árinu 2002 til 2011.

Eins og taflan sýnir var handbært fé frá rekstri hjá B-hluta neikvætt einu sinni á þessu tímabili, þ.e. árið 2007. Í sex ár af þessum tíu er handbært fé frá rekstri hærra en afborganir. Árin 2009, 2010 og 2011 var handbært fé frá rekstri hærri upphæð en samtals afborganir og fjárfestingar hvert þessara ára.

Tafla 10: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar samtals hjá A- og B-hluta í þús. kr. árin 2002 til 2011

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri	115.346	63.859	227.682	122.635	306.855	325.563	445.830	256.709	232.437	195.685
Afborganir	-360.511	-313.191	-457.601	-302.382	-261.742	-200.470	-184.039	-216.881	-400.470	-261.138
Fjárfestingar	-150.909	-155.630	-139.598	-233.176	-209.727	-231.184	-418.964	-400.521	-582.813	-189.339
<b>Fjárvöntun</b>	<b>-396.074</b>	<b>-404.962</b>	<b>-369.517</b>	<b>-412.923</b>	<b>-164.614</b>	<b>-106.091</b>	<b>-157.173</b>	<b>-360.693</b>	<b>-750.846</b>	<b>-254.792</b>
Tekin ný lán	301.451	259.284	470.815	302.192	209.849	155.323	50.000	150.000	803.537	161.000

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 10 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar samtals hjá A- og B-hluta hjá sveitarfélaginu árin 2002 til 2011. Jafnframt hver fjárvöntunin var að teknu tilliti til þessa og svo hvað var tekið mikið af lánnum.

Eins og taflan sýnir var handbært fé frá rekstri meira en afborganir árin 2006 til og með 2009. Hin árin vantaði nokkuð til þess að handbært fé gæti staðið að fullu undir afborgunum. Mikilvægt verður að telja fyrir rekstur sveitarfélagsins að handbært fé standi að jafnaði undir afborgunum hvers árs. Þannig að ný lán séu eingöngu tekin til að standa undir fjárfestingum, eda með öðrum orðum að rekstrinum sé hagað þannig að ekki þurfi að taka lán til að greiða afborganir. Eins og taflan sýnir hafa lántökur á þessu tímabili verið frá 50 millj. kr. árið 2008 upp í 803 millj. kr. árið 2010. Á því ári samsvöruðu lántökurnar um 25% af heildartekjum sveitarfélagsins, A- og B-hluta.

## FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í viðræðum við starfsmenn sveitarfélagsins kom almennt fram að þeir líta á fjárhagsáætlun sem heimild um útgjöld hvað gjaldahliðina varðar. Hér er tekið undir þessa skoðun og lögð áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eda forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá sveitarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess

að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki sveitarstjórnar til þess. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, tekjuafgangi eða nýrri lántöku. Ný lög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða enn skýrar á um þetta en eldri sveitarstjórnarlög.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki bara markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða hreina fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggja fyrir en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögnum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldunum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Sum sveitarfélög nýttu sér heimildarákvæðið í eldri sveitarstjórnarlögum til að leiðrétta upphaflegu fjárhagsáætlunina miðað við t.d. rauntölur fyrstu 10 mánuði ársins. Þetta lagaákvæði veikti í reynd fjárhaldsstjórn sveitarfélaga og gerði allan samanburð við fjárhagsáætlun á ársreikningum sveitarfélaga, þar sem hann var borinn saman við endurskoðaða fjárhagsáætlun, ómarkvissan. Gera má ráð fyrir að sá samanburður hafi komið betur út heldur en samanburður við upphaflega áætlun. Ætla verður að slík notkun á heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun hafi leitt til veikari og ómarkvissari fjármálastjórnar.

Ef niðurstaða ársreiknings var í verulegu ósamræmi við upphaflega áætlun þurfti sveitarstjórn ekki að horfast í augu við hvað fór úrskeiðis í upphaflegri fjárhagsáætlun, ef samanburður var gerður við leiðrétta fjárhagsáætlun. Þannig var hætta á að sömu mistök hafi verið gerð aftur við næstu fjárhagsáætlunargerð. Einnig dró þetta úr því aðhaldi sem hinn almenni borgari gat veitt sveitarstjórn, þar sem líklegt var að hann hafi ekki vitað af því, að verið var að bera tölur í ársreikningi saman við leiðrétta fjárhagsáætlun, sem gerð var í árslok.

Í nýjum sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun felld niður. Einungis er sveitarstjórnnum heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka fjárhagsáætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögnum. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta ákvæði hljóðar svo:

*„Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

*Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.*

*Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.*

*Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.*

*Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem*

*tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.“*

Ljóst má vera að skv. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er það brot á lögnum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun. Einungis er það heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjaldaaukanum verður mætt eða tekjulækkun. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga. Þetta kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögnum, sbr. hér að framan, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja árána sé um hallarekstur að ræða.

**Tafla 11: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2011 hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður**

	Rauntölur	Upphafleg áætlun	Mismunur	Hlutfall af áætlun	Endurskoðuð áætlun	Mismunur
Fjölskylduþjónusta	177.748.961	126.900.000	-50.848.961	-28,6%	136.540.000	-41.208.961
Heilbrigðismál	13.836.297	13.000.000	-836.297	-6,0%	13.000.000	-836.297
Fræðslu- og uppeldismál	1.389.859.625	1.294.400.000	-95.459.625	-6,9%	1.328.610.000	-61.249.625
Menningarmál	134.145.174	113.300.000	-20.845.174	-15,5%	118.400.000	-15.745.174
Æskulýðs- og íþróttamál	286.879.071	256.500.000	-30.379.071	-10,6%	265.000.000	-21.879.071
Bruna- og almannavarnir	49.076.100	49.000.000	-76.100	-0,2%	50.000.000	923.900
Hreinlætismál	18.387.038	24.000.000	5.612.962	30,5%	24.000.000	5.612.962
Skipulags- og byggingarmál	37.226.452	43.000.000	5.773.548	15,5%	43.700.000	6.473.548
Umferðar- og öryggismál	61.351.869	51.900.000	-9.451.869	-15,4%	57.900.000	-3.451.869
Umhverfismál	55.721.080	52.000.000	-3.721.080	-6,7%	53.300.000	-2.421.080
Atvinnu-, ferða- og landbúnaðarmál	46.800.787	37.300.000	-9.500.787	-20,3%	48.000.000	1.199.213
Sameiginlegur kostnaður	177.471.298	145.900.000	-31.571.298	-17,8%	149.000.000	-28.471.298
Lífeyrisskuldbindingar	15.000.000	15.000.000	0	0,0%	15.000.000	0
Óreglulegir liðir	664.761		-664.761	-100,0%		-664.761
Rekstrarútgjöld fyrir fjármagnsliði	2.464.168.511	2.222.200.000	-241.968.511	-9,8%	2.302.450.000	-161.718.511
Fjármagnsliðir nettó	-69.584.263	-37.000.000	32.584.263	-46,8%	-34.300.000	35.284.263
Samtals gjöld	2.394.584.248	2.185.200.000	-209.384.248	-8,7%	2.268.150.000	-126.434.248
Samtals tekjur	-2.195.105.656	-2.096.000.000	99.105.656	-4,5%	-2.181.000.000	14.105.656
<b>Rekstrarniðurstaða, aðalsjóður</b>	<b>199.478.592</b>	<b>89.200.000</b>	<b>-110.278.592</b>	<b>-55,3%</b>	<b>87.150.000</b>	<b>-112.328.592</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 11 sýnir rauntölur rekstrar og upphaflegu áætlun 2011 í þús. kr. ásamt endurskoðaðri áætlun. Eins og taflan sýnir er nokkuð um að kostnaðarliðir fari fram úr áætlun. Samtals fór rekstur málaflokka aðalsjóðs fyrir fjármagnstekjur 9,8% fram úr upphaflegri áætlun á árinu 2011, eða alls 242 millj. kr. Með fjármagnsliðum nettó fer reksturinn 8,7% fram úr upphaflegu fjárhagsáætluninni 2011, eða 209 millj. kr. Þegar tekið er tillit til skatttekna fer reksturinn 110 millj. kr. fram úr fjárhagsáætlun 2011.

Í krónum talið fóru fræðslu- og uppeldismál mest fram úr upphaflegri áætlun, eða 95,5 millj. kr., sem er 7% umfram það sem upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Næst mest fór fjölskylduþjónustan, eða 50,8 millj. kr. Síðan kemur málaflokkurinn sameiginlegur kostnaður, sem fór 31,6 millj. kr. fram úr áætlun, eða 18%. Í aðalsjóði fara hreinlætismál af reglulegum liðum mest fram úr áætlun hlutfallslega, eða 31%.


Af þessum má ljóst vera að mikil peningaleg hagræðing myndi nást hjá sveitarfélaginu



bara með því að láta einstaka útgjaldaliði standast áætlun. Til að ná því markmiði er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða sé kostnaður að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun sveitarstjórnar er.

*Mynd 2: Sveitarfélög flokkuð eftir fjölda ára sem þau hafa verið með hallarekstur fyrir óreglulega liði árin 2002 til 2010*



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 2 sýnir sveitarfélög flokkuð eftir fjölda ára sem þau voru rekin með halla fyrir óreglulega liði árin 2002 til 2010, A-hluti.

Eins og myndin sýnir voru þrjú sveitarfélög með hallarekstur í átta ár af níu á tímabilinu frá 2002 til 2010. Á þessum tíma voru einungis sex sveitarfélög aldrei rekin með halla. Það hefur því verið nokkuð algengt að sveitarfélög hafi verið rekin með halla. Á tímabilinu 2002 til 2010 var Sveitarfélagið Skagafjörður eitt af þeim níu sveitarfélögum sem var með hallarekstur á aðalsjóði fyrir óreglulega liði í sjö ár af níu.

Á tímabilinu 2002 til 2010 var niðurstaða rekstrar A- og B-hluta án óreglulegra liða hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður sem hér segir:

*Tafla 12: Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða sem hlutfall af tekjum frá 2002 til 2011 hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals 2002/2011
A-hluti	1,4%	-12,6%	-7,3%	-8,4%	-2,6%	7,2%	-3,9%	-6,2%	-4,1%	-10,5	-4,6%
A- og B-hluti	-0,4%	-12,1%	-5,8%	-6,0%	-4,2%	5,8%	-15,7%	-8,2%	-0,5%	-8,2	-5,6%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 12 sýnir rekstrarafkomu Sveitarfélagsins Skagafjörður sem hlutfall af tekjum hjá A-hluta og A- og B-hluta samtals.

Eins og taflan sýnir var afgangur á rekstri A-hluta tvisvar á tímabilinu 2002 til 2010, sbr. hér að framan. Hins vegar var rekstrarafkoman neikvæð öll árin nema eitt, þ.e. 2007, þegar A- og B-hluti eru teknir saman.

Í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er nýtt ákvæði hvað rekstrarafkomuna varðar en greinin hljóðar þannig:

**„Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.**

*Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.*

*Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:*

*1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og*

*2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.*

*Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.”*

Mikil breyting þarf að eiga sér í stað hvað varðar samanlagðan rekstrarafgang A- og B-hluta hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður til þess að ákvæði 1. töluliðar í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga ná fram að ganga. Reksturinn á þriggja ára tímabili þarf alltaf að vera a.m.k. í jafnvægi. Rekstrarafkoman öll árin 2002 til 2011 var neikvæð nema árið 2007 en samkvæmt nýju lögnum þarf rekstrarniðurstaðan að jafnaði að vera jákvæð.

*Tafla 13: Rekstrarniðurstaða frá 2002 til 2011 hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður, A- og B-hluti, í þús. króna fyrir óreglulega liði*

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals 2002/2011
A-hluti	22.013	-185.170	-118.582	-147.933	-52.415	168.848	-98.902	-166.323	-112.190	-302.459	-993.113
A- og B-hluti	-7.303	-207.208	-112.506	-123.895	-99.230	153.547	-457.481	-252.578	-15.806	-270.332	-1.392.792

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 13 sýnir rekstrarafkomu sveitarfélagsins í krónum talið á tímabilinu frá 2002 til 2011 í þús. kr. Samtals hefur hallinn á A-hluta verið 993 millj. kr. á verðlagi hvers árs á þessu tímabili. Hjá B-hluta var hallinn samtals á þessu tímabili 399,7 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Samtals á þessu tímabili var hallinn hjá A- og B-hluta á verðlagi hvers árs 1.392,8 millj. kr. Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2011 2.867 millj. kr. og heildar tekjur A- og B-hluta 3.298 millj. kr.

Eins og kom fram hér að framan er sveitarfélögum skv. nýjum sveitarstjórnarlögum ekki heimilt að reka sveitarsjóð, A- og B-hluta samtals, með halla að jafnaði. Af þessu má ljóst vera að mikil breyting þarf að eiga sér stað í rekstri sveitarfélagsins til að standast þetta ákvæði sveitarstjórnarlaga með hliðsjón af reynslu undangenginna ára.

## TEKJUR

Þegar kemur að tekjuafkomunni er rétt að bera tekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda 2012.

Tafla 14: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þús. kr. hjá samanburðar sveitarfélögum

	Íbúafjöldi									
	2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Sveitarfélagið Árborg	7.783	245	264	269	297	336	374	392	418	435
Akraneskaupstaður	6.592	238	247	265	299	337	373	406	428	438
Fjarðabyggð	4.600	296	297	316	336	458	542	531	552	591
Seltjarnarneskaupstaður	4.313	264	281	300	351	360	433	426	407	441
Vestmannaeyjabær	4.194	264	268	282	328	388	435	483	462	489
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.024	276	279	306	338	393	472	499	507	516
Ísafjarðarbær	3.755	280	278	294	330	371	464	501	494	510
Borgarbyggð	3.470	263	294	317	340	400	449	473	489	503
Fljótshálfgrönd	3.408	280	293	320	381	370	457	435	513	527
Norðurþing	2.884	279	292	315	358	394	508	519	531	520
Grindavíkurbær	2.830	260	268	288	307	351	392	426	436	452

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 14 sýnir skatttekjur samtals á hvern íbúa í samanburðar sveitarfélögunum í þús. kr., fimm stærri sveitarfélög og fimm minni hvað íbúafjöldi varðar en Sveitarfélagið Skagafjörður. Eins og taflan sýnir kemur Skagafjörður ágætlega út í þessum samanburði, með háar skatttekjur á hvern íbúa. Sveitarfélögin á þessu tímabili, sem eru með hærri skatttekjur á hvern íbúa, eru frá tveimur og upp í fimm. Frá árinu 2007 eru tvö til þrjú sveitarfélög af þessum samanburðar sveitarfélögum með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Skagafjörður. Árið 2010 var eitt stærra og tvö minni sveitarfélög með hærri tekjur á hvern íbúa en Sveitarfélagið Skagafjörður.

Tafla 15: Skatttekjur á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum, árið 2010

	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarneskaupstaður	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Ísafjarðarbær	Borgarbyggð	Fljótshálfgrönd	Norðurþing	Grindavíkurbær	Sveitarfélagið Álftanes
Íbúafjöldi 2012	7.783	6.592	4.600	4.313	4.194	4.024	3.755	3.470	3.408	2.884	2.830	
Útsvör	285.399	327.186	388.221	360.040	375.687	306.300	324.877	264.094	306.921	310.192	296.588	352.613
Fasteignaskattur	71.321	53.985	103.532	43.330	40.082	63.640	41.133	76.677	53.962	49.064	67.163	51.610
Framlög úr Jöfnunarsjóði	64.950	50.892	90.527	34.085	66.883	134.685	133.879	151.484	159.112	148.939	75.847	100.403
Aðrar tekjur með skattaígildi	13.503	6.077	8.898	3.897	6.403	11.410	10.334	10.768	7.193	11.352	12.256	149
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>435.173</b>	<b>438.140</b>	<b>591.178</b>	<b>441.351</b>	<b>489.055</b>	<b>516.035</b>	<b>510.223</b>	<b>503.023</b>	<b>527.189</b>	<b>519.547</b>	<b>451.854</b>	<b>504.775</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 15 sýnir skatttekjur skipt eftir skattstofni á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2010. Eins og fram kemur í töflunni eru fjögur stærri sveitarfélög og þrjú minni með hærri útvarstekjur á hvern íbúa en Sveitarfélagið Skagafjörður. Hins vegar eru tvö stærri og tvö minni sveitarfélög með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa. Þrjú minni sveitarfélög og ekkert stærra eru með hærri framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa af þessum samanburðar sveitarfélögum. Síðan varðandi aðrar skattígildistekjur er eitt stærra og eitt minna sveitarfélag með hærri tekjur á íbúa en Sveitarfélagið Skagafjörður.

Þegar heildar skatttekjurnar eru skoðaðar er eitt stærra og tvö minni með hærri skatttekjur samtals.

Þessi samanburður gefur ástæðu til að skoða frekar álagningarhlutfall fasteignaskatts hjá þessum sveitarfélögum.

Tafla 16: Skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2010

	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarneskaupstaður	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Ísafjarðarbær	Borgarbyggð	Fljótisdals-herað	Norðurþing	Grindavíkurbær
Íbúafjöldi 2012	7.783	6.592	4.600	4.313	4.194	4.024	3.755	3.470	3.408	2.884	2.830
Álagning útsvars	13,28%	13,28%	13,28%	12,10%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%
Fasteignaskattur: A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,350%	0,325%	0,350%	0,180%	0,420%	0,500%	0,410%	0,350%	0,380%	0,500%	0,240%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði	1,65%	1,45%	1,00%	1,12%	1,55%	1,65%	1,60%	1,40%	1,25%	1,65%	1,60%
Lóðarleiga, A-flokkur	1,00%	1,01%	0,75%	0,35%	1,00%	1,50%	1,80%	1,00%	0,75%	1,50%	0,88%
Lóðarleiga, B- og C-flokkur	1,00%	1,53%	0,75%	1,50%	3,50%	2,50%	3,00%	1,15%	0,75%	2,50%	1,00%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 16 sýnir skattálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2010. Eins og taflan sýnir var eitt sveitarfélag sem nýtti sér ekki heimild um hámarks útsvar, það var Seltjarnarnesbær. Hin sveitarfélögin voru öll með útsvarsálagningu í hámarki.

Öll sveitarfélögin voru með lægra álagningarhlutfall vegna fasteignaskatts í A-flokki nema eitt sem var með sama álagningarhlutfall og Skagafjörður. Tvö sveitarfélög eins og Sveitarfélagið Skagafjörður voru með álag í hámarki ofan á hámarksálagningu vegna fasteignaskatts í C-flokki. Hin sveitarfélögin voru með lægri álagningu.

Varðandi lóðarleigu, þá var eitt sveitarfélag með hærra hlutfall vegna íbúðarhúsnæðis en Skagafjörður og tvö vegna atvinnuhúsnæðis. Hin sveitarfélögin voru með lægri lóðarleigu eða sama hlutfall.

Tafla 17: Skattálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2011

	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarneskaupstaður	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Ísafjarðarbær	Borgarbyggð	Fljótisdals-herað	Norðurþing	Grindavíkurbær	Sveitarfélagið Álftanes
Íbúafjöldi 2012	7.783	6.592	4.600	4.313	4.194	4.024	3.755	3.470	3.408	2.884	2.830	
Álagning útsvars	14,48%	14,48%	14,48%	14,18%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	15,14%
Fasteignaskattur: A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,350%	0,3457%	0,370%	0,209%	0,420%	0,500%	0,450%	0,360%	0,500%	0,575%	0,270%	0,450%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	0,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði	1,650%	1,454%	1,32%	1,250%	1,550%	1,650%	1,600%	1,320%	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%
Holræsagjald	0,308%	198,73 kr./m <sup>2</sup>	0,260%	0,110%	0,200%	0,275%	0,330%	263,27 kr/m	0,310%	0,225%	0,130%	290,21 kr/m
Vatnsgjald	0,1904%	180 kr/m	0,280%	0,120%	126,58 kr/m	0,160%	0,300%	233 kr/m	220 kr./m <sup>2</sup>	0,225%	0,140%	180 kr/m
Sorphreinsgjald	15.660	13.700	23.778	5.100	8.907	16.000	14.175	29.500	19.600	38.847	9.300	24.086
Sorpeyðingargjald	11.100	11.700	10.168	10.950	14.471	14.000	29.484				25.200	
Lóðarleiga, A-flokkur	1,00%	1,012%	0,85%	0,40%	1,00%	1,50%	1,80%	1,15%	0,35%	1,50%	1,00%	0,32%
Lóðarleiga, B- og C-flokkur	3,00%	1,534%	1,00%	1,75%	3,50%	2,50%	3,00%	1,33%	0,75%	2,50%	1,15%	1,00%
Holræsagjald var hæst 0,375%												
Vatnsgjald var hæst 1,120%												
Sex sveitarfélög á landinu voru með álagningu fasteignaskatts A-flokkur í 0,625%												
Sorpeyðing og sorhirda var samtals hæst 43.659 kr.												
Lóðarleiga á íbúðarhús var hæst 3,75%												
Lóðarleiga á atvinnuhúsnæði var hæst 5%												

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2011

Tafla 17 sýnir álagningarprósentu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsgjalds og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum vegna ársins 2011.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu

sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,48% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir voru öll sveitarfélögin með útsvarsprósentuna í hámarki árið 2011 nema Seltjarnarnesbær, þar sem álagningin var 14,18%.

Samkvæmt 5. mgr. 24. gr. laga nr. 5/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarstjórn heimilt að leggja allt að 10% álag á útsvar dugi tekjur ekki fyrir útgjöldum en þar segir: „Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.“

Af þessu má ráða að sveitarstjórn er heimilt tímabundið að leggja auka álag á útsvar tímabundið vegna nýframkvæmda eins og t.d. vegna grunnskólans.

Fasteignaskattur sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65%.

Eins og taflan sýnir var eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum árið 2011 með herra álagningarhlutfall í A-flokki en Sveitarfélagið Skagafjörður. Eitt var með sama hlutfall en hin þá með lægra hlutfall. Sveitarfélagið nýtti sér hámarks álagninguna sem er 0,5%. Sveitarfélögum er síðan heimilt að hækka álagningu í A-flokki, sbr. hér að framan, um allt að 25% og fara þá með hana í allt að 0,625%. Þannig að þarna er ákveðið svigrúm til hækkunar á fasteignaskatti í A-flokki hjá sveitarfélaginu.

Álagningarprósenta í B-flokki er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögum. Hér er einkum um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Álagning í C-flokki getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Af þessum 11 sveitarfélögum hafa átta nýtt sér heimild til að leggja á slíkt álag. Þar af hafa fimm nýtt sér heimildina til fulls, þ.e. eru með álagninguna 1,65%. Sveitarfélagið Skagafjörður er eitt af þeim.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsgjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun.

Eins og taflan sýnir voru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með herra álagningarhlutfallið vegna vatnsgjalds en Sveitarfélagið Skagafjörður og eitt með herra álagningarhlutfall vegna holræsagjalds.

Fjögur sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum voru með hærri gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar en Skagafjörður en samtals voru gjöldin hjá sveitarfélaginu 30.000 kr. Hæst voru gjöldin samtals hjá Ísafjarðarbæ þar sem þau voru 43.659 kr. Gjöldin samtals hjá Ísafjarðarbæ voru hæst á landinu öllu.

Varðandi lóðarleigu var eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum með hærri lóðarleigu vegna íbúðalóða en Sveitarfélagið Skagafjörður og þrjú vegna atvinnuhúsnæðis.

*Tafla 18: Álagningarstofn fasteignaskatts 2012*

	Álagningar- stofn 2012	Álagning 2012 eins og 2011	Álagning með álagi	Álagning 2012	Álagning 2012 með álagi	Mismunur á álagningu og álagningu með álagi
A-flokkur	27.645.975	0,500%	0,625%	138.230	172.787	34.557
B-flokkur	3.786.457	1,32%	1,32%	49.981	49.981	0
C-flokkur	6.278.562	1,65%	1,65%	103.596	103.596	0
<b>Samtals</b>	<b>37.710.994</b>			<b>291.807</b>	<b>326.365</b>	<b>34.557</b>
Lækkanir og niðurfellingar						
<b>Fasteignaskattur samtals</b>				<b>291.807</b>	<b>326.365</b>	<b>34.557</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 18 sýnir álagningarstofn fasteigna 2012 og álagningu 2012 og mögulega hækkun tekna ef 25% álag ofan á fasteignaskatt í A-flokki hefði verið nýtt.

Ef álagið á A-flokk hefði verið nýtt til fulls, eins og gert var í C-flokki, hefði álagning fasteignaskatts verið um 35 millj. kr. hærri en hún er nú árið 2012.

*Tafla 19: Lóðarleiga árið 2012 hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður*

	Lóðamat 2012	Lóðarleiga 2012	Hækkun á lóðarleigu	Mismunur	
Íbúðarlóðir	2.559.538	1,5%	38.393	2% 51.191	12.798
Atvinnulóðir	1.039.734	2,5%	25.993	3% 31.192	5.199
<b>Samtals</b>			<b>64.386</b>	<b>82.383</b>	<b>17.996</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 19 sýnir lóðarleigu hjá sveitarfélaginu árið 2012 og hvað tekjurnar hefðu hækkað mikið ef lóðarleiga vegna íbúðarlóða og atvinnulóða hefði verið hækkuð um 0,5 prósentu stig.

Eins og taflan sýnir hefðu tekjurnar af lóðarleigu verið um 18 millj. kr. hærri miðað við leiguna eins og hún var ákveðin.

## LAUNAÚTGJÖLD

Launaútgjöld sveitarfélaga er nokkuð stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunaútgjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum þeirra samtals á árinu 2009, voru 51,9%. Hlutfallið hækkaði á árinu 2010 og var þá 53%.

Tafla 20: Launaútgjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2010 með íbúa frá 2.830 til 7.783 árið 2012

	Íbúafjöldi										
	2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sveitarfélagið Árborg	7.783	57,9%	58,2%	59,8%	55,6%	54,9%	55,3%	57,6%	61,6%	55,4%	
Akraneskaupstaður	6.592	62,0%	62,7%	59,5%	68,1%	53,0%	52,8%	59,4%	52,2%	54,8%	
Fjarðabyggð	4.600	60,2%	66,0%	64,3%	63,6%	45,8%	49,6%	57,9%	59,6%	57,4%	
Seltjarnarneskaupstaður	4.313	62,5%	57,2%	60,2%	54,4%	62,7%	54,5%	61,5%	69,1%	62,1%	
Vestmannaeyjabær	4.194	66,4%	63,2%	65,1%	72,9%	64,4%	66,9%	57,3%	59,9%	49,8%	
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.024	54,2%	65,0%	61,6%	68,2%	64,7%	58,5%	61,7%	62,5%	63,1%	65,9%
Ísafjarðarbær	3.755	49,6%	56,7%	59,5%	65,9%	69,9%	57,6%	56,1%	61,1%	59,5%	
Borgarbyggð	3.470	55,3%	53,2%	51,6%	54,2%	52,9%	48,8%	51,6%	50,9%	49,3%	
Fljótshálsa	3.408	54,0%	51,5%	50,7%	43,8%	44,4%	47,6%	55,8%	53,2%	51,9%	
Norðurþing	2.884	48,7%	55,3%	60,4%	60,0%	55,4%	55,9%	59,7%	61,5%	66,8%	
Grindavíkurbær	2.830	56,7%	58,7%	52,5%	53,5%	54,4%	49,6%	54,2%	64,8%	61,7%	
<b>Samtals 11 sveitarfélög</b>		<b>57,1%</b>	<b>59,4%</b>	<b>58,8%</b>	<b>60,2%</b>	<b>56,3%</b>	<b>53,4%</b>	<b>58,2%</b>	<b>59,0%</b>	<b>57,4%</b>	
<b>Samtals öll sveitarfélög</b>		<b>58,6%</b>	<b>56,9%</b>	<b>56,3%</b>	<b>55,5%</b>	<b>55,5%</b>	<b>46,7%</b>	<b>50,8%</b>	<b>51,9%</b>	<b>53,0%</b>	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 20 sýnir launaútgjöld sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Fimm stærri og fimm minni en Sveitarfélagið Skagafjörður hvað íbúafjöldi varðar. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal þessara sveitarfélaga og fyrir öll sveitarfélög í landinu.

Eins og taflan sýnir er hlutfallið nokkuð hátt hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Á þessum níu árum, sem samanburðurinn nær yfir, er sveitarfélagið yfir meðaltali þessara sveitarfélaga og meðaltalinu fyrir öll sveitarfélög öll árin nema eitt, það var 2002. Frá árinu 2005 til 2010 er sveitarfélagið með næst hæsta hlutfallið öll árin nema 2008 þá er hlutfallið hæst hjá Skagafirði. Árið 2010 voru launaútgjöld sem hlutfall af tekjum sveitarfélagsins 63,1%, sem er nokkuð hátt hlutfall. Árið 2011 var hlutfallið komið í 65,9%. Þessi samanburður kallar á það að launaútgjöld sveitarfélagsins verði skoðuð frekar.

Sá viðsnúningur sem verður frá og með árinu 2002 vekur athygli. Á því ári voru einungis þrjú sveitarfélög með lægra hlutfall af þessum samanburðar sveitarfélögum en Sveitarfélagið Skagafjörður. Einnig var hlutfallið þá vel undir landsmeðaltalinu. Eftir það er hlutfallið hátt í þessum samanburði. Árið 2002 var hlutfallið 54,2% samanborið við 65,9% árið 2011, eða 11,7 prósentustigum hærra. Hefði launahlutfallið verið það sama árið 2011 og það var árið 2002 hefðu launin verið um 257 millj. kr. lægri árið 2011. Rétt er að fram komi að mikil hækkun launa á milli áruna 2002 og 2003 skýrist að hluta til vegna hækkunar á lífeyrirskuldbindingum á árinu 2003.

Tafla 21: Launaútgjöld á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2010 í þús. kr.

	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð	Seltjarnarneskaupstaður	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Ísafjarðarbær	Borgarbyggð	Fljótshálsa	Norðurþing	Grindavíkurbær	Öll sveitarfélög
Íbúafjöldi 2010	7.811	6.549	4.641	4.395	4.135	4.131	3.899	3.542	3.467	2.926	2.837	317.630
Laun og launatengd gjöld A-hluta	275	292	392	320	301	421	352	316	316	445	309	289
Laun og launatengd gjöld A- og B-hluta	288	355	418	325	379	444	390	316	334	481	319	330

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 21 sýnir launaútgjöld samanburðar sveitarfélaganna á hvern íbúa á árinu 2010 hjá A-hluta og A- og B-hluta samtals í þús. kr.

Eins og taflan sýnir er eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögunum með hærri launakostnað á hvern íbúa árið 2010 en Skagafjörður. Um er að ræða Nordurþing. Launakostnaðurinn á hver íbúa var lægstur hjá A-hluta Sveitarfélagsins Árborgar, þar sem hann var 275 þús. kr. Til samanburðar var hann 421 þús. kr. hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður á hvern íbúa.

Einnig var launakostnaðurinn á hvern íbúa hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður nokkuð yfir landsmeðaltalinu eins og fram kemur í töflunni, aftasti dálkurinn.

Rétt er að fram komi að á árinu 2010 var Sveitarfélagið Skagafjörður með málefni fatlaðra en samanburðar sveitarfélögin ekki nema Vestmannaeyjabær. Laun og launatengd gjöld vegna málaflokks fatlaðra voru 168,3 millj. kr. á árinu 2010 hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður, eða 41 þús. kr. á hvern íbúa.

Tafla 22: Launaútgjöld hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður 2011 í þús. króna

	A-hluti	A- og B-hluti
Föst laun, dagvinna og persónu álag	1.157.760.137	1.164.065.508
Yfirvinna og orlof á yfirvinnu	147.273.791	150.181.570
Álag (33%,45%,55%)	42.826.338	45.939.344
Nefndir	28.673.703	28.950.348
Launatengd gjöld	364.417.191	364.478.354
<b>Samtals</b>	<b>1.740.951.160</b>	<b>1.753.615.124</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 22 sýnir skiptingu launaútgjalda samtals hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður á árinu 2011, vegna A-hluta og A- og B-hluta samtals.

Nokkuð er um yfirtíð hjá sumum stofnunum sveitarfélagsins. Samtals voru launaútgjöld vegna yfirvinnu á árinu 2011 150 millj. kr., eða 13% af föstum launum. Að auki voru álagsgreiðslur samtals 45,9 millj. kr., eða samtals yfirtíð og álagsgreiðslur 196,1 millj. kr. að auki eru launatengd gjöld. Samtals er yfirtíð og álagsgreiðslur 17% af föstum launum. Til mikils er að vinna að ná þessum kostnaði niður.

Sumir starfsmenn eru með fasta yfirtíð sem á að ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Einnig eru dæmi þess að starfsmenn eru með fasta yfirtíð en hafa síðan fengið greitt fyrir unna yfirtíð aukalega. Síðan eru aðrir starfsmenn sem hafa eingöngu fengið greidda yfirtíð ef hún er unnin.

Einnig eru nokkrir starfsmenn með fastlaunasamninga. Hjá þeim reiknast ekki yfirtíð.

Nokkuð er um að sum sveitarfélög hafa sett nánast yfirvinnubann. Hjá sumum sveitarfélögum hefur það viðgengist um skeið, en önnur hafa gripið til þessa úrræðis nú m.a. til að láta enda ná saman. Hjá þessum sömu sveitarfélögum hafa fastlaunasamningar og samningar um fasta yfirtíð verið teknir til endurskoðunar.

Skýrsluhöfundur er ekki sammála því hvernig grein 2.6.9. í kjarasamningi starfsmannafélaga við sveitarfélögin hefur verið túlkuð af sveitarfélögum, þ.m.t. hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður, en þar segir eftirfarandi:

*„Starfsfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan geinir á matar- og kaffitímum skal telja hverja vakt sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam óháð lengd vaktar. Mælist vinnutími þannig lengri en umsamin vinnuskylda skal það sem umfram er greiddast sem yfirvinna.“*



Þetta ákvæði greinarinnar hefur verið túlkað þannig að greiða skuli 25 mínútur aukalega fyrir hverja vakt sem unnin er, þ.e. fyrir hvern unninn dag. Starfshlutfallið skiptir hér ekki máli.

Skýrsluhöfundur leggur annan skilning í túlkun þessarar greinar. Ef raunveruleg viðvera á hverri vakt er 25 mínútum skemur en umsamin vinnuskylda óháð lengd vaktar kemur ekki til þessarar greiðslu.

Þetta er í samræmi við túlkun lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hann hefur svarað fyrirspurn um þetta ákvæði þannig: „25 mínúturnar eru ekki greiddar ef vaktin er skipulögð 25 mínútum styttri en „full“ vakt og ekki ef menn fá matarhlé, þ.e. ef starfið er skipulagt með þeim hætti að gert sé ráð fyrir matarhlé.“

Nokkur kostnaður hefur stafað af því hvernig þetta ákvæði hefur verið túlkað.

Einnig er ákvæði í kjarasamningi grein 2.6.10. sem hafa ber í huga þegar ákvörðun um yfirvinnu er tekin hjá vaktavinnufólki, en þar segir eftirfarandi:

*„Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skal til viðbótar unnum tíma greiða 12 mínútur í yfirvinnu fyrir hvern fullan unninn klukkutíma, nema starfsmaðurinn taki matar- eða kaffitíma á vaktinni. Skulu þá þeir matar- og kaffitímar teljast til vinnutímans allt að 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma. Við uppgjör á yfirvinnu skal leggja saman alla aukatíma uppgjörstímabilsins, t.d. mánaðar, og reikna síðan 12 mín. á þá heilu tíma sem þá koma út.“*

Túlkun þessa ákvæðis er að fyrir hverja unna klukkustund í yfirvinnu skuli greiða aukalega 12 mínútur eða starfsmaðurinn taki sér kaffi- eða matarhlé í 12 mínútur á hverri klukkustund sem unnin er. Skv. þessari grein skal starfsmaður fá greidda eina klukkustund aukalega fyrir hverjar fimm klukkustundir sem unnar eru í yfirtíð eða samtals sex klukkustundir. Ljóst er að grein þessi er sveitarfélögum nokkuð kostnaðarsöm miðað við mikla yfirvinnu vaktavinnufólks. Fyrir hverjar 10 klukkustundir, sem vaktavinnufólk vinnur í yfirtíð, eru greiddar 12 klukkustundir, eða tvær aukalega, skv. þessari grein.

Í viðræðum við forstöðumenn og launafulltrúa kom fram að launakeyrslur eru ekki yfirfarnar sérstaklega af öðrum en launafulltrúum áður en laun eru greidd út. Eins og hér hefur komið fram voru laun 65,9% af gjöldum sveitarfélagsins á s.l. ári. Mikilvægt verður að telja að forstöðumenn fari yfir launakeyrslur áður en laun eru greidd út til að fyrirbyggja að mistök geti átt sér stað og einnig að þeir séu meðvitaðir um laun sinna starfsmanna.

Rétt er að fram komi að algengt virðist vera hjá sveitarfélögum að launakeyrslur séu ekki yfirfarnar af öðrum en launafulltrúa áður en laun eru greidd.

---

## STÖÐUGILDI

---

Miðað við 1. apríl 2011 voru samtals 328,7 stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Tafla 23: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögunum 1. apríl 2011

	Íbúafjöldi 2012	Fjöldi stöðugilda 1. apríl 2011	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Sveitarfélagið Árborg	7.783	495,2	15,7
Akraneskaupstaður	6.592	391,1	16,9
Fjarðabyggð	4.600	329,1	14,0
Seltjarnarneskaupstaður	4.313	228,0	18,9
Vestmannaeyjabær	4.194	293,3	14,3
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.024	328,7	12,2
Ísafjarðarbær	3.755	285,6	13,1
Borgarbyggð	3.470	221,6	15,7
Fljótshálfur	3.408	294,7	11,6
Norðurþing	2.884	203,0	14,2
Grindavíkurbær	2.830	153,3	18,5
<b>Samtals</b>	<b>47.853</b>	<b>3.224</b>	<b>14,8</b>

Heimild: Hagstofan og árbók sveitarfélaga 2011

Tafla 23 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2011 hjá samanburðar sveitarfélögunum. Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á fjölda stöðugilda. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd þá teljast stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Hafa ber þetta í huga við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi er skoðaður í þessum samanburði er einungis eitt sveitarfélag með færri íbúa á hvert stöðugildi en Skagafjörður. Önnur sveitarfélög í samanburðinum eru með fleiri íbúa á hvert stöðugildi.

Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög eru 14,8 íbúar á hvert stöðugildi. Til samanburðar eru 12,2 íbúar á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Að mörgu leyti svipar Ísafjarðarbær til Skagafjarðar. Með fimm byggðakjarna, atvinnuslökkvilið að hluta o.s.frv. Hjá Ísafjarðarbær er 13,1 íbúi á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu. Væri 13,1 íbúi á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður væru stöðugildin 307,2, eða 21,5 færri en þau eru nú. Eins og áður ber að leggja áherslu á að gera verður fyrirvara á svona samanburði en hann er engu að síður ákveðin vísbending.

## ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fór 65,9% af tekjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar í launaútgjöld á árinu 2011. Þannig að eftir stóðu 34,1% fyrir öðrum rekstrarútgjöldum, afborgun lána og nýframkvæmdum.

Tafla 24: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögunum 2002 til 2010

	Íbúafjöldi 2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Sveitarfélagið Árborg	7.783	40,8%	43,9%	40,3%	36,1%	35,6%	37,6%	39,7%	34,0%	35,0%
Akraneskaupstaður	6.592	32,9%	38,8%	36,5%	33,4%	40,9%	42,0%	44,2%	35,4%	34,7%
Fjarðabyggð	4.600	39,5%	42,3%	38,9%	33,5%	26,1%	28,6%	35,1%	36,2%	29,7%
Seltjarnarneskaupstaður	4.313	34,7%	35,2%	33,1%	28,7%	35,4%	34,9%	45,1%	47,4%	37,0%
Vestmannaeyjabær	4.194	38,8%	38,9%	41,0%	36,5%	34,8%	32,3%	39,1%	41,6%	33,9%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.024	37,9%	39,2%	36,6%	31,8%	29,6%	28,0%	34,2%	34,4%	33,4%
Ísafjarðarbær	3.755	49,5%	43,2%	45,1%	34,4%	33,9%	32,5%	35,5%	34,1%	37,4%
Borgarbyggð	3.470	41,3%	40,9%	38,8%	40,7%	39,6%	42,0%	49,2%	41,8%	37,6%
Fljótisdalshérað	3.408	41,6%	42,7%	39,7%	33,0%	35,5%	36,0%	49,4%	42,6%	34,0%
Norðurþing	2.884	39,6%	44,4%	45,4%	44,0%	38,4%	34,8%	43,0%	35,4%	37,4%
Grindavíkurbær	2.830	54,5%	43,3%	38,9%	35,1%	38,6%	39,4%	53,3%	56,6%	47,8%
<b>Samtals 11 sveitarfélög</b>		40,0%	40,4%	39,0%	34,3%	35,3%	34,1%	41,9%	39,4%	34,8%
Samtals öll sveitarfélög		42,5%	43,3%	41,4%	38,3%	37,6%	37,8%	45,4%	41,9%	40,3%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 24 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaganna, A-hluti. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda. Eins og taflan sýnir kemur Sveitarfélagið Skagafjörður vel út í þessum samanburði. Árið 2010 var einungis eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögunum með lægra hlutfall. Árin 2007 og 2008 var hlutfallið lægst hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Á árunum 2006 til 2009 var hlutfallið undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga.

Undir þennan rekstrarlið, þ.e. annan rekstrarkostnað, falla ýmis vöru- og þjónustukaup. Mikilvægt er að kannað verði með útboð á vörukaupum, tryggingum o.s.frv. Gera má ráð fyrir að ná megi niður kostnaði ef slík útboð fara fram reglulega.

## FJÖLSKYLDUSVIÐ – FJÖLSKYLDU- OG FÉLAGSMÁL

Fjölskyldu- og félagsmál eru hluti af fjölskyldusviði. Fjölskyldu- og félagsmál heyrja undir félags- og tómstundanefnd. Félagsmálastjóri er sviðsstjóri fjölskyldu- og félagsmála undir fjölskyldusviði og heyrir beint undir sveitarstjóra.

Undir fjölskyldu- og félagsmál heyrja:

- Félagsleg ráðgjöf m.a. á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.
- Fjárhagsaðstoð og ráðgjöf.
- Mat og afgreiðsla á niðurgreiðslu dagvistar barna á einkaheimilum.
- Heimaþjónusta og liðveisla vegna veikinda, örorku, fötlunar, öldrunar eða tímabundinna erfiðleika.
- Húsnæðismál, greining og ráðgjöf vegna húsnæðiserfiðleika, greining umsókna og úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis og húsaleigubætur.

- Öldrunarþjónusta t.d. ráðgjöf, heimaþjónusta, heimsendur matur og dagvist aldraðra til að gera öldruðum íbúum sveitarfélagsins kleift að búa sem lengst á heimili sínu.
- Þjónusta við fatlaða, ráðgjöf, þroskaþjálfun, félagsleg liðveisla (miðar að því að rjúfa félagslega einangrun) og skammtímavistun fyrir fatlaða óháð aldri, vistun hjá stuðningsfjölskyldu fyrir fötluð börn, umönnunarbætur og styrkir til tækjakaupa og menntunar. Sambýli eða heimaþjónusta og frekari liðveisla á heimilum fatlaðra í sjálfstæðri búsetu, dagþjónusta, hæfing og atvinna með stuðningi. Akstursþjónusta fyrir fatlaða.
- Barnavernd.

Á skrifstofu fjölskyldu- og félagsmála eru 5,25 stöðugildi og skiptast þannig:

Félagsmálastjóri	1,0	stöðugildi
Félagsráðgjafi	1,0	stöðugildi
Forstöðumaður heimaþjónustu/ Umsjónarmaður húsaleigubóta	1,0	stöðugildi
Þroskaþjálfari, málefni fullorðinna		
Fatlaðra/forstaða í búsetu	1,0	stöðugildi
AMS, atvinnuráðgjafi fyrir fatlaða	0,5	stöðugildi
Þroskaþjálfari, málefni fatlaðra barna	0,5	stöðugildi
<b>Samtals</b>	<b>5,0</b>	<b>stöðugildi</b>

Forstöðumaður heimaþjónustu sér jafnframt um útreikninga vegna húsaleigubóta og tekur við umsóknum vegna þeirra.

Niðurgreiðsla dagvistar barna á einkaheimilum og eftirlit með dagforeldrum er á hendi félagsráðgjafans, en kostnaður sveitarfélagsins vegna þessa er gjaldfærður á fræðslusvið. Spyrja má hvort þetta sé æskilegt fyrirkomulag. Sama á raunar við um innri færslur kostnaðar vegna sunds aldraðra og barna, niðurfellingu fasteignagjalda aldraðra og öryrkja, og niðurgreiðslur leikskóla- og tónlistargjalda sem gjaldfærð eru á félagsþjónustu.

Mikil samvinna er milli starfsmanna félagsþjónustu við skóla og leikskóla auk fleiri aðila. Þetta er lykilatriði í þeirri samþettu og heildstæðu þjónustu sem fjölskyldusviðið allt leitast við að veita, að ekki sé skörun í vinnslu mála heldur samvinna og hver þáttur taki við af öðrum. Náíð samráð er á milli félagsmálastjóra og fræðslustjóra um ýmis mál sem skarast. M.a. kaupa þau sameiginlega þjónustu af sálfræðingi í verktöku. Samvinna er einnig mikil við frístundastjóra. Þannig er t.d. um verkefnið Fléttuna, fjármagnað af Velferðarráðuneytinu, Vinaverkefnið, sem hlotið hefur verðlaun Heimila og skóla og samstarfsverkefnið Teymi barna í samvinnu við Heilbrigðisstofnunina.

Sveitarfélagið er aðili að byggðasamlagi með sveitarfélögum á Norðurlandi vestra – Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð – um málefni fatlaðra. Byggðasamlagið er til komið vegna þess að þátttaka í byggðasamlagi er nauðsynleg vegna þess að þjónustusvæði málefna fatlaðra þarf að taka til a.m.k. 8 þúsund íbúa. Skammtímavistunin á Grundarstíg þjónar öllum sveitarfélögunum í byggðasamlaginu.

SSNV – málefni fatlaðra – fjármagana stöður ráðgjafarþroskaþjálfanna, samtals 1,5 stöðugildi, og stöðu AMS-fulltrúa. Ráðgjafarþroskaþjálfinn sem annast málefni fullorðinna fatlaðra, er jafnframt forstöðumaður í Kleifartúni, búsetu fyrir fatlaða, með sólahringsþjónustu og umsjón með fötluðum sem búa úti í bæ, m.a. í þjónustuíbúðum

Freyjugötu 18. Ráðgjafarþroskaþjálfinn, sem annast málefni fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra, er jafnframt forstöðumaður skammtímavistunar á Grundarstíg.

Fjárhagsáætlun fyrir málefni fatlaðra er unnin af byggðasamlaginu. Sá hluti útsvarsteknanna, sem ætlaður er í málaflokkinn, er greiddur til byggðasamlagsins, þ.m.t. sá hluti sem sveitarfélagið fær með útsvarinu. Síðan deilir byggðasamlagið þeim út til sveitarfélaganna skv. sérstöku mati um þjónustuþörf fyrir fatlaða í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ákvörðunin er tekin af stjórn byggðasamlagsins og samþykkt á þingi SSNV, en umræða fer fram um hana í tengslum við umræðu um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Á vegum byggðasamlagsins er enginn sjálfstæður rekstur nema þar starfar verkefnisstjóri SSNV. Allur rekstur úrræða, s.s. sambýla, búsetuúrræða og skammtímavistunar fer fram hjá sveitarfélögum og á ábyrgð þeirra. Ef útgjöld hjá einstöku sveitarfélagi eru meiri eða minni en áætlun segir til um fer fram uppgjör þegar reikningum sveitarfélags hefur verið lokað. Ef endanleg framlög til málaflokksins duga ekki til er slíkt á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags. Slík staða hefur ekki komið upp frá því sveitarfélögin tóku við málaflokknum. Telja verður að með þessu fyrirkomulagi hafi viðkomandi sveitarstjórnir framselt nokkurt fjárhagslegt vald til byggðasamlagsins.

### **Barnavernd**

Barnaverndarnefnd fer með málefni barnaverndar á grundvelli barnaverndarlaga. Sveitarfélagið er með sameiginlega barnaverndarnefnd með Akrahreppi. Nefndin er skipuð einum fulltrúa frá Akrahreppi og fjórum frá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Kostnaði við nefndina er skipt í hlutfalli við íbúafjölda þessara tveggja sveitarfélaga.

Félagsmálastjóri og félagsráðgjafi eru starfsmenn barnaverndarnefndar og annast barnaverndarmál í báðum sveitarfélögum. Ef fellur til kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu greiðir það sveitarfélag fyrir hann sem nýtur þjónustunnar. Að öðru leyti en að framan greinir liggur allur kostnaður vegna barnaverndarmála í báðum sveitarfélögum hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður. Sem dæmi að þegar starfsmaður sveitarfélagsins sinnir barnaverndarmáli í Akrahreppi er ekki greitt sérstaklega fyrir það af hálfu Akrahrepps. Þetta fyrirkomulag verður að teljast óeðlilegt. Eðlilegt verður að telja að Akrahreppur taki fullan þátt í kostnaði vegna barnaverndarmála í sínu sveitarfélagi, t.d. með fastri greiðslu og aukagreiðslu komi til sérverkefna.

Félagsmálastjóri og félagsráðgjafi fá sérstakar greiðslur fyrir ónæði utan reglubundins vinnutíma vegna barnaverndarmála. Félagsmálastjóri fær 20 klukkustundir í yfirtíð á mánuði m.a. vegna þessa. Komi til útkalls er ekki greitt sérstaklega fyrir það, en ef um yrði að ræða verulegt vinnuframlag yrði það tekið út í fríi.

Neyðarlínan tekur við tilkynningum um barnaverndarmál utan reglubundins vinnutíma. Fólk getur hringt í Neyðarlínuna 112 og tilkynnt um óviðunandi aðstæður barna. Starfsmenn 112 meta síðan hvort tilkynningunni verði komið strax á framfæri til starfsmanns barnaverndarnefndar eða hvort beðið verði til næsta virka dags. Sá sem hringir gefur upp nafn sitt, nafn og dvalarstað barnsins, ástæður tilkynningarinnar og aðrar upplýsingar sem starfsmenn neyðarlínu spyrja um. Þeir hafa fengið sérstaka þjálfun hjá Barnaverndarstofu til að sinna þessu verkefni.

Á dagvinnutíma getur fólk eftir sem áður snúið sér beint til starfsmanna Barnaverndarnefndar Skagafjarðar með tilkynningar, spurningar eða vangaveltur varðandi barnaverndarmál.

## Dagvist aldraðra

Dagvist aldraðra fer fram í húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki. Dagvist aldraðra er dagþjónusta fyrir aldraða einstaklinga í Skagafirði. Dagvistin hefur 11 rými, sem Tryggingastofnun greiðir með. 20-25 einstaklingar njóta þjónustunnar. Allir notendur dagvistar eru metnir í mikla þjónustuþörf. Markmið starfsins er að veita hjálp til þess að hinn aldraði geti búið eins lengi á heimili sínu og kostur er en þurfi ekki að leggjast inn á sólarhringsstofnun fyrir en hann óskar þess sjálfur.

Dagvistin er opin fimm daga vikunnar. Þar er boðið upp á:

- félagslegan stuðning og ráðgjöf
- eftirlit með heilsufari
- fræðslu um atriði sem tengjast öldrun
- aðstoð við þjálfun og athafnir daglegs lífs
- aðstoð við persónulega umhirðu
- þjálfun í sundlaug og tækjasal
- tómstundastarf
- handmennt
- heitan mat í hádegi, kaffi og meðlæti
- akstur heiman og heim
- félagslega og persónulega samveru

Þjónustan nýtist bæði íbúum í dreifbýli og þéttbýli. Þjónustubíll fer alla daga um Sauðárkrók og fjóra daga um sveitina og sækir þjónustuþega.

Dagvistin þjónar líka íbúum Akrahrepps. Akrahreppur greiðir hlut sveitarfélags á móti daggjöldum notenda og daggjöldum frá TR í réttu hlutfalli við notkun og fyrir akstur eftir vegalengd.

Stöðugildin við dagvistina eru 3,52. Forstöðumaður er í 100% starfi. Síðan eru fjórir starfsmenn í hlutastörfum.

Í dag greiðir Tryggingastofnun fyrir 11 vistrými, sem 24 einstaklingar nýta. Dagvistin er opin frá kl. 9:00 til 15:30.

### Tafla 25: Launaútgjöld vegna Dagvistar aldraðra árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	13.480.760	
Yfirvinna/álag	1.646.928	12,2%
Launatengd gjöld	3.853.578	
Matarkostnaður	620.200	
<b>Samtals</b>	<b>19.601.466</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 25 sýnir launakostnað vegna Dagvistar aldraðra árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag um 12% af mánaðarlaunum. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni stafar yfirtíð að hluta til af afleysingum í veikindum en föst yfirvinna forstöðumanns, sem greidd er vegna vinnu í kaffitímum, er um 46% þessa kostnaðar.

Dagurinn byrjar á því að fólkið fær kaffi og ávexti þegar það kemur, síðan hefst dagskráin kl. 10:00 og stendur til kl. 12:00 en þá er hádegismatur og hvíld til kl. 13:30.

Eftir það er skipulögð dagskrá til kl. 15:00, en þá er kaffi áður en farið er heim um kl. 15:30.

Spurt er hvort ekki kæmi til greina að endurskipuleggja dagskrána þegar eru veikindi þannig að hægt væri að halda starfseminni án þess að kalla þurfi út aukamann í yfirtíð.

Starfsmenn hafa fengið frítt fæði fyrir að matast með fólkinu. Fæði kemur allt frá sjúkrahúsinu og er matarkort fyrir hvern einstakling. Vistmenn greiða 1.250 kr. fyrir daginn. Innifalið í því auk vistunar er fæði og akstur.

Fram kom í máli forstöðumanns að meiri samvinna þyrfti að vera á milli þeirra sem vinna að málefnum aldraðra í sveitarfélaginu. Fylgst er náið með framvindu rauntalna í bókhaldi í samanburði við fjárhagsáætlun. Hver starfsmaður heldur utan um sinn vinnutíma. Síðan fer forstöðumaður yfir þá skráningu og sendir til launafulltrúa. Áður en laun eru greidd fær forstöðumaðurinn útskrift frá launadeildinni til yfirferðar.

### **Félagsleg heimaþjónusta**

Heimaþjónusta er einkum ætluð þeim sem ekki geta einir og óstuddir séð um heimilishald vegna skertrar getu vegna veikinda, álags, öldrunar eða fötlunar. Markmið hennar er að efla fólk til sjálfsbjargar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður.

Til heimaþjónustu telst heimilishjálp og heimsending matar.

Heimilishjálp er aðstoð við heimilishald svo sem nánar er greint frá í reglum um heimaþjónustu, aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar, félagslegur stuðningur, t.d. með innliti og stuttri viðveru, og aðstoð við umönnun barna og unglinga með hliðsjón af aðstæðum þegar um erfiðar fjölskylduaðstæður er að ræða, t.d. vegna veikinda, fötlunar eða félagslegra erfiðleika.

Heimsending matar er fyrir þá sem geta ekki annast matseld sjálfir. Maturinn er greiddur af þeim sem hans njóta en sveitarfélagið sér um dreifingu þeim að kostnaðarlausu. Heimsending matar er skipulögð á Sauðárkróki. Í öðrum tilvikum er reynt að finna einstaklingsbundnar lausnir.

Forstöðumaður, sem er í 100% starfi, sér jafnframt um útreikninga á húsaleigubótum og tekur á móti umsóknum vegna þeirra.

Auk hans eru 12 starfsmenn, sem sinna heimaþjónustunni, í 5,6 stöðugildum, þar af er 0,3 stöðugildi vegna afleysinga. Verktaki sér um útkeyrslu á mat. Maturinn er keyptur af sjúkrahúsinu.

Þjónustan, sem veitt er vegna heimaþjónustu, getur verið nokkuð breytileg, yfirleitt vikuleg eða hálfsmánaðarleg. Nú fá 106 einstaklingar þessa þjónustu. Forstöðumaður heldur nákvæma skrá yfir veitta þjónustu, sem dæmi um það gaf hann upp að á árinu 2011 hafi verið veitt þjónusta í 5.764 klst. Miðað við að 173,3 klst. séu vinnutímar í mánuði gerir þetta um 33,3 mánuði, sem unnin eru af 5,6 stöðugildum.

Forstöðumaður hefur góða yfirsýn yfir starfseminna sem felst m.a. í því að starfsmenn eru með bók sem þjónustuþegar kvitta í eftir veitta þjónustu.

Neytendur þjónustunnar greiða fyrir hana eftir fjárhagslegri stöðu viðkomandi. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/

örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka.

Haldnir eru starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Þessir fundir fara fram utan vinnutíma. Leggja ber áherslu á að slíkir reglulegir fundir fari fram innan reglubundins vinnutíma þannig að ekki komi til þessa að greiða þurfi yfirtíð vegna þeirra.

Forstöðumaður sér um alla innheimtu vegna heimaþjónustunnar, þar með talið vegna matarins og annast síðan skil á þeim peningum til sjúkrahúsins.

Tafla 26: Launaútgjöld vegna heimaþjónustu árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	16.023.807	
Yfirvinna/álag	844.457	5,3%
Fæðispeningar og kaffikostnaður	209.509	
Launatengd gjöld	4.406.515	
<b>Samtals</b>	<b>21.484.288</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 26 sýnir launaútgjöld vegna heimaþjónustu árið 2011. Eins og fram kemur á töflunni var yfirvinna um 5% af mánaðarlaunum, eða 844 þús. kr. auk launatengdra gjalda.

Tafla 27: Útgjöld og tekjur vegna heimaþjónustu árið 2011

		Hlutfall af rekstrarútgjöldum
Launaútgjöld	21.484.288	
Annað	4.615.108	
Samtals rekstrarútgjöld	26.099.396	
Tekjur	5.283.409	20,2%
<b>Útgjöld sveitarfélagsins nettó</b>	<b>20.815.987</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 27 sýnir útgjöld og tekjur vegna heimaþjónustu árið 2011. Eins og þar kemur fram voru tekjurnar um 20% af útgjöldunum. Nettó útgjöld sveitarfélagsins vegna heimaþjónustu á árinu 2011 voru 20,8 millj. kr.

### Liðveisla

Er veitt fötludum einstaklingum 6 ára og eldri. Með liðveislum er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Þjónustan er einkum veitt um kvöld og/eða helgar.

Í liðveislum eru 1,8 stöðugildi. Starfshlutfall er frá 60% niður í smærri hlutföll. Bygðasamlag um málefni fatlaðra á að greiða 60% af kostnaði vegna frekari liðveislu.



---

## FJÖLSKYLDUSVIÐ - FRÆÐSLU- OG SKÓLAMÁL

---

Fræðsluþjónustan er ein af þremur stöðum í Fjölskylduþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Hún heyrir undir fjölskyldusvið. Fræðsluþjónustan er stjórnsýslu- og sérfræðieining fræðslumála í sveitarfélaginu. Yfirmaður fræðsluþjónustu er fræðslustjóri.

Samkvæmt starfslýsingu eru fræðslustjóra falin samskipti við aðrar menntastofnanir á svæðinu og umsjón með öllu er lýtur að fræðslumálum yfirleitt í sveitarfélaginu. Hann hefur fyrir hönd sveitarfélagsins umsjón með samskiptum við Farskólann – miðstöð símenntunar, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra og Háskólann á Hólum. Fræðslustjórinn vinnur að því að koma fastari og betri böndum á þessi mál í heild sinni í þeirri viðleitni að skapa Skagafirði sérstöðu sem heildstæðu skólasamfélagi þar sem stofnanir og starfsfólk vinna saman ekki síst með hagsmuni íbúa Skagafjarðar að leiðarljósi.

Skólaþjónustan samanstendur af fræðsluskrifstofu sem m.a. veitir kennsluráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, talmeinaráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og uppeldis- og sálfræðiráðgjöf, þremur leikskólum, sem starfa á sex stöðum, þremur grunnskólum, sem einnig starfa á fimm stöðum, heildagsskólum í tengslum við grunnskólana og tónlistarskóla, sem starfar á fimm stöðum.

Starfsmenn fræðsluþjónustu eru fræðslustjóri í 100% starfi, talmeinaráðgjafi í 80% starfi, sérkennsluráðgjafi í 100% starfi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi í 80% starfi og sálfræðingur sem starfar í verktöku í u.þ.b. 40% starfi hjá fræðsluþjónustunni, en hann starfar einnig hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins. Samtals 4 stöðugildi.

Sérkennsluráðgjafi sinnir greiningum og sérkennsluráðgjöf í öllum grunnskólunum. Í Árskóla og Varmahlíðarskóla eru starfandi sérkennarar og í Grunnskólanum austan vatna eru tveir kennarar í námi í sérkennslufræðum. Sérkennsluráðgjafi hefur einnig umsjón með ýmsum kennslufræðilegum verkefnum í skólunum eins og t.d. verkefninu Byrjendalæsi sem allir grunnskólarnir taka þátt í. Þá hefur sérkennsluráðgjafi ásamt kennsluráðgjafa haft umsjón með innleiðingu Gæðagreina (sjálfsmatskerfi) í grunnskólana. Á haustönn 2011 var sérkennsluráðgjafi lánaður í 50% starf hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og á vorönn starfaði hann fyrir menntamálaráðuneytið í 50% starfi í 3 mánuði. Verkefni þessi tengjast annars vegar innleiðingu lagaákvæða um ytra mat í skólastarfi og hins vegar nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla.

Talmeinaráðgjafi sinnir greiningum, ráðgjöf og þjálfun bæði í leik- og grunnskólum. Hann er með skrifstofu heima hjá sér vegna skorts á húsnæði í ráðhúsinu og fær sérstaklega greitt fyrir aðstöðuna mánaðarlega.

Sálfræðingurinn veitir sálfræðiráðgjöf í verktöku í leik- og grunnskólum og starfar jafnframt fyrir félagsþjónustuna.

Uppeldis- og sálfræðiráðgjafi sinnir einstaklingsmálum, bæði einstaka börnum og fjölskyldum þeirra. Uppeldis- og sálfræðiráðgjafi kennir og þjálfar starfsmenn leikskólanna í aðferðafræði PMT/SMT (Parent/School Management Training). Hann er einnig í forsvari fyrir stýrihóp í „Vinaverkefni“ sem er forvarnarverkefni sem sveitarfélagið hefur þróað og byggt upp í samstarfi við aðra aðila sem sinna forvörnum í skólum og frístundastarfi. Hann situr einnig í stýrihópi „Fléttunnar“ sem er sérstakt verkefni er snýr að langveikum börnum og börnum með ADHD.

Í sérfræðihópi fræðsluþjónustunnar situr einnig kennsluráðgjafi sem ráðinn er af grunnskólunum. Hann er í 60% starfi hjá Árskóla, 20% í Varmahlíðarskóla og 20% í skólunum austan vatna.

Fræðslustjóri fundar hálfsmánaðarlega með framangreindum sérfræðingahópi.

Fram kom í viðræðum við fræðslustjóra að með nýjum lögum um skólahlald frá 2008 hafi stjórnsýsla aukist til muna og þörf væri á aukinni áherslu á hana. Þetta gæti hugsanlega gerst með breyttu verklagi innan fræðsluþjónustunnar.

## LEIKSKÓLAR

Í Sveitarfélaginu Skagafjörður eru reknir þrjú leikskólar á sex stöðum. Einn leikskóli er á Sauðárkróki sem rekinn er á tveimur stöðum, einn í Varmahlíð og einn leikskóli austan vatna, sem er þeirra minnstur en er rekinn á þremur stöðum.

Tafla 28: Fjöldi barna í leikskólum sveitarfélagsins í desember 2002 til 2011 og febrúar 2012

	Desember										Febrúar	Breyting 2012/2003
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012		
Ársalir <sup>1)</sup>	151	164	153	148	141	141	158	162	153	165	14	
Birkilundur	43	50	45	42	41	35	35	33	34	34	-9	
Tröllaborg	41	44	37	41	36	42	40	37	31	33	-8	
<b>Samtals</b>	<b>235</b>	<b>258</b>	<b>235</b>	<b>231</b>	<b>218</b>	<b>218</b>	<b>233</b>	<b>232</b>	<b>218</b>	<b>232</b>	<b>-3</b>	

1) Í ágúst 2010 voru tveir leikskólar á Sauðárkróki, Furukot og Gláðheimar, sameinaðir í einn leikskóla, Ársali. Barnafjöldinn í Ársölum 2003 til 2009 er samtals barnafjöldi í leikskólunum tveimur á Sauðárkróki.

Heimild: Hagstofa Íslands og Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 28 sýnir fjölda barna í leikskólum sveitarfélagsins frá 2003 til 2012. Árið 2010 voru tveir leikskólar á Sauðárkróki sameinaðir í einn, Ársali. Barnafjöldinn í Ársölum á tímabilinu 2003 til 2009 er samanlagður barnafjöldi í þessum tveimur skólum fyrir sameininguna.

Eins og taflan sýnir voru börnin samtals 235 árið 2003 en eru nú 232. Þannig hefur börnum á leikskólum sveitarfélagsins fækkað um 3 á þessu tímabili. Börnum í leikskóla á Sauðárkróki fjölga um 14 á þessu tímabili. Hins vegar fækkaði börnum um níu í Birkilundi og 8 í Tröllaborg.

## LEIKSKÓLINN ÁRSALIR

Leikskólinn Ársalir er stærsti leikskólinn í sveitarfélaginu með samtals 165 börn í febrúar 2012. Ársalir er níu deilda leikskóli rekinn í tveimur húsum sem annars vegar hýsa eldra stig og hins vegar yngra stig. Eldra stig hefur aðsetur við Árkíl og þar eru 3ja - 5 ára börn á sex deildum. Yngra stig er við Víðigrund og þar eru 1 - 2ja ára börn á þremur deildum.

Leikskólinn við Árkíl er opin frá kl. 7:45 - 17:20 og við Víðigrund frá kl. 7:45 til 16:15. Það þurfa að lágmarki 6 börn að eiga leikskólatíma á tímabilinu kl. 17:00 - 17:15 til að samþykkt sé að hafa opið svo lengi. Öll pláss eru seld með hádegismat, þ.e. foreldrar verða að greiða fyrir hann.

Fram til þessa hafa starfsmenn fengið greidda yfirtíð vegna opunar og lokunar. Frá 1. mars s.l. lauk því fyrirkomulagi. Nú er vinna vegna opunar og lokunar skipulögð þannig að hún rúmast innan daglegs vinnutíma en greiða þarf álag ofan á vinnutíma fyrir kl. 8:00 og eftir kl. 17:00.

Við leikskólann hafa starfað tveir aðstoðarleikskólastjórar. Nú hefur öðrum leikskólastjóranum, sem var með starfsaðstöðu við Víðigrund, verið sagt upp. Frá og með 1. apríl 2012 eru við skólann leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að aðstoðarleikskólastjóri verði fjórar klukkustundir á dag við Víðigrund og leikskólastjóri tvær. Þann tíma sem leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri eru ekki á Víðigrund er einn starfsmaður sem tengiliður. Fyrir það fær hann greitt skv. samningi.

Starfsmannafundir eru haldir fjórum sinnum á ári og standa yfir í fjórar klukkustundir. Þeir fara fram í dagvinnutíma og er leikskólinn lokaður þegar þeir standa yfir. Þeir starfsmenn, sem eru í hlutastarfi og eiga ekki að vera að vinna þegar starfsmannafundir eru haldnir, hafa fengið greitt í yfirtíð eða tekið frí á móti. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að starfsmenn hafa fengið frí á launum vegna minni aðsóknar t.d. um jól og ármót sem mætti nýta á móti fundasetu þegar viðkomandi á að vera í fríi.

Allir starfsmenn fá frían mat þar sem þeir matast með börnunum á deildum.

Það kom fram í máli leikskólastjóra að hvorki tala málsverða, sem greitt er fyrir, né verð á mat komi fram á reikningum frá verktaka sem maturinn er keyptur er af. Leggja ber áherslu á að skýrt komi fram á reikningum fjöldi máltíða sem innheimt er fyrir í mánuði hverjum og hvað hver máltíð kostar. Þannig að leikskólastjóri geti fullvissað sig um að reikningar séu réttir bæði hvað verð og fjölda varðar.

Á fundi með leikskólastjóra var nokkuð rætt um orkunotkun, m.a. var rætt um kosti þess að fylgst væri með orkunotkuninni í mánuði hverjum. Einnig kom ábending um að þær ljósaperur sem notast er við í leikskólanum væru orkufrekar. Rætt var um að fá eignasjóð til að gera úttekt á þessu.

Fram kom í máli leikskólastjóra að á einum stað á lóð leikskólans safnaðist vatn í rigningu sem slysaætta stafaði af. Lögð var áhersla á að þetta verði lagað svo ekki hljótist slysa af.

## Tafla 29: Rekstrartekjur og rekstrargjöld 10 samanburðarleikskóla á árinu 2011

	Jötunheimar	Sjáland	Vallarsel	Urðarhöll	Hulduberg	Hólmasól	Hjalli	Ársalir	Stekklarás	Leikskóli Seltjarnarness
Fjöldi barna 2010	132	135	140	141	143	147	148	162	172	175
<b>Tekjur samtals</b>	<b>39.499.229</b>		<b>38.228.830</b>	<b>38.902.012</b>	<b>44.579.182</b>			<b>42.734.520</b>	<b>51.330.668</b>	<b>46.852.063</b>
Launakostnaður	140.111.460		138.880.843	168.193.417	146.266.394			195.451.335	191.074.793	210.588.293
Vörukaup	11.739.517		11.753.457	16.466.335	13.656.389			23.660.163	15.820.846	4.085.059
Þjónustukaup án innri leigu	3.564.634	139.462.286	7.752.738	4.378.164	2.766.596	142.079.429	157.309.857	9.508.055	6.373.321	15.748.382
Ýmislegt	2.583.940		6.480	183.000	652.503			80.383	91.500	
<b>Samtals útgjöld án innri leigu</b>	<b>157.999.551</b>	<b>139.462.286</b>	<b>158.393.518</b>	<b>189.220.916</b>	<b>163.341.882</b>	<b>142.079.429</b>	<b>157.309.857</b>	<b>228.699.936</b>	<b>213.360.460</b>	<b>230.421.734</b>
Innri leiga	27.859.554	41.958.936	22.543.416	22.238.844	25.127.072	38.531.086	20.810.076	39.375.380	28.061.928	15.916.192
<b>Samtals útgjöld með innri leigu</b>	<b>185.859.105</b>	<b>181.421.222</b>	<b>180.936.934</b>	<b>211.459.760</b>	<b>188.468.954</b>	<b>180.610.515</b>	<b>178.119.933</b>	<b>268.075.316</b>	<b>241.422.388</b>	<b>246.337.926</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>146.359.876</b>	<b>181.421.222</b>	<b>142.708.104</b>	<b>172.557.748</b>	<b>143.889.772</b>	<b>180.610.515</b>	<b>178.119.933</b>	<b>225.340.796</b>	<b>190.091.720</b>	<b>199.485.863</b>
<b>Tekjur sem hlutfall af útgjöldum</b>	<b>21,3%</b>	<b>0,0%</b>	<b>21,1%</b>	<b>18,4%</b>	<b>23,7%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>15,9%</b>	<b>21,3%</b>	<b>19,0%</b>
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum án innri leigu	25,0%	0,0%	24,1%	20,6%	27,3%	0,0%	0,0%	18,7%	24,1%	20,3%
Matvæli	9.158.493		9.984.676	11.905.037	9.959.645			18.543.936	12.228.740	
Hreinlætisvörur	565.715		651.117	787.321	808.682			1.367.598	409.914	744.460
Orkukaup	1.546.672		1.241.968	1.181.645	1.288.338			2.493.686	1.771.698	1.708.864
Gámaþjónusta/sorp	229.994		322.878	153.160	448.591				197.659	

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 29 sýnir tekjur og gjöld 10 samanburðarleikskóla á árinu 2011. Barnafjöldi í

skólunum er frá 132 og upp í 175. Þetta eru þeir leikskólar á landinu sem eru með flest börn. Einungis tveir leikskólar voru með fleiri börn en Ársalir miðað við barnafjölda árið 2010. Af þessum leikskólum voru þrír leikskólar í einkarekstri.

Ef tekjur þessara leikskóla eru skoðaðar sem hlutfall af heildarútgjöldum skera Ársalir sig nokkuð úr með lágt hlutfall. Tekjurnar voru 15,9% samanborið við 23,7% þar sem þetta hlutfall var hæst hjá leikskólanum Hulduberg í Mosfellsbæ.

Kostnaður vegna matarkaupa er nokkuð hár hjá skólanum, eða samtals 18.543 þús. kr. Að auki var launakostnaður vegna starfsmanna í eldhúsi samtals 10.694 þús. kr. með launatengdum gjöldum. Samtals var því kostnaður vegna matarkaupa og starfsmanna í eldhúsi 29,237 þús. kr. Miðað við 162 börn gerir þessi kostnaður miðað við heilt ár 180 þús. kr. á hvert barn.

Með hliðsjón af því þessum háu upphæðum er spurt hvort hægt væri að ná þessum kostnaði niður með því að annast matargerðina alfarið í eldhúsi leikskólans.

Vegna þess hve mikil munur er á fjölda barna í þessum leikskólum er erfitt að nota þennan samanburð vegna launa.

Tafla 30: Fjöldi stöðugilda árið 2010 í samanburðarleikskólunum 11

	Jötunheimar	Sjáland	Vallarsel	Urðarhóll	Hulduberg	Hólmasól	Hjalli	Ársalir	Stekkjars	Leikskóli Seltjarnarness
Fjöldi barna 2010	132	135	140	141	143	147	148	162	172	175
Leikskólakennari	13		15,6	17,6	10,7			18,8	13,4	18,7
Önnur uppeldisfræðimenntun	5,2		1	1	1,3			2	5	4,9
Aðrir starfsmenn	13,1		16,6	13,9	25,8			20,7	28,1	28,1
Samtals	31,3	0	33,2	32,5	37,8	0	0	41,5	46,5	51,7
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	4,2		4,2	4,3	3,8			3,9	3,7	3,4

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 30 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólunum árið 2010. Jafnframt sýnir taflan fjölda barna á hvert stöðugildi. Þrír skólar eru einkareknir og liggja ekki fyrir upplýsingar um starfsmannafjölda hjá þeim.

Eins og kemur fram á töflunni eru þrír skólar með fleiri börn á hvert stöðugildi en Ársalir.

Bæði Ársalir og Leikskóli Seltjarnarness eru reknir á tveimur stöðum sem skýrir a.m.k. að hluta færri fjölda barna á hvert stöðugildi en hjá skólunum þar sem eru fleiri börn á stöðugildi. Leikskólinn Stekkjarás í Hafnarfirði er rekinn á einum stað, en þrátt fyrir það koma Ársalir betur út í þessum samanburði hvað fjölda barna á hvert stöðugildi varðar.

Tafla 31: Fjöldi barna, stöðugilda og fjöldi barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Ársalir og í leikskólunum samtals á Sauðárkróki fyrir sameiningu leikskólanna 2003 til 2012

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og leikskólastjóri

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting 2003/2012
Fjöldi barna	151	164	153	148	141	141	158	162		165	14
Fjöldi stöðugilda	28,7	35,1	34,9	35,5	36,9	38,1	42,4	41,5		40,9	12,2
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	5,3	4,7	4,4	4,2	3,8	3,7	3,7	3,9		4,0	-1,2

Tafla 31 sýnir fjölda barna, stöðugilda og fjölda barna á hvert stöðugild í Ársölum og leikskólunum samtals á Sauðárkróki fyrir sameiningu þeirra frá árinu 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir hefur tala barna á hvert stöðugildi í leikskólanum lækkað á þessu tímabili. Ef börnin hefðu verið jafnmörg á hvert stöðugildi árið 2012 og þau voru 2004, en það ár var einu barni færri í öllum leikskólunum á Sauðárkróki en eru nú, væru stöðugildi við skólann samtals 35,1 en þau eru nú 40,9, eða 5,8 fleiri.

Eins og taflan sýnir hefur börnum á hvert stöðugildi við leikskólann farið fjölgandi frá árinu 2009.

Tafla 32: Launaútgjöld hjá Ársölum árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	148.010.798	
Yfirvinna með orlofi á yfirvinnu	6.825.096	4,6%
Fatapeningar	583.511	
Launatengd gjöld	39.880.035	
Annað launatengt	151.895	
<b>Samtals</b>	<b>195.451.335</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 32 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Ársölum árið 2011. Eins og þar kemur fram er kostnaður við yfirvinnu nokkuð mikill, eða 6,8 millj. kr. Með launatengdum gjöldum gerir þetta um 8,5 millj. kr.

Hafa ber í huga að á hverri deild í leikskólanum er eitt umfram stöðugildi vegna forfalla og undirbúningstíma, sem ætti að koma í stað þess að hafa þurfi aukastarfsmann á deild í yfirvinnu vegna forfalla. Einnig ætti að koma til greina, þegar forföll verða á einni deild, að aukastarfmenn á deildum yrðu fluttir milli deilda. Það er mat skýrsluhöfundar að með ákveðinni stýringu eigi að vera hægt að koma í veg fyrir að starfsmenn þurfi að vera í aukavinnu vegna forfalla. Þannig verði séð til þess að ekki komi til greiðslu vegna yfirvinnu.

Við þetta gerir leikskólastjóri eftirfarandi athugasemd: “Þau störf eru undantekningarlítið unnin í dagvinnu. Þetta aukastarf á deild sem þú nefnir er það sem við höfum og þeir starfsmenn eru fluttir á milli deilda þegar á þarf að halda. Það kemur einnig fyrir að fleiri en einn starfsmaður á deild er fjarverandi samtímis og þá þarf að leysa tvo af á sömu deildinni þannig að óhjákvæmilega færum við fólk á milli deilda. Það hefur einnig komið fyrir í vetur að fólk hefur skyndilega farið í veikindaleyfi og þá hefur þurft að greiða hluta vinnunnar í yfirvinnu. Það skal þó tekið fram að hjá því er reynt að komast í lengstu lög.”

Hluti af þessari yfirvinnu skýrist vegna opunar og lokunar en fram til 1. mars á þessu ári hefur verið greitt fyrir þá vinnu í yfirtíð en nú hefur því verið hætt.

Starfsmenn hafa fengið greidda fatapeninga. Starfsmaður í 100% starfi hefur fengið greiddar 16.000 kr. einu sinni á ári. Greitt er skv. framlögðum nótum.

---

## LEIKSKÓLINN BIRKILUNDUR

---

Næst stærsti leikskólinn er Leikskólinn Birkilundur í Varmahlíð með 34 börn í febrúar 2011. Akrahreppur er líka rekstraraðili að leikskólanum. Forráðamenn barnanna í hvoru sveitarfélagi fyrir sig hafa borgað leikskólagjöldin. Síðan hafa sveitarfélögin skipt útgjöldum sem útaf standa á milli sín í hlutfalli við barnafjölda í hvoru sveitarfélagi fyrir sig.

Á leikskólanum eru reknar tvær deildir, eldri deild með 21 barni og yngri deild með 13 börnum, eða samtals 34 börn í febrúar 2012. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 til kl. 16:00.

Einn starfsmaður mæti kl. 7:40 og opnar. Síðan mætir annar kl. 7:55. Þessir starfsmenn hætta síðan fyrr, annar á fimmtudögum og hinn á föstudögum til að vega á móti opnunartímanum.

Þrír starfsmenn eru á yngri deildinni í 2,8 stöðugildi. Auk þess er einn í 60% starfi til að leysa af vegna undirbúnings og forfalla á báðum deildum. Á eldri deildinni eru fjórir starfsmenn í 3,25 stöðugildum.

Í eldhúsi er einn starfsmaður í 0,75% starfshlutfalli. Auk þessara starfa er leikskólastjóri í 100% starfi. Þannig eru 8,4 stöðugildi samtals við skólann í mars 2012.

Ræsting er greidd í uppmælingu þrjár klukkustundir á dag.

Yfirtíð hefur verið greidd vegna námskeiðsdaga, starfsdaga og í undantekningartilfellum vegna veikinda. Starfsmannafundir hafa farið fram á tímabilinu kl. 16:00 til 17:00, samtals 16 klst. á ári. Ekki hefur verið greidd yfirtíð fyrir þetta heldur hefur leikskólanum verið lokað tvisvar sinnum á ári í einn dag hvort skipti til að vega upp á móti þessum fundartímum.

Komið hefur fyrir að samið hafi verið um að starfsmenn taki frí á móti aukavinnu.

Tafla 33: Rekstrartekjur og –útgjöld í 11 samanburðarleiksskólum á árinu 2011

	Sunnuhóll	Litli-Hjalli	Lækjarbrekka	Álfaberg	Laugaland	Birkilundur	Álfasteinn	Holtakot	Brimver	Skýjaborg	Sólvellir
Fjöldi barna 2010	30	30	30	31	31	33	33	34	34	35	35
<b>Tekjur samtals</b>	<b>10.367.374</b>		<b>7.369.697</b>	<b>10.729.821</b>	<b>7.122.150</b>	<b>6.979.884</b>	<b>8.761.919</b>	<b>9.653.375</b>	<b>10.089.485</b>	<b>10.396.808</b>	<b>6.620.214</b>
Launakostnaður	39.880.961		32.954.082	56.212.914	36.033.220	39.320.469	38.686.421	39.778.598	50.576.948	45.850.468	40.802.731
Vörukaup	4.582.172		9.069.533	523.846	2.661.350	3.634.921	3.560.593	3.025.710	4.635.193	3.912.914	3.081.303
Þjónustukaup án innri leigu	5.016.543	35.356.161	1.529.197	1.364.881	941.598	1.175.808	1.466.142	2.060.791	1.887.671	2.803.657	645.245
Ýmislegt	1.202.800			144.400		38.692	640.134			271.440	
<b>Samtals útgjöld án innri leigu</b>	<b>50.682.476</b>	<b>35.356.161</b>	<b>43.552.812</b>	<b>58.246.041</b>	<b>39.636.168</b>	<b>44.169.890</b>	<b>44.353.290</b>	<b>44.865.099</b>	<b>57.099.812</b>	<b>52.838.479</b>	<b>44.529.279</b>
Innri leiga	3.262.524		1.095.037	2.526.624	277.015	3.488.852	7.953.267	4.857.584	8.394.000	10.627.146	2.972.000
<b>Samtals útgjöld með innri leigu</b>	<b>53.945.000</b>	<b>35.356.161</b>	<b>44.647.849</b>	<b>60.772.665</b>	<b>39.913.183</b>	<b>47.658.742</b>	<b>52.306.557</b>	<b>49.722.683</b>	<b>65.493.812</b>	<b>63.465.625</b>	<b>47.501.279</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>43.577.626</b>	<b>35.356.161</b>	<b>37.278.152</b>	<b>50.042.844</b>	<b>32.791.033</b>	<b>40.678.858</b>	<b>43.544.638</b>	<b>40.069.308</b>	<b>55.404.327</b>	<b>53.068.817</b>	<b>40.881.065</b>
<b>Tekjur sem hlutfall af útgjöldum</b>	<b>19,2%</b>	<b>0,0%</b>	<b>16,5%</b>	<b>17,7%</b>	<b>17,8%</b>	<b>14,6%</b>	<b>16,8%</b>	<b>19,4%</b>	<b>15,4%</b>	<b>16,4%</b>	<b>13,9%</b>
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum án innri leigu	20,5%	0,0%	16,9%	18,4%	18,0%	15,8%	19,8%	21,5%	17,7%	19,7%	14,9%
Matvæli	3.257.307		6.078.236		2.021.512	2.739.157	2.196.301	2.139.603	3.577.967	2.445.122	1.259.562
Hreinlætisvörur	144.570		232.447	91.024	150.655	212.943	121.453	62.198	258.934	269.974	356.797
Orkukaup	498.599		592.348			407.258	470.740	382.028	569.810		999.493
Gámaþjónusta/sorp	102.939						111.215	57.066	141.906	84.463	53.839

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 33 sýnir 10 samanburðarleiksskóla við Birkilund, rekstrarútgjöld og rekstrartekjur árið 2011. Einn af þessum skólum var rekinn í einkarekstri. Um er að ræða skóla með 30 og upp í 35 börn. Tekjurnar samtals eru næst lægst hjá Birkilundi. Bæði í krónum talið og sem hlutfall af rekstrarútgjöldum samtals.

Einn leikskóli sker sig nokkuð úr hvað há launaútgjöld varðar, Álfaberg í Hafnarfirði. Hinir leikskólarnir eru með launaútgjöld frá 33 millj. kr., sem er hjá Leikskólanum Lækjarbrekku í Standabyggð, upp í 50,6 millj. kr. hjá Leikskólanum Brimver í Sveitarfélaginu Árborg. Þrjú leikskólar voru með lægri launaútgjöld en Birkilundur. Einn með þremur færri börnum, einn tveimur og einn með jafnmörg börn. Launaútgjöldin hjá Birkilundi voru samtals 39,3 millj. kr.

Kostnaður við kaup á matvælum var 2.739 þús. kr. Launakostnaður vegna starfsmanns í eldhúsi með launatengdum gjöldum var 2.544 þús. kr. Samtals var því kostnaður vegna matargerðar við leikskólann 5.283 þús. kr., eða 160 þús. kr. á hvert barn samanborið við Ársali þar sem þessi kostnaður var 180 þús. kr. á hvert barn. Mismunurinn er 20.000 kr. Ef matarkostnaður í Ársölum hefði verið sá sami og í Birkilundi á hvert barn, eða 160 þús. kr., hefði hann verið 3.240 þús. kr. lægri (20.000\*162).

Tafla 34: Skipting launaútgjalda hjá Birkilundi árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	30.781.482	
Yfirvinna með orlofi á yfirvinnu	393.739	1,3%
Fatapeningar	0	
Launatengd gjöld	8.098.042	
Annað launa tengt	47.206	
<b>Samtals</b>	<b>39.320.469</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 34 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Birkilundi árið 2011. Eins og þar kemur

fram er yfirvinna nokkru lægri en hjá Ársölum. Fatapeningar eru undir liðnum vinnufatnaður, kr. 80.390, greitt til starfsfólks gegn kvittun.

Nokkuð mismunandi er hjá samanburðarskólunum hversu há útgjöld voru vegna vörukaupa.

Tveir skólar voru með lægri þjónustukaup án innri leigu en Birkilundur.

Þrjár skólar voru með hærri útgjöld vegna matarkaupa en Birkilundur af þessum samanburðarskólum. Sömuleiðis voru þrjár skólar með hærri útgjöld vegna ræstinga og vörukaupa. Orkukostnaður var lægstur hjá Birkilundi af þessum leikskólum.

Tafla 35: Fjöldi stöðugilda árið 2010 í samanburðarleikskólunum 11

	Sunnu- hóll	Litli- Hjalli	Lækjar- brekka	Álfa- berg	Lauga- land	Birki- lundur	Álfa- steinn	Holta- kot	Brim- ver	Skýja- borg	Sól- vellir
Fjöldi barna 2010	30	30	30	31	31	33	33	34	34	35	35
Leikskólakennari	2,5		0,8	1,9	4	3,7	5,1	5,4	4,6	3,9	5,6
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,8		1	1	2	1	0,8	0	0	2	1
Aðrir starfsmenn	3		4,5	6,7	3,2	4,6	3,4	3,8	5,7	3,2	3,9
Samtals	7,3	0	6,3	9,6	9,2	9,3	9,3	9,2	10,3	9,1	10,5
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	4,1		4,8	3,2	3,4	3,5	3,5	3,7	3,3	3,8	3,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 35 sýnir fjölda stöðugilda árið 2010 í samanburðarskólunum. Eins og taflan sýnir eru fjórir af þessum skólum með fleiri börn á hvert stöðugildi en Birkilundur. Einn skóli var með jafnmörg börn. Í skólanum eru 3,5 leikskólabörn á hvert stöðugildi. Þar sem nýtingin var best voru 4,8 börn í leikskólanum Lækjarbrekku í Standabyggð en þar var þremur börnum færri en í Birkilundi. Eins og fram kemur í töflu 33 er launakostnaður lægstur hjá leikskólanum Lækjarbrekku, sem er í samræmi við fjölda stöðugilda. Ef fjöldi barna á hvert stöðugildi hefði verið sá sami á Birkilundi og var á Lækjarbrekku hefðu stöðugildin á Birkilundi verið 6,9 en þau voru 9,3, eða 2,4 fleiri. Gerður er fyrirvari á þessum samanburði því ýmsar ástæður geta verið fyrir þessum mismun í starfsmannahaldi.

Tafla 36: Fjöldi barna, stöðugilda og fjöldi barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Birkilundi 2003 til 2012

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting 2003/2012
Fjöldi barna	43	50	45	42	41	35	35	33	34	34	-9
Fjöldi stöðugilda	7,3	8,6	9,6	8,8	9,3	10,1	9,8	9,2		8,4	1,1
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	5,9	5,8	4,7	4,8	4,4	3,5	3,6	3,6		4,0	-1,8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 36 sýnir fjölda barna, stöðugilda og fjölda barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Birkilundi frá árinu 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir fækkar börnunum á þessu tímabili um 9. Þrátt fyrir það fjölga stöðugildunum um 1,1. Þetta hefur mikil áhrif á fjölda barna á hvert stöðugildi í upphafi tímabilsins og í lok þess. Þannig voru 5,9 börn á hvert stöðugildi í leikskólanum árið 2003 en 4 árið 2012. Frá árinu 2003 og fram til 2008 fjölgaði stöðugildum á milli ára. Frá árinu 2008, þegar stöðugildin voru flest, hefur þeim síðan farið fækkandi á milli ára. Á árunum 2007 til 2011 voru 2 börn sem þurftu mikinn stuðning allan daginn í leikskólanum.



Ef fjöldi barna á hvert stöðugildi árið 2012 væri sá sami og árið 2003 væru stöðugildi við skólann nú (árið 2012) 5,8 en þau eru 7,8, eða 2 stöðugildum fleiri. Frá árinu 2008 hefur stöðugildum við leikskólann fækkað um 2,3 stöðugildi.

Frá árinu 2003 hefur dvalarstundum hvers barns fjölgað jafnt og þétt. Árið 2003 nýtti hvert barn að meðaltali 4,81 tíma á dag. Árið 2011 er þessi tala komin í 6,67. Þetta skýrir að hluta til fjölgun stöðugilda.

---

## LEIKSKÓLINN TRÖLLABORG

---

Leikskólinn Tröllaborg er rekinn á þremur stöðum, Brúsabær á Hólum í Hjaltadal, Barnaborg á Hofsósi, og Bangsabær í Fljótum.

Tafla 37: Fjöldi barna, stöðugilda og fjöldi barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Tröllaborg skipt eftir deildum

	Brúsabær	Barnaborg	Bangsabær	Samtals
Stöðugildi í mars 2012	4,9	5,3	0,8	<b>11,1</b>
Fjöldi barna í mars 2012	12	17	4	<b>33</b>
<b>Fjöldi barna á hvert stöðugildi í mars 2012</b>	<b>3,1*</b>	<b>3,2</b>	<b>4,8</b>	<b>3,0</b>
Áætlaður fjöldi barna haust 2012	10	20	2	<b>32</b>

\* Leikskólastjóri er ekki talinn með. Þannig er gert ráð fyrir 3,9 stöðugildum við útreikning á fjölda barna á hvert stöðugildi

Heimild: Leikskólastjóri

Tafla 37 sýnir fjölda stöðugilda og barna á hverri deild Leikskólans Tröllaborgar í mars 2012 og hvernig barnafjöldinn er áætlaður haustið 2012.

Leikskólastjóri er talinn með stöðugildum á Brúsabæ ásamt 5% af stöðugildi húsvarðar. Einnig ber að hafa í huga að kostnaður vegna matráðs, sem annast matargerð á Brúsabæ og annar á Bangsabæ, er gjaldfærður á grunnskólann. Því eru stöðugildi þeirra starfsmanna ekki talin hér með.

Eins og taflan sýnir eru þrjú börn á hvert stöðugildi í leikskólanum. Gert er ráð fyrir að einungis tvö börn verði í Bangsabæ í haust að öllu óbreyttu.

Yfir leikskólanum er leikskólastjóri sem er með aðsetur í Brúsabæ á Hólum í Hjaltadal. Síðan er deildarstjóri á hverjum stað, þ.e. þrjár deildarstjórar. Leikskólastjóri fer alltaf einu sinni í viku í Barnaborg á Hofsósi og hálfsmánaðarlega í Bangsabæ í Fljótum.

Starfsmannafundir fara fram eftir að dagvinnutíma lýkur en ekki hefur verið greidd yfirtíð fyrir það heldur hafa starfsmennirnir fengið einn frídag í staðinn, t.d. á Þorláksmessu. Sama hátt væri hægt að hafa á með deildarfundum en það hefur ekki verið.

Á milli jóla og nýárs hefur starfsemi leikskólans stundum legið niðri og hafa starfsmenn fengið aukafrí vegna þess. Það er yfirleitt ekki lokað alla dagana, t.d. eins og um síðustu jól og í fyrra, þá var opið í tvo daga yfir jólin.

Í Bangsabæ er leikskólanum lokað um leið og grunnskólinn fer í sumarfrí og þá hafa starfsmennirnir þar annað hvort tekið þetta sem orlofsdaga eða verið launalausir.

Bæði á Hofsósi og á Hólum eru viðbótarstarfsmenn til afleysinga. Vegna þess þarf ekki að leysa forföll með yfirtíð.

Ræsting í Brúsabæ og Barnaborg er unnin af starfsmönnum utan leikskólans (Báðir

Þessir aðilar eru raunar líka starfsmenn leikskólans, þetta er viðbót hjá þeim.) En í Bangsabæ ræstir starfsmaður leikskólans. Ræsting fer fram í uppmælingu nema í Bangsabæ, þar er ekki uppmæling.

Einn starfsmaður vinnur við leikskólann Bangsabæ mánudaga til fimmtudags. Síðan kemur annar starfsmaður inn sem vinnur á föstudögum.

Tafla 38: Rekstrartekjur og rekstrarútgjöld 10 samanburðarleikskóla á árinu 2011

	Vinabær	Tjarnarbær	Barnaból	Brekkuþé	Araklettur	Tröllaborg	Barnaból	Hádegishöfði	Andabær	Bjarkatún
Fjöldi barna 2010	36	36	36	36	37	37	37	37	39	40
<b>Tekjur samtals</b>	<b>9.380.468</b>	<b>11.256.721</b>	<b>9.792.846</b>	<b>8.952.476</b>	<b>9.267.262</b>	<b>6.960.913</b>	<b>6.660.764</b>	<b>7.558.337</b>	<b>13.409.241</b>	<b>9.841.621</b>
Launakostnaður	36.175.522	29.450.663	39.486.858	43.606.795	33.875.901	45.102.268	33.676.910	44.912.085	50.717.607	35.244.792
Vörukaup	5.088.449	3.964.184	3.128.622	3.144.831	2.777.973	2.447.935	3.296.778	1.583.083	5.128.215	4.387.140
Þjónustukaup án innri leigu	1.033.193	1.184.585	1.254.499	1.707.175	2.095.797	1.382.875	2.042.761	3.870.705	1.173.686	820.207
Ýmislegt		41.800	49.907	842.000	152.664	40.370	95.000	148.350		1.396.500
<b>Samtals útgjöld án innri leigu</b>	<b>42.297.164</b>	<b>34.641.232</b>	<b>43.919.886</b>	<b>49.300.801</b>	<b>38.902.335</b>	<b>48.973.448</b>	<b>39.111.449</b>	<b>50.514.223</b>	<b>57.019.508</b>	<b>41.848.639</b>
Innri leiga	7.322.448	1.965.004	3.333.900	2.992.200	3.754.500	5.805.708	1.801.024	8.938.440	20.539.164	8.493.000
<b>Samtals útgjöld með innri leigu</b>	<b>49.619.612</b>	<b>36.606.236</b>	<b>47.253.786</b>	<b>52.293.001</b>	<b>42.656.835</b>	<b>54.779.156</b>	<b>40.912.473</b>	<b>59.452.663</b>	<b>77.558.672</b>	<b>50.341.639</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>40.239.144</b>	<b>25.349.515</b>	<b>37.460.940</b>	<b>43.340.525</b>	<b>33.389.573</b>	<b>47.818.243</b>	<b>34.251.709</b>	<b>51.894.326</b>	<b>64.149.431</b>	<b>40.500.018</b>
<b>Tekjur sem hlutfall af útgjöldum</b>	<b>18,9%</b>	<b>30,8%</b>	<b>20,7%</b>	<b>17,1%</b>	<b>21,7%</b>	<b>12,7%</b>	<b>16,3%</b>	<b>12,7%</b>	<b>17,3%</b>	<b>19,5%</b>
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum										
án innri leigu	22,2%	32,5%	22,3%	18,2%	23,8%	14,2%	17,0%	15,0%	23,5%	23,5%
Matvæli	3.479.275	2.957.430	2.120.156	1.105.352	1.675.811	1.087.665	1.039.690	689.827	3.662.242	2.422.941
Hreinlætisvörur	485.213	214.211	216.881	266.211	105.451	148.296	341.094	112.070	271.630	303.065
Orkukaup	520.244	538.782	624.914	1.075.410	473.385	926.495	746.088	321.116	676.875	886.674
Gámaþjónusta/sorp		108.548	148.984		4.896			174.499		

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 38 sýnir rekstrartekjur og -gjöld samanburðarleikskólanna árið 2011.

Einungis einn leikskóli af þessum samanburðarskólum var með lægri tekjur en Tröllaborg. Tröllaborg kemur heldur ekki vel út í þessum samanburði þegar tekjur sem hlutfall af heildarútgjöldum eru skoðaðar. Hlutfallið var 12,7%. Einn annar leikskóli var með sama hlutfall. Hjá leikskólanum Tjarnarbæ á Ísafirði var þetta hlutfall hæst, 30,8%.

Sömuleiðis er einn leikskóli af þessum samanburðarskólum með hærri launakostnað en Tröllaborg. Síðan eru þrír leikskólar með hærri kostnað samtals án innri leigu.

Einn leikskóli var með lægri kostnað vegna matarkaupa en Tröllaborg. Sömuleiðis kemur kostnaður við kaup á hreinlætisvörum vel út í þessum samanburði. Aftur á móti er kostnaður vegna orkukaupa nokkuð hár.

Tafla 39: Skipting launaútgjalda hjá Tröllaborg árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	35.122.927	
Yfirvinna með orlofi á yfirvinnu	519.384	1,5%
Fatapeningar	0	
Launatengd gjöld	9.248.936	
<b>Annað launa tengt</b>	<b>211.021</b>	
<b>Samtals</b>	<b>45.102.268</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 39 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Tröllaborg árið 2011. Eins og þar kemur

fram hafa ekki verið greiddir fatapeningar þar og yfirvinna er um 1,5% af föstum launum.

Tafla 40: Fjöldi stöðugilda árið 2010 í samanburðarleikskólunum 10

	Vina- bær	Tjarnar- bær	Barna- ból	Brekku- bær	Ara- klettur	Trölla- borg	Barna- ból	Hádegis- höfði	Anda- bær	Bjarka- tún
Fjöldi barna 2010	36	36	36	36	37	37	37	37	39	40
Leikskólakennari	1,0	1,5	3,2	4,7	2,2	2,4	2,9	4,5	6,9	2,0
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,3	1,0	0,0	0,0	0,0	2,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrir starfsmenn	5,8	4,9	5,1	4,1	4,6	7,6	5,7	5,9	4,9	7,0
Samtals	8,1	7,4	8,3	8,8	6,8	12,0	8,6	10,4	11,8	9,0
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	4,4	4,9	4,3	4,1	5,4	3,1	4,3	3,6	3,3	4,4

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 40 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólunum árið 2010. Eins og taflan sýnir eru fæst börn á hvert stöðugildi í Tröllaborg, sem skýrist m.a. af því að skólinn er rekinn á þremur stöðum.

Tafla 41: Fjöldi barna, stöðugilda og fjöldi barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Tröllaborg 2003 til 2012

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting 2003/2012
Fjöldi barna	41	44	37	41	36	42	40	37	31	33	-12
Fjöldi stöðugilda	8,0	10,1	8,1	9,7	10,0	11,2	11,8	12,0		11,1	3,1
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	5,1	4,4	4,6	4,2	3,6	3,8	3,4	3,1		3,0	-2,1


Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 41 sýnir fjölda barna, stöðugilda og fjölda barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Tröllaborg 2003 til 2012. Eins taflan sýnir hefur börnunum fækkað um 12 en stöðugildum hefur hins vegar fjölgað um 3,1. Árið 2003 var 5,1 barn á hvert stöðugildi en nú í mars 2012 eru 3 börn á hvert stöðugildi. Þannig hefur börnum á hvert stöðugildi í leikskólanum fækkað um 2,1 á þessu tímabili.

## LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFJÖRÐUR

Mikill mismunur getur verið á því hvað sveitarfélög innheimta í leikskólagjöld og fyrir fæði á leikskólum. Eins og kom fram hér að framan er hlutfall tekna af heildarútgjöldum hjá leikskólum Sveitarfélagsins Skagafjörður frekar lágt.

Tafla 42: Leikskólagjöld hjá nokkrum sveitarfélögum árið 2011 og 2012



Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 42 sýnir leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá nokkrum sveitarfélögum.

Eins og þar kemur fram er hæsta gjaldtakan hjá Ísafjarðarbæ, 31.701 kr. Til samanburðar er gjaldtakan hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður 27.688 kr., eða 4.013 kr. lægri en hjá Ísafjarðarbæ miðað við átta klukkustundir og fullt fæði árið 2012.

Tafla 43: Fjöldi stöðugilda í leikskólum Sveitarfélagsins Skagafjarðar á tímabilinu 2003 til 2012

											Breyting
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2003/2012
Ársalir	28,7	35,1	34,9	35,5	36,9	38,1	42,4	41,5		40,9	12,2
Birkilundur	7,3	8,6	9,6	8,8	9,3	10,1	9,8	9,2		7,8	0,5
Tröllaborg	8,0	10,1	8,1	9,7	10,0	11,2	11,8	12,0		11,1	3,1
Samtals stöðugildi	44	53,8	52,6	54	56,2	59,4	64	62,7	0	59,8	15,8
Samtals börn	235	258	235	231	218	218	233	232	0	232	-3
Samtals börn á hvert stöðugildi	5,3	4,8	4,5	4,3	3,9	3,7	3,6	3,7		3,9	-1,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 43 sýnir fjölda stöðugilda, fjölda barna og fjölda barna á hvert stöðugildi í leikskólum sveitarfélagsins á árunum 2003 til 2012. Eins og þar kemur fram hefur stöðugildum fjölgað samtals um 15,8 frá árinu 2003 en á sama tíma fækkaði börnunum samtals um 3. Börnunum fjölgaði í Ársölum um 14 á tímabilinu en fækkaði um níu í

Birkilundi og um átta í Tröllaborg eða samtals um 17, eða fækkun samtals um þrjú börn.

Börnum fjölgaði um 14 í Ársölum frá því sem var í leikskólunum á Sauðárkróki fyrir sameininguna, en á sama tíma fjölgar stöðugildum um 12,2. Þrátt fyrir að börnum hafi fækkað um átta á Tröllaborg fjölgaði stöðugildum um 3,1 og um 0,5 í Birkilundi þar sem börnunum fækkaði um níu.

Tafla 44: Rekstrarútgjöld og -tekjur leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar árið 2011

					Rekstrartekjur og -gjöld á hvert barn			
	Ársalir	Birkilundur	Tröllaborg	Samtals	Ársalir	Birkilundur	Tröllaborg	Samtals
Fjöldi barna 2010	162	33	37	232	162	33	37	232
<b>Tekjur samtals</b>	<b>42.734.520</b>	<b>6.979.884</b>	<b>6.960.913</b>	<b>56.675.317</b>	<b>263.793</b>	<b>211.512</b>	<b>188.133</b>	<b>244.290</b>
Launakostnaður	195.451.335	39.320.469	45.102.268	279.874.072	1.206.490	1.191.529	1.218.980	1.206.354
Vörukaup	23.660.163	3.634.921	2.447.935	29.743.019	146.050	110.149	66.160	128.203
Þjónustukaup án innri leigu	9.508.055	1.175.808	1.382.875	12.066.738	58.692	35.631	37.375	52.012
Ýmislegt	80.383	38.692	40.370	159.445	496	1.172	1.091	687
<b>Samtals útgjöld án innri leigu</b>	<b>228.699.936</b>	<b>44.169.890</b>	<b>48.973.448</b>	<b>321.843.274</b>	<b>1.411.728</b>	<b>1.338.482</b>	<b>1.323.607</b>	<b>1.387.255</b>
Innri leiga	39.375.380	3.488.852	5.805.708	48.669.940	243.058	105.723	156.911	209.784
<b>Samtals útgjöld með innri leigu</b>	<b>268.075.316</b>	<b>47.658.742</b>	<b>54.779.156</b>	<b>370.513.214</b>	<b>1.654.786</b>	<b>1.444.204</b>	<b>1.480.518</b>	<b>1.597.040</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>225.340.796</b>	<b>40.678.858</b>	<b>47.818.243</b>	<b>313.837.897</b>	<b>1.390.993</b>	<b>1.232.693</b>	<b>1.292.385</b>	<b>1.352.750</b>
<b>Tekjur sem hlutfall af útgjöldum</b>	<b>15,9%</b>	<b>14,6%</b>	<b>12,7%</b>	<b>15,3%</b>	<b>15,9%</b>	<b>14,6%</b>	<b>12,7%</b>	<b>15,3%</b>
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum								
án innri leigu	18,7%	15,8%	14,2%	17,6%	18,7%	15,8%	14,2%	17,6%
Matvæli	18.543.936	2.739.157	1.087.665	22.370.758	114.469	83.005	29.396	96.426
Hreinlætisvörur	1.367.598	212.943	148.296	1.728.837	8.442	6.453	4.008	7.452
Orkukaup	2.493.686	407.258	926.495	3.827.439	15.393	12.341	25.040	16.498

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 44 sýnir rekstrarútgjöld og rekstrartekjur annars vegar og hins vegar rekstrarútgjöld og -tekjur á hvert barn í leikskólum sveitarfélagsins á árinu 2011.

Eins og taflan sýnir eru tekjur sem hlutfall af útgjöldum nokkuð svipaðar. Frá 15,9% í Ársölum niður í 12,7% hjá Tröllaborg. Fyrir alla leikskólana var meðaltalið 15,3%. Þetta hlutfall verður að teljast nokkuð lágt. Hjá Ísafjarðarbæ var þetta hlutfall árið 2010 að meðaltali 25,7%, sem að hluta til skýrist af mun hærri gjaldskrá leikskóla hjá Ísafjarðarbæ.

Það vekur athygli að kostnaður eins og t.d. launakostnaður á barn er svipaður á öllum leikskólunum þrátt fyrir nokkuð mismunandi rekstur og mismunandi fjölda barna á leikskólunum. T.d. munar ekki nema 12.490 kr. á launakostnaði vegna hvers barns á Ársölum og Tröllaborg. Telja verður Tröllaborg fremur óhagstæða rekstrareiningu, rekin á þremur stöðum með tiltölulega fá börn a.m.k. á tveimur stöðum. Þrátt fyrir það er ekki meiri munur á launakostnaði.

Með hliðsjón af þessu og einnig misræmi á milli fjölgunar stöðugilda og barna á Ársölum frá árinu 2003, sjá töflu 31, er spurt hvort ekki megi taka stöðugildafjölda við leikskólana til endurskoðunar með það að markmiði að fækka þeim.

Kostnaður við matvælaup er mismunandi á milli leikskólanna sem einnig kallar á að núverandi fyrirkomulag við matarkaup verði endurskoðað.

## GRUNNSKÓLAR

Í sveitarfélaginu eru reknir þrjú sjálfstæðir grunnskólar, á Sauðárkróki Árskóli, sem nú

er í tveimur húsum, Varmahlíðarskóli og svo Grunnskólinn austan vatna sem rekinn er á þremur stöðum.

Tafla 45: Fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins 2003 til 2012

	Mars										Breyting
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2003/2012
Árskóli	463	460	438	422	399	402	404	400	387	385	-78
Varmahlíðarskóli	125	111	122	144	132	130	133	134	135	141	16
Grunnskólinn austan vatna	89	78	78	71	91	89	94	85	77	80	-9
<b>Samtals</b>	<b>677</b>	<b>649</b>	<b>638</b>	<b>637</b>	<b>622</b>	<b>621</b>	<b>631</b>	<b>619</b>	<b>599</b>	<b>606</b>	<b>-71</b>

Heimild: Hagstofa Íslands og skólastjórar vegna mars 2012

Tafla 45 sýnir hvernig fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins hefur þróast á tímabilinu frá 2003 til 2012. Eins og þar kemur fram hefur nemendum fækkað um 71 á þessu tímabili, eða farið úr 677 nemendum samtals árið 2003 í 606 nemendur í mars árið 2012. Er hér um að ræða fækkun sem nemur 10,5%.

Nemendum fækkar um 78 í Árskóla, fjölgar um 16 í Varmahlíðarskóla og fækkar um 9 í Grunnskólanum austan vatna.

## ÁRSKÓLI

Árskóli er rekinn á tveimur stöðum við Freyjugötu, þar sem kennsla 1. til 3. bekkjar fer fram, og við Skagfirðingabraut þar sem 4. til 10. bekkjar nemendum er kennt.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um að byggja við húsnæði skólans við Skagfirðingabraut. Stefnt er að því að þeirri framkvæmd verði lokið fyrir haustið 2014. Eftir það mun öll kennsla Árskóla fara fram á einum stað. Með því mun fylgja nokkur hagræðing í rekstri.

Í Árskóla hefur nemendum fækkað frá árinu 2003 um 78, sjá töflu 45. Á þessu tímabili voru nemendurnir flestir árið 2003. Fækkar nokkuð fram til ársins 2007. Eru í kringum 400 árin 2007 til 2010. Fækkar um 13 á milli árana 2010 og 2011 og eru nú í mars 2012 385.

Tafla 46: Fjöldi nemenda í Árskóla 2008 til 2011 og útgjöld nettó án innri leigu

	2008	2009	2010	2011	Breyting á tímabilinu
Fjöldi nemenda	402	404	400	387	-15
Útgjöld án innri leigu og skólaaksturs:					
Laun	313.634.767	346.241.028	352.789.459	344.842.922	9,0%
Annar kostnaður, nettó	50.206.549	56.772.596	51.518.946	50.597.826	0,8%
<b>Samtals</b>	<b>363.841.316</b>	<b>403.013.624</b>	<b>404.308.405</b>	<b>395.440.748</b>	<b>8,0%</b>
Á hvern nemanda:					
Laun	780.186	857.032	881.974	891.067	
Annar kostnaður, nettó	124.892	140.526	128.797	130.744	
<b>Samtals</b>	<b>905.078</b>	<b>997.558</b>	<b>1.010.771</b>	<b>1.021.811</b>	
Skólaakstur	23.730.178	25.339.586	25.996.440	27.587.610	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 46 sýnir fjölda nemenda í Árskóla frá árinu 2008 til 2011. Einnig sýnir taflan útgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs. Jafnframt sýnir taflan kostnað á hvern nemanda. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs. Kostnaður vegna sérdeildar í skólanum er ekki talinn hér með, en hann var 26 millj. kr. árið 2011. Útgjöld vegna skólaaksturs eru sýnd sérstaklega.

Hækkunin, sem verður á launum á milli áráanna 2008 og 2009, skýrist að hluta til af hækkun sem varð á launum kennara og skólastjórnaenda. Eins og fram kemur í töflu 47 hækkudu laun kennara á árinu 2009 um 11,5% og skólastjórnaenda um 5,5%. Síðan hækkudu laun hvorki hjá kennurum né skólastjórnaendum á árinu 2010. Þrátt fyrir það hækka launin á milli áráanna 2009 og 2010 um 2%. Síðan lækka launin á milli áráanna 2010 og 2011 þótt laun kennara og skólastjórnaenda hafi hækkað skv. kjarasamningum um 2,5%. Á tímabilinu fækkaði nemendum við skólann um 15. Launakostnaður á hvern nemanda hækkar úr 780 þús. kr. árið 2008 í 891 þús. kr. árið 2011. Á milli áráanna 2008 og 2011 hækka launaútgjöldin um 10% hjá skólanum.

Annar kostnaður nettó án innri leigu og kostnaðar vegna skólaaksturs stendur nokkurn veginn í stað á milli áráanna 2008 og 2011 á verðlagi hvors árs. Hann var 50,2 millj. kr. árið 2008 og 50,6 millj. kr. árið 2011, eða hækkun um 400 þús. kr. Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs á milli áráanna 2008 og 2011 um 22,7%. Nokkur hækkun varð á milli áráanna 2008 og 2009, eða úr 50,2 millj. kr. árið 2008 í 56,8 millj. kr. árið 2009. Síðan lækkar annar kostnaður nettó án innri leigu og skólaaksturs á milli áráanna 2009 og 2010 og svo aftur á milli áráanna 2010 og 2011 á verðlagi hvers árs. Á tímabilinu hækkar annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda úr 125 þús. kr. árið 2008 í 131 þús. kr. árið 2011, sem er vegna þess að nemendum hefur fækkað.

Hafa ber í huga að 1. mars 2008 var byrjað að bjóða nemendum heitan mat í hádeginu. Því fylgdi aukinn kostnaður. Með hliðsjón af því má ætla að annar kostnaður undir þessum lið samtals hafi í reynd lækkað.

Samtals kostnaður nettó án innri leigu á hvern nemanda hækkar úr 958 þús. kr. árið 2008 í 1.089 þús. kr. árið 2011, eða um 13,7%.

Tafla 47: Meðaltals hækkun launa árin 2008 til 2012, skv. kjarasamningum Félags grunnskólakennara og Skólastjórnafélags Íslands

	2008	2009	2010	2011	2012
Félag grunnskólakennara	100,0	111,5	111,5	114,5	120,1
Skólastjórnafélag Íslands	100,0	105,5	105,5	108,1	113,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 47 sýnir meðaltals hækkun launa hjá kennurum og skólastjórum á tímabilinu 2008 til 2012 skv. kjarasamningum. Eins og taflan sýnir hækka laun kennara um 11,5% á milli áráanna 2008 og 2009 og um 5,5% hjá skólastjórnaendum. Þessi hækkun skýrir að hluta til þá hækkun sem verður á launaútgjöldum skólans á milli áráanna 2008 og 2009, sbr. hér að framan.

Tafla 48: Kostnaður á nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2011

Skóli	Snæ-lands-skóli	Gilja-skóli	Garða-skóli	Grunn-skólinn á Ísafirði	Akur-skóli	Árskóli	Smára-skóli	Glerár-skóli	Grunn-skólinn Egils-stöðum	Grunn-skólinn í Hveragerði	Kópa-vogsskóli
Nemendafjöldi 2011	404	397	391	390	390	387	370	338	334	333	307
Rekstrarútgjöld nettó án innri leigu	897.433	726.114	856.601	895.254	784.553	1.021.811	809.227	812.276	820.672	985.786	1.004.818
Laun og launatengd gjöld samtals	813.554	736.401	767.777	822.224	613.542	891.067	737.603	787.224	756.006	895.950	932.402
Annar rekstrarkostnaður nettó án innri leigu	83.879	-10.287	88.825	73.030	171.011	130.744	71.624	25.053	64.667	89.835	72.417

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands varðandi fjölda nemenda

Tafla 48 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum. Fimm stærri en Árskóli og fimm minni hvað nemendafjöldi varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Jafnframt eru útgjöld vegna skólaaksturs ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Kostnaður við sérdeild hjá Árskóla er ekki talinn með útgjöldum skólans.

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöld nettó á hvern nemanda hæst hjá Árskóla af þessum 11 samanburðarskólum, eða 1.022 þús. kr. á hvern nemanda. Lægstur var kostnaðurinn hjá Giljaskóla á Akureyri, eða 726 þús. kr. Giljaskóli var með 10 fleiri nemendur en Árskóli. Mismunurinn á rekstrarútgjöldum nettó á hvern nemanda hjá þessum skólum var á árinu 2011 296 þús. kr. Miðað við 387 nemendur gerir það samtals 115 millj. kr.

Tveir skólar voru með hærri launakostað á hvern nemanda en Árskóli. Akurskóli í Reykjanesbæ var með lægsta launakostnað á hvern nemanda af þessum skólum, eða 614 þús. kr. Til samanburðar var launakostnaður í Árskóla á hvern nemanda 891 þús. kr., eða mismunur sem nemur 277 þús. kr. á hvern nemanda.

Einn skóli var með hærri annan rekstrarkostnað nettó en Árskóli, það var Akurskóli. Sá skóli hefur nokkra sérstöðu hvað ræstingu og niðurgreiðslu á mat varðar. Ræsting er keypt í verktöku sem almennt er ekki gert hjá skólum og einnig greiðir bæjarfélagið nokkuð með skólamáltíðum. Það sama gerir Sveitarfélagið Skagafjörður. Niðurgreiðsla á matarkaupum voru á árinu 2011 14.320 þús. kr., sem gerir um 36.494 þús. kr. með hverjum nemanda. Hjá öðrum skólum í þessum samanburði, nema Grunnskólanum á Ísafirði og Akurskóla, er þetta ekki gert nema þá að litlu leyti.

Ástæðan fyrir því að annar rekstrarkostnaður nettó er svona lágur hjá skólunum á Akureyri, þ.e. Giljaskóla og Glerárskóla, er að sveitarfélagið greiðir nánast ekkert með matnum. Matargerðin sjálf fer fram í skólunum og því er matarkostnaður eingöngu vegna hráefniskaupa. Við sölu á skólamáltíðinni er reynt að hafa einnig fyrir launakostnaðinum, því er t.d. annar rekstrarkostnaður mínus tala hjá Giljaskóla.



Tafla 49: Fæðisgjöld og kostnaður við hráefnis- og matakaup hjá þremur skólum árið 2011

	Giljaskóli	Árskóli	Glerárskóli
Fjöldi nemenda	397	387	338
Fæðisgjöld	21.115.496	11.318.795	19.226.130
Hráefnis-/matarkaup	14.237.679	25.442.003	13.950.523
<b>Mismunur</b>	<b>6.877.817</b>	<b>-14.123.208</b>	<b>5.275.607</b>

Heimild: Hagstofa Íslands, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akureyrarbær

Tafla 49 sýnir fæðisgjöld og kostnað við hráefniskaup hjá tveimur skólum á Akureyri og kostnað við matarkaup hjá Árskóla á árinu 2011.

Eins og taflan sýnir er mikill munur á tekjum af fæðisgjöldum hjá skólunum á Akureyri og Árskóla. Matarkaupin hjá skólanum á Akureyri voru 14.237 þús. kr. og 13.950 þús. kr. en fæðisgjöld voru 21.115 þús. kr. og 19.226 þús. kr. Mismunurinn er vegna launagjalda. Til samanburðar voru matarkaup hjá Árskóla 25.422 þús. kr. en fæðisgjöld 11.318 þús. kr. eða neikvæður mismunur upp 14.123 þús. kr. Þótt maturinn sé keyptur tilbúinn fellur að auki til kostnaður vegna aðstoðar við skömmtun á mat og einnig vegna tiltektar eftir máltíðir hjá Árskóla.

Kostnaður við rekstur Árvistar er ekki meðtalinn í rekstrarkostnaði vegna Árskóla. Sá kostnaður er meðtalinn vegna t.d. skólanna á Akureyri.

Tafla 50: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólunum 2011

Skóli	Snæ-lands-skóli	Gilja-skóli	Garða-skóli	Grunn-skólinn á Ísafirði	Akur-skóli	Ár-skóli	Smára-skóli	Glerár-skóli	Grunn-skólinn Egils-stöðum	Grunn-skólinn í Hveragerði	Kópa-vogs-skóli
Nemendafjöldi 2011	404	397	391	390	390	387	370	338	334	333	307
Fjöldi stöðugilda samtals	64,3	61,1	49,7	60,2	46,4	75,6	51,1	49,5	51,0	57,0	51,8
Fjöldi stöðugilda kennara	43,5	39,1	36,4	41,2	33,4	45,6	36,3	34,0	37,0	40,7	38,2
Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	20,8	22,0	13,3	19,0	13,0	30,0	14,8	15,5	14,0	16,3	13,6

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 50 sýnir stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011. Um er að ræða skóla með 307 nemendur upp í 404. Eins og þarna kemur fram er mikill munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum. Árskóli sker sig nokkuð úr hvað fjölda stöðugilda varðar en þar eru þau flest, eða 75,6. Til samanburðar er Akurskóli, sem er skóli með þremur fleiri nemendur en Árskóli, en með 46,4 stöðugildi. Mismunurinn á stöðugildum í þessum tveimur skólum er 29,2 stöðugildi. Rétt er að leggja áherslu á að svona samanburð er ekki hægt að nota nema til vísbendingar því skólahald á milli skóla getur verið mismunandi. Sem dæmi má nefna að Árskóli er rekinn á tveimur stöðum. Einnig annast skólaliðar í Akurskóla ekki ræstingu. Samt sem áður geta ekki þessir tveir þættir skýrt allan þann mun sem er á fjölda stöðugilda í þessum tveimur skólum.

Stöðugildi bæði kennara og annarra starfsmanna eru flest hjá Árskóla hjá þessum skólum.

Tafla 51: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011

Skóli	Akur-skóli	Garða-skóli	Smára-skóli	Glerár-skóli	Gilja-skóli	Grunn-skólinn á Ísafirði	Grunn-skólinn Egils-stöðum	Snæ-lands-skóli	Kópa-vogs-skóli	Grunn-skólinn í Hvera-gerði	Ár-skóli
Nemendafjöldi 2011	390	391	370	338	397	390	334	404	307	333	387
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi	8,4	7,9	7,2	6,8	6,5	6,5	6,5	6,3	5,9	5,8	5,1
Nemendur á hvert stöðugildi kennara	11,7	10,7	10,2	9,9	10,2	9,5	9,0	9,3	8,0	8,2	8,5
Nemendur á stöðugildi annarra en kennara	30,0	29,4	25,0	21,8	18,0	20,5	23,9	19,4	22,6	20,4	12,9

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 51 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2011. Eins og taflan sýnir er Árskóli með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af þessum skólum. Tveir skólar eru með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en hjá Árskóla. Nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna eru langfæstir hjá Akurskóla, eða 12,9 nemendur.

Í Akurskóla eru 11,7 nemendur á hvert stöðugildi kennara til samanburðar við 8,5 stöðugildi í Árskóla. Ef nemendafjöldinn á hvert stöðugildi kennara væri sá sami í Árskóla og er í Akurskóla væru stöðugildi kennara þar 33, en eru 45,6, eða 12,6 stöðugildum fleiri. Nemendur í Akurskóla eru þremur fleiri en í Árskóla.

Tafla 52: Fjöldi nemenda og stöðugildi í Árskóla 2003 til 2012

	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	463	38,2	29,1	67,3
2004	460	44,8	27,7	72,5
2005	438	38,3	27,2	65,5
2006	422	45,6	27,7	73,3
2007	399	43,4	24	67,4
2008	402	44,6	30,6	75,2
2009	404	45,4	31,7	77,1
2010	400	46,9	26,9	73,8
2011	387	45,6	30,0	75,6
2012	385	43,8	29,2	73,0
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>-78</b>	<b>5,6</b>	<b>0,1</b>	<b>5,7</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og Árskóli

Tafla 52 sýnir fjölda nemenda og stöðugildi kennara og annarra starfsmanna við Árskóla á árunum 2003 til 2012. Upplýsingar fyrir tímabilið 2002 til 2010 eru fengnar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands vegna ársins 2011 og vegna ársins 2012 frá skólastjóra grunnskólans.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum við grunnskólann á milli árunna 2003 og 2012 um 78. Þrátt fyrir það fjölga stöðugildum kennara um 5,6 og öðrum stöðugildum um 0,1 á tímabilinu. Samtals fjölga því stöðugildum við skólann um 5,7 á sama tíma og nemendum fækkar um 78. Á milli árunna 2003 og 2004 fjölga stöðugildum kennara um 6,6 þó nemendum fækki um þrjá. Síðan fækkar þeim aftur árið 2005 um 6,5

stöðugildi en fjölgar svo um 7,3 stöðugildi á milli árunna 2006 og 2007 þótt nemendum hafi fækkað. Árin þar á eftir er stöðugildum kennara ýmist að fækka eða fjölga lítillega á milli ára.

Stöðugildum annarra en kennara er ýmist að fjölga eða fækka á milli ára en eru nánast jafnmörg árið 2012 og árið 2003. Þessi þróun á milli ára í fjölda stöðugilda er nokkuð sérstök.

Tafla 53: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Árskóla 2003 til 2012

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	463	12,1	15,9	6,9
2004	460	10,3	16,6	6,3
2005	438	11,4	16,1	6,7
2006	422	9,3	15,2	5,8
2007	399	9,2	16,6	5,9
2008	402	9,0	13,1	5,3
2009	404	8,9	12,7	5,2
2010	400	8,5	14,9	5,4
2011	387	8,5	12,9	5,1
2012	385	8,8	13,2	5,3
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>-78</b>	<b>-3,3</b>	<b>-2,7</b>	<b>-1,6</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og Árskóli

Tafla 53 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Árskóla frá 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugild kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi frá árinu 2003 með nokkrum undantekningum. Þannig var 12,1 nemandi á hvert stöðugildi kennara í skólunum 2003 og 15,9 nemendur á hvert annað stöðugildi og þannig 6,9 nemendur á stöðugildi samtals. Miðað við árið í ár og uppgefinn stöðugildafjöldi frá skólastjóra eru nú 8,8 nemendur á hvert stöðugildi kennara og 13,2 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna, eða samtals 5,3 nemendur á hvert stöðugildi í skólanum. Miðað við hversu margir nemendur eru í skólanum verður að telja að tiltölulega fáir nemendur sé á hvert stöðugildi.

Ef nemendafjöldinn á hvert stöðugildi kennara í ár væri sá sami og var árið 2003, eða 12,1 nemendur á hvert stöðugildi í stað 8,8, væru kennarar við skólann í 31,8 stöðugildum en ekki 43,8 stöðugildum eins og þeir eru núna, eða 12 stöðugildum færri. Sömuleiðis væru aðrir starfsmenn við skólann 24,2 ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi væri sá sami og árið 2003 en þeir eru nú 29,2, eða 5 stöðugildum fleiri. Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals væri sá sami og var árið 2003 væru 55,8 stöðugildi við skólann nú en þau eru 73, eða 17,2 fleiri. Þetta gefur ástæðu til að starfsmannamál við skólann verði athuguð frekar.

Tafla 54: Laun starfsmanna við Árskóla 2010 og 2011

	2011		2010	
	Kennarar	Aðrir starfsmenn	Kennarar	Aðrir starfsmenn
Mánaðarlaun	192.684.440	54.003.468	180.925.596	52.272.539
Yfirvinna félagsstörf	5.469.936		7.344.399	
Forfallakennsla	1.765.451		3.110.364	
Kennsluyfirvinna grunnskóla	7.214.458		7.577.763	
Stundakennsla	432.088		108.072	
Föst yfirvinna		1.156.970		1.105.044
Yfirvinna m/orlofi		5.649.718		6.308.366
Eingreiðsla	2.302.000	1.047.209		
Desemberuppbót		1.455.231		1.366.535
Annaruppbót	5.739.105		5.594.974	
Orlofsuppbót		720.784		509.993
Pottur				
Afnotagjöld síma				
Bifreiðastyrkir				
Akstur skv. akstursbók	725.746	311.750	995.555	295.250
Dagpeningar innanlands	166.350		318.514	
Orlof	1.843.799		2.284.028	
<b>Samtals</b>	<b>218.343.373</b>	<b>64.345.130</b>	<b>208.259.265</b>	<b>61.857.727</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 54 sýnir laun og starfsmannakostnað hjá Árskóla á árinu 2010 og 2011.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra voru 2,2 millj. kr. vegna yfirvinnu félagsstarfa vegna pottormsyfirvinnu. Það sem eftir stendur af þessari yfirvinnu, 3,2 millj. kr., var vegna bekkjarkvölda, annarra félagsstarfa með foreldrum og vegna mikillar vinnu með 7. bekkjum og 10. bekkjum, vettvangsferðir, skólaferðalög o.s.frv.

Skólastjóri hefur gefið þá skýringu á kennsluyfirvinnu að hver kennari eigi rétt skv. kjarasamningi að vera með tvær stundir á viku, þ.e. samtals 72 stundir yfir skólaárið. Miðað við að meðalyfirvinnutíminn kosti 3.450 kr. þá er um að ræða 248.440 á hverja stöðu eða samtals 9.936 millj. kr. miðað við 40 stöðugildi á ári ef allir nýttu sér þennan rétt að mati skólastjóra.

Hér er um að ræða túlkun á ákvæði 2.5.1 í kjarasamningi kennara, en þar segir:

„Kennsla kennara í dagvinnu í fullu starfi er 26 kennslustundir á viku í 37 vikur. Miðað er við að hver kennslustund sé 40 mínútur. Skólastjóra er þó heimilt að fela kennara allt að 30 kennslustundir á viku með samþykki hans enda sé þá létt á vinnuskyldu kennarans að öðru leyti.

Kennari á rétt á því að halda óbreyttri kennsluviðmiðun og kenna áfram 28 stundir /27 stundir á viku. Öll kennsla umfram kennsluskyldu (26 kennslustundir) greiðist sem yfirvinna. Kennari skal ár hvert tilkynna í síðasta lagi 1. apríl um ákvörðun sína í þessu efni vegna komandi skólaárs.“

Skýrsluhöfundur leggur þann skilning í þessa grein að þetta eigi eingöngu við um kennara sem hafa engan kennsluafslátt og eru í 100% starfi. Ákvæðið á ekki við um þá sem eru með kennsluafslátt eða kenna minna en 100% og þetta á ekki við um nýliða, sem fá afslátt af kennslu fyrsta árið.

Yfirvinna kennara vegna félagsstarfa, forfallakennslu, kennslu yfirvinnu og stundakennslu var samtals 7,7% af föstum mánaðarlaunum kennara.

Húsvörður er með fasta yfirtíð. Að auki hefur það gerst að húsvörður hefur fengið greidda yfirtíð umfram fasta yfirtíð. Hefur það verið túlkað þannig að ýmis störf séu fyrir utan fasta yfirtíð.

Sum sveitarfélög hafa tekið alfarið fyrir það að greidd sé yfirtíð til annarra starfsmanna við skóla en þá til húsumsjónarmanns. Rökkin eru þau að vinnutími annarra starfsmanna sé að jafnaði frá kl. 8:00 til 16:00. Skólahald er yfirleitt frá kl. 8:00 til 14:00, þannig sé erfitt að færa rök fyrir því að greiða þurfi yfirtíð. Að sjálfsgöðu geta hér verið undantekningar.

Í sumum skólum hafa stjórnendur haft tilhneigingu til að blanda saman kjarasamningum kennara og annarra starfsmanna og því farið að greiða öðrum starfsmönnum aukalega fyrir ýmis störf sem þeir inna af hendi. Nefna má sveitarfélag eins og Garðabæ, þar sem það telst til algerrar undantekningar ef greidd er yfirtíð til annarra starfsmanna en kennara og húsvarðar.

Ef starfsmenn eru veikir á að vera hægt að komast hjá því að kalla til starfsmann í yfirvinnu með því að breyta verklagi dagsins og endurskipuleggja það þannig að starfsmenn sem eru að vinna geti sinnt því, t.d. dregið úr ræstingum þann daginn o.s.frv. Jafnframt á að vera hægt að skipuleggja fundi þannig að ekki þurfi að koma til yfirvinnugreiðslna vegna þeirra.

Föst yfirtíð til húsvarðar er þekkt hjá öðrum sveitarfélögum. Hins vegar hafa sum sveitarfélög tekið upp á því að fela húsverði í grunnskóla að hafa umsjón með öðru húsnæði, t.d. leikskólum. Það er mat skýrsluhöfundar að húsvörður í Árskóla eigi jafnframt að geta annast húsumsjón með húsnæði leikskólans á Sauðárkróki, sem er á tveimur stöðum.

Einnig ber að hafa í huga að þrátt fyrir þá stefnu sveitarfélagsins að eiga bíla fyrir stofnanir þess hefur verið nokkuð um greiðslu bifreiðastyrkja, skv. akstursdagbók, eða 1.037 þús. kr. árið 2010 og 1.251 þús. kr. árið 2011.

Það er mat skýrsluhöfundar að vinna beri að því að breyta fyrirkomulagi við skólann þannig að útgjaldaliðir, sem litaðir eru bláir í töflu 52, verði lækkaðir eða falli niður hjá öðrum starfsmönnum nema þá föst yfirvinna til húsvarðar. Að auki lækka þá útgjöld vegna orlofs á yfirvinnu og launatengdra gjalda vegna þessara launaliða.

Í gildi er samningur við Skagfirskan mat ehf. um kaup á mat fyrir Árskóla. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2008 til 31. maí 2012. Samkvæmt honum kostaði máltíðin 450 kr. í upphafi. Ákvæði er í samningnum um að ef komi til verulegra verðhækkana á samningstímanum séu samningsaðilar sammála um að endurskoða verð á matarskammti. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra var greitt fyrir skólamáltíðir vegna febrúar 2012 620 kr. fyrir hvern matarskammt, sem er 37,8% hækkun frá upphaflega verðinu. Er þetta nokkuð í takt við hækkun á vísitölu neysliverðs á þessu tímabili, þ.e. frá janúar 2008 til febrúar 2012.

Tafla 55: Verð á skólamáltíð frá verktaka í mars 2012 hjá nokkrum sveitarfélögum

	Sv. Skaga- fjörður	Sandgerðis- bær	Ísafjarðar- bær	Sv. Álfta- nes
Verð á máltíð frá verktaka	620	509	643	474/650

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 55 sýnir það verð sem greitt er fyrir skólamáltíðir frá verktaka hjá fjórum sveitarfélögum í mars 2012. Hjá Sveitarfélaginu Álftanes er sýnt tvenns konar verð, annars vegar fyrir þá sem kaupa skólamáltíð í fastri áskrift og hins vegar fyrir staka máltíð. Eins og þarna kemur fram er nokkur munur á því verði sem greitt er fyrir skólamáltíðir. Þjónustan sem veitt er er nokkuð svipuð. Starfsmaður kemur að því að skammta mat með aðstoð frá viðkomandi skóla og tekur til í eldhúsi. Hins vegar gæta starfsmenn skólans nemenda þegar þeir matast og taka til í matsal þegar matmálstíma er lokið.

Í Árskóla hafa bæði kennarar og skólaliðar matast með nemendum og fá þá frían mat.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra telur hann að það séu u.þ.b. 15 sem fái frían mat á dag. Ætla má að draga megi verulega úr þessum fjölda.

Fyrirkomulagið í Ísafjarðarbæ og Sandgerðisbæ er nokkuð áþekkt. Verktaki hefur aðgang að eldhúsi með öllu tilheyrandi frá sveitarfélaginu til matargerðarinnar. Einnig er honum heimilt að matreiða í eldhúsinu fyrir aðra. Þrátt fyrir það er verulegur munur á því verði sem greitt er fyrir máltíðina.

Í þessum samanburði skera Sveitarfélagið Skagafjörður og Ísafjarðarbær sig nokkuð úr fyrir hvað hátt verð er greitt fyrir skólamáltíðina samanborið við það sem er í Sandgerðisbæ og hjá Sveitarfélaginu Álftanesi. Með hliðsjón af þessu er spurt hvort ekki sé rétt að leita leiða til að ná þessum kostnaði niður hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Forráðamenn nemenda í Árskóla borga 305 kr. fyrir hverja skólamáltíð, ef nemandi er í föstu fæði, og 395 kr. sé keypt stök máltíð. Sveitarfélagið er með samning við fyrirtækið Skagfirskur matur ehf. um kaup á skólamáltíðum, sbr. hér að framan. Miðað við að skólamáltíð sé keypt í áskrift greiðir sveitarfélagið að auki skólamáltíðina niður um 315 kr. Samtals er því greitt fyrir hverja máltíð 620 kr. Verktaki sér um matargerðina og að skammta matinn með aðstoð frá skólaliðum.

Miðað við að skóladagarnir séu 180 og þar með skólamáltíðirnar er greitt fyrir hvern nemanda sem fær fæði alla dagana sem hér segir á skólaárinu miðað við verðlag í mars 2012:

Forráðamenn/foreldrar	305 kr. 180 máltíðir eða 54.900 kr.	49,2%
Sveitarfélagið Skagafjörður	315 kr. 180 máltíðir eða 56.700 kr.	50,8%
<b>Samtals</b>	<b>620 kr. 180 máltíðir eða 111.600 kr.</b>	

Til samanburðar má nefna Sveitarfélagið Álftanes sem hefur milligöngu um að leita eftir hagstæðasta tilboði á hverjum tíma í skólamáltíð fyrir nemendur í grunnskólanum en foreldrarnir borga fyrir fæðiskostnaðinn að fullu og greiða beint til verktakans. Þar kostar skólamáltíðin í áskrift 474 kr. sem verktakinn fær. Hann kemur með matinn tilbúinn í skólann og skaffar einn starfsmann til að skammta matinn. Miðað við sömu forsendur og hér að framan fær verktakinn fyrir hvern nemanda sem mætir í skólann

alla daga, þ.e. 180 daga 85.320 kr.

Skólamaturlausn í 180 daga í Árskóla	111.600 kr.
<u>Skólamaturlausn í 180 daga í Álftanesskóla</u>	<u>85.320 kr.</u>
Mismunur	26.280 kr.

Hér er um nokkurn mun að ræða og eðlilegt að kanna hvort ekki sé hægt að ná þessum kostnaði niður.

Tafla 56: Kostnaður við kaup á skólamáltíð frá nokkrum verktökum í 180 daga fyrir einn nemanda miðað við verðlag í mars 2012

	Sv. Skaga- fjörður	Sandgerðis- bær	Ísafjarðar- bær	Sv. Álfta- nes
Verð fyrir skólamáltíð heilt skólaár	111.600	91.620	115.740	85.320

Tafla 56 sýnir kostnað við kaup á skólamáltíð frá verktökum fyrir einn nemanda á heilu skólaári, þ.e. 180 daga, hjá fjórum sveitarfélögum. Eins og þarna kemur fram er um nokkurn mismun að ræða.

Á árinu 2011 var greitt fyrir keyptar skólamáltíðir í Árskóla 25.442 þús. kr. Upp í þennan kostnað greiddu foreldrar og kennarar 11.318 þús. kr. Þannig greiddi sveitarfélagið á árinu 2011 14.124 kr. með skólamáltíðum, eða 55,5% af kostnaðarverðinu. Auk þess að leggja til starfsfólk vegna skólamáltíða.

Tafla 57: Verð á skólamáltíðum hjá nokkrum grunnskólum vorið 2012

	Snæ- lands- skóli	Gilja- skóli	Garða- skóli	Grunn- skólinn á Ísafirði	Akur- skóli	Árskóli	Grunn- skólinn Egils- stöðum	Grunn- skólinn í Hvera- gerði	Álftanes- skóli
Skólamáltíð í áskrift/Stök máltíð	395	350/473	428/550	433	275	305/395	425	310	474/650

Heimild: Fengið á vef viðkomandi sveitarfélaga og á vef Skólamáltíðar ehf.

Tafla 57 sýnir verð á máltíðum hjá nokkrum grunnskólum. Að auki innheimta sum sveitarfélög aukalega fyrir morgunmat og mjólk. Í því sambandi má t.d. nefna Akureyri, sem innheimtir 2.500 kr. af hverjum nemanda fyrir annarárskrift á mjólk og 5.700 kr. fyrir annarárskrift á ávöxtum.

Eins og taflan sýnir getur verið nokkur munur á því hvað sveitarfélög eru að innheimta fyrir skólamáltíðir. Sum sveitarfélög greiða ekkert með skólamáltíðum eins og t.d. Sveitarfélagið Álftanes vegna Álftanesskóla. Önnur innheimta nánast að fullu fyrir skólamáltíðir, bæði vegna hráefniskaupa og vinnulauna, í því sambandi má nefna Akureyri. Eins og taflan sýnir er einungis einn skóli af þessum skólum þar sem forráðamenn greiða lægra verð fyrir skólamáltíðina en í Árskóla, það er í Akurskóla í Reykjanesbæ.

Tafla 58: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda í hverjum árgangi í Árskóla skólaárið 2011/2012

	1. bekkur		2. bekkur		3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur		8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur		Samtals	
Fjöldi nemenda	21	20	21	21	25	21	20	16	16	23	23	24	23	18	18	20	19	18	18		385	
Meðaltal í bekkjardeild																						20,3

Heimild: Skólastjóri Árskóla

Tafla 58 sýnir fjölda bekkjardeilda í hverjum árgangi og hvað margir nemendur eru í hverjum bekk í Árskóla skólaárið 2011/2012. Spurning er hvort hægt hefði verið að vera með samkennslu t.d. í 4. og 5. bekk og þannig fækka um eina bekkjardeild. Einnig hvort hægt hefði verið að vera með samkennslu í 8. og 9. bekk eða 9. og 10. bekk og þannig fækka um eina bekkjardeild til viðbótar.

Engar sérstakar reglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólastjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólastjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildunum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin regla.

#### Tafla 59: Fjöldi nemenda í bekkjardeildum hjá Brekkuskóla á Akureyri skólaárið 2010/2011

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
21 21	28 25	19 15	24 24	21 23	19 21	19 23 19	26 27	23 24	20 21	463

Heimild: Skólastjóri Brekkuskóla

Tafla 59 sýnir fjölda nemenda í bekkjardeildum í Brekkuskóla á Akureyri skólaárið 2010/2011. Skólinn hefur komið vel út í samanburði við aðra skóla hvað varðar rekstrarkostnað á nemanda.

Vakin er athygli á fjölda nemenda í öðrum bekk þar sem nemendur eru 28 og 25 í hvorri bekkjardeild. Hálfu stöðugildi kennara er bætt við til að létta undir með kennurum í þessum bekkjardeildum. Spurning er hvort hægt sé að beita slíkri aðferð hjá Árskóla.

Fleiri skólar í stærri sveitarfélögum hafa verið með samkennslu á milli árganga. Má þar nefna til viðbótar Akurskóla í Reykjanesbæ. Eins og fram kemur í töflu 48 hér að framan var launakostnaður í þessum skóla á hvern nemanda árið 2011 613.542 kr.

#### Tafla 60: Fjöldi nemenda í bekkjardeildum í Akurskóla í Reykjanesbæ skólaárið 2010/2011

	1. bekkur	2. og 3. bekkur	4. og 5. bekkur	6. og 7. bekkur	8. og 9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda í bekkjum	18 16 16	21 21 23 22 20	20 25 21	21 20 24	21 22 22	18	371
Meðalfjöldi	16,7	21,4	22	21,7	21,7	18,0	20,6

Heimild: Skólastjóri Akurskóla

Tafla 60 sýnir fjölda nemenda í bekkjardeildum í Akurskóla í Reykjanesbæ skólaárið 2010/2011. Eins og taflan sýnir er tveimur árgöngum kennt saman frá 2. til 9. bekkjar. Væntanlega skýrir þetta að hluta til hversu vel hefur tekist til hjá skólanum að halda launakostnaði niðri.

#### Tafla 61: Möguleg skipting í bekkjardeildir skólaárið 2012/2013 í Árskóla?

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. og 6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. og 10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	18 18	21 20	21 21	25	24 24 25	23 23	24 23	25 25 25	385
Meðaltal í bekkjardeild									22,6

Heimild um nemendafjölda: Skólastjóri Árskóla



Tafla 61 sýnir hvernig skýrsluhöfundur telur út frá rekstrarlegum forsendum að mögulegt væri að skipta nemendum á milli bekkjardeilda. Eins og þarna kemur fram er gert ráð fyrir að 5. og 6. bekk verði kennt saman og einnig 9. og 10. bekk. Samkvæmt þessu væri gert ráð fyrir að fækka um tvær bekkjardeildir. Ef gert er ráð fyrir að viðmiðunarkennslustundir í 5. og 6. bekk séu 35 kennslustundir og í 9. og 10. bekk 37 kennslustundir væri hér samtals um að ræða, ef skrefið yrði stigið til fulls, um 72 kennslustundir á viku. Miðað við 26 viðmiðunarkennslustundir hjá kennurum er hér um að ræða 2,8 stöðugildi kennara. Ef gert er ráð fyrir að laun kennara með launatengdum gjöldum séu um 6,5 millj. kr. gerir þetta samtals 18,2 millj. kr. Gera má ráð fyrir, ef þessi leið yrði valin, að mögulegt væri að ráða í stöðugildi kennara aukalega.

Lögð er áhersla á að hér er þetta skoðað út frá rekstrarlegum forsendum en eflaust geta verið kennslufræðileg rök fyrir því að hafa fyrirkomulagið ekki svona. Hins vegar verður að meta þetta og komast að niðurstöðu um það hvor rökin vegi hér þyngra.

Til viðbótar við þau rekstrarútgjöld, sem fjallað hefur verið um hér að framan vegna Árskóla, eru útgjöld vegna Árskóla - sérdeild, sem færð eru undir sér bókhaldslykli. Samtals voru þau útgjöld á árinu 2011 26.036 þús. kr., þar af var launakostnaður 25.937 þús. kr. Jafnframt eru útgjöld vegna Árvistar, sbr. hér að framan, sem ekki eru hér meðtalin en þau voru nettó á árinu 2011 22.504 þús. kr. Samtals voru útgjöld vegna sérdeildarinnar og Árvistar nettó 48.540 þús. kr. á árinu 2011.

## VARMAHLÍÐARSKÓLI

Eins og fram kemur í töflu 45 hér að framan fjölgaði nemendum í Varmahlíðarskóla á tímabilinu 2003 til 2011 um 16, eða úr 125 í 141, sem er fjölgun um 13%.

Tafla 62: Fjöldi nemenda í Varmahlíðarskóla 2008 til 2011 og útgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs fyrir sömu ár

	2008	2009	2010	2011	Breyting á tímabilinu
Fjöldi nemenda	130	132	134	135	5
Útgjöld án innri leigu og skólaaksturs:					
Laun	124.208.402	131.468.885	134.775.964	143.493.281	15,5%
Annar kostnaður, nettó	10.005.153	10.997.458	11.622.839	16.781.258	67,7%
<b>Samtals</b>	<b>134.213.555</b>	<b>142.466.343</b>	<b>146.398.803</b>	<b>160.274.539</b>	19,4%
Á hvern nemanda:					
Laun	955.449	995.976	1.005.791	1.062.913	
Annar kostnaður, nettó	76.963	83.314	86.738	124.306	
<b>Samtals</b>	<b>1.032.412</b>	<b>1.079.290</b>	<b>1.092.528</b>	<b>1.187.219</b>	
Skólaakstur	24.321.972	28.887.591	29.587.330	28.695.485	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 62 sýnir fjölda nemenda í Varmahlíðarskóla og útgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs 2008 til 2011. Einnig sýnir taflan sérstaklega útgjöld vegna skólaaksturs vegna Varmahlíðarskóla. Eins og taflan sýnir fjölgaði nemendum í skólanum á þessu tímabili um fimm. Á sama tímabili hækka rekstrarútgjöld á verðlagi

hvors árs úr 134 millj. kr. árið 2008 í 160 millj. kr. árið 2011, eða um 19,4%. Á milli árunna 2008 og 2011 hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs þessara ára um 22,7%.

Laun hækkuðu á milli árunna 2008 og 2009 um 7,3 millj. kr. sem er hækkun um 5,9%, Þetta skýrist m.a. af því að nokkur hækkun var á launum kennara og skólastjórnenda, skv. kjarasamningum, sbr. töflu 47 hér að framan. Laun kennara hækkuðu um 11,5% og skólastjórnenda um 5,5%. Á milli árunna 2009 og 2010 hækkuðu launaútgjöld um 3,3 millj. kr. en ekki var launahækkun hjá skólastjórnendum og kennurum á milli þessara ára skv. kjarasamningum. Síðan er nokkur hækkun á milli árunna 2010 og 2011, eða um 8,7 millj. kr. sem er um 6,5%. Samkvæmt kjarasamningi áttu laun kennara og skólastjórnenda að hækka um 2,6% á milli árunna 2010 og 2011. Þannig hækkuðu launaútgjöldin nokkru meira á milli þessara ára en kjarasamningar þessara stétta segir til um.

Á milli árunna 2008 og 2011 hækkuðu launaútgjöldin samtals um 15,5%. Á þessum tíma hækkuðu launa kennara að meðaltali um 14,5% og skólastjórnenda um 8,1%. Þannig skýrist hækkun á launaútgjöldum á milli þessara ára að stórum hluta vegna kjarasamninga kennara og skólastjórnenda.

Aftur á móti hækkar annar kostnaður nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs úr 10 millj. kr. árið 2008 í 16,8 millj. kr. árið 2011, eða um 68%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs 22,7%. Þannig hækkar annar rekstrarkostnaður nokkuð umfram hækkun á vísitölu neysluverðs.

*Tafla 63: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Varmahlíðarskóla 2003 til 2012*

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	125	14,4	12,0	26,4
2004	111	12,7	12,6	25,3
2005	122	13,5	12,1	25,6
2006	144	16,6	16,4	33,0
2007	132	16,5	15,8	32,3
2008	130	15,0	17,4	32,4
2009	133	17,7	17,1	34,8
2010	134	16,4	16,3	32,7
2011	135	19,4	14,1	33,5
2012	141	17,0	13,8	30,8
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>16</b>	<b>2,6</b>	<b>1,8</b>	<b>4,4</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Tafla 63 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda í Varmahlíðarskóla frá 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir fjölgar stöðugildum samtals á árunum 2003 til 2012, úr 26,4 árið 2003 í 30,8 árið 2012, eða um 4,4 stöðugildi. Á sama tíma fjölgar nemendum um 16.

Eins og taflan sýnir er stöðugildum kennara og leiðbeinenda ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Er það nokkuð í samræmi við fækkun og fjölgun nemenda á milli ára. Á tímabilinu fjölgar stöðugildum kennara um 2,6. Einnig fjölgar stöðugildum annarra starfsmanna um 1,8, eða úr 12 stöðugildum í 13,8.

Tafla 64: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Varmahlíðarskóla 2003 til 2012

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	125	8,7	10,4	4,7
2004	111	8,7	8,8	4,4
2005	122	9,0	10,1	4,8
2006	144	8,7	8,8	4,4
2007	132	8,0	8,4	4,1
2008	130	8,7	7,5	4,0
2009	133	7,5	7,8	3,8
2010	134	8,2	8,2	4,1
2011	135	7,0	9,6	4,0
2012	141	8,3	10,3	4,6
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>16</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,1</b>

Tafla 64 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Varmahlíðarskóla 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir voru 4,7 nemendur á hvert stöðugildi í upphafi tímabilsins en eru 4,6 árið 2012, þ.e. örlítill fækkun, o,1.

Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara og leiðbeinenda var 8,7 árið 2003 en 8,3 árið 2012, skv. upplýsingum frá skólastjóra. Varðandi önnur stöðugildi þá voru 10,4 nemendur á hvert stöðugildi árið 2003 en 10,3 árið 2012. Þannig má segja að það hafi tekist nokkurn veginn að halda sama nemendafjölda á hvert stöðugildi á milli þessara ára. Hins vegar er spurt hvort ekki hefði verið mögulegt miðað við að nemendum fjölgaði um 16 að fjölga nemendum á hvert stöðugildi.

Tafla 65: Laun starfsmanna við Varmahlíðarskóla 2011

	2011		2010	
	Kennarar	Aðrir starfsmenn	Kennarar	Aðrir starfsmenn
Mánaðarlaun	76.135.269	35.140.145	69.154.300	32.828.698
Yfirvinna félagsstörf	595.171		398.782	220.030
Forfallakennsla	0		78.582	
Kennslu yfirvinna grunnskóla	2.499.016		2.384.018	
Stundakennsla	0		51.034	
Föst yfirvinna		467.409		434.987
Yfirvinna m/orlofi		323.190		540.482
Eingreiðsla	989.230	603.052		
Desemberuppbót	22.691	918.777		898.030
Annaruppbót	2.283.803		2.299.376	
Orlofsuppbót		444.558		314.461
Pottur				
Afnotagjöld síma	63.000		36.000	
Bifreiðastyrkir				
Akstur skv. akstursbók	313.500		106.320	295.250
Dagpeningar innanlands	246.700	246.700	128.800	
Orlof	376.315		351.542	
<b>Samtals</b>	<b>83.524.695</b>	<b>38.143.831</b>	<b>74.988.754</b>	<b>35.531.938</b>

Heimild: Launadeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Tafla 65 sýnir launagreiðslur vegna Varmahlíðarskóla árið 2011 án launatengdra gjalda.

Yfirvinna vegna félagsstarfa, forfallakennsla, kennslu yfirvinna og stundakennsla voru samtals 4,1% af mánaðarlaunum kennara. Til samanburðar voru launagreiðslur vegna þessa sem hlutfall af föstum launum 7,7% hjá Árskóla. Eins og fram kom hér að framan um Árskóla fá aðrir starfsmenn en kennarar einnig greidda yfirtíð. Eins og þarna kemur fram hefur verið greitt skv. akstursbók vegna afnota af eigin bifreiðum starfsmanna, samtals 313 þús. kr. árið 2011 og 401 þús. kr. vegna ársins 2010.

Tafla 66: Kostnaður á nemanda í 11 samanburðarskólum 2011

Skóli	Flúðaskóli	Grunnskólinn á Hellu	Grunnskólinn á Eskifirði	Grunnskólinn á Eyrarbakka og Stokks-eyri	Grunnskóli Bláskógabyggðar	Varmahlíðarskóli	Grunnskólinn á Blöndu-ósi	Grunnskóli Bolungarvíkur	Grunnskóli Grundarfjarðar	Höfðaskóli	Fella-skóli
Nemendafjöldi	152	148	147	138	136	135	118	110	105	101	100
Rekstrarútgjöld nettó án innri leigu	1.030.354	1.178.872	1.104.935	1.425.927	1.303.240	1.187.219	1.109.954	1.078.872	1.175.813	1.101.690	1.029.310
Laun og launatengd gjöld samtals	926.322	1.029.216	992.269	1.241.808	1.153.741	1.062.913	963.572	962.881	1.000.453	975.351	959.362
Annar rekstrarkostnaður nettó											
án innri leigu og skólaaksturs	104.031	149.656	112.667	184.118	149.500	124.306	146.381	115.991	175.360	126.339	69.948

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands

Tafla 66 sýnir rekstrarkostnað á nemanda í 11 samanburðarskólum með nemendur á bilinu frá 100 og upp í 152 á árinu 2011. Í útgjöldunum er ekki meðtalin kostnaður vegna innri leigu og skólaaksturs. Eins og taflan sýnir voru tveir af þessum skólum með hærri rekstrarútgjöld á hvern nemanda en Varmahlíðarskóli.

Sömu leiðis voru tveir af þessum skólum með hærri launakostnað á hvern nemanda en Varmahlíðarskóli. eru það sömu skólarnir og höfðu hærri heildarútgjöld.

Síðan eru sex skólar með hærri annan rekstrarkostnað en Varmahlíðarskóli.

Tafla 67: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólunum árið 2011

Skóli	Flúða- skóli	Grunn- skólinn á Hellu	Grunn- skólinn á Eskifirði	Grunn- skólinn á Eyrar- bakka og Stokkseyri	Grunn- skóli Blá- skóga- byggðar	Varma- hlíðar- skóli	Grunn- skólinn á Blöndu- ósi	Grunn- skóli Bolungar- víkur	Grunn- skóli Grundar- fjarðar	Höfða- skóli
Nemendafjöldi 2011	152	148	147	138	136	135	118	110	105	101
Fjöldi stöðugilda samtals	30,1	31,8	28,0	33,9	25,6	33,5	21,9	23,4	18,5	25,3
Fjöldi stöðugilda kennara	19,3	21,9	19,1	21,7	21,7	19,4	15,8	13,7	13,2	20,5
Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	10,8	9,9	8,9	12,2	3,9	14,1	6,1	9,7	5,3	4,8

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 67 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólunum 2011.

Tafla 68: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011

Skóli	Grunn- skóli Grundar- fjarðar	Grunn- skólinn á Blöndu- ósi	Grunn- skóli Blá- skóga- byggðar	Grunn- skólinn á Eskifirði	Flúða- skóli	Grunn- skólinn á Hellu	Grunn- skóli Bolungar- víkur	Grunn- skólinn á Eyrar- bakka og Stokks- eyri	Höfða- skóli	Varma- hlíðar- skóli
Fjöldi nemenda 2011	105	118	136	147	152	148	110	138	101	135
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi	5,7	5,4	5,3	5,3	5,0	4,7	4,7	4,1	4,0	4,0
Nemendur á hvert stöðugildi kennara	8,0	7,5	6,3	7,7	7,9	6,8	8,0	6,4	4,9	7,0
Nemendur á stöðugildi annarra en kennara	19,8	19,3	34,9	16,5	14,1	14,9	11,3	11,3	21,0	9,6

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 68 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011. Eins og taflan sýnir eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi í Varmahlíðarskóla og Höfðaskóla af þessum skólum, eða 4 nemendur á hvert stöðugildi. Flestir eru nemendurnir í Grunnskóla Grundarfjarðar, eða 5,7. Fjórir skólar eru með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Varmahlíðarskóli. Hins vegar eru nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna langfæstir í Varmahlíðarskóla.

Tafla 69: Fjöldi nemenda í hverjum árgangi og bekkjardeild í Varmahlíðarskóla skólaárið 2011/2012

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
Fjöldi nemenda	13	11	13	14	10	19	19	15	10	17	141

Heimild: Skólastjóri

Tafla 69 sýnir fjölda nemenda í hverjum árgangi og hverri bekkjardeild skólaárið

2011/2012. Eins og taflan sýnir eru bekkjardeildir frekar fámennar. Að meðaltali eru 14 nemendur í hverri bekkjardeild. Miðað við það á að vera auðvelt að kenna árgöngum saman og með því fækka bekkjardeildum. Ef gengið væri út frá því að 20 nemendur væru í hverri bekkjardeild að meðaltali væri hægt að fækka um a.m.k. þrjár bekkjardeildir. Ef kennslufræðileg rök eða önnur standa ekki gegn því á að vera auðvelt að koma þessu þannig fyrir.

Í viðræðum við skólastjóra Varmahlíðarskóla kom fram að hann stefndi að því að taka upp kennslu með blönduðum árgöngum á næsta skólaári. Viðmiðunar kennslustundir í hverjum árgangi eru frá 30 upp í 37 klst. á viku. Miðað við að kennsluskylda kennara sé 26 klst. má gera ráð fyrir, náist þetta fram að ganga, að hægt sé að fækka um a.m.k. þrjár kennarastöður, sem gerir a.m.k. um 18 millj. kr. í sparnað miðað við heilt ár.

Í viðræðum við skólastjóra kom fram að samkomulag væri við starfsmenn um að þurfi að vinna yfirtíð taki þeir frí á móti. Einn kennari, sem hefur kennsluskyldu 26 klst., hefur kennt 28 klst.

Húsvörður er í 100% starfi. Auk þess að sjá um húsnæðið keyrir hann mat í leikskólann. Tekur vaktir í sundlaug tvisvar í viku þrjár klukkustundir í senn, sem er hluti af daglegum störfum hans. Hann annast einnig húsnæði íþróttamiðstöðvarinnar. Hann er með fasta yfirtíð en hefur fengið í sumum tilfella greitt aukalega fyrir útköll. Skólahúsnæðið er opnað kl. 7:30 og sér húsumsjónarmaður um það. Síðan hefst kennsla kl. 8:30. Húsumsjónarmaður er yfirleitt mættur kl. 7:00. Yfir sumarmánuðina sinnir hann ýmsum viðhaldsverkefnum. Hann hefur einnig haft umsjón með fjórum kennaraíbúðum og þremur félagslegum íbúðum sem eru í Varmahlíð en er að mestu hættur því núna. Það er mat skýrsluhöfundar að fela eigi honum einnig húsumsjón með húsnæði leikskólans Birkilundar.

Veittur er morgunmatur og hádegismatur alla virka daga vikunnar fyrir nemendur og kennara. Síðan er síðdegiskaffi fyrir kennara tvisvar í viku og nemendur einu sinni í viku. Hráefniskaup vegna mötuneytis hafa verið rekin í sérstöku félagi. Hefur ritari skólans haldið utan um innkaup og innheimtu vegna matarkaupa nemenda og kennara. Þó þessi háttur sé hafður á ber að leggja áherslu á að formlegt uppgjör fari fram á bókhaldi félagsins því það er á ábyrgð sveitarfélagsins. Innheimt hefur verið fullt gjald af nemendum og kennurum vegna hráefniskaupa.

Ritari er í 80% starfi. Auk þess að sjá um fjárreiður félags um mötuneyti annast ritarinn símsvörun fyrir skólann, skráningu nemenda, ljósritun og skjalavörslu fyrir skólann auk annarra tilfallandi verkefna.

Skólastjóri annast jafnframt stjórnun íþróttamannvirkja sem eru í Varmahlíð. Varðandi baðvörslu er alltaf karl og kona í hvorum baðklefa á skólatíma. Skólaliðar og húsvörður hafa gegnt þessum störfum auk starfa við skólann.

Fram kom í máli skólastjóra að hann vildi að starfsmennirnir væru áfram starfsmenn skólans þegar þeir gegna baðvörslu en skólinn fengi síðan sérstaka greiðslu frá frístundasviðinu vegna þessa.

Sjö bílar eru við skólaakstur. Lengsta keyrslan varir í um 50 mínútur.

Skólastjórar Varmahlíðarskóla og Árskóla hafa náð samkomulagi við kennara um að vera allan viðverutímann í skólanum. Mánudaga til fimmtudaga er viðveran til kl. 15:30 og til kl. 14:00 á föstudögum.

## GRUNNSKÓLINN AUSTAN VATNA

Grunnskólinn austan vatna var sameinaður í eina stofnun 1. ágúst 2007. Skólinn starfar á þremur stöðum, á Hofsósi, Hólum og Sólögörðum í Fljótum. Á Hólum og Sólögörðum eru nemendur í 1.-7. bekk. Grunnskóli á Hofsósi er jafnframt safnskóli fyrir þessa tvo skóla og er með nemendur í 1. -til 10. bekk. Nemendur í Grunnskólanum austan vatna, veturinn 2011-2012 eru samtals 81 talsins. Á Sólögörðum eru 11 nemendur, Grunnskólanum Hofsósi 49 nemendur og á Hólum er 21 nemandi.

Við skólann starfar skólastjóri sem er með aðsetur á Hofsósi. Síðan er aðstoðarskólastjóri, sem er á Hólum. Starfsvettvangur hans er eingöngu þar og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri skólans á Hólum. Jafnframt annast hann Mentor og sjálfsmat fyrir skólann.

Í viðræðum við skólastjóra kom fram að kennsluskylda skólastjóra væru fimm klst. en hann mætti kenna í níu klukkustundir. Það sem væri umfram fimm klukkustundir væri þá greitt í yfirvinnu. Hann hefur kennt þessa umfram tíma, skv. upplýsingum skólastjóra.

Kennarar hafa ekki verið í frímínútnagæslu nema kennarar á Sólögörðum. Fá þeir greitt fyrir það í yfirvinnu skv. kjarasamningi. Kennarar hafa greitt fyrir matinn en skólaliðar hafa fengið frían mat þar sem þeir gæta nemenda jafnframt í matartímanum.

Húsvörður fær greitt fyrir akstur 300 km á mánuði og að auki er hann með fasta yfirtíð. Hann er staðsettur á Hofsósi. Sinnir jafnframt húsnæðinu á Sólögörðum. Auk hans hafa matráður og skólaliðar fengið greidda fasta yfirtíð. Þetta hefur nú verið tekið af nema hjá skólaliða á Hólum.

Ef stuðningsfulltrúar hafa gætt nemenda vegna forfalla kennara hafa þeir fengið greiddar aukalega 30 mínútur í yfirtíð. Það er mat skýrsluhöfundar að ekki beri að greiða þetta og að hér sé verið að nota ákvæði í kjarasamningi við kennara, sem ekki á við hér. Gera verður ráð fyrir að ráðningarsamningar þessara starfsmanna og skólaliða séu þannig að hægt sé að fela þeim að gæta barna í undantekningartilfellum í forföllum kennara án þess að aukagreiðsla komi til. Með þessari aukagreiðslu er í reynd verið að greiða viðkomandi starfsmanni tvöföld laun þann tíma sem greitt er aukalega.

Íþróttakennari fer að Hólum tvisvar í viku hverri á eigin bíl og hefur fengið greitt fyrir það þótt skólinn hafi bifreið til afnota. Almennir starfsmenn fá frí á launum umfram samningsbundin frí. Þetta þarf að taka til athugunar.

Skólastjóri hefur annast kennslu í matreiðslu á Hólum og fer hann þangað einu sinni viku vegna þessa. Hann hefur notað sinn eigin bíl í þetta og fengið greiddan bifreiðastyrk fyrir það.

### Tafla 70: Fjöldi nemenda í Grunnskólanum austan vatna og forverum hans 2003 til 2012

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Mars Breyting 2003/2012
Nemendafjöldi v	89	78	78	71	91	89	94	85	77	80	-9

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 70 sýnir fjölda nemenda í Grunnskólanum austan vatna og samtals í skólunum fyrir sameiningu á árunum 2003 til 2012. Eins og þarna kemur fram fækkar nemendum við skólann um 9 frá 2003 til 2012. Eins og fram kemur í töflunni er nokkur breyting á fjölda nemenda á milli ára, ýmist fækkar nemendum eða fjölgar. Þannig voru nemendurnir flestir árið 2009, eða 94. Ástæðan fyrir þessu er breyting á fjölda nemenda á Hólum, sem ræðst nokkuð af því hvað mörg grunnskólabörn fylgja nemendum við háskólann þar á hverju ári.

Tafla 71: Fjöldi nemenda í Grunnskólanum austan vatna 2008 til 2011 og útgjöld nettó án innri leigu og kostnaðar vegna skólaaksturs.

	2008	2009	2010	2011	Breyting á tímabilinu
Fjöldi nemenda	89	94	85	77	-12
Útgjöld án innri leigu og skólaaksturs:					
Laun	106.553.472	121.812.811	127.325.205	134.890.735	26,6%
Annar kostnaður, nettó	20.636.696	18.278.486	18.797.882	16.873.092	-18,2%
<b>Samtals</b>	<b>127.190.168</b>	<b>140.091.297</b>	<b>146.123.087</b>	<b>151.763.827</b>	19,3%
Á hvern nemenda:					
Laun	1.197.230	1.295.881	1.497.944	1.751.828	
Annar kostnaður, nettó	231.873	194.452	221.152	219.131	
<b>Samtals</b>	<b>1.429.103</b>	<b>1.490.333</b>	<b>1.719.095</b>	<b>1.970.959</b>	
Skólaakstur	25.763.812	27.725.399	28.731.977	28.709.856	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 71 sýnir fjölda nemenda í Grunnskólanum austan vatna og útgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs 2008 til 2011. Einnig sýnir taflan sérstaklega útgjöld vegna skólaaksturs vegna Grunnskólans austan vatna. Eins og taflan sýnir fækkaði nemendum í skólanum á þessu tímabili um 12. Á milli árunna 2008 og 2009 fjölgaði þeim, en fækkaði bæði árið 2010 og 2011. Á tímabilinu hækka rekstrarútgjöld á verðlagi hvors árs úr 127,2 millj. kr. árið 2008 í 151,8 millj. kr. árið 2011, eða um 19,3%.

Laun hækkuðu á milli árunna 2008 og 2009 um 15,3 millj. kr. sem er hækkun um 14,3%, Þetta skýrist m.a. af því að laun kennara og skólastjórna hækkuðu nokkuð skv. kjarasamningum, sbr. töflu 47 hér að framan. Laun kennara hækkuðu um 11,5% og skólastjórna um 5,5%. Samkvæmt þessu hækkuðu launaútgjöld meira en sem nemur hækkun launa kennara og skólastjórna á milli þessara ára skv. kjarasamningi. Á milli árunna 2009 og 2010 hækkuðu launaútgjöld um 5,5 millj. kr. en ekki var um að ræða launahækkun hjá skólastjórnendum og kennurum á milli þessara ára skv. kjarasamningum. Á milli árunna 2009 og 2010 fækkaði nemendum um 9.

Síðan hækka laun á milli árunna 2010 og 2011 um 7,6 millj. kr. sem er um 5,9%. Samkvæmt kjarasamningi áttu laun kennara og skólastjórna að hækka um 2,6% á milli árunna 2010 og 2011. Þannig hækkuðu launaútgjöldin nokkru meira á milli þessara ára en kjarasamningar þessara stétta segir til um. Nemendum fækkaði um 8.

Á milli árunna 2008 og 2011 hækkuðu launaútgjöldin samtals um 26,6%. Á þessum tíma hækkuðu laun kennara að meðaltali um 14,5% og skólastjórna um 8,1%. Þannig má ljóst vera að launaútgjöld við skólann hafa hækkað mun meira á þessu



tímabili en kjarasamningar segja til um þrátt fyrir fækkun nemenda.

Aftur á móti lækkar annar kostnaður nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs úr 20,6 millj. kr. árið 2008 í 16,9 millj. kr. árið 2011, eða um 3,7 millj. kr.

*Tafla 72: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum austan vatna 2003 til 2012*

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	89	17,5	9,2	26,7
2004	78	14,0	7,6	21,6
2005	78	14,2	8,3	22,5
2006	71	14,3	9,1	23,4
2007	91	18,2	11,8	30,0
2008	89	17,9	13,2	31,1
2009	94	19,5	13,7	33,2
2010	85	19,0	10,9	29,9
2011	77	17,9	13,4	31,3
2012	80	13,9	9,2	23,1
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>-9</b>	<b>-3,6</b>	<b>0</b>	<b>-3,6</b>

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna ársins 2012

Tafla 72 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda í Grunnskólanum austan vatna 2003 til 2012.

Skólastjóri hefur gert athugasemdir við fjölda stöðugilda skv. töflu 72 og telur hann í sumum tilfellum ekki réttan nema þá vegna 2012, en það eru upplýsingar frá skólastjóra. Aðrar upplýsingar í töflunni eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Hér er um opinberar tölur að ræða, sem skólinn á að hafa fengið til skoðunar áður en þær voru birtar. Leggja ber áherslu á að skólayfirvöld fylgist með opinberum tölum sem birtast um þessi efni. Mikilvægt er að upplýsingarnar séu réttar. Gerður er fyrirvari á töflunni með hliðsjón af þessu. Skýrsluhöfundur hefur ekki borist leiðrétting á töflunni.

Eins og taflan sýnir þá fækkar nemendum á þessum tímabili um 9, eða fara úr 89 nemendum árið 2003 í 80 nemendur 2012. Hins vegar er nemendum ýmist að fjölga eða fækka á milli ára á tímabilinu. Flestir voru nemendurnir árið 2009, eða 94. Á sama tíma fækkar stöðugildum við skólann um 3,6. Stöðugildum fækkaði mikið milli árána 2011 og 2012. Bæði fækkar stöðugildum kennara og annarra starfsmanna. Kennurum fækkar um 3,6 stöðugildi á tímabilinu en stöðugildi annarra starfsmanna standa í stað. Hins vegar breytist fjöldi stöðugilda nokkuð á milli ára. Þannig voru flest stöðugildi kennara og annarra starfsmanna árið 2009, eða 19,5 og 13,7 stöðugildi annarra starfsmanna, eða samtals 33,2.

Á milli árána 2011 og 2012 fækkar stöðugildum kennara úr 17,9 í 13,9 eða um fjögur. Jafnframt fækkar stöðugildum annarra starfsmanna úr 13,4 í 9,2, eða um 4,2 stöðugildi. Samkvæmt þessu fækkar við skólann um 8,2 stöðugildi á milli árána 2011 og 2012.

*Tafla 73: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum austan vatna 2003 til 2012*

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2003	89	5,1	9,7	3,3
2004	78	5,6	8,5	3,6
2005	78	5,5	10,3	3,5
2006	71	5,0	8,6	3,0
2007	91	5,0	10,0	3,0
2008	89	5,0	7,5	2,9
2009	94	4,8	7,1	2,8
2010	85	4,5	6,2	2,8
2011	77	4,3	7,1	2,5
2012	80	5,8	8,7	3,5
<b>Breyting 2003/2012</b>	<b>-9</b>	<b>0,7</b>	<b>-1,0</b>	<b>0,1</b>

Tafla 73 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskólanum austan vatna og forverum hans fyrir sameiningu frá 2003 til 2012. Eins og taflan sýnir fór nemendum á hvert stöðugildi við skólann fækkandi frá árinu 2003 til 2011. Hafa ber fyrirvara á þessu sbr. hér að framan. Gildi það bæði hvað varðar kennara og aðra starfsmenn. Árið 2011 voru nemendur á hvert stöðugildi kennara komnir niður í 4,3 og annarra starfsmanna í 7,1 nemanda. Fyrir stöðugildi samtals voru nemendur komnir niður í 2,5 á hvert stöðugildi. Hins vegar fjölgar nemendum á hvert stöðugildi bæði kennara og annarra starfsmanna á milli árána 2011 og 2012.

Tafla 74: Laun starfsmanna við Grunnskólann austan vatna 2011

	2011		2010	
	Aðrir		Aðrir	
	Kennarar	starfsmenn	Kennarar	starfsmenn
Mánaðarlaun	68.541.114	27.637.978	66.710.066	22.943.487
Yfirvinna félagsstörf	2.652.613		3.124.693	
Forfallakennsla	1.305.178		1.564.109	
Kennslu yfirvinna grunnskóla	1.863.527		2.098.630	
Stundakennsla	381.754		72.048	
Föst yfirvinna		479.612		444.733
Yfirvinna <b>m/orlofi</b>		1.921.314		1.996.736
Eingreiðsla	886.587	447.161		
Desemberuppbót		667.375		600.020
Annaruppbót	2.296.537	63.895	2.138.922	
Orlofsuppbót		310.024		212.899
Pottur				
Afnotagjöld síma	36.000		36.000	
Bifreiðastyrkir				
Akstur skv. akstursbók	1.665.606	969.140	2.156.263	1.221.532
Dagpeningar innanlands		27.200	15.100	
Orlof	769.345		867.407	
<b>Samtals</b>	<b>80.398.261</b>	<b>32.523.699</b>	<b>78.783.238</b>	<b>27.419.407</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 74 sýnir launakostnað við Grunnskólann austan vatna árin 2010 og 2011. Yfirvinnugreiðslur til kennara vegna félagsstarfa, forfallakennslu, kennslu yfirvinnu og stundakennslu voru 9,1% af mánaðarlaunum árið 2011 og 10,3% árið 2010. Til samanburðar var þetta hlutfall fyrir Árskóla árið 2011 7,7% og Varmahlíðarskóla 4,1%. Þannig má ljóst vera að nokkuð er mismunandi á milli skólanna hvað mikið er greitt í yfirtíð vegna kennara sem hlutfall af föstum launum þeirra. Mikilvægt verður að telja að skólayfirvöld marki stefnu í þessum málum, þannig að það sé ekki á valdi skólastjóra hvað greitt er mikið í yfirtíð í hverjum skóla fyrir sig.

Einnig er hlutfall yfirtíðar hjá öðrum starfsmönnum nokkuð hátt, eða 8,7% og 10,6% hvort ár. Eins og fram hefur komið hér að framan greiða sum önnur sveitarfélög ekki yfirtíð vegna annarra starfsmanna við grunnskóla nema þá vegna húsvarða. Enda lýkur skólalaldi yfirleitt löngu áður en dagvinnutíma lýkur.

Einnig vekur athygli mikill kostnaður vegna aksturs skv. akstursbók með hliðsjón af því að skólinn hefur bifreið til afnota. Samtals var þessi kostnaður 2.635 þús. kr. árið 2011 og 3.378 kr. árið 2010.

Leggja ber áherslu á að skólalald sé skipulagt þannig að þörf fyrir notkun á bifreið stangist ekki á. Einnig ber að leggja áherslu á, ef stofnun hefur bifreið til afnota, að þá sé ekki heimilt að greiða bifreiðastyrki til starfsmanna skv. akstursbók. Þetta ætti að vera auðvelt vegna skólans með hliðsjón af því hversu fáir starfsmenn það eru sem þurfa að aka milli kennslustaða. Það er mat skýrsluhöfundar að þeir starfsmenn, sem hafa haft fastan bifreiðastyrk, eigi einnig að nota bifreið þá sem skólinn hefur til afnota

þannig að ekki sé um neinar greiðslur á bifreiðastyrkjum að ræða hjá stofnuninni.

*Tafla 75: Kostnaður á nemanda í samanburðarskólum 2011*

Skóli	Flóa-skóli	Vopna-fjarðar-skóli	Þela-merkur-skóli	Heiðar-skóli	Grunn-skólinn á Hólma-vík	Grunn-skólinn austan vatna	Lauga-lands-skóli í Holtum	Grunn-skólinn á Þórshöfn	Seyðis-fjarðar-skóli	Greni-víkur-skóli	Húna-valla-skóli
Nemendafjöldi	92	91	85	84	81	77	76	73	70	61	60
Rekstrarútgjöld nettó án innri leigu	1.247.222	1.227.292	1.220.454	1.444.356	1.228.094	1.970.959	1.158.001	1.365.778	1.500.490	1.146.677	1.591.347
Laun og launatengd gjöld samtals	1.069.040	1.053.324	1.031.277	1.202.840	1.143.961	1.751.828	1.014.034	1.182.708	1.393.386	1.042.946	1.422.319
Annar rekstrarkostnaður nettó											
án innri leigu og skólaaksturs	178.182	173.968	189.178	241.516	84.133	219.131	143.967	183.071	107.104	103.731	169.028

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands varðandi fjölda nemenda

Tafla 75 sýnir útgjöld nettó án innri leigu og kostnaðar vegna skólaaksturs á hvern nemanda í samanburðarskólunum við Grunnskólann austan vatna árið 2011.

Eins og taflan sýnir kemur skólinn ekki vel út í þessum samanburði. Sá skóli sem kemur næstur með rekstrarútgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs er Húnavallaskóli þar sem útgjöldin voru 1.591 þús. kr. á hvern nemanda, eða 379 þús. kr. lægri en hjá Grunnskólanum austan vatna. Miðað við 77 nemendur gerir þetta 29,2 millj. kr. Mismunurinn í launakostnaði á milli þessara skóla á hvern nemanda var á árinu 2011 330 þús. kr. Sá skóli sem kemur næst er Seyðisfjarðarskóli. Skýrsluhöfundur er kunnugt um að þar hefur nú þegar verið tekið til hendinni til að ná niður kostnaði.

Skýringin á svo háum kostnaði við rekstur Grunnskólans austan vatna liggur að hluta til í því rekstrarfyrirkomulagi sem haft er við skólann, þ.e. að reka hann á þremur stöðum. Það er mat skýrsluhöfundar að með ákveðnum breytingum í rekstrarfyrirkomulagi skólans eigi að vera hægt að ná fram verulegum sparnaði án þess að það komi á nokkurn hátt niður á þjónustunni eða gæðum skólans. Ef eitthvað er ætti að vera hægt að gera þetta þannig að bæði þjónustan og gæði aukist.

*Tafla 76: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólunum árið 2011*

	Flóa-skóli	Vopna-fjarðar-skóli	Þela-merkur-skóli	Heiðar-skóli	Grunn-skólinn á Hólma-vík	Grunn-skólinn austan vatna	Lauga-lands-skóli í Holtum	Grunn-skólinn á Þórs-höfn	Seyðis-fjarðar-skóli	Greni-víkur-skóli	Húna-valla-skóli
Fjöldi nemenda	92	91	85	84	81	77	76	73	70	61	60
Fjöldi stöðugilda samtals	20,5	21,1	17,8	21,7	16,8	31,3	15,7	14,3	16,6	12,1	14,2
Fjöldi stöðugilda kennara	14,2	12,8	12,4	14,5	10,6	17,9	9,2	12,1	12,1	10,4	8,2
Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	6,3	8,3	5,4	7,2	6,2	13,4	6,5	2,2	4,5	1,7	6,0

Heimild Hagstofa Íslands

Tafla 76 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarskólunum. Eins og taflan sýnir eru stöðugildin hjá Grunnskólanum austan vatna miklu fleiri en hjá hinum skólunum. Stöðugildin eru nánast tvisvar sinnum fleiri í Grunnskólanum austan vatna en í næsta skóla, þar sem er einum nemanda færri, og jafnframt í skóla þar sem eru fjórum fleiri nemendur. Skýringin liggur eins og áður að hluta til í rekstrarfyrirkomulagi skólans. Einnig er gerður fyrirvari um fjölda stöðugilda hjá Grunnskólanum austan vatna vegna athugasemda frá skólastjóra, sbr. hér að framan.

Tafla 77: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011

	Grunnskólinn á Þórshöfn	Grenivíkurskóli	Laugalandsskóli í Holtum	Grunnskólinn á Hólmarvík	Þelamerkurskóli	Flóaskóli	Vopnafjarðarskóli	Seyðisfjarðarskóli	Húnavaðalskóli	Heiðarskóli	Grunnskólinn austan vatna
Fjöldi nemenda	73	61	76	81	85	92	91	70	60	84	77
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi	5,1	5,0	4,8	4,8	4,8	4,5	4,3	4,2	4,2	3,9	2,5
Nemendur á hvert stöðugildi kennara	6,0	5,9	8,3	7,6	6,9	6,5	7,1	5,8	7,3	5,8	4,3
Nemendur á stöðugildi annarra en kennara	33,2	35,9	11,7	13,1	15,7	14,6	11,0	15,6	10,0	11,7	5,7

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 77 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011. Eins og fram kemur í töflunni kemur Grunnskólinn austan vatna ekki vel út í þessum samanburði með 2,5 nemendur á hvert stöðugildi. Jafnframt er skólinn með fæsta nemendur á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna.

Varðandi fjölda nemenda í árgöngum og bekkjardeildum þá vísast í greinargerð og tillögu nefndar sem vann að gerð tillögu um framtíðarskipan skólamála austan vatna. Í nefndinni áttu sæti auk skýrsluhöfundar Bjarki Tryggvason, formaður nefndarinnar, Rúnar Vífilsson og Sigfús Ingi Sigfússon. Með nefndinni starfaði Herdís Á Sæmundardóttir, fræðslustjóri.

## GRUNNSKÓLARNIR SAMANTEKIÐ

Samkvæmt upplýsingum frá launadeild hafa skólastjórar raðað kennurum niður í launaflokka. Það verður að teljast eðlilegt að launadeildin annist þetta verkefni og deildin fá allar upplýsingar um kennara til að meta röðun þeirra í launaflokka. Vegna nálægðar skólastjóra við kennara er óæskilegt að þetta verkefni sé í þeirra höndum.

Tafla 78: Launaútgjöld í grunnskólum Sveitarfélagsins Skagafjörður árið 2011 og fjöldi nemenda og stöðugilda haustið 2011.

	Launaútgjöld samtals 2011	Launaútgjöld á hvern nemanda 2011	Fjöldi nemenda 2011	Fjöldi stöðugilda kennara	Fj. Stöðugilda annarra starfsm.	Fjöldi stöðugilda samtals	Fj. nemenda á hvert stöðugildi kennara	Fj. nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna	Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi
Árskóli	344.842.922	891.067	387	45,6	30,0	75,6	8,5	12,9	5,1
Varmahlíðarskóli	143.493.281	1.062.913	135	19,4	14,1	33,5	7,0	9,6	4,0
Grunnskólinn austan vatna	134.890.735	1.751.828	77	17,9	13,4	31,3	4,3	5,7	2,5
<b>Samtals</b>	<b>623.226.938</b>	<b>1.210.149</b>	<b>599</b>	<b>82,9</b>	<b>57,5</b>	<b>140,4</b>	<b>7,2</b>	<b>10,4</b>	<b>4,3</b>

Heimild: Sveitarfélagð Skagafjörður og Hagstofa Íslands

Tafla 78 sýnir samandregið það sem fjallað hefur verið um hér að framan, annars vegar launaútgjöld á árinu 2011 og hins vegar nemendafjölda og fjölda stöðugilda haustið 2011 í grunnskólum Sveitarfélagsins Skagafjörður.

Eins og tafla 78 sýnir voru samantekin laun allra grunnskólanna í Sveitarfélaginu Skagafjörður á árinu 2011 623,2 millj. kr., sem var 35% af heildar launaútgjöldum sveitarfélagsins árið 2011, A-hluti. Launakostnaður á hvern nemanda var frá 891 þús. kr. á hvern nemanda, þar sem hann var lægstur í Árskóla, upp í 1.752 þús. kr. á hvern nemanda þar sem hann var hæstur í Grunnskólanum austan vatna. Að meðaltali fyrir

alla skólana var launakostnaður á hvern nemanda í grunnskólum sveitarfélagsins 1.210 þús. kr., sem er nokkuð hátt samanborið við launakostnað hjá mörgum öðrum sveitarfélögum.

Haustið 2011 voru samtals í 140,4 stöðugildi við skólana. Flest voru stöðugildin við Árskóla, eða 75,6 samtals. Stöðugildi kennara voru samtals 82,9, flest í Árskóla, eða 45,6. Í öðrum störfum en kennara voru 57,5 stöðugildi, þar af voru 30 stöðugildi við Árskóla, 14,1 við Varmahlíðarskóla og 13,4 við Grunnskólann austan vatna.

Að meðaltali voru 7,2 nemendur á hvert stöðugildi kennara í sveitarfélaginu, 10,4 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna og 4,3 nemendur á hvert stöðugildi samtals.

#### Tafla 79: Útgjöld vegna skólaaksturs og nemendaferða árið 2011

	Skólaakstur	Nemendaferðir
Árskóli	27.587.610	2.689.889
Varmahlíðarskóli	28.695.485	472.060
Grunnskólinn austan vatna	28.709.856	2.364.869
<b>Samtals</b>	<b>84.992.951</b>	<b>5.526.818</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 79 sýnir útgjöld hjá sveitarfélaginu vegna skólaaksturs og nemendaferða árið 2011. Eins og þarna kemur fram kostaði skólaakstur sveitarfélagið á árinu 2011 um 85 millj. kr. Hér er um verulegan kostnað að ræða og mikilvægt að aðhalds sé gætt við aksturinn.

Eins og samningar eru þarf að greiða akstur fyrir ferð fram og til baka. Því er mikilvægt t.d. að nýta skólabíl, sem fer austan vatna, þannig að hann fari með nemendur báðar leiðir ef því verður við komið. Í viðræðum við skólastjóra kom fram að dæmi væru um að tveir bílar væru í notkun á sömu leið og færu í sitt hvora áttina. Spurt er hvort ekki sé mögulegt að skipuleggja skólահaldið þannig að sami bíllinn keyrði nemendurna. Með því væri hægt að ná fram sparnaði. Einnig er lögð áhersla á að skólaaksturinn sé boðinn út reglulega.

Mikill kostnaður er vegna nemendaferða en hann var 5.527 þús. kr. samtals hjá öllum skólunum. Er þessi kostnaður í hærra lagi miðað við það sem skýrsluhöfundur þekkir til annars staðar frá. Það vekur athygli hversu kostnaðurinn er lágur hjá Varmahlíðarskóla í samanburði við hina tvo skólana. Einnig að kostnaðurinn skuli vera svipaður hjá Grunnskólanum austan vatna og Árskóla miðað við fjölda nemenda í hvorum skóla.

### TÓNLISTARSKÓLI SKAGAFJARÐAR

Tónlistarskólinn hefur aðsetur á Sauðárkróki en sinnir tónlistarkennslu í öllum Skagafirði. Kennslustaðir eru fimm talsins og fara kennarar á milli staða eftir því sem þörf er á hverju sinni. Skólinn hefur útibú á Hofsósi og í Varmahlíð en fær aðstöðu í Grunnskólunum á Hólum og Sólgörðum.

Við skólann starfar skólastjóri í 100% og tveir aðstoðarskólastjórar, hvor í 30% starfi sem aðstoðarskólastjóri og 70% starfi sem kennari auk annarra kennara við skólann. Ekki eru fleiri starfsmenn í yfirstjórn skólans.

Annar aðstoðarskólastjórinn er með aðsetur á Hofsósi og hinn í Varmahlíð.

Skólaárið 2011/2012 var 271 nemandi við skólann, þar af 90 nemendur í Varmahlíð og 137 í Árskóla. Öll kennsla fer fram í einkatímum þannig að ekki er um að ræða hópkenndu hjá skólanum. Í almennri deild er einn tími á viku og fer kennslan fram fyrir hvern nemanda í 30 mínútur. Þessir nemendur sækja ekki tónfræði.

Söngdeildin hefur verið lögð niður en í staðinn er boðið upp á söngnámskeið.

Þeir sem lokið hafa fyrsta stigi (almennri deild) fara í áfangadeild og sækja þá tvo tíma í viku 30 mínútur í hvort sinn og að auki tíma í tónfræði.

Á Sauðárkróki koma nemendur í tíma í tónlistarskólanum eftir að skóla lýkur í Árskóla.

Tónlistarskólinn hefur tvær bifreiðar til afnota fyrir skólann vegna kennslu í Varmahlíð, Hofsósi og Sólgörðum. Öll kennsla á Sauðárkróki fer fram í húsnæði tónlistarskólans. Á hinum stöðunum hefur tónlistarskólinn sérstaka aðstöðu á hverjum stað í húsnæði grunnskólans.

#### Tafla 80: Útgjöld vegna launa við Tónlistarskóla Skagafjarðar árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun kennara	49.371.472	
Ræstingarlaun	682.200	
Yfirvinna/álag	2.646.172	5,4%
Launatengd gjöld	13.536.565	
Bifreiðastyrkir	1.787.849	
<b>Samtals</b>	<b>68.024.258</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 80 sýnir launaútgjöld og bifreiðastyrki á árinu 2011 vegna tónlistarskólans. Eins og taflan sýnir voru yfirvinnugreiðslur um 5,4% af mánaðarlaunum kennara. Þrátt fyrir að tónlistarskólinn hafi tvo bíla til umráða var nokkuð um greiðslu bifreiðastyrkja á árinu 2011, eða um 1,8 millj. kr. Leggjja ber áherslu á að fyrir næsta skólaár verði skólustarfið skipulagt þannig að hægt sé að nota þær bifreiðar, sem skólinn hefur til umráða, þannig að ekki þurfi að greiða bifreiðastyrki.

#### Tafla 81: Tekjur og heildar rekstrarkostnaður vegna Tónlistarskóla Skagafjarðar árið 2011

Tekjur af skólagjöldum og hljóðfæraleigu	11.936.020
Heildar rekstrarkostnaður	80.903.020
<b>Tekjur sem hlutfall af rekstrarkostnaði</b>	<b>14,8%</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 81 sýnir tekjur af skólagjöldum og hljóðfæraleigu og heildar rekstrarkostnað Tónlistarskóla Skagafjarðar. Eins og taflan sýnir voru tekjur skólans um 15% af rekstrarkostnaði við hann.

**Tafla 82: Gjaldskrár tónlistarskóla hjá nokkrum sveitarfélögum vorið 2012**

	Tónlistarskóli Skagafjarðar <sup>1)</sup>	Tónlistarskóli Vestmannaeyja <sup>2)</sup>	Tónlistarskóli Ísafjarðar <sup>1)</sup>	Tónlistarskóli Borgarfjarðar <sup>2)</sup>	Tónlistarskóli Fljótsdalshéraðs	Tónlistarskóli Seltjarnarness <sup>1)</sup>	Tónlistarskólar í Fjarðabyggð <sup>2)</sup>	Tónlistarskólinn á Akranesi <sup>1)</sup>
Byrjendur 8 ára og yngri (1/2 nám); kennslutími 2*15 mín. á viku			44.700					
Eldri byrjendur og nemendur 1. stigi: 2*20 mín á viku			53.600					
Forskóli						38.300		34.335
Hljóðfæranám	59.598	29.300	69.900	29.458	59.000	78.100	26.800/53.600 <sup>3)</sup>	66.380
Hljóðfæranám, fullorðnir				101.970				
Hljóðfæranám, framhaldsnám	70.191				65.200	84.900		72.100
Hljóðfæranám (1/2 nám)	39.735	17.100		17.755	44.500		17.900/35.800	42.345
Söngnám		40.300	53.600		59.000			
Söngnám (1/2 nám)		22.600						
Blokkflauta, 2 eða fleiri		14.650						
Innritunargjald		4.250						
Hljóðfæraleiga	10.000	4.250	7.800	5.665	11.000	8.650	5.500	
1) Gjald fyrir vor- og haustönn								
2) Gjald fyrir vorönn								
3) 20 ára og yngri/21 árs og eldri								

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 82 sýnir gjaldskrár hjá nokkrum tónlistarskólum vorið 2012. Taflan sýnir ekki öll gjöld sem sumir af þessum skólum innheimta. Einnig er nokkuð mismunandi hvaða afslátt skólarnir veita.

Eins og fram kemur á töflunni innheimta þrjú tónlistarskólar herra gjald fyrir hljóðfæranám en Tónlistarskóli Skagafjarðar. Af þessum skólum er gjaldið hæst hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness sem innheimtir 78.100 kr. fyrir skólaárið. Til samanburðar innheimtir Tónlistarskóli Skagafjarðar 59.598 kr. Mismunurinn er 18.502, eða 31%.

## FJÖLSKYLDUSVIÐ – FRÍSTUNDA- OG ÍPRÓTTAMÁL

Frístunda- og íþróttamál eru hluti af Fjölskylduþjónustu Skagfirðinga sem sérstakt svið. Á frístundasviði starfar þriggja manna stjórnunarteymi, frístundastjóri, sem er sviðsstjóri í 100% starfi, umsjónarmaður íþróttamannvirkja í 100% starfshlutfalli og forstöðumaður Húss frítímans í 100% starfi. Starfshlutfalli forstöðumanns íþróttamannvirkja er skipt þannig: Íþróttahúsið á Sauðárkróki 50%, Sundlaug Sauðárkróks 25%, Sundlaugin Hofsósi 15% og íþróttavöllurinn á Sauðárkróki 10%. Starfshlutfall forstöðumanns Húss frítímans skiptist þannig: 40% forstaða yfir félagsmiðstöðvarstarfi 13-16 ára, 25% yfir tómsendum eldri borgara, 20% yfir 16+ starfi og 15% forstaða yfir félagsstarfi yngri en 13 ára.

Undir sviðið heyra: Hús frítímans, félagsstarf yngri en 13 ára, félagsmiðstöð 13-16 ára, 16+hús, félagsstarf eldri borgara, útideild, forvarnir og Evrópuverkefni, Vinnuskóli Skagafjarðar og V.I.T.- atvinnuáttak 16-18 ára, Sumar T.Í.M., leikvelli skólagarðar – kofabyggð, Vetrar T.Í.M. Auk þess öll íþróttamannvirki sveitarfélagsins; íþróttahúsið á Sauðárkróki og í Varmahlíð, Sundlaugar á Sauðárkróki, Hofsósi, Varmahlíð og Fljótum, íþróttavelli á Sauðárkróki, í Varmahlíð, Hólum, á Hofsósi og Steinsstöðum, 4 sparkvelli, opin svæði, skíðasvæðið í Tindastóli auk styrkjaúthlutana úr íþrótt- og æskulýðssjóðum. Rétt er að taka fram að rekstur íþróttamannvirkja í Varmahlíð er samstarfsverkefni skólastjóra Varmahlíðarskóla, frístundastjóra og umsjónarmanns



íþróttamannvirkja.

### Hús frítímans

Í húsi frítímans fer fram félagsstarf allra aldurshópa. Með þessu fyrirkomulagi fæst góð nýting á húsnæðinu og fagfólki. Algengast er að sveitarfélög séu með sérstakt húsnæði fyrir hverja af þeirri starfsemi sem fram fer í Húsi frítímans. Þar starfar forstöðumaður í 100% starfi, sem skiptist á málaflokka eins og áður er frá greint. Aðrir starfsmenn eru: Tveir starfsmenn í samtals 112% stöðu með félagsmiðstöð 13-16 ára. Tveir starfsmenn með til samans 75% starfshlutfall með frístundastarf yngri en 13 ára, 30% starfshlutfall með 16+starfinu og 30% starfshlutfall með eldri borgurum.

Starfsemi í húsinu er skipt þannig að 9 til 12 ára eru einu sinni í viku, 13 til 16 ára tvö kvöld í viku, 16 til 25 ára eitt kvöld og eldri borgarar tvisvar í viku, öryrkjar tvisvar í viku, fatlaðir einu sinni í viku og aðrir skipulagðir tómsundahópar einu sinni til fjórum sinnum í viku.

Frístundastrætó kemur með börn á öllum aldri á föstudögum frá Sólgörðum, Hofsósi, Hólum og Varmahlíð en þá gefst öllum börnum kostur á að hittast. Skíðastrætó fer frá Húsi frítímans alla jafna hvern föstudag yfir vetrartímam.

Skipulögð starfsemi er í húsinu, hverja klukkustund daglega, frá kl. 10:00 til 22:00 virka daga, fimmtudaga til 23.00 fyrir 16 ára og eldri, frá 1. september til 31. maí. Starfsmenn Hússins hafa árstíðarbundna ráðningar, þ.e. frá 1. september til 31. maí. Á sumrin bjóðast þeim störf í Vinnuskóla og/eða Sumar Tím.

Tafla 83: Laun vegna Húss frítímans 2011

Hús frítímans	9 til 12 ára	13 til 16 ára	16 til 25 ára	Eldri borgarar	Samtals
Mánaðarlaun	1.912.606	4.252.348	1.744.470	1.615.856	9.525.280
Yfirtíð/álag	850.122	1.168.842	693.874	421.834	3.134.672
<b>Hlutfall</b>	<b>44,4%</b>	<b>27,5%</b>	<b>39,8%</b>	<b>26,1%</b>	<b>32,9%</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 83 sýnir mánaðarlaun, álagsgreiðslur og yfirtíð vegna Húss frítímans árið 2011. Hæst er hlutfallið vegna opins húss fyrir 9 til 12 ára, eða 44,4%, en ætla verður að vegna þess aldurshóps fari starfsemin fram á dagvinnutíma. Meðaltalið er 33% fyrir alla starfsemi í húsinu, eða 3,1 millj. kr. miðað við að mánaðarlaunin eru 9,5 millj. kr. Eins og þarna kemur fram er yfirtíð og álag nokkuð hátt hlutfall af mánaðarlaunum. Hafa ber einnig í huga að starfsemin er eingöngu yfir vetrarárinu.

Starfsemi aldurshópa er ekki eingöngu bundin við ákveðinn tíma dagsins, heldur fara skemmtanir og viðburðir oft fram eftir klukkan 17.00. Má hér t.d. nefna afmælisveislur sem rúmast innan verkefnisins, „Vinaverkefnið“ sem er eitt margra samstarfsverkefna innan Fjölskylduþjónustunnar. Starfsmenn yngstu árganganna dekkja þar vaktir, á móti koma nokkrar tekjur. Einnig eru starfsmenn, sem að mestum hluta sjá um þennan aldurshóp, nýttir á kvöldvaktir þegar vantar, einnig fara þeir með í ferðir t.d. Samfésferðir o.fl. Með þessu móti nýtast starfshlutföll mun betur en ella.

### Sumar T.Í.M.

Sumar T.Í.M. stendur fyrir tómsundir, íþróttir og menning. Er fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára í öllu sveitarfélaginu. Starfsemin fer fram í 10 vikur yfir sumarmánuðina. 95% af öllum börnum í Skagafirði taka þátt, eða um 300 börn, skv. upplýsingum frá

sviðsstjóra. Yfirmaður sumar Tím hefur undirbúning starfsins seinni hluta apríl eða í byrjun maí og vinnur í teymi með forstöðumanni Húss frítímans og forstöðumanni Vinnuskólans/V.I.T. Mikil vinna liggur í að samræma allt íþróttastarf allra deilda Tindastóls og íþróttafélaga í firðinum, finna fólk til að halda námskeið, útbúa námskeiðslýsingar, ráða starfsmenn, þjálfa þá o.s.frv. Almennir starfsmenn eru ráðnir frá lokum maí mánaðar fram í miðjan ágúst. Þeirra hlutverk er að halda utan um hvern árgang fyrir sig, koma þeim á milli staða, ýmist á íþróttæfingar, tómsunda- eða menningarnámskeið. Einnig að sjá sjálfir um námskeið en þannig fást inn tekjur. Starfsemin hefst kl. 8.00 og lýkur kl. 16.00. Álagsgreiðslur liggja í því að starfsmenn sjá um hreinsun gatna og torga ásamt flokksstjórum Vinnuskólans um helgar og taka einnig þátt í hátíðarhöldum og íþróttahátíðum og er því skipt á þá yfir sumarið.

Á árinu 2011 greiddu börnin þáttökugjöld að upphæð 5.161 þús. kr. Greitt var fyrir aðkeypta vinnu að upphæð 4.162 þús. kr. Hér er um það að ræða að samið er við námskeiðshaldara, sem eru íþróttadeildirnar/íþróttafélögin og verktakar sem halda námskeið innan Sumar Tím, þeir fá þáttökugjöldin en sveitarfélagið sér um að innheimta. Að þáttökugjöldin eru milljón krónum hærri en „aðkeypta vinnan“ liggur í því að starfsmenn Sumar Tím héldu námskeið og náðu milljón upp í kostnað. Reiknað er með að þessi upphæð verði enn hærri í sumar, þar sem gerð er meiri krafa um fagkunnáttu starfsmanna og þar með meiri möguleikum þeirra til að annast námskeið.

Kofabyggð og skólagarðar eru reknir sem námskeið innan Sumar Tím og sjá starfsmenn Tímsins um þennan þátt.

#### **Vetrar T.Í.M.**

Sveitarfélagið Skagafjörður er brautryðjandi í því að innheimta æfingagjöld fyrir íþróttafélögin, samkvæmt skráningu foreldra á þátttöku barnanna í s.k. T.Í.M.-kerfi. Sveitarfélagið greiðir þau síðan til þeirra í þrennu lagi yfir veturinn. Fer þessi innheimta og greiðsla til íþróttafélaganna fram í gegnum þennan lið.

#### **Vinnuskóli Skagafjarðar**

Vinnuskóli Skagafjarðar er rekinn fyrir börn í 7., 8., 9. og 10. bekk allra grunnskóla sveitarfélagsins. Starfsemi vinnuskólans hefur farið fram í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins enda litið á hann sem mikilvægan þátt í forvörnum og er þátttaka yfir 90% sem er helmingis aukning frá árinu 2006. Foreldrar barna úr dreifbýlinu þurfa að koma börnum á viðkomandi staði ef börnin eiga að sækja vinnuskólann.

Börn í 10. bekk og hluti barna úr 9. bekk hafa unnið í stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélagsins. Vinnutími vinnuskólans er frá kl. 8:00 til kl. 12:00, mánudaga – föstudaga.

Á Hofsósi er í gildi samstarf við þjónustumiðstöðina um að fóstora 3-5 börn og er þátttökuhlutfall vinnuskólans í launum yfirmanns þar 25-30% í tvo mánuði á sumri.

Háskólinn á Hólum hefur látið í té flokksstjóra en sveitarfélagið hefur greitt laun barnanna. Í Varmahlíð er börnum komið fyrir í stofnunum sveitarfélagsins, eins og leikskólum og íþróttamannvirkjum. Einnig hefur verið samið við fyrirtæki, þar sem það er hagstæðara en að ráða flokksstjóra með þeim tilkostnaði sem því fylgir.

Ráðinn hefur verið sérstakur yfirmaður vinnuskólans sem jafnframt sér um atvinnuáttak 16-18 ára, sem byrjar um miðjan apríl ár hvert og í síðasta lagi 1. maí. Hann vinnur ýmist til loka ágúst eða fram í miðjan september, fer eftir því hvert

umfang vinnunnar er, fjöldi barna og frágangur.

Flokksstjórar eru allir eldri en 20 ára. Eina yfirvinna þeirra felst í ákveðnu umbunarkerfi gagnvart unglungunum sem hreinsa götur og torg um helgar, vinna við hátíðir eins og 17. júní, Jónsmessuhátíð, íþróttamót, Króksmót og annað það sem lendir á 06-málaflokknum yfir sumarið.

Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra hefur það verið stefna sveitarfélagsins að vísa engu barni frá Vinnuskóla, auk þess að taka inn þau börn sem eiga annaðhvort foreldrið búandi í sveitarfélaginu. Ekki er því gerlegt að hans sögn að halda fjárhagsáætlun varðandi vinnulaun unglunga, en benda má á að launakostnaðaráætlun vegna flokksstjóra stenst árlega.

### **Atvinnuáttak 16+**

Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að enginn undir 18 ára aldri skuli vera atvinnulaus. Því hefur sveitarfélagið boðið fyrirtækjum, að ef þau taki unglunga á aldrinum 16 til 18 ára í vinnu greiði sveitarfélagið helming launa þeirra. Á ári hverju eru 20 til 22 unglingar sem þannig hafa verið ráðnir af fyrirtækjum. Útgjöld sveitarfélagsins vegna þessa voru á árinu 2011 3.266 þús. kr., sem er nokkurn veginn skv. fjárhagsáætlun.

Forstöðumaður Vinnuskóla og V.I.T. sér um allt utanumhald vegna atvinnuátaksins og hefur gert síðan 2010.

### **Hvatapeningagreiðslur**

Félags- og tómstundanefnd samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2008 reglur um greiðslu Hvatapeninga til foreldra allra barna og unglunga 12-16 ára (sem síðan var hækkað upp í 18 ár) með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þeirættu rétt á 8.000.-krónum í Hvatapeninga einu sinni á ári fyrir hvert barn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Æfinga- og þáttökugjöld þurfa að lágmarki að nema 30.000 og það þarf að stunda einhverjar tvær greinar af sviði tómstunda, íþróttar og menningar. Systkini á þessum aldri, sem ekki ná hvert um sig lágmarksupphæð, geta nýtt sér tvö og tvö saman eina greiðslu Hvatapeninga. Endurgreiðslan nær til eftirfarandi þáttökugjalda; íþróttahreyfingarinnar, hestamannafélaga, Tónlistarskóla, skátastarfs, Farskóla og annarra sem viðurkenndir eru af frístundasviði. Hvatapeningar eru ekki greiddir út úr kerfinu heldur koma til lækkunar á upphæð þeirri sem sveitarfélagið rukkar inn fyrir íþróttafélög og námskeiðshaldara.

---

## **ÍÞRÓTTAMANNVIRKI**

---

Í sveitarfélaginu eru eftirtalin íþróttamannvirki: Á Sauðárkróki: 1.250 m<sup>2</sup> íþróttahús opið frá kl. 8-24 virka daga, 10-16 um helgar, sem jafnframt gegnir hlutverki „menningarhúss“ og hýsir búningasklefa fyrir íþróttavöll. Sundlaug er opin 6.50-21.00 virka daga, 10-17 um helgar (10-16 á vetrum). Íþróttaleikvangur, sparkvöllur, knattspyrnuvöllir, frjálsíþróttavöllur, golfvöllur, motocrossbraut, skotsvæði, reiðhöll, siglingaaðstaða, strandblakvöllur, tennisvöllur, skíðasvæði. Í Varmahlíð: íþróttahús og sundlaug, sparkvöllur og knattspyrnuvöllur. Á Hofsósi: sundlaug (byggð 2010), knattspyrnusvæði, sparkvöllur. Í Fljótum er sundlaug á Sólgorðum sem er skólamannvirki á vetrum en rekin af frístundasviði á sumrin. Á Steinsstöðum er sundlaug í eigu sveitarfélagsins sem eignasjóður leigir út. Þar er einnig knattspyrnuvöllur.

Tafla 84: Útgjöld og tekjur vegna stærstu íþróttamannvirkja í Sveitarfélaginu Skagafirði árið 2011

	Íþróttahús Sauðárkróki	Íþróttamiðstöð Varmahlíð	Sundlaug Sauðárkróki	Sundlaug Hofsósi	Sundlaug Sólgörðum	Íþróttavöllur Sauðárkróki
Aðgangseyrir		3.516.507	5.277.846	6.546.923		
Húsaleigutekjur	600.000	120.000				
Seldar veitingar o.fl.		386.571	198.350	1.774.137		
Leiga á sal o.fl.	3.467.432	379.500				
Niðurgreiddur aðgangseyrir		664.805	2.053.304	854.000		
Annað	448.569		983.246		5.219	
<b>Samtals</b>	<b>4.516.001</b>	<b>5.067.383</b>	<b>8.512.746</b>	<b>9.175.060</b>	<b>5.219</b>	
Mf. Eigin afnot	16.647.600	7.372.000	3.726.000	1.200.000	360.000	
<b>Tekjur samtals</b>	<b>21.163.601</b>	<b>12.439.383</b>	<b>12.238.746</b>	<b>10.375.060</b>	<b>365.219</b>	
Mánaðarlaun	8.878.178	12.386.850	18.206.693	10.256.900	243.244	2.596.723
<b>Yfirvinna/álag</b>	<b>3.452.129</b>	<b>3.953.258</b>	<b>5.860.137</b>	<b>4.580.022</b>		<b>1.154.582</b>
Fæðispeningar og kaffikostnaður	249.665	392.122	515.475	192.341		53.933
Launatengd gjöld	2.918.368	4.303.632	5.944.180	3.623.633	66.011	794.716
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>15.498.340</b>	<b>21.035.862</b>	<b>30.526.485</b>	<b>18.652.896</b>	<b>309.255</b>	<b>4.599.954</b>
Vörukaup alls	4.187.695	4.203.003	3.906.793	6.196.432	1.297.544	1.208.165
Þjónustukaup alls án innri leigu	2.508.063	1.659.321	3.037.382	1.725.631	297.191	2.487.326
<b>Samtals</b>	<b>22.194.098</b>	<b>26.898.186</b>	<b>37.470.660</b>	<b>26.574.959</b>	<b>1.903.990</b>	<b>8.295.445</b>
Innri leiga	43.503.446	32.997.730	19.866.303	2.600.785	5.871.692	2.653.080
<b>Útgjöld samtals</b>	<b>65.697.544</b>	<b>59.895.916</b>	<b>57.336.963</b>	<b>29.175.744</b>	<b>7.775.682</b>	<b>10.948.525</b>
Útgjöld nettó	44.533.943	47.456.533	45.098.217	18.800.684	7.410.463	10.948.525
<b>Yfirvinna/álag sem hlutfall af mánaðarlaunum</b>	<b>38,9%</b>	<b>31,9%</b>	<b>32,2%</b>	<b>44,7%</b>	<b>0,0%</b>	<b>44,5%</b>
Rafmagn	3.068.262	1.837.038	1.628.744	2.454.119	543.901	154.060
Heitt vatn	737.939		656.129	894.745	396.838	559.988
Hreinlætisvörur	235.380	1.983.954	1.286.478	979.490	356.805	10.772

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 84 sýnir tekjur og gjöld vegna íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu á árinu 2011. Tekjur vegna þátttöku Akrahrepps eru ekki meðtaldar vegna Íþróttamiðstöðvar í Varmahlíð. Eins og taflan sýnir er nokkur munur á tekjunum. Tekjur án millifærsla vegna eigin afnota eru frá 4,5 millj. kr. hjá Íþróttahúsi Sauðárkróks í 9,2 millj. kr. vegna Sundlaugarinnar á Hofsósi. Athygli vekur að mun hærri tekjur eru af aðgangseyri vegna sundlaugar á Hofsósi, eða 6,5 millj. kr., samanborið við tekjur af íþróttamiðstöð í Varmahlíð, það sem tekjurnar voru 3,5 millj. kr. þrátt fyrir mun lengri opnunartíma, sjá hér síðar. Skýringin gæti verið sú að sundlaugin á Hofsósi er nýtt mannvirki, mikil umfjöllun um hana, fjöldi viðurkenninga og þokkaleg markaðssetning miðað við fjárhagsgetu.

Launaútgjöld eru einnig mjög mismunandi, eru frá 15,5 millj. kr. hjá Íþróttahúsinu á Sauðárkróki í 30,5 millj. kr. hjá Sundlauginni á Sauðárkróki, að sundlaug á Sólgörðum og íþróttavelli á Sauðárkróki slepptum. Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra liggur skýringin á þessum mismun m.a. í því að meðaltali er 1,5 á vakt í íþróttahúsi á daginn, einn á kvöldin og um helgar. Samnýting á 25% stöðuhlutfalli við skólalíða Árskóla yfir veturinn á álagstíma. Hagræðing vegna staðsetningar mannvirkjanna tveggja. Í sundlaugunum eru alltaf tveir á vakt. Veikindi 1-2 starfsmanna stærstan hluta ársins í sundlaug Sauðárkróks hleyptu launakostnaði í fyrra upp úr öllu valdi. Krafa um lengri afgreiðslutíma sundlaugarinnar á Hofsósi án þess að fyrir því hefði verið ætlað í fjárhagsáætlun og miklu meira álag vegna aðsóknar en gert var ráð fyrir, gerði það að verkum að ráða þurfti fleiri starfsmenn að sundlauginni en ráðgert var. Benda má á hátt hlutfall yfirtíðar og vaktaálags af mánaðarlaunum. Hæst er hlutfallið

vegna sundlaugar á Hofsósi, eða 44,7%. Til samanburðar var hlutfallið hjá Íþróttamiðstöð Varmahlíðar 31,9%.

Vakin er athygli á mismunandi orkukostnaði og kostnaði vegna hreinlætisvara en sá liður er nær einnig klórs til sundlauga. Innkaup á hreinlætisvörum er skv. samningi við Olís, gerðum fyrir hönd allra stofnana sveitarfélagsins, sem fram kemur neðst í töflunni.

Sundlaugin í Varmahlíð nýtur sérkjara, þ.e. þar er ekki greitt fyrir heitt vatn. Kostnaður vegna rafmagns í sundlauginni á Hofsósi var miklu meiri en áætlanir og samanburður við aðrar laugar gerðu ráð fyrir. Laugin er ný og miklu meiri tölvustýring á allri rafmagnsnotkun. Klórdælur hafa einnig aukið kostnað við klórinn, þar sem þær eru með sjálfvirka skammtara og því erfitt að stýra klórnum eftir notkun.

Lítraverð á klór er þó nokkru lægra í 1.000 lítra tönkunum en áður var þegar keyptir voru 25 lítra kútar. Verð á klór hefur hinsvegar tvöfaldast frá árinu 2008. Klórdælur stýra innspýtingu á klór eftir veðri, hitastigi, vindkælingu og fleiru. Þetta munar miklu í rekstri. Það er mat skýrsluhöfundar að slíkur búnaður ætti að leiða til lægri kostnaðar ef notkunin er rétt.

---

## ÍÞRÓTTAHÚS SAUÐÁRKRÓKI

---

Forstöðumaður íþróttamannvirkja, 100% starfshlutfall, er með aðsetur í íþróttahúsinu. Hann sér um rekstur allra íþróttamannvirkjanna nema í Varmahlíð en er þar í samstarfi við skólastjóra og sundlaugarvörð. Hann gerir vaktaplan fyrir þau hús sem hann annast. Hann leysir af í veikindum og fríum í öllum mannvirkjunum og gengur margar fastar vaktir í mánuði í íþróttahúsinu. Er á stöðugri bakvakt (sem hann fær greidda 30 aukatíma fyrir á mánuði) vegna útkalla á öryggisbúnaði lauganna og íþróttahússins. Hann situr fundi Félags- og tómsbundanefndar ásamt frístundastjóra þegar málefni íþróttamannvirkja eru á dagskrá. Auk hans eru 2,5 stöðugildi við íþróttahúsið á Sauðárkróki, eða samtals 3 stöðugildi.

Auk gæslu sjá starfsmenn um öll þrif í íþróttahúsinu. Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra skapast yfirvinna á hverjum degi vegna 25 mínútna ákvæðisins, vegna matartíma sem ekki er tekinn. Yfirvinna skapast einnig þegar húsið er leigt út undir skemmtanir, þorablót, sýningar og þess háttar. Bæði vegna mikils undirbúnings við að breyta húsinu úr íþróttamannvirki í veislusal og einnig vegna næturvakta við gæslu á húsinu þegar mannfagnaðir eru þar og einnig vegna frágangs. Elsti starfsmaður íþróttahússins er með gamlan ráðningarsamning um 30 fasta yfirvinnutíma á mánuði, auk þess álags og yfirvinnu sem hann vinnur sannarlega. Þeim samningi var sagt upp nýlega og tekur sú uppsögn gildi 1. ágúst.

Starfsemi er í húsinu allt árið enda er það tengt bæði grunnskólanum og Fjölbrautaskóla en einnig íþróttavellinum og æfingasvæði upp á Nöfum. Á sumrin er starfsemi Sumar Tím í íþróttahúsinu frá kl. 8-16 daglega. Þar að auki æfingar hjá körfunni, frjálsum og knattspyrnunni. Búningsklefar fyrir íþróttavöllinn eru í húsinu.

Yfir vetramánuðina er opnunartími hússins frá kl. 8:00 til 23:10 (lokað kl. 24.00) á kvöldin. Starfsmaður, sem er einn á vakt, hefur 50 mínútur til að þrifa sal og klefa, anddyri og koma öllum út. Allir starfsmenn hússins eru karlmenn. Skólalíði fylgir stúlkum í búningsklefum þegar þær eru í íþróttum á vegum grunnskólans.

Vaktir starfsmanna eru frá kl. 8:00 til 16:00 og svo frá kl. 16:00 til 24:00 á virkum

dögum. Hver starfsmaður vinnur þriðju hverja helgi.

Framhaldsskólinn leigir tíma í húsinu. Skólinn greiðir ákveðið gjald fyrir hvern leigðan tíma. Auk þess að íþróttarfélögin hafa afnot af húsinu er það leigt út fyrir almenning. Almennigur greiðir einnig ákveðið gjald fyrir hvern tíma.

---

## ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ VARMHLÍÐ

---

Íþróttamiðstöðin í Varmahlíð er að 75% í eigu Sveitarfélagsins Skagafjörður og 25% í eigu Akrahrepps. Að kröfu sveitarstjórnar Akrahrepps hefur skólastjóri Varmahlíðarskóla daglega umsjón með rekstri miðstöðvarinnar skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu. Hins vegar ber frístundasvið fjárhagslega ábyrgð á rekstirnum, þ.e. 06-málaflokkurinn. Í íþróttamiðstöðinni er m.a. að finna sundlaug, íþróttasal, áhaldasal og gufubað. Auk þess hefur nuddari aðstöðu í húsinu. Opnunartími sundlaugarinnar í vetur hefur verið sem hér segir:

Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 9:00 til 21:00.

Þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 9:00 til 20:00.

Föstudaga frá kl. 9:00 til 14:00.

Laugardaga frá kl. 10:00 til 15:00.

Sunnudaga er lokað.

Sumaropnun er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga frá kl. 10:30 til 21:00.

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:30 til 18:00.

Samkvæmt upplýsingum frá frístundastjóra var fyrir nokkru gerð könnun á því hvenær dags mest aðsókn væri að sundlauginni og var það á tímabilinu frá kl. 16:00 til 19:00 á virkum dögum.

Við íþróttamiðstöðina eru 3,5 stöðugildi, sem fimm starfsmenn sinna. Þrír eru í fullu starfi og ganga þeir vaktir. Einn er í 0,25 stöðugildi vegna afleysinga og skólaliði er í 0,25 stöðugildi vegna þaðgæslu.

Á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á virkum dögum á veturna eru alltaf einn á vakt. Skólaliði eða húsvörður kemur úr grunnskólanum vegna þaðvörslu. Síðan eru tveir á vakt frá kl. 12:00 til 20:00. Á tímabilinu frá kl. 20:00 til 22:00 er einn á vakt. Á laugardögum frá kl. 10:00 til 16:00 eru alltaf tveir á vakt.

Yfir sumarmánuðina eru alltaf tveir á vakt þegar opið er.

Það er mat skýrsluhöfundar, miðað við það sem þekkist annar staðar frá í byggðakjörnum eins og í Varmahlíð, verði að telja það til undantekningar að íþróttamannvirki séu opin fyrir almenning á virkum dögum frá kl. 9:00 til kl. 20:00 eða 21:00 á kvöldin. Einnig er spurning af hverju starfsmenn þurfi að vinna klukkustund lengur eftir lokun, hvort t.d. hálf klukkustund dugi ekki til að ganga frá.

---

## SUNDLAUG SAUÐÁRKRÓKI

---

Sundlaugin eru útisundlaug. Rekstrarlega er hún nokkuð óhagstæð þar sem hún er á tveimur hæðum. Stöðugildi við sundlaugina eru 4,5.

Opnunartími Sundlaugar Sauðárkróks s.l. vetur var sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 6:50 til 20:45.

Föstudaga frá kl. 6:50 til 20:00.

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 til 16:00.

Yfir sumarmánuðina er opnunartíminn sem hér segir: 6:50-21:00 og 10-17 um helgar.

---

## SUNDLAUG HOFÓSÍ

---

Sundlaugin á Hofsósi er nýlegt mannvirki, útisundlaug, byggð og gefin sveitarfélaginu í mars 2010. Við sundlaugina starfa fjórir starfsmenn í samtals 2,85 stöðugildum. Vetraropnun sundlaugarinnar er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga frá kl. 7:05 til 13:00 og svo frá kl. 17:15 til 20:15.

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 11:00 til 15:00.

Í sumar verður opið alla daga frá kl. 9-21 frá 1. júní til 31. ágúst.

---

## SUNDLAUGIN SÓLGÖRÐUM

---

Yfir veturinn hefur verið gerður samningur við kennara um að líta eftir sundlauginni. Viðkomandi fær greitt fyrir 20 tíma dagvinnu á mánuði. Yfir vetramánuðina er sundlaugin rekin sem skólamannvirki. Ekki er um sértakan opnunartíma að ræða fyrir almenning en heimamenn hafa komist í lauginna í samráði við umsjónarmann.

Yfir sumarmánuðina hefur verktaki annast umsjón og rekstur laugarinnar. Hann fær allar tekjurnar en sveitarfélagið hefur greitt fyrir allan annan rekstrarkostnað en laun.

---

## ÍPRÓTTAVELLIR, SKÍÐASVÆÐI, REIÐHÖLL OG STYRKIR

---

Frá 1. maí – 30. september kemur starfsmaður úr íþróttahúsi til starfa við íþróttavöll á Sauðárkróki. Með honum starfar einn eldri en tvítugur, eitt ungmenni úr V.I.T. auk tveggja barna úr 10. bekk Vinnuskólans. Íþróttaleikvangurinn er bæði knattspyrnuvöllur/keppnisvöllur, þrír æfingavellir og frjálsíþróttavöllur. Hann er í notkun frá kl. 8:00 á morgnana og fram til kl. 21 eða 22 á kvöldin á virkum dögum. Sumar Tím er með starfsemi á völlum frá kl. 8.00 – 16.00. Mikið álag er á vellinum um helgar, þá eru leikir, frjálsíþróttamót, knattspyrnumót allra aldurshópa og fleira.

### Skíðasvæðið Tindastóli

Sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til að greiða skíðadeild 8.000.000 króna til uppbyggingar á skíðasvæðinu í ár, auk 2.000.000 króna í rekstrarstyrk. Þá leggur sveitarfélagið til starfsmann í 8 mánuði á árinu og greiðir viðhald á troðara allt að 1,5 milljón króna. Að öðru leyti sér skíðadeild Tindastóls um reksturinn og fær allar tekjur af rekstrinum. Samkomulag er um þetta fyrirkomulag til ársloka 2012.

### Golfvöllur

Rekinn er 9 holu golfvöllur á Sauðárkróki af Golfklúbbi Sauðárkróks en með tilstyrk sveitarfélagsins. Í gildi er samningur milli stjórnar Golfklúbbsins og sveitarfélagsins um þátttöku í almennum rekstri klúbbsins á golfvellinum að Hlíðarenda árið 2012, sem byggður er á fyrri samningum og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Félags- og tómsfundanefnd samþykkir heildarupphæð samningsins, sem nemur 2,8 milljónum króna.

Þar að auki kaupir íþróttavöllurinn slátt af GSS fyrir tæpar 1,4 milljónir króna árið 2012.

#### **Aðrir vellar**

Reknir eru 4 sparkvellar við alla grunnskólana nema Sólgarðaskóla með tilheyrandi kostnaði vegna heits vatns og viðhalds.

#### **Reiðhöllin Svaðastaðir, Sauðárkróki**

Reiðhöllin er að hluta til í eigu félags hestamanna og að hluta sveitarfélagsins (80/20). Sveitarfélagið styrkir reksturinn þar um 6 milljónir á ári. Hluti þess styrkjar, 5,5 milljónir, er í formi keyþra tíma fyrir íþróttahreyfingu, sérdeild Árskóla og Iðju og 500 þúsund vegna fasteignagjalda, en allt er kostnaðarfært á 06-málaflokkinn.

#### **Styrkir til íþróttahreyfingar**

Dregið hefur verulega úr beinum styrkjum til íþróttahreyfingarinnar síðustu ár. Þeir nema 9 milljónum króna árið 2012 líkt og 2011 og voru lækkaðir frá árinu 2010. Þessum styrk skipta Tindastóll og öll önnur aðildarfélög UMSS á milli sín. Frístundastjóri hefur samskipti við íþróttahreyfinguna á sinni könnu.

---

### **MARKAÐS- OG ÞRÓUNARSVIÐ**

---

Undir sviðið heyra atvinnumál, að undanskildum landbúnaðarmálum, ferðamál og menningarmál. Jafnframt kynningarmál og undirbúningur hátíðarhalda.

Á sviðinu starfa þrjú starfsmenn í 100% starfi hver, sviðsstjóri, verkefnastjóri atvinnumála og verkefnastjóri ferða- og menningarmála. Verkefnastjóri ferða- og menningarmála hefur verið í barnsburðarleyfi en er væntanlegur til starfa í september næst komandi (2012).

Auk þessa er sveitarfélagið aðili að Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) en á vegum þess er starfandi einn atvinnuráðgjafi á Sauðárkróki sem sinnir atvinnuráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja á staðnum. Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra markaðs- og þróunarsviðs að samræming á starfsemi SSNV og sveitarfélagsins að atvinnumálum mætti að ósekju vera meiri.

Sviðsstjóri annast alla umsýslu mála fyrir Atvinnu- og ferðamálanefnd og Menningar- og kynningarnefnd. Sviðsstjóri hefur viðrað þá hugmynd að sameina þessar tvær nefndir í hagræðingarskyni. Meðal mála sem sviðsstjóri ber ábyrgð á á vettvangi atvinnu- og ferðamálanefndar er rekstur tjaldstaða, rekstur upplýsingamiðstöðva og ýmis verkefni sem nefndin ákveður að ráðast í. Meðal þeirra má nefna þátttöku í Landsmóti hestamanna á síðasta ári, þar sem sviðsstjóri sat í framkvæmdanefnd, og atvinnulífssýningu sem haldin var á Sauðárkróki árið 2010 og aftur nú í apríl 2012, en framkvæmd þeirra var í höndum Markaðs- og þróunarsviðs. Á vettvangi Menningar- og kynningarnefndar annast sviðsstjóri allt viðburðahald sem sveitarfélagið stendur fyrir og tengist, tengsl við rekstraráðila félagsheimila og samskipti og samræmingu á sviði skagfirsku safnanna, en forstöðufólk safnanna eru undirmenn sviðsstjóra skv. ráðningarsamningum.

Auk þessa tekur sviðsstjóri þátt í rekstri stjórnsýslunnar í Ráðhúsinu undir stjórn sveitarstjóra, annast t.d. rekstur heimasíðu sveitarfélagsins, tengsl við vinabæi, móttöku gesta, samræmingu á kynningarefni og fleiri verkefni sem snúa að daglegum rekstri. Einnig hefur sviðsstjóri unnið að ýmsum öðrum verkefnum á undanförunum árum s.s. umsýslu með gerð starfsmannastefnu og síðan endurskoðun hennar, vinnu við



rammaskipulag fyrir Sauðárkrók, umsjón með íbúabingi, vinnu við stefnumótun í menningarhúsamálum og margt fleira.

Sviðsstjóri hefur einnig setið í stjórn Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi frá 2003 sem fulltrúi Norðurlands vestra.

Verkefnastjóri atvinnumála var ráðinn inn á árinu 2010 og kom ráðning hans þannig til að sjálfstæður félagsskapur, sem kallar sig Skagafjarðarhraðlestina, óskaði eftir samstarfi við sveitarfélagið varðandi átaksverkefni á sviði atvinnumála. Skagafjarðarhraðlestin safnaði meðal fyrirtækja í Skagafirði fjármunum í sjóð til að nýta við áðurnefnd átaksverkefni en sveitarfélagið (Atvinnu- og ferðamálanefnd) bjó til starf verkefnastjóra í atvinnumálum til að vinna þessum verkefnum brautargengi. Meðal verkefna, sem unnið hefur verið að, er hagkvæmniathuganir fyrir t.d. gagnaver, basalttrefjaverksmiðju, koltrefjaverksmiðju, klasi á sviði kvikmyndagerðar, efling loðdýraræktar, próteinframleiðslu, átaksverkefni á sviði ferðaþjónustu og svo mætti lengi telja. Síðustu mánuði hefur hann unnið með Fjölbrautaskólanum á Norðurlandi vestra að uppbyggingu nýrra námsleiða við skólann á sviði plast- og trefjasmíði. Þá annast verkefnastjóri vefinn invest.skagafjordur.is og þá fer talsverður tími í styrkumsóknir og aðstoð til handa fyrirtækjum og einstaklingum í Skagafirði vegna þeirra.

Síðustu misseri hefur verkefnastjóri atvinnumála varið miklum hluta af sínum vinnutíma í vinnu fyrir sveitarstjórn vegna ýmissa verkefna sem snúa að rekstri sveitarfélagsins og verkefnum sem snerta rekstur ríkisstofnana í Skagafirði.

Verkefnastjóri ferða- og menningarmála kom upphaflega tímabundið til starfa á sviðinu til að sinna verkefni sem heitir Matarkistan Skagafjörður. Það er samstarfsverkefni Hólaskóla, ferðaþjónustuaðila, matvælaframleiðenda og veitingamanna í Skagafirði. Frá ársbyrjun 2010 hefur verkefnastjóri verið fastráðinn, en á árinu 2010 og 2011 sinnti hann afleysingum fyrir sviðsstjóra í fæðingarorlofi. Meðal helstu verkefna eru annars umsjón með hátíðarhöldum á borð við 17. júní, sæluviku, jóla- og áramótahátíðarhöld og samskipti við fjölda aðila sem gangast fyrir viðburðum í Skagafirði. Einnig má nefna samskipti við Félag ferðaþjónustunnar og vinnu að ferðatengdu kynningarefni bæði á pappír og á vef í samvinnu við sviðsstjóra.

Þegar verkefnastjóri snýr aftur bíður vinna við Matarkistuna Skagafjörð sem nýverið fékk styrk upp á 5.5 milljónir frá Landbúnaðarráðuneyti til frekari verkefna.

Starfsmennirnir þrír á Markaðs- og þróunarsviði vinna vel saman sem teymi og því skarast áðurnefnd verkefni þeirra nokkuð.

### **Safnahús**

Í safnahúsi er rekið bókasafn, héraðsskjalasafn og listasafn. Safnahúsið hefur sérstakan bókhaldslykil og er rekið sem húsfélag sem hýsir bókasafnið og héraðsskjalasafnið, sem jafnframt heldur utan um listasafnið. Söfnin eru rekin undir sitt hvorum bókhaldslyklinum.

Starfsmaður er í 50% starfi við þrif. Héraðsskjalavörður hefur haft umsjón með húsnæðinu í samvinnu við héraðsbókavörð.

---

## **HÉRAÐSBÓKASAFN**

---

Hjá héraðsbókasafninu eru 2,75 stöðugildi, sem þrír starfsmenn sinna. Héraðs-

bókasafnið rekur útibú í Varmahlíð, á Steinsstöðum og Hofsósi. Á Hofsósi er bókasafnið í húsnæði skólans en aðgreint frá skólabókasafni. Á Steinsstöðum er það í gömlu húsi. Í Varmahlíð er safnið í skólahúsnæðinu og er rekið með skólabókasafninu. Byrjað var að auglýsa það í haust sem almenningsbókasafn. Í Varmahlíð sér skólabókavörður um safnið og héraðsbókasafnið ber engan kostnað af því. Á Hofsósi sér starfsmaður skólans um bókasafnið þar. Síðan er starfsmaður á Steinsstöðum sem fær greitt í tímavinnu fyrir opnunina eins og á Hofsósi. Greitt er fyrir þann tíma sem opið er. Greiðslan fer fram einu sinni á ári fyrir undangengið ár. Fyrir árið 2011 var greitt fyrir 84 dagvinnustundir og að auki orlof vegna bókasafnsins á Steinsstöðum. Fyrir vinnu vegna bókasafnsins á Hofsósi var greitt fyrir 99,5 klst. með 33% álagi vegna vinnu eftir kl. 17:00, auk orlofs. Síðan er bókasafn í skólahúsnæðinu í Fljótum, sem heyrir ekki undir héraðsbókasafnið.

Vinnutíminn hjá starfsmönnum héraðsbókasafnsins er frá kl. 9:00 til 17:00 hjá tveimur og sá sem er í 75% starfi er frá kl. 13:00 til 19:00. Eftir kl. 17:00 er einn starfsmaður. Þeir starfsmenn, sem vinna frá kl. 9:00 til 17:00, hafa ekki fengið yfirvinnu greidda fyrir utan fasta yfirtíð. Starfsmaður sem er í 75% starfi fær álag efir kl. 17:00 á daginn en hann hefur annast opnunina frá kl. 17:00 til 19:00.

Héraðsbókasafnsvörður er með fasta 20 klst. á mánuði í yfirtíð. Annar starfsmaður er með 15 klst. á mánuði í fasta yfirtíð. Ef þessir tveir starfsmenn vinna yfirtíð er ekki greitt aukalega fyrir það.

Opnunartími bókasafnsins í Safnahúsinu er sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga er opið frá kl. 11:00 til 19:00.

Föstudaga er opið frá kl. 11:00 til 18:00.

Síðan er opnunartími í útibúunum sem hér segir:

Hofsósi; þriðjudögum frá kl. 16:00 til 18:00

Bókasafnið á Steinsstöðum; fimmtudögum frá kl. 20:30 til 22:00

Bókasafnið Varmahlíðarskóla; þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 14:00 til 16:00.

Í viðræðum við héraðsbókavörð kom fram að til greina kæmi að hafa opið allan daga frá kl. 11:00 til 18:00 í Safnahúsinu. Fram kom að þunginn í afgreiðslunni sé á tímabilinu frá kl. 16:00 til 18.00, það er á þeim tíma sem fólk er að koma úr vinnu.

Bókasafnið fær góðan afslátt hjá Kaupfélagi Skagfirðinga vegna bókakaupa og hefur því beint viðskiptum sínum þangað.

Héraðsbókasafnsvörður kvartaði undan kostnaði við internettengingu. Þegar dregið hefur verið úr gagnahraðanum, sem keyptur hefur verið, þá hefur það bitnað á öðrum stofnunum í húsinu en þau hafa viljað ná niður kostnaði fyrir allt húsið. Finnst eðlilegt að greiða um 20.000 kr. á mánuði í stað þess að greiða um 35.000 kr.

Reynt hefur verið að fá dregið úr gagnahraðanum inn í húsið og lækka þar með kostnað en það hefur ekki gengið. Þó nettengdum tölvum á bókasafninu fækki hækkar kostnaðurinn hjá hinum stofnunum í húsinu.

---

## HÉRAÐSSKJALASAFN

---

Héraðsskjalavörður sér um héraðsskjalasafnið, sérverkefni sem hafa verið á vegum

héraðsskjalasafnsins, listasafnið og umsjón með Safnahúsinu.

Við safnið sjálft eru 2,5 stöðugildi, sem þrír starfsmenn sinna. Dagvinnutími er frá kl. 8:00 til 17:00. Skjalasafnið er opið frá kl. 13:00 til 17:00 fyrir almenning. Hins vegar hefur verið tekið á móti gestum fyrir kl. 13:00.

Héraðsskjalavörður fær greiddar fast 20 klst. í yfirtíð á mánuði. Annar starfsmaður fær 5 klst. fasta yfirtíð á mánuði. Ef er unnin yfirtíð þá er ekki greitt sérstaklega fyrir hana. Bifreiðastyrkur er vegna notkunar á eigin bifreið þegar ekki er hægt að fá bíl hjá sveitarfélaginu, sömuleiðis hefur verið greitt fyrir nauðsynlegan akstur innanbæjar, sem eru nokkur hundruð kílómetrar á ári. Héraðsskjalavörður hefur samband við sinn sviðsstjóra ef þörf er á bifreið. Héraðsskjalasafnið hefur haft afnot af bifreið sem sviðsstjóri sviðsins hefur haft til ráðstöfunar.

Héraðsskjalasafnið tekur á móti öllum skjölum, sem eru skilaskyld, og sér um afgreiðslu úr þeim. Svarað er um 500 fyrirspurnum á ári hverju um ýmis mál. Skráðar heimsóknir gesta eru um 1500. Einnig heldur safnið utan um gagnagrunn og ljósmyndskráningu. Safnið á um 150 þús. ljósmyndir sem er verið að gera aðgengilegar á netinu.

Héraðsskjalasafnið er elsta héraðsskjalasafn landsins og sinnir ýmsum verkefnum sem tengjast m.a. ferðaþjónustu og menningarstarfi og aðstoðar einkaaðila eftir mætti. Mörg sveitarfélög reka ekki héraðsskjalasöfn. Rekstur héraðsskjalasafna er ekki lögbundið verkefni hjá sveitarfélögum, en þar sem ekki eru héraðsskjalasöfn, sér Þjóðskjalasafn Íslands um eftirlit með skjalavörslu, móttöku skjala og afgreiðslu á þeim.

#### **Sérverkefni fyrir Þjóðskjalasafn**

Héraðsskjalasafnið var með samning við ríkið um að skrá skjöl fyrir Þjóðskjalasafn Íslands frá 2008 til 2010. Samkvæmt því verkefni var áætlað í grófum dráttum að ríkið (Þjóðskjalasafn) greiddi launakostnað, flutning á gögnum, legði fram tölvur o.þ.h. Hins vegar sæi sveitarfélagið um kostnað vegna húsnæðis o.þ.h.

Undir lok árs 2010 var ljóst að verkefninu yrði ekki haldið áfram í þeirri mynd sem áður hafði verið. Vegna mistaka við samningsgerð varðandi húsnæði var hins vegar ljóst að greiða þyrfti húsaleigu og kostnað af því til júlí 2011. Samningurinn, sem gerður var af yfirstjórn sveitarfélagsins, var ekki uppsegjanlegur. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 2,8 milljóna framlagi sveitarfélagsins, sem ljóst var að dygði ekki til reksturs húsnæðisins, enda var leigugreiðslan ein upp á ríflega 2,9 milljónir og var þó leitað eftir lækkun á leigugreiðslum. Er þá ótalinn talsverður annar kostnaður við húsnæðið.

Eftir að þetta varð ljóst var ákveðið að halda áfram rekstri þann tíma sem eftir var af leigusamningi. Starfsemin átti að felast í þremur þáttum. Í fyrsta lagi að ljúka vinnu samkvæmt samningi við Þjóðskjalasafn, en greitt hafði verið fyrir óunna vinnu á árinu 2010. Sú upphæð var um 2,8 milljónir. Eðlilegt hefði verið að sú upphæð hefði færst milli ára í bókhaldinu, til ársins 2011. Þá var hafist handa við skönnun og skráningu á ljósmyndum en styrkur fékkst frá ríkinu til verkefnisins, 4,5 milljónir króna, og loks voru skráð skjalasöfn nokkurra hreppa og opinberra aðila í Skagafirði, sem nauðsynlegt þótti að gera aðgengileg, vegna upplýsingaskyldu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Ljóst var að framlag sveitarfélagsins myndi ekki duga á því ári og því um að ræða

umtalsverða framúrkeyrslu, miðað við tölur í fjárhagsáætlun, sem gengið var frá áður en ljóst var að húsnæðiskostnaðurinn myndi verða jafn mikill og raun varð á. Á þetta var bent þegar í upphafi að sögn héraðsskjalavardar.

Á árinu 2011 var fært á bókhaldslykilinn sérverkefni fyrir Þjóðskjalasafn, annars vegar útgjöld við að ljúka verkefninu frá 2010 og síðan hófst nýtt verkefni um skráningu á ljósmyndum. Nettó útgjöld vegna þessa liðar voru 9,563 þús. kr. á árinu 2011. Upp í þau voru 2,8 millj. kr. frá árinu 2010 þannig að raun niðurstaða var 6,8 millj. kr. Í fjárhagsáætlun var eingöngu gert ráð fyrir framlagi vegna húsnæðis að upphæð 2,8 millj. kr., þannig að umframkeyrslan er um 4 millj. kr. Héraðsskjalavörðurinn telur sig hafa bent á að framlagið myndi ekki duga. Skýringin á umframkeyrslunni var að teknar voru ákvarðanir um ráðningar sem ekki var gert ráð fyrir.

Héraðsskjalavörður taldi sig sjá þessa umframkeyrslu komna fram um mitt ár og taldi sig hafa tilkynnt það til sinna yfirmanna og telur að það hafi verið kunnugt um þetta í stjórnkerfinu. Hann lagði upphaflega áherslu á að safnið væri ekki að fá aukalega fyrir þetta verkefni og það yrði tap á því. Samt sem áður var tekin ákvörðun um að fara í verkefnið, enda skapaði það atvinnulausum störf og var að því leyti mikilvægt fyrir sveitarfélagið. Ýmsir aðrir þættir fóru langt fram úr áætlunum, m.a. greiðsla vegna internettenginga sem margoft var kvartað yfir.

Allt starfsfólk vegna verkefnisins var með tímabundna ráðningasamninga og starfseminni hætt um mitt ár 2011.

Í ár fær Héraðsskjalasafnið 5 millj. kr. vegna ljósmyndaskráningar frá ríkinu. Starfsfólkið, sem ráðið er í verkefnið, er ráðið í samstarfi við atvinnuleysistryggingasjóð. Þaðan koma einnig greiðslur upp í launakostnað vegna þessa. Nú er verið að vinna í þessu verkefni í 2,1 stöðugildi, sem þrír starfsmenn sinna. Leggja ber áherslu á að kostnaði sé haldið innan þess ramma sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn.

### **Listasafnið**

Listasafnið hefur rekið sig á tekjum sem hafa fengist við að leigja út listaverk. Stærsti leigjandinn er sveitarfélagið sjálft. Einnig hafa aðrar stofnanir og fyrirtæki leigt málverk. Innkoman hefur dugað til að halda eina til tvær sýningar á ári. Listaverk hafa ekki verið keypt s.l. fjögur ár. Listasafnið hefur engan starfsmann en kostnaður vegna þess hefur í raun fallið á Héraðsskjalasafnið.

---

## **BYGGÐASAFN, GLAUMBÆR-FERÐAÞJÓNUSTA, FORNLEIFAEILD OG BYGGÐASAGA**

---

### **Byggðasafn**

Starfsemi byggðasafnsins er tvískipt: rannsóknir og miðlun og skráning og varðveisla. Byggðasafnið hefur selt út vinnu vegna sýninga og staðarvörslu. Sveitarfélagið hefur greitt fyrir eina stöðu á ári vegna byggðasafnsins en hefur síðan styrkt hálf starf á ári.

Tafla 85: Laun á byggðasafninu 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	5.376.066	
Yfirvinna/álag	1.448.413	26,9%
Starfsmannakostnaður	9.107	
Launatengd gjöld	1.739.476	
Samtals	8.573.062	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 85 sýnir launaútgjöld vegna byggðasafnsins fyrir árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag um 27% af mánaðarlaunum.

Stöðugildi við byggðasafnið eru 1,5. Vinnutími er frá kl. 9-17/10-18. Skrifstofa Byggðasafnsins er opin frá 9-17.

Útgjöld sveitarfélagsins á árinu 2011 vegna byggðasafnsins voru nettó 8.967 þús. kr.

### Ferðaþjónustan Glaumbær

Ferðaþjónusturáðnir sumarsafnverðir voru 9. Vinnutími þeirra var: 9-18, og 13-21.

Minjahússýningar eru sem hér segir: Frá kl. 13:00 til kl. 21:00. Glaumbæjarsýningar: frá kl. 9:00 til kl. 18:00.

### Fornleifadeild

Starfsmannafjöldi eru þrír starfsmenn á ársgrundvelli við deildina árið 2011. Hlutverk Fornleifadeildar er að annast rannsóknir, skráningar og miðlun (skýrslur, greinar, rit, sýningar, önnur fræðsla). Fornleifadeildin hefur selt út vinnu m.a. til Vegagerðarinnar og annarra sveitarfélaga.

Tafla 86: Laun vegna fornleifadeildar 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	10.003.511	
Yfirvinna/álag	1.290.600	12,9%
Starfsmannakostnaður	387.747	
Launatengd gjöld	2.846.314	
Samtals	14.528.172	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 86 sýnir laun vegna fornleifadeildar árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag 12,9% af mánaðarlaunum. Nettó útgjöld sveitarfélagsins vegna fornleifadeildar voru 4,8 millj. kr. á árinu 2011.

### Byggðasaga

Unnið er að ritun sögu sveitarfélagsins. Á árinu 2011 voru útgjöld vegna ritun sögunnar 7,7 millj. kr. Ritstjórinn er á launum hjá sveitarfélaginu skv. ákveðnum samningi. Hann hefur aðstöðu í safnahúsinu.

---

## FÉLAGSHEIMILI

---

Sveitarfélagið rekur níu félagsheimili.

Tafla 87: Félagsheimili á vegum sveitarfélagsins og rekstrarútgjöld hvers þeirra á árinu 2011

	Heildar útgjöld	Þar af innri leiga	Útgjöld án innri leigu
Árgarður	795.308	450.564	344.744
Bifröst	2.164.664	1.542.500	622.164
Félagsheimili Rípurhrepps	1.260.823	845.782	415.041
Höfðaborg	1.988.872	1.581.545	407.327
Ketilás	1.550.874	969.769	581.105
Ljósheimar	1.863.406	1.418.087	445.319
Melsgil	1.647.796	1.308.816	338.980
Skagasel	1.583.115	1.189.268	393.847
Miðgarður - menningarhús	14.068.812	12.482.783	1.586.029
<b>Samtals</b>	<b>26.923.670</b>	<b>21.789.114</b>	<b>5.134.556</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 87 sýnir rekstrarútgjöld sveitarfélagsins vegna félagsheimila. Eins og þar kemur fram voru heildarútgjöldin 26,9 millj. kr., þar af var innri leiga 21,8 millj. kr. Önnur útgjöld voru því 5,1 millj. kr.

Menningar- og kynningarnefnd ber ábyrgð á rekstri félagsheimila. Við hvert félagsheimili starfar hússtjórn sem samanstendur af fulltrúum, sem Menningar- og kynningarnefnd tilnefnir fyrir hönd sveitarfélagsins, og fulltrúum sem félög, sem eru meðeigendur í viðkomandi húsum, tilnefna. Eignahlutur sveitarfélagsins er í flestum tilfellum á bilinu 70-90% og sveitarfélagið því með meirihluta í öllum hússtjórnnum. Tvær leiðir hafa verið farnar á undanförnum árum varðandi daglegan rekstur félagsheimilanna, í Höfðaborg, Melsgili, Skagaseli og Árgarði annast hússtjórnirnar reksturinn, ýmist með því að ráða sér húsvörð eða með þeim hætti að hússtjórnarfólk annast sjálft umsjón með húsinu. Í Ljósheimum, Ketilási, Bifröst og í Miðgarði hefur nefndin farið þá leið að auglýsa eftir rekstraraðilum sem reka viðkomandi hús á eigin kennitölu. Í öllum tilfellum er þó hafður sá háttur á að sveitarfélagið greiðir kostnað við hita, rafmagn og innri leigu. Ein undantekning er á þessu, í nýjasta samningnum sem gerður var við rekstraraðila í Ljósheimum, en þar greiðir rekstraraðilinn fyrir hita og rafmagn, en sá samningur tók gildi um síðustu áramót.

Í viðræðum við sviðsstjóra kom fram að hann telur að sveitarfélagið eigi að geta losað sig við eignarhlut í einhverjum af þessum húsum á komandi árum. Menningar- og kynningarnefnd hefur nýverið sett af stað vinnu við stefnumótun í málefnum félagsheimila sem væntanlega mun skila nýjum hugmyndum varðandi rekstur þeirra til næstu ára.

---

## UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ

---

Undir umhverfis- og tæknisvið heyrar:

Skipulagsmál,

eignasjóður,  
umsjón með félagslegum íbúðum,  
byggingarmál,  
umhverfismál,  
brunamál,  
hafnarmál,  
samgöngumál,  
landbúnaðarmál,  
þjónustumiðstöð og  
fráveita.

Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra að eignasjóður heyrði að hluta til líka undir hann en skv. skipulaginu væri ekki gert ráð fyrir því. Á vegum eignasjóðs er starfsmaður í fullu starfi sem sinnir daglegum rekstri og er ábyrgur fyrir því að fjárhagsáætlun standist varðandi eignasjóðinn en stærri mál vegna hans hafa komið inn á borð sviðsstjóra. Að auki hefur annar starfsmaður eignasjóðs aðsetur í þjónustumiðstöð og annast viðhald á húseignum sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs er jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi og situr í almannavarnanefnd. Á sviðinu starfa með honum þrír starfsmenn. Tveir sem sinna byggingareftirliti, fasteignaskráningu, lóðamálum og skipulagi. Sá þriðji hefur umsjón með útverkum með sviðsstjóranum, vinnur að undirbúningi framkvæmda og eftirliti með þeim. Allir starfsmenn sviðsins eru með fasta yfirtíð.

Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra fá starfsmenn sviðsins ekki greidda yfirtíð umfram þá föstu yfirtíð sem þeir eru með.

Móttökuritari í afgreiðslu er í 50% starfi hjá sviðinu.

#### Tafla 88: Launaútgjöld vegna tæknideildar árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	19.119.698	
Yfirvinna/álag	7.926.733	41,5%
Matarkostnaður	504.439	
Launatengd gjöld	6.574.757	
<b>Samtals</b>	<b>34.125.627</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 88 sýnir launaútgjöld vegna tæknideildar árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna um 42% af mánaðarlaunum.

Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra að ekki væru haldnir reglulegir fundir með yfirhafnaverði né slökkviliðsstjóra. Hins vegar væru samskiptin mikil og nánast dagleg. Slökkviliðið væri nokkuð sjálfstætt.

Yfirhafnarvörður sér um daglegan rekstur hafnarinnar. Sviðsstjóri hefur gert með honum fjárhagsáætlun. Hafnarmál heyra undir umhverfis- og samgöngunefnd. Sveitarstjóri er jafnframt hafnarstjóri.

Vinnuskýrslur vegna hafnarinnar og slökkviliðsins fara beint til launadeildar frá yfirhafnarverði og slökkviliðsstjóra.

---

## BRUNAVARNIR SKAGAFJARÐAR

---

Hjá Brunavörnum Skagafjarðar eru fjórir starfsmenn í fullu starfi, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og tveir aðstoðar varðstjórar. Auk þess eru 30 menn í útkallsliði slökkviliðsins, þar af eru fimm á Hofsósi og fimm í Varmahlíð. Samningur er á milli nágranna sveitarfélaganna um aðstoð þeirra í milli komi upp stórbruni eða vá.

Daglegur vinnutími starfsmanna Brunavarna Skagafjarðar er frá kl. 8:00 til 16:30. Dags daglega taka þeir samningsbundna matar- og kaffitíma. Matar og kaffitímar geta verið óreglulegir vegna útkalla.

Útköllum er skipt í þrjá hópa. Einn hópur er fyrir Varmahlíð, annar fyrir Hofsós og sá þriðji fyrir Sauðárkrók. Þegar fyrsta útkall er t.d. á Sauðárkróki er útkallshópurinn þar allur kallaður út, 20 menn. Eins er allur hópurinn í Varmahlíð kallaður út þar ef útkall er í Varmahlíð. Sama á við um Hofsós. Síðan tekur yfirmaður ákvörðun um hvort fleiri eru boðaðir.

Hver slökkviliðsmaður fær greiddar á ári samtals 20.000 kr. vegna síma nema slökkviliðsmenn í fullu starfi, sem hafa síma til afnota.

Auk hefðbundinna slökkvistarfa sinna Brunavarnir Skagafjarðar sjúkraflutningum, slökkvitækjapjónustu, eldvarnareftirliti og öryggisvöktun vegna viðburða. Þegar fjöldi þátttakenda á viðburðum fer yfir 500 manns, t.d. í íþróttahúsinu og landsmóti hestamanna, eru Brunavarnir Skagafjarðar með vöktun á viðkomandi stað. Viðkomandi mótshaldari greiðir til Brunavarna Skagafjarðar samkvæmt gjaldskrá.

Með samningi, dags. 11. október 2006, á milli Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki og sveitarfélagsins tók sveitarfélagið fyrir hönd Brunavarna Skagafjarðar að sér sjúkraflutning á starfssvæði Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki. Starfssvæðið er allur Skagafjörðurinn að undanskildum Fljótunum sem eru á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar.

Samningur um sjúkraflutning er ótímabundinn með árs uppsögn miðað við áramót.

Í viðauka með samningnum er gert ráð fyrir að ávallt sé mannaður einn sjúkrabíll. Bíll tvö er mannaður eftir útkall sambærilegt við útkall slökkviliðsins, þ.e. ekki er um sérstaka bakvöktun að ræða vegna hans.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri taka alla jafna ekki bakvaktir vegna sjúkraflutninga. Báðir aðstoðarvarðstjórnarnir taka bakvaktir vegna sjúkraflutninga og að auki fjórir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, sem eru í útkallsliði slökkviliðsins á Sauðárkróki. Báðir aðstoðarvarðstjórnarnir hafa réttindi og skyldur sem yfirmenn í slökkviliðinu en ekki þeir fjórir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn úr útkallsliðinu. Þegar hvorugur aðstoðarvarðstjórninn er á bakvakt og þá tveir úr útkallsliðinu hefur slökkviliðsstjóri og/eða varaslökkviliðsstjóri tekið bakvaktir, sem yfirmaður í slökkviliðinu. Þegar svo er hafa þrír starfsmenn verið á sama tíma á bakvakt, tveir vegna sjúkraflutninga og einn sem yfirmaður í slökkviliðinu. Af þessu fyrirkomulagi hefur hlotist nokkur kostnaður. Nokkuð er um sjúkraflutninga út fyrir starfssvæðið eins og t.d. til Akureyrar og til Reykjavíkur. Flutningur til eða frá Akureyri tekur um fjórar klukkustundir.

Bakvaktir eru frá kl. 16:30 til kl. 8:00 næsta virkan daga og um helgar frá kl. 16:30 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni.



Tafla 89: Launaútgjöld fastráðinna starfsmanna Brunavarna Skagafjarðar árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	13.135.067	
Yfirtíð og bakvaktir	10.540.652	80,2%
Fæðisfé	276.356	
Dagpeningar	97.700	
Launatengd gjöld	6.191.679	
<b>Samtals</b>	<b>30.241.454</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 89 sýnir launaútgjöld vegna fastráðinna starfsmanna við Brunavarnir Skagafjarðar árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirtíð og bakvaktir um 80% af föstum launum.

Samkvæmt ráðningarsamningi við slökkviliðsstjóra fær hann fasta yfirtíð fyrir hvern mánuð. Samkvæmt samningnum á ekki að greiða laun umfram föst laun og fasta yfirtíð. Föst yfirtíð á m.a. að ná yfir útköll og bakvaktir og þ.m.t. bakvaktir vegna sjúkraflutninga.

Varaslökkviliðsstjóri er með fasta yfirtíð sem á að ná yfir öll óþægindi og vinnu utan reglubundins vinnutíma vegna brunavarna nema bakvaktir.

Varðstjórar fá ekki greidda fasta yfirtíð. Þeir fá greitt fyrir allar bakvaktir sem þeir standa og öll útköll skv. kjarasamningi og vinnu í framhaldi af aflokinni dagvinnu.

Á öllum þremur þéttbýlisstöðunum í sveitarfélaginu hafa Brunavarnir Skagafjarðar húsnæði, sem er í eigu sveitarfélagsins og er greidd leiga fyrir húsnæði til eignasjóðs.

Brunavarnirnar hafa til afnota einn körfubíl, tankbíl og dælubíl, sem eru staðsettir á Sauðárkróki. Í Varmahlíð eru tveir gamlir bílar og á Hofsósi einn dælubíll. Auk þess er til staðar bíll til að flytja slökkviliðsmenn og Hilux sem er notaður af stjórnendum slökkviliðsins.

Vegna sjúkraflutninga hafa brunavarnirnar tvo sjúkrabíla til afnota, sem eru í eigu Rauða krossins. Rauði krossinn annast allan rekstur á bílunum. Hins vegar sjá starfsmenn slökkviliðsins um minniháttar viðhald án endurgjalds.

Tafla 90: Útköll vegna sjúkraflutninga hjá Brunavörnum Skagafjarðar 2011

	F1	F2	F3	F4	Samtals
Innanbæjar	19	29	61	25	134
Utanbæjar	14	21	21	8	64
<b>Samtals</b>	<b>33</b>	<b>50</b>	<b>82</b>	<b>33</b>	<b>198</b>

Heimild: Slökkviliðsstjóri Brunavarna Skagafjarðar

Tafla 90 sýnir útköll vegna sjúkraflutninga hjá Brunavörnum Skagafjarðar árið 2011, skipt í innanbæjar og utanbæjar flutninga. Heildar sjúkraflutningar voru 228 árið 2011 hjá Brunavörnum Skagafjarðar. Vantar því skiptingu á 30 sjúkraflutningum. Sjúkraflutningar flokkast sem hér segir:

- F1: Neyðarflutningur mesti forgangur.  
 F2: Neyðarflutningur algjör forgangur.  
 F3: Forgangsflutningur, þar sem krafist er að koma viðkomandi sem fljótast til sjúkrahúss.  
 F4: Almennur flutningur.

*Tafla 91: Skipting tekna Brunavarna Skagafjarðar árið 2011 í þús. kr.*

Sjúkraflutningar og húsaleiga	15.619
Slökkvitækjahleðsla	2.260
Öryggisvöktun v/ýmissa viðburða	610
Pátttaka Akrahrepps í rekstri	2.137
<u>Endurgreiddur VSK v/ársins 2008</u>	<u>156</u>
<b>Samtals</b>	<b>20.782</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 91 sýnir hvernig tekjur Brunavarna Skagafjarðar skiptust á árinu 2011. Hafa ber í huga að tekjur vegna slökkvitækjaþjónustu, sjúkraflutninga og öryggisgæslu eru vegna verkefna sem ekki heyra undir lögbundin verkefni slökkviliða.

Mikilvægt er, þegar slökkvilið taka að sér aukaverkefni, að þá sé tryggt að tekjur standi undir þeim kostnaði sem af þeim hlýst og að hægt sé að ná þeirri hagræðingu að kostnaður við brunavarnir verði minni.

Hægt er að færa rök fyrir því að ef slökkviliðið væri ekki með þessa viðbótarþjónustu dygði að vera með einn starfsmann, slökkviliðsstjóra, í fullu starfi en þeir eru nú fjórir.

Sjúkraflutningar eru ekki á verksviði sveitarfélaga. Vegna þeirra eru a.m.k. tveir viðbótar menn í slökkviliðinu auk slökkviliðsstjóra. Jafnframt þarf að tryggja stöðugar bakvaktir tveggja manna utan reglubundins vinnutíma. Tryggja þarf að tekjurnar standi undir kostnaði vegna þessa.

Greitt er sérstaklega fyrir sjúkraflutninga til Reykjavíkur. Þegar sjúkraflutningur er til Akureyrar er ekki önnur bakvöktun sett upp á meðan. Ef til útkalls kemur þá er hringt í menn til að manna sjúkrabíl tvö. Yfirmaður slökkviliðs er upplýstur um alla slíka sjúkraflutninga, bæði þegar lagt er af stað og eins þegar sjúkrabíllinn er kominn til baka. Yfirmaðurinn gerir ráðstafanir til að tryggja að hann nái í menn til að mæta útkalli tvö, t.d. með því að kanna hver af sjúkraflutningamönnum á frívakt er tiltækur ef á þyrfti að halda. Ekki er um sérstakar greiðslur að ræða vegna þessa umfram þá bakvöktun sem greidd er viðkomandi yfirmanni.

Tekjur vegna sjúkraflutninga á árinu 2011 voru 15.619 þús. kr. Til samanburðar voru tekjur Slökkviliðs Ísafjarðar á árinu 2012 vegna sjúkraflutninga 18.700 þús. kr., sem er tæpum þremur millj. kr. hærri upphæð. Á Ísafirði er stuðist við sjúkraflug þegar sjúklingar þurfa að koma eða fara frá Ísafirði. Hins vegar á Sauðárkróki þarf að keyra sjúklinga fram og til baka, oftast til Reykjavíkur eða Akureyrar. Með hliðsjón af þessu og einnig því að sjúkraflutningar kalla á bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og a.m.k. kosti tvo menn í fullu starfi má vera ljóst að þær tekjur, sem Brunavarnir Skagafjarðar fá, 15.619 þús. kr. árið 2011, standa ekki að fullu undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þeirra. Gera verður kröfu til þess að ríkissjóður greiði



leggja mat á þjónustustig eða hvort sveitarfélög séu að öðru leyti að uppfylla lagalega skyldu sína eru að mínu viti hæpinn.“

*Tafla 93: Útgjöld hjá samanburðar sveitarfélögum vegna brunavarna árið 2010 á hvern íbúa í þús. kr.*

	Sveitarfélagið Árborg	Akraneskaupstaður*	Fjarðabyggð	Seltjarnarneskaupstaður	Vestmannaeyjabær	Sveitarfélagið Skagafjörður*	Ísafjarðarbær	Borgarfjarðarbyggð	Fljótsdalsháer	Norðurþing	Grindavíkurbær
Fjöldi íbúa 1. desember 2011	7.818	6.600	4.573	4.327	4.133	4.100	3.816	3.484	3.406	2.917	2.821
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		-1.879	-21.509		-123	-4.689	-6.935	-2.600		-851	-796
Laun og launatengd gjöld		4.067	25.839		5.075	11.236	13.596	5.168		7.796	5.734
Annar rekstrarkostnaður	5.736	2.804	12.634	5.905	1.585	4.367	4.052	3.526	8.511	3.107	8.224
<b>Brunavarnir samtals</b>	<b>5.736</b>	<b>4.991</b>	<b>16.964</b>	<b>5.905</b>	<b>6.536</b>	<b>10.914</b>	<b>10.712</b>	<b>6.094</b>	<b>8.511</b>	<b>10.051</b>	<b>13.163</b>

\*Eru sameiginlegir liðir v/brunamála og almannavarna

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 93 sýnir útgjöld og tekjur vegna brunamála á hvern íbúa hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2010. Eins og þar kemur fram eru tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri kostnað á hvern íbúa vegna brunamála en Sveitarfélagið Skagafjörður. Eins og í töflu 93 er nokkur munur á þessum kostnaði á milli sveitarfélaga. Lægstur er kostnaðurinn hjá Akraneskaupstað, þar sem kostnaðurinn var 4.991 kr. á hvern íbúa árið 2010. Munurinn miðað við Skagafjörð er 5.923 kr., sem útgjaldaliðurinn er hærri á hvern íbúa. Taka ber svona samanburð með fyrirvara þar sem aðstæður geta verið mismunandi. Hins vegar eins og áður má taka þennan samanburð sem vísbendingu um hvað betur mætti gera.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akraness nær þjónustusvæði slökkviliðsins frá Hvítárbrú að botni Hvalfjarðar. Innan þess eru tvö sveitarfélög, þ.e. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit með samtals 7.240 íbúa. Á þjónustusvæði slökkviliðsins er járnblendi verksmiðja og álver. Í samanburði við þetta slökkvilið ber að hafa í huga að þjónustusvæði Slökkviliðs Skagafjarðar nær yfir fjóra byggðakjarna og eru vegalengdir lengri á milli staða en hjá Slökkviliði Akraness.

Slökkvilið Akraness sinnir eingöngu brunavörnum og eldvarnareftirliti. Hjá slökkviliðinu er einn starfsmaður, slökkviliðsstjóri, í fullu starfi. Auk þess að sinna starfi slökkviliðsstjóra annast hann jafnframt eldvarnareftirlit.

Ef gengið væri út frá því að rekstrarfyrirkomulag Brunavarna Skagafjarðar væri með sama hætti og hjá Slökkviliði Akraness, þ.e. brunavarnir sinntu ekki sjúkraflutningum og einungis einn starfsmaður væri í fullu starfi og bakvaktir væru með líkum hætti og þar mætti gera ráð yfir að rekstrarútgjöldin væru svipuð hjá þessum sveitarfélögum og þá eins og á Akranesi, þar sem þau voru 32.942 þús. kr. Miðað við fjölda íbúa í Sveitarfélaginu Skagafjörður hefði þetta gert 8.035 kr. á hvern íbúa, eða 2.879 kr. lægri en kostnaðurinn var.

Eins og fram hefur komið hér að framan hafa Brunavarnir Skagafjarðar tekið að sér ýmsa þjónustu fyrir aðra. Þar ber fyrst að nefna sjúkraflutninga, sem eru á verksviði ríkisins, og því á sveitarfélagið ekki að bera neinn umframkostnað vegna þeirra. Gæta þarf að því að svo sé. Að auki annast slökkviliðið slökkvitækjaþjónustu og vöktun vegna meiri háttar viðburða. Tryggja þarf að brunavarnirnar beri ekki aukakostnað vegna þessa. Eða með öðrum orðum að greiðslur fyrir þessa þjónustu standi undir útgjöldum. Miðað við fyrirkomulag Slökkviliðs Akraness og kostnaðinn við rekstur

Þess virðist sem Sveitarfélagið Skagafjörður sé að bera nokkurn kostnað vegna sjúkraflutninga sem erfitt er að færa rök fyrir.

Ætla verður að hægt sé að skipuleggja starfsemi slökkviliðsins þannig að með sérverkefnum náist fram samlegðaráhrif, þannig að þegar upp er staðið eigi kostnaður við brunavarnir að vera lægri en án þessara verkefna.

Að teknu tilliti til framanritaðs er þeirri spurningu hér varpað fram hvort þau þjónustuverkefni, sem Brunavarnir Skagafjarðar hefur tekið að sér, hafi orðið til kostnaðarauka fyrir slökkviliðið? Ef svo er þarf að taka þau mál til endurskoðunar. Tryggja þarf að með slíkum þjónustuverkefnum náist fram samnýting þannig að kostnaður við brunavarnir verði lægri en án þeirra verkefna.

---

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

---

Í þjónustumiðstöð eru fjórir starfsmenn í 4 stöðugildum. Auk þess er einn smiður í einu stöðugildi og heyrir undir eignasjóð. Stöðugildin skiptast þannig: yfirverkstjóri eitt stöðugildi, sem er yfirmaður þjónustumiðstöðvar, gröfumaður eitt stöðugildi, verkstæði eitt stöðugildi, ýmislegt eitt stöðugildi. Yfir sumarmánuðina hafa verið ráðnir viðbótastarfsmenn. Þjónustumiðstöðin hefur þjónað öllum tækjum vegna vinnuskólans og grassláttar.

Vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar er þannig að yfirverkstjóri vinnur frá kl. 6:30 til 17:30 en aðrir starfsmenn vinna frá kl. 8:00 til 17:15. Þeir hafa ekki tekið fullan matartíma og sleppt síðdegiskaffi. Vegna þessa hefur vinnutíminn reiknast 8 klukkustundir í dagvinnu og 1 klukkustund í yfirtíð á dag nema á föstudögum, þá reiknast dagurinn 8 klukkustundir í dagvinnu en engin yfirtíð.

Þrír starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru með fasta yfirtíð og fá tveir af þeim einnig greitt fyrir unna yfirtíð. Sá fjórði fær greitt fyrir unna yfirtíð.

Tafla 94: Launaútgjöld vegna þjónustumiðstöðvar árið 2011

	Hlutfall af mánaðarlaunum	
Mánaðarlaun	15.458.764	
Yfirvinna/álag	6.848.341	44,3%
Fæðispeningar	174.422	
Launatengd gjöld	4.948.043	
<b>Samtals</b>	<b>27.429.570</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 94 sýnir launaútgjöld hjá þjónustumiðstöð árið 2011. Eins og þar kemur fram var yfirvinna og álag sem hlutfall af mánaðarlaunum um 44%.

Þjónustumiðstöðin er rekin á tveimur stöðum. Aðstaða fyrir yfirverkstjóra og vélaverkstæði ásamt geymsluaðstöðu á lóð er í leiguhúsnaði sem er í eigu Skagafjarðarveitna ehf. Önnur starfsemi á vegum þjónustumiðstöðvar ásamt geymslum er í leiguhúsnaði sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Nokkuð stór hluti af því húsnaði er nýtt sem geymsluhúsnaði. Vegna þessa var greitt í húsaleigu á árinu 2011 5.444 þús. kr. og innri leigu 4.138 þús. kr., eða samtals 9.582 þús. kr.

Öllu sveitarfélaginu er þjónað frá þjónustumiðstöðinni á Sauðárkróki. Á Hofsósi hefur verið einn starfsmaður yfir sumarmánuðina frá maí til september ár hvert. Hann hefur unnið á skíðasvæðinu yfir vetrarmánuðina.

Þjónustumiðstöðin hefur til umráða þrjár bifreiðar og eignasjóður eina. Yfirverkstjóri er með einn bíl, verkstæði einn bíl, smíðaverkstæði o.fl. einn bíl og svo umsjónarmaður fasteigna (eignasjóður) einn bíl. Þannig má segja að miðað við að starfsmennirnir eru fimm hafi hver þeirra nánast einn bíl til umráða.

Auk þessa hefur þjónustumiðstöðin til umráða tvær dráttarvélar, vagn, loftpressu haugsugu og gröfu. Gert er ráð fyrir að grafan verði seld og er unnið að því að selja hana. Dráttavélar eru ekki mikið notaðar nema yfir sumarmánuðina. Þær eru nokkuð komnar til ára sinna, önnur frá 1985 og hin frá 1990.

Fráveitan er komin til ára sinna og hefur kostað mikla vinnu að halda henni við. Á næstunni þarf að fódra mikið af fráveitulögnum. Um er að ræða stórt verkefni sem líklega þarf að bjóða út. Í verkið þarf sérhæfðan búnað.

Dælur vegna frárennslis í hesthúsabyggð eru að slá mikið út, sem hefur skapað nokkurt ónæði fyrir yfirverkstjóra, t.d. sló dælunum út þrisvar sinnum um eina helgi.

Um hverja helgi á laugardögum og sunnudögum fer starfsmaður úr þjónustumiðstöð um bæinn til að hreinsa. Um er að ræða útkall hvorn dag, eða fjórar klukkustundir í hvort skipti, samtals 8 klukkustundir í yfirtíð um hverja helgi. Þessari vinnu hefur verið skipt niður á þrjá starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar. Yfirverkstjóri hefur sinnt þessu stundum. Eins og fram kemur hér annars staðar í skýrslunni sér vinnuskólinn um þetta verkefni yfir sumarmánuðina.

Snjómokstri hefur verið sinnt af verktaka. Yfirverkstjóri tekur ákvörðun um snjómokstur í hvert skipti. Nokkuð hefur verið um að skemmdir hafa orðið á kantsteinum vegna snjómoksturs. Samkvæmt samningi við verktakann á hann að gera við skemmdir eftir sig á sinn kostnað. Nokkuð vantar upp á að þetta hafi verið gert. Samningurinn við verktakann rennur út nú í vor. Fylgja þarf því eftir að gert sé við kantsteinana eða að dregið verði af greiðslum til verktakans vegna kostnaðar við viðgerðirnar.

Þjónustumiðstöðin hefur tekið að sér ýmis verkefni fyrir aðra eins og t.d. kaupfélagið á Hofsósi. Jafnframt hefur þjónustumiðstöðin lagt til vagn og mann þegar grafir hafa verið teknar í kirkjugarðinum en steypustöðin hefur lagt til gröfu.

## **Bifreiðar**

Þjónustumiðstöðin heldur utan um rekstur bifreiða sem stofnanir sveitarfélagsins hafa til afnota. Um er að ræða 25 bifreiðar fyrir utan tæki og bifreiðar slökkviliðsins.

Heildarrekstrarkostnaður framangreindra 25 bifreiða á árinu 2011 var 20.365 þús. kr. Þrátt fyrir allan þennan bifreiðaflota hjá sveitarfélaginu greiddi sveitarfélagið bifreiðastyrki á árinu 2011 samtals að upphæð 13.747 þús. kr. Samtals var því rekstrarkostnaður bifreiða annarra en hjá slökkviliðinu og greiddir bifreiðastyrkir á árinu 2011 34.112 þús. kr.

Samkvæmt málaflokki 33510, bifreiðar, í bókhaldi sveitarfélagsins var gjaldfært fyrir olíu og bensín vegna þessara bifreiða á árinu 2011 4.903.786. Þetta gerir að eldsneytiskostnaður á hverja bifreið var að meðaltali 196 þús. kr., sem getur vart talist

mikil eyðsla að meðaltali á hverja bifreið og þar af leiðandi ekki mikil meðaltals notkun alls þessa bifreiðaflota.

Tafla 95: Yfirlit yfir bifreiðar sveitarfélagsins, stofnanir sem hafa þær til afnota ásamt bifreiðastyrkjum sem starfsmenn nokkurra stofnana fengu greidda á árinu 2011

Bifreiðar	Árgerð	Hverjir nota	Bifreiðastyrkir
H-868 (IP-424) Toyota Tercel	1987	Garðyrkjudeild notar á sumrin	
PH-779 Nissan	1993	Þjónustumiðstöð/Garðyrkjudeild notar á sumrin	
TI-025 Nissan	2004	Garðyrkjudeild notar á sumrin - Varmahl.skóli á veturna	
VI-431 Nissan Terrano	2000	Garðyrkjudeild - allt árið	
VN-716 MMC Lancer	2002	Heimaþjónustan	1.238.642
KG-400 Toyota Touring 4wd	1996	Íþróttahús	
NP-786 Hyundai Starex 4x4	2000	Hús Fritímans vetur, vor og haust - Vinnuskólinn á sumrin	
VS-753 Subaru Legaci	1998	Hús Fritímans vetur, vor og haust - Vinnuskólinn á sumrin	
SB-499 Toyota Extra Cap	1990	Þjónustumiðstöðin	
MU-346	1999	Þjónustumiðstöð/Íþróttavöllur	
PN-031 Volkswagen Double Cap	2005	Þjónustumiðstöðin	
BL-274 Ford Ranger	2000	Þjónustumiðstöðin	
TF-P43 Isuzu D Max	2010	Þjónustumiðstöðin - Gunnar Pétursson	
PV-177 Peugeot Partner	2006	Eignasjóður	
OJ-678 Skodi	2005	Tæknideild	
DI-634 MMC L200	2007	Tæknideild	
NU-151 Skoda Octavia	2006	Byggðasafn	881.621
DY-176	2002	Byggðasafn	
YI-D60 - Skoda Octavia	2008	Markaðs- og þróunarsvið	
LS-588 Skoda Octavia	2004	Hafnarsjóður	
TU-019 Skodi	2002	Tónlistarskólinn - vinnuskólinn á sumrin	
OE-388 Toyota Corolla xli	1995	Tónlistarskólinn - vinnuskólinn á sumrin	1.787.849
JS-N23 Suzuki Swift	2009	Skólaskrifstofan	
LA-V91 Hyundai Gets GLS	2008	Leikskólar út að austan	
KA-A74 Suzuki Swift	2009	Grunnskólar út að austan	2.634.746

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 95 sýnir yfirlit yfir bifreiðaflota sveitarfélagsins annarra en þeirra sem slökkviliðið er með. Einnig kemur fram hvaða stofnanir eru með afnot af þessum bifreiðum. Einnig eru sýndir greiddir bifreiðastyrkir hjá nokkrum stofnunum.

Eins og taflan sýnir eru nokkrar stofnanir með fleiri en eina bifreið til afnota. Má þar nefnda garðyrkjudeildina sem hefur fjórar bifreiðar, þjónustumiðstöð sem hefur fjórar bifreiðar, hús fritímans tvær, tæknideild tvær, byggðasafn tvær, tónlistarskólinn tvær o.s.frv. Síðan má velta upp þeirri spurningu af hverju einstaka stofnanir þurfa bifreið eins og t.d. íþróttahús.

Þrjár stofnanir skera sig nokkuð úr með háar greiðslur bifreiðastyrkja þótt þessar stofnanir hafi bifreiðar til afnota. Grunnskólinn austan vatna, þar var greiddur bifreiðastyrkur að upphæð 2,6 millj. Skólinn hefur eina bifreið til afnota. Tónlistarskólinn hefur tvær bifreiðar til afnota en greiddur bifreiðastyrkur var 1,8 millj.

kr. Sömuleiðis hefur byggðasafnið tvær bifreiðar. Þrátt fyrir það var greiddur bifreiðastyrkur 882 þús. kr.

Tafla 96: Bifreiðastyrkir eftir stofnunum á árinu 2011

02090 Fjölskylduþjónusta	294.167	06270 Vinnuskóli Skagafjarðar	62.400
02120 Liðveisla (yngri en 18 ára)	63.335	06275 Atvinnuátak 16+	15.600
02150 Félagsleg heimaþjónusta	1.238.642	06341 Hús frítímans, félagsstarf -16 ára	107.823
02340 Barnavernd - Tilsjón	3.744	06342 Hús frítímans, félagsstarf +16 ára	5.550
02420 Dagvistun aldraðra	213.254	06511 Íþróttahús Sauðárkróks	28.908
02510 Sambýli - Fellstún 19	138.128	06551 Sundlaug Sauðárkróks	30.784
02520 Skammtímaðvistun - Grundarstígur 22	172.953	06555 Sundlaug Hofsósi	22.200
02630 Iðja - Hæfing	53.405	06650 Skíðasvæði	60.400
02640 Leikfangasafn	149.368	09010 Skipulags- og bygginganefnd	46.170
02650 Atvinna með stuðningi	76.866	10010 Umhverfis- og samgöngunefnd	15.100
02660 Frekari liðveisla	335.400	11010 Umhverfis- og samgöngunefnd	15.100
04090 Fræðslu- og skólaþjónusta	294.805	13200 Landbúnaðarnefnd	115.846
04112 Ársalir	136.977	13623 Landsmót hestamanna	12.480
04116 Birkilundur	35.805	21010 Sveitarstjórn	1.182.052
04213 Árskóli	1.061.454	21020 Bygðarráð	74.880
04215 Grunnskólinn austan Vatna	2.634.746	21060 Aðrar nefndir	54.945
04216 Varmahlíðarskóli	313.500	21190 Aðrar atkvæðagreiðslur	70.470
04510 Tónlistarskóli Skagafjarðar	1.787.849	21400 Skrifstofa Sauðárkróki	944.306
05010 Menningar- og kynningarnefnd	62.382	21410 Þjónustufulltrúi Varmahlíð/Steinsstaðir	113.729
05210 Héraðsbókasafn	78.540	21450 Markaðs- og þróunarsvið	35.016
05310 Héraðsskjalasafn	146.710	21460 Tölvusvið	233.119
05410 Byggðasaga	881.621	41010 Umhverfis- og samgöngunefnd	15.100
06010 Félags- og tómstundanefnd	12.586	41090 Hafnarsjóður Skagafjarðar	64.480
06090 Frístundaþjónusta	224.170		
06220 Sumar T.Í.M.	10.400		
		<b>Samtals</b>	<b>13.747.265</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 96 sýnir greiddan bifreiðastyrk hjá sveitarfélaginu á árinu 2011 eftir stofnunum.

Eins og fram hefur komið hér að framan þá greiðir sveitarfélagið háar fjárhæðir í bifreiðastyrki þrátt fyrir að tekin hafi verið sú ákvörðun að nota bifreiðar í eigu sveitarfélagsins í stað þess að greiða bifreiðastyrki.

Það er mat skýrsluhöfundar að annað hvort verði fylgt þeirri stefnu að vera með bifreiðar í eigu sveitarfélagsins, og þá sé almennt ekki greiddur bifreiðastyrkur nema í undantekningar tilfellum, eða hætt verði með bifreiðar á vegum sveitarfélagsins nema í undantekningar tilfellum og starfsmenn fái greitt fyrir afnot af eigin bifreiðum.

## EIGNASJÓÐUR

Undir eignasjóð heyrir umsjón með félagslegum íbúðum, öðrum íbúðum og húseignum sem eru í eigu sveitarfélagsins. Íbúðir sem eignasjóður hefur umsjón með eru 86. 18 íbúðir sem eignasjóður á en hinar 68 íbúðirnar eru á félagslega sviðinu.



Byggðaráð fer með stjórn eignasjóðs en sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs hefur daglega yfirumsjón með eignasjóði. Hjá eignasjóði er einn starfsmaður í 100% starfi, umsjónarmaður eignasjóðs. Síðan annar, sem vinnur við viðhald, og starfsmaður í 50% starfi við ræstingar í Ráðhúsi.

Mikið af tíma umsjónarmannsins fer í samskipti við íbúa í félagslegum íbúðum. Hann sér jafnframt um gerð húsaleigusamninga vegna félagslegra íbúða.

Nokkur skortur hefur verið á fjármagni til viðhalds. Það kom fram í viðræðum við umsjónarmanninn að hann teldi edlilegt að leigjendur greiði tryggingu til að þeir gengju betur um íbúðirnar. Íbúðirnar eru ný málaðar þegar leiga hefst en er síðan skilað í mismunandi ástandi. Jafnvel eru dæmi þess að íbúðir eru yfirgefnar án þess að lykllum sé skilað. Gerð er úttekt á íbúðum þegar leigjendur taka við þeim og þegar þeim er skilað. Leigjendur skrifa undir úttektarskýrslu við afhendingu íbúðar og eiga að gera það líka þegar þeir skila en misbrestur getur verið á því. Nokkur ágangur hefur verið á sumum íbúðum vegna dýrahalds leigjenda.

Til að ná niður kostnaði hefur umsjónarmaður verið að reyna að hafa allar íbúðirnar í sama lit og styrk af málningu. Hins vegar geta íbúar málað íbúðir þar sem ekki er kveðið á um það í leigusamningi. Vegna þess hafa leigjendur stundum málað íbúðir í öðrum lit og styrk.

Húsumsjónarmenn með einstökum fasteignum, eins og t.d. húsverðir skólunum, hafa pantað sjálfir inn vörur og látið skrifa hjá eignasjóði án samráðs við umsjónarmann eignasjóðs. Nú hefur umsjónarmaðurinn ákveðið að láta senda reikninga til baka á viðkomandi forstöðumenn ef þeir gera þetta. Þannig að þeir leiti heimilda fyrir úttektum, sem greiða á af reikningi eignasjóðs.

Umsjónarmaðurinn hefur umsjón með öllum meiriháttar framkvæmdum á eignum sveitarfélagsins. Fram kom í máli hans að skynsamlegt væri að bjóða út sem mest af vörukaupum, t.d. hreinlætisvörur, ljósaperur o.s.frv. Umsjónarmaðurinn hefur leitað eftir tilboðum og fengið. Síðan tilkynnt til forstöðumanna en erfiðlega hefur gengið að fá þá til að kaupa af viðkomandi birgja. Þeir hafa viljað ákveða sjálfir hvar þeir kaupa.

Fram kom í máli umsjónarmannsins að það vanti aðila með sérþekkingu á búnaði í sundlaugum. Æskilegt væri að geta gert samning við t.d. pípara sem hefði sérþekkingu á sundlaugar búnaði þannig að hægt væri að leita til hans komi upp bilanir.

---

## GARÐYRKJUDEILD

---

Garðyrkjustjóri hefur umsjón með öllum grænum svæðum sveitarfélagsins ásamt öllum hverfastígum og þar með leiksvæði sem eru hluti af hverfisgördum.

Yfirmaður garðyrkjudeildar er garðyrkjustjóri. Næsti yfirmaður hans er sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs. Þau hafa ekki reglulega fundi en eru í miklum tölvusamskiptum.

Fyrsti starfsmaður vegna sumarvinnu á ári hverju byrjar störf um 20. febrúar. Hann aðstoðar við blómaræktun. Fyrri hluta marsmánaðar hefst vinna við að klippa gróður. Undanfarin ár hefur nemi í garðyrkjufræðum verið í 50% starfi, hafið störf í mars og unnið fram í septemberlok. Þriðji starfsmaðurinn kemur í byrjun apríl. Um miðjan maí fara starfsmenn síðan að tínast inn.

Þegar fullmannað er vegna sumarsins hefur garðyrkjustjóri um 15 til 16 starfsmenn, sem ekki eru allir í fullu starfi. Stöðugildi eru samtals 4,7.

Það er mat garðyrkjustjóra að sveitarfélagið myndi aldrei kaupa jafn mikið af blómum og raun ber vitni ef garðyrkjudeildin ræktaði þau ekki sjálf. Telur að verðmæti plantna, sem ræktaðar eru árlega, sé um 4,5 millj. kr. Vegna kaupa á fræi hafa verið greiddar um tvö- til þrjú hundruð þús. kr. á ári. Kostnaður við hús, hita og fleira er greiddur af Skagafjarðarveitum sem á fasteignina.

Á haustin er síðan verið að ganga frá eftir sumarið. Síðasti starfsmaður sumarsins hættir í lok október. Þannig er garðyrkjustjóri einn að störfum frá þeim tíma og fram í lok febrúar.

Eftir að sumarvinnu lýkur hjá garðyrkjudeildinni hefst vinna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Jafnframt hefst strax vinna við að undirbúa næsta sumar. M.a. sér garðyrkjustjóri um að klippa gróður á veturna á opnum svæðum, sem er hluti af öðru viðhaldi svæða.

Varðandi skólalóðir og aðrar slíkar sér garðyrkjustjóri um slátt og umhirðu en að öðru leyti sjá húsverðir um lóðirnar, sömuleiðis er viðhald á girðingum og leiktækjum unnið að beiðni umsjónarmanns fasteigna eða forstöðumanna stofnunar.

Garðyrkjustjóri gerir verkefnalista fyrir vinnuskólann. Hann hefur síðan eftirlit með vinnunni og gerir athugasemdir ef vinna þarf betur. Garðyrkjustjóri fundar vikulega með umsjónarmanni vinnuskólans á starfstíma skólans. Fyrsti fundur vegna vinnuskólans í ár fór fram 15. maí s.l. Stór hluti af verkum vinnuskólans er fyrir garðyrkjudeildina.

Fjórir til fimm einstaklingar á aldrinum 17 til 18 ára, sem ekki hafa fengið vinnu, hafa unnið hjá garðyrkjudeildinni yfir sumarmánuðina en þeim eru greidd laun af sérstökum útgjaldalið vegna atvinnuátaks.

Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins annast öll tæki sem garðyrkjudeildin þarf að nota. Einnig aðstoðar hún við önnur verk ef þess er óskað. Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar á Hofsósi vinnur mikið fyrir garðyrkjudeildina.

#### Tafla 97: Launaútgjöld vegna garðyrkjudeildar árið 2011

	Hlutfall af mánaðarlaunum	
Mánaðarlaun	12.430.299	
Yfirvinna/álag	3.658.981	29,4%
Fæðispeningar	307.764	
Launatengd gjöld	3.551.562	
<b>Samtals</b>	<b>19.948.606</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 97 sýnir launaútgjöld vegna garðyrkjudeildar vegna ársins 2011. Eins og þar kemur fram nam yfirvinna um 30% af mánaðarlaunum árið 2011. Garðyrkjustjóri er með fasta yfirtíð. Aðrir starfsmenn í fullu starfi yfir sumarmánuðina hafa fjórar fastar klst. í yfirtíð á viku. Þeir sem eru í 50% starfi eru ekki með yfirtíð. Samtals fá níu starfsmenn greidda fasta yfirtíð.

Vinnutími garðyrkjudeildar er frá kl. 8:0 til kl. 17:30. Síðdegiskaffi er ekki tekið og einungis hluti af morgunkaffi. Hina tvo tímuna fá starfsmennirnir af því að þeir taka ekki fullan matar- og kaffitíma.

Garðyrkjustjóri hefur einn bíl til umráða allt árið og eina kerru. Auk þess yfir sumarið fimm bíla og þrjár kerrur.

Allir starfsmenn koma að garðyrkjustöðinni á morgnana og ljúka deginum þar.

---

## HAFNIR Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFJÖRÐUR

---

Í Sveitarfélaginu Skagafjörður eru tvær hafnir, Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn. Auk þeirra er höfn í Haganesvík sem er ekki notuð til atvinnustarfsemi.

Hafnarstarfsmenn eru tveir. Annar þeirra er yfirhafnarvörður. Hinn er hafnarvörður/hafnsögumaður. Þeir hafa aðstöðu í vigtarhúsi við Sauðárkrókshöfn en hafa einnig umsjón með Hofsóshöfn. Við Hofsóshöfn er verktaki sem sinnir vigtun. Hafnarstjóri er sveitarstjóri. Þrátt fyrir það heyra hafnirnar undir Umhverfis- og tæknisvið. Samkvæmt því, sem kom fram hjá yfirhafnarverði, eru ekki mikil formleg samskipti við sviðsstjóra sviðsins nema við fjárhagsáætlunargerð. Þeir eiga ekki með sér reglulega fundi, en yfirhafnarvörður kemur oftast við hjá honum þegar hann á leið í ráðhúsið til að sækja póst, eða heyrir í honum í síma. Ef stór mál koma upp er talað við sviðsstjóra eða ef gera þarf eitthvað sem ekki er í fjárhagsáætlun fer það fyrir umhverfis- og samgöngunefnd.

Yfirhafnarvörður annast alla reikningagerð fyrir höfnina. Hann vinnur það í bókhaldskerfi sveitarfélagsins og sendir reikningana út. Eftir það sér stjórnsýslu- og fjármálasvið um eftirfylgni á innheimtu. Reikningagerð fer fram eftir að viðskipti hafa farið fram en um hver mánaðamót fer einn dagur hjá yfirhafnaverði í reikningagerð og endanleg skil á uppgjöri vegna reikninga. Hann sér einnig um gerð fjárhagsáætlunar og leggur hana fyrir umhverfis- og samgöngunefnd.

Auk hefðbundinnar hafnastarfsemi hefur höfnin tekið að sér að vigta flutningabíla sem fara á þjóðveginn. Vigtun fer yfirleitt þannig fram að fyrst eru flutningabílar vigtaðir tómir og svo aftur þegar búið er að lesta þá. Ýmsar aðrar vigtanir falla til.

Reglubundinn dagvinnutími starfsmanna hafnarinnar er frá kl. 8:00 til kl. 17:00. Unnið er frá kl. 08:00 til 12:00 og 13:00 til 17:00. Að vetrinum er það fyrirkomulag að annar er frá 08:00 til 17:00 en hinn frá 15:00 til 23:00. Er þetta viðhaft þar sem lítið sem ekkert er hægt að vinna að viðhaldi eða annarri vinnu er tilheyrir sumrinu. Fækkar því bakvaktartímum sem því nemur, eða úr 15 í 9 á rúmhelgum dögum. Á móti kemur álag sem greitt er frá kl. 17:00, eða utan tímabilsins frá kl. 8:00 til kl. 17:00 á virkum dögum. Utan reglubundins vinnutíma er alltaf annar hafnarstarfsmaðurinn á bakvakt. Þegar starfsmaður á bakvakt sinnir útkalli eða vinnur lengur í lok vinnudags er ekki greidd bakvakt þann tíma sem greitt er fyrir yfirtíð.

Vinna, sem fram fer utan reglubundins dagvinnutíma, er annað hvort vegna vigtunar eða skipakomu. Einnig eru hringingar vegna lausra báta, hvar megi leggja bátum, vegna rafmagnsleysis á frystigámum o.fl. Fyrir alla vigtun utan reglubundins vinnutíma er rukkað fyrir þær klukkustundir sem greiða þarf yfirtíð fyrir. Jafnframt fyrir önnur útköll nema vegna komu og brottfarar stærri skipa. Fyrir alla slíka þjónustu á að vera innheimt með þeim skipagjöldum sem greidd eru. Þá eru farnar

eftirlitsferðir á rauðum dögum, a.m.k. tvisvar til þrisvar á dag, og einnig á kvöldin rúmhelga daga. Ekki er skráð yfirvinna vegna þessa á rúmhelgum dögum.

Höfnin hefur einn bíl til afnota. Sá starfsmaður sem er á bakvakt fer á bílnum heim til að komast í vinnu ef um útkall verður að ræða.

Tafla 98: Launaútgjöld vegna hafna í Sveitarfélaginu Skagafjörður 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	6.016.899	
Breyting lífeyrisskuldbindinga	2.228.475	
Yfirvinna/álag	6.120.003	101,7%
Fæðispeningar	174.891	
Launatengd gjöld	3.216.276	
Annar starfsmannakostnaður	169.160	
<b>Samtals</b>	<b>17.925.704</b>	

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 98 sýnir launaútgjöld vegna hafna sveitarfélagsins á árinu 2011. Eins og taflan sýnir var yfirvinna og álag um 102% af mánaðarlaunum. Yfirhafnarvörður hefur óskað eftir að yfirvinna og bakvaktir verði aðskildir liðir.

Það fyrirkomulag er við höfnina að alltaf utan reglubundins vinnutíma er einn starfsmaður á bakvakt. Þegar um útkall er að ræða falla bakvaktir niður. Bakvaktir byrja kl. 17:00 á virkum dögum og standa til kl. 8:00 næsta dag. Um helgar byrjar bakvakt kl. 17:00 á föstudegi og stendur til kl. 8:00 á mánudagsmorgni.

Kostnaður við bakvakt án útkalls frá kl. 17:00 á virkum degi til kl. 8:00 næsta dag, eða bakvakt í 15 klst., er 11.338 kr. Kostnaður fyrir bakvakt um helgi án útkalls, eða bakvakt í 63 klukkustundir, er 54.117 kr. Samkvæmt þessum dæmum kostar ein vika á bakvakt utan reglubundins vinnutíma og án útkalls um 98.000 kr. auk launatengdra gjalda.

Flokka má skip og báta sem eiga viðskipti við höfnina í fjóra eftirfarandi flokka. Hver með sína þjónustupörf.

### Grásleppubátar

Þjónustupörfin er vigtun á afla. veiðitímabil þessara báta hefst 15. maí ár hvert. Frá þeim tíma hefur hver bátur heimild til að veiða í 50 daga en veiðitímabilið er 74 dagar. Samtals hafa 7 til 8 bátar gert út frá höfnum sveitarfélagsins á þessar veiðar. Bátarnir hafa farið út á morgnana og eru að koma inn á tímabilinu kl. 18:00 til 19:00. Löndun hefur síðan staðið yfir til kl. 22:00, tekur að jafnaði fjórar til fimm klukkustundir. Miðað við að löndun standi yfir til kl. 22:00 þarf að greiða yfirtíð frá kl. 17:00 til kl. 22:00, eða fimm klukkustundir auk hlés vegna matar- og kaffitíma. Gæta þarf að því að allt sé innifalið þegar innheimt er fyrir þessa vigtun. Samkvæmt upplýsingum frá yfirhafnarverði er innheimt fyrir jafnmargar klukkustundir og greidd yfirtíð er hjá viðkomandi útgerðum. Kostnaðinum er skipt niður á þá báta sem landa í hvert eitt skipti. Landanir eru ekki bundnar við virka daga, landað er um helgar sem og aðra daga.

## **Strandveiðar**

Strandveiðar byrja 1. maí og standa fram til 31. ágúst ár hvert. Á s.l. ári stunduðu 10 til 15 bátar strandveiðar frá höfnum í sveitarfélaginu. Þessar veiðar fara fram á virkum dögum. Ekki er heimilt að vera á strandveiðum um helgar. Strandveiðibátar eru að landa fram til kl. 19.00 í síðasta lagi vegna flutnings á afla suður.

## **Ísfisktogari og rækjuskip**

Frá Sauðárkrókshöfn er gerður út einn ísfisktogari, sem landar reglulega á mánudagsmorgni. Löndunin byrjar kl. 6:00 en sá hafnarvörður, sem er á bakvakt, byrjar að vinna kl. 5:00 til að undirbúa löndunina og sjá til þess að allt sé tilbúið. Fyrir útkallið greiðir Fiskiðjan, eða frá þeim tíma sem hafnarvörðurinn mætir til kl. 8:00.

Löndun úr rækjuskipum fer að jafnaði fram frá kl. 8:00 á morgnana eða eftir að dagvinnutími byrjar. Stundum hefst löndun kl. 07:00.

Starfsmenn hafnarinnar annast ekki móttöku þessara skipa þegar þau leggjast að bryggju. Þannig eru þeir ekki kallaðir út utan reglubundins vinnutíma þegar þessi skip koma að landi. Þetta gildir í flestum tilfellum, ekki öllum.

Auk þessa eru þrír togarar á vegum Fiskiðjunnar sem vöktunarmaður á vegum hennar tekur á móti þegar þeir koma að landi. Kemur fyrir ef hann er upptekinn að óskað er eftir aðstoð starfsmanna hafnarinnar þegar þessi skip koma að landi.

## **Flutningaskip**

Starfsmenn hafnarinnar annast móttöku allra flutningaskipa sem koma til Sauðárkrókhafnar. Samkvæmt upplýsingum frá yfirhafnarverði eru skipakomur þessara skipa um 30 á ári. Upplýsingar um komu þessara skipa til hafnarinnar liggja fyrir um leið og viðkomandi skip eru komin í íslenska lögsögu. Um leið og skip koma í lögsöguna sendir vaktstöð siglinga, landhelgisgæslan, upplýsingar um hvenær vænta megi þeirra til hafnarinnar. Síðan er skipstjóri viðkomandi skips í sambandi við höfnina a.m.k. 24 klukkustundum áður en skipið kemur að höfninni.

Samkvæmt lögum um siglingavernd nr. 50/2004 hefur Sauðárkrókshöfn verið samþykkt og er skilgreind sem höfn sem þjónar skipum sem falla undir framangreind lög um siglingavernd. Til að svo geti verið þarf höfnin að uppfylla eftirfarandi ákvæði sem fram kemur í III. kafla, um hafnarvernd, 6. gr. siglingaverndarlaga nr. 50/2004:

„Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til ráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir.“

Báðir starfsmenn hafnarinnar hafa verið staðfestir sem verndarfulltrúar fyrir Sauðárkrókshöfn að undangengnu þriggja daga námskeiði. Endurmenntunar og endurnýjunarnámskeið eru haldin reglulega. Verndaráætlun fyrir höfnina liggur fyrir en af öryggisástæðum er hún trúnaðarmál og ekki aðgengileg nema fyrir tiltekna aðila að sögn yfirhafnarvarðar.

## **Ársreikningur 2011**

Samkvæmt ársreikningi hafnarsjóðs var rekstrarafgangur á árinu 2011 23,5 millj. kr. samanborið við 4,7 millj. kr. árið 2010. Handbært fé frá rekstri var 35,6 millj. kr.

samanborið við 14,6 millj. kr. árið 2010. Afborganir af langtímalánum voru 5,9 millj. kr. Þannig skilaði reksturinn nægum afgangi til að standa undir greiðslum afborgana.

Heildarskuldir og skuldbindingar hafnarsjóðs í árslok 2011 voru 80.151 þús. kr. Til samanburðar voru heildartekjur hafnarsjóðs 74.468 þús. kr. á árinu 2011.

---

## **SKAGAFJARÐARVEITUR EHF.**

---

Skagafjarðarveitur ehf. eru í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skagafjarðarveitur eiga og reka hitaveitur í sveitarfélaginu, um 85% af íbúum sveitarfélagsins búa við hitaveitu, hitaveitu í Akrahreppi, vatnsveitu sveitarfélagsins í þéttbýli og sjóveitu.

Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins leigir um 40% af húsnæði Skagafjarðarveitna.

Skagafjarðarveitur sjá um og reka Gagnaveitu Skagafjarðar ehf. Gagnaveitan á ljósleiðara á Sauðárkróki og í Akrahreppi. Síminn hefur ekki fengist til að fara inn á kerfið.

Starfsmenn Skagafjarðarveitu eru 10 í 9 stöðugildum. Auk framkvæmdastjóra eru tveir á skrifstofu. Síðan er einn verkstjóri, tveir iðnaðarmenn og þrjú jarðlagntækna.

Starfsmenn eru ekki með fasta yfirtíð að undanskildum skrifstofustjóra, sem er með slíkan samning, en hann vinnur alltaf fastan hluta yfirtíðarinnar. Þrjú til fjórir starfsmenn taka bakvaktir einn í einu. Utan reglubundins vinnutíma er alltaf einn starfsmaður á bakvakt. Um er að ræða um 40 staði sem þarf að vakta, dælustöðvar vatnstanka o.fl.

Skagafjarðarveitur greiða afgang, vegna töku á heitu vatni, til sveitarfélagsins árið 2011 24 m. kr. og 2012 14 m. kr., Varmahlíðarstjórnar, ríkisins og til eigenda Bræðraár í Sléttuhlíð.

Við uppsetningu á samstöðureikningi í ársreikningi sveitarfélagsins hafa komið upp vandamál þar sem Skagafjarðarveitur notast við annað bókhaldskerfi en sveitarfélagið.

---

## **STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ**

---

Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Auk hans eru 10 starfsmenn á sviðinu.

Í bókhaldinu er aðalbókari í 70% starfi og bókarar í 1,5 stöðugildi, eða samtals 2,2 stöðugildi í bókhaldinu.

Fyrirverandi aðalbókari er nú í starfi fjármálafulltrúa sem er eitt stöðugildi. Fjármálafulltrúi greiðir alla reikninga. Hann annast allar færslur sem skráðar eru beint á bankareikninga sveitarfélagsins, bókar þær og stemmir af bankareikninga. Sér um samskipti við innheimtufyrirtækið Motus. Jafnframt vinnur fjármálafulltrúi tilfallandi störf í bókhaldi, t.d. bókar allar færslur sem tilheyra VISA innkaupakortum.

Skjalastjóri er í einu stöðugildi.

Í launadeildinni eru tveir starfsmenn í 1,5 stöðugildum. Annar þeirra jafnframt er stjórnsýsluritari í hálfu stöðugildi.

Símsvörun og móttaka er eitt stöðugildi. Starfsmaðurinn tekur jafnframt við íbúaskráningu og annast ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Einn starfsmaður er í 50% starfi sem ritari tæknisviðs og 50% starfi við ganga frá reikningum sem viðkomandi forstöðumenn gera ekki. Hann bókar þá og sendir í innheimtu. Þessi starfsmaður hefur aðsetur í þjónustuveri í anddyri og aðstoðar við símsvörun og móttöku þegar við á.

Tölvuumsjónarmaður er í einu stöðugildi. Hann þjónar öllum stofnunum sveitarfélagsins. Hefur aðstöðu í Árskóla.

Starfsmenn stjórnarsýslu- og fjármálasviðs annast bókhald, launaútreikning og fjárreiður í sumum tilfellum fyrir þrjú félagsheimili; Höfðaborg, Árgarð og Melsgil, einnig Norðurá bs., sem er byggðasamlag um sorpurðun í Stekkjarvík og Hátæknisetur Íslands.

Tafla 99: Fjöldi stöðugilda á skrifstofu fjármála og stjórnarsýslu hjá samanburðar sveitarfélögum í febrúar 2012

	Fjöldi íbúa 1. janúar 2011	Bæjar- stjóri	Bæjar- ritari	Fjármála- /skrifstofu- stjóri	Bók- hald	Launa- bók- hald	Inn- heimtu- fulltrúi	Gjald- keri/Fjárm.- fltr.	Kerfis- stjóri	Upp- lýsinga- fulltrúi	Skjala- vörður	Af- greiðslu ritari	Þjónustu- ver	Starfsm.- og gæðast.	Forstaða stjórn- sýslu	Sam- tals	Fj. íbúa á hvert stöðugildi
Sveitarfélagi Árborg	7.827	1		1	2,9	2	0,75	0,75	2		1,5	1,5	2			16,4	477,3
Akraneskaupstaður	6.600	1	1	1	4,5	1,8	1						5	1		16,3	404,9
Fjarðabyggð	4.573	1	1	1	3,9	2	0,8	1		1	1	1		1		14,7	311,1
Seltjarnarneskaupstaður	4.327	1		1	1,2	1,2	1	1			1,2		1,9			9,5	455,5
Vestmannaeyjabær	4.133	1	1	1	2	1,5	1		1		1		1,8			11,3	365,8
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.100	1		1	2,2	1,5	0,5	1	1		1	0,5	1			10,7	383,2
Ísafjarðarbær	3.816	1	1	1	3	2,5	1	1	1	1	1					13,5	282,7
Borgarbyggð	3.484	1	1	1	2	0,8	1			0,5	0,8	1				9,1	382,9
Fljótshálfgrönd	3.406	1	1	1	2,8	1	0,75	0	0	0	1	1				9,55	356,6
Norðurþing	2.917	1		1	3	1,5	1,25	1			1		2			11,75	248,3
Grindavíkurbær	2.821	1	0	1	1,5	0,75	0,7	0	1	1	0		1			7,95	354,8

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 99 sýnir fjölda stöðugilda á skrifstofu fjármála og stjórnarsýslu hjá 11 sveitarfélögum. Fimm fjölmennari sveitarfélög en Sveitarfélagið Skagafjörður og fimm með færri íbúa. Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem skrifstofuhald sveitarfélaganna getur verið mismunandi, t.d. þjónar Norðurþing fleiri sveitarfélögum í skóla- og félagsmálum o.s.frv. Engu að síður gefur svona samanburður ákveðnar vísbendingar.

Eins og taflan sýnir eru fjögur af samanburðar sveitarfélögum með færri stöðugildi á skrifstofu sinni en Sveitarfélagið Skagafjörður. Eitt með fleiri íbúa en þrjú með færri íbúa. Aftasti dálkurinn í töflunni sýnir fjölda íbúa á hvert stöðugildi á skrifstofu fjármála og stjórnarsýslu. Þrjú fjölmennari sveitarfélög eru með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Sveitarfélagið Skagafjörður í þessum samanburði.

Starfsmaðurinn er í Varmahlíð er í einu stöðugildi þjónustufulltrúa. Hann sér um allt er varðar landbúnaðarmál. Hann hefur m.a. umsjón með snjómokstri í Varmahlíð og í framsveitum, annast eftirlit með lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu og hefur samskipti við bændur og refa- og minkaveiðimenn á vegum sveitarfélagsins. Einnig sér hann um samskipti við Vegagerðina um girðingar. Að lokum sér hann um samskipti við fjallskiladeildir, sem eru 14 talsins, og hefur umsjón með útleigu lands til nytja.

Í viðræðum við sviðsstjóra kom fram að taka þurfi til endurskoðunar kaup á internet þjónustu vegna mikils kostnaðar. Að hans mati á að vera hægt að ná kostnaðinum

niður. Í viðræðum við nokkra forstöðumenn kom fram gagnrýni á kostnað vegna kaupa á internet tengingum. Á árinu 2011 var heildarkostnaður vegna internet tenginga hjá sveitarfélaginu samtals 11.459 þús. kr.

Orku- og símareikningar vegna sumra stofnana eru greiddir með kreditkortum. Í þeim tilfellum eru reikningarnir færðir rafrænt inn í bókhaldið. Þessir reikningar eru ekki samþykktir á sama hátt og aðrir reikningar. Leggja ber áherslu á að allir reikningar séu samþykktir á sama hátt. Einnig er mikilvægt að fylgst sé náið með bæði síma- og orkunotkun. Með því að reikningar eru skráðir vélrænt í bókhald án samþykkis er ljóst að eftirlit með notkun er ekki eins og þyrfti að vera.

Sviðsstjórar og forstöðumenn hafa innkaupakort. Hægt er að setja takmörk á hvað hægt er að kaupa með viðkomandi kortum. Enginn er með kreditkort á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið er á ríkiskaupasamningi við Vodafone vegna símaþjónustu. Þegar hringt er úr síma sveitarfélagsins í annan síma á vegum þess er ekki greitt fyrir það. Nokkrir starfsmenn fá greidda notkun á farsíma að fullu. Síðan eru aðrir sem fá fasta greiðslu á mánuði, 3.000 kr. Þeir sem fá þessar greiðslur þurfa vegna vinnu sinnar að vera með síma.

---

## STJÓRNSÝSLAN

---

Samkvæmt gildandi stjórnskipun sveitarfélagsins eru starfandi níu nefndir auk byggðaráðs og sveitarstjórnar. Byggðaráð fer með málefni stjórnar eignasjóðs. Nefndirnar eru sem hér segir:

Atvinnu- og ferðamálanefnd  
Barnaverndarnefnd  
Félags- og tómstundanefnd  
Fræðslunefnd  
Landbúnaðarnefnd  
Menningar- og kynningarnefnd  
Skipulags- og byggingarnefnd  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Stjórn eignasjóðs

Það er mat skýrsluhöfundar að ekki sé ástæða til að gera tillögu um breytingar á þessu skipan mála hjá sveitarfélaginu nema þá að það komi til greina að sameina atvinnu- og ferðamálanefnd og menningar- og kynningarnefnd í eina nefnd.

Ætla má að með því að fækka nefndum frekar hjá sveitarfélaginu sé verið að dreifa málefnum nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins á of fáar hendur.

Samkvæmt gildandi stjórnskipuriti eru fjögur svið hjá sveitarfélaginu með sex sviðsstjórum.

Sviðin eru markaðs- og þróunarsvið, stjórnsýslu- og fjármálasvið, umhverfis- og tæknisvið og fjölskyldusvið. Á hverju sviði er einn sviðsstjóri nema á fjölskyldusviði þar sem eru þrír sviðsstjórar, eða samtals sex sviðsstjórar. Sviðsstjórar á fjölskyldusviði eru félagsmálastjóri, fræðlustjóri og frístundastjóri. Hver þessara sviðsstjóra starfar sjálfstætt innan fjölskyldusviðsins. Starfsmenn á hverju þessara sviða, þ.e. fræðslu-,



félags- og frístunda- og íþróttamála starfa undir hverjum málaflokki fyrir sig óháð öðrum málum undir fjölskyldusviði.

## FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR

Sveitarfélagið á og rekur 68 félagslegar íbúðir. Starfsmaður eignasjóðs hefur umsjón með íbúðunum. Hann annast samskipti við leigjendur og gerir leigusamninga við þá.

Unnið hefur verið að því að hækka leiguna í félagslegu íbúðunum í samræmi við markaðsleigu.

Leiguverð á fermetra á mánuði er mismunandi eftir efnahag. Nú eftir hækkun er hún 760 kr. á m<sup>2</sup> á félagslegum forsendum með hámarksleigu 90.000 kr. á íbúð, en 950 kr. m<sup>2</sup> á venjulegum forsendum með hámarksleigu 112.500 kr.

Félagsmálafulltrúi metur hvort fólk fái afslátt af leiguverði.

Samkvæmt niðurstöðu ársreiknings 2011 var tap á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 37,8 millj. kr. samanborið við tap á árinu 2010 að upphæð 52 millj. kr.

Tafla 100: Skuldir vegna félagslegra íbúða 2010 og 2011

	2010	2011
Langtímaskuldir	759.718.810	769.694.009
Næsta árs afborganir	28.882.399	30.629.167
Aðrar skammtímaskuldir	3.387.549	3.429.689
Skuldir við eigin fyrirtæki	131.702.004	114.136.639
<b>Samtals</b>	<b>923.690.762</b>	<b>917.889.504</b>

Heimild: Ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Tafla 100 sýnir skuldir vegna félagslegra íbúða í árslok 2010 og 2011. Eins og þar kemur fram voru langtímaskuldir í árslok 2011 769,7 millj. kr. en skammtímaskuldir samtals 148,1, eða samtals skuldir 917,8 millj. kr.

Ástæða er til að vekja athygli á miklum skuldum við eigin fyrirtæki, eða 114 millj. kr. í árslok 2011. Hér er um að ræða það fjármagn sem sveitarfélagið hefur þurft að greiða með félagslegum íbúðum á síðast liðnum árum. Þannig má ljóst vera að sveitarfélagið er að bera mikinn kostnað vegna félagslegra íbúða.

Tafla 101: Skuldir við Íbúðalánasjóð þann 30. apríl 2011

	Vaxtakjör	Fjöldi lána	Fjöldi íbúða	Uppreikn. eftirst.
Íbúðalánasjóður	0,50%	2	2	8.647.066
Íbúðalánasjóður	1,00%	9	13	140.074.551
Íbúðalánasjóður	2,40%	46	46	446.620.788
Íbúðalánasjóður	4,90%	5	5	52.734.301
<b>Samtals</b>		<b>62</b>	<b>65</b>	<b>648.076.706</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 101 sýnir skuldir við Íbúðalánasjóð, skipt eftir vaxtakjörum. Eins og taflan sýnir eru af þessum skuldum 595 millj. kr. á lánum sem bera frá 0,5% vexti upp í 2,40% vexti. Ljóst má vera að núvirði þessara lána er ekki það sama og annarra lána sem sjóðurinn veitir vegna almennra íbúða. Íbúðalánasjóður er nú að veita lán vegna almennra íbúða sem bera 4,2% vexti og 4,7%.

Rétt er að fram komi að auk langtímalána hjá Íbúðalánasjóði eru félagslegar íbúðir einnig með langtímalán hjá Arion banka í erlendum myntum, sem voru um s.l. áramót 114,1 millj. kr.

# Tillögur

---

## 1. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.

Leggja ber áherslu á að rekstur allra B-hluta stofnana sé sjálfbær. Einkum þarf að bæta rekstrarafkomu félagslegra íbúða. Þannig að sveitarfélagið þurfi ekki að leggja þeim til fé árlega. Það verði gert annað hvort með því að auka tekjur eða lækka rekstrarútgjöld og/eða selja eignir.

---

## 2. LANGTÍMASKULDIR

---

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt. Í lok árs 2011 voru um 22% af langtíma skuldum sveitarfélagsins við aðrar lánastofnanir en Lánasjóð sveitarfélaga og Íbúðalánasjóð. Lánasjóður sveitarfélaga býður verðtryggðlán, miðað við júní 2012, sem bera 3,25% og 3,80% fastavexti.

---

## 3. ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

---

Lagt er til að leitað verði eftir fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði, sem leiði til þess að skuldir sveitarfélagsins við sjóðinn lækki.

Skuldir við Íbúðalánasjóð voru um s.l. áramót 687 millj. kr. eða um 20% af skuldum sveitarfélagsins. Ljóst er að þessar skuldir eru sveitarfélaginu íþyngjandi bæði peningalega og rekstrarlega. Miðað við 5% verðbólgu eru verðbætur á þessar skuldir á einu ári um 35 millj. kr. sem munu reynast sveitarfélaginu erfiðar rekstrarlega.

---

## 4. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og/eða sveitarstjóra telji þeir að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir sveitarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun, dregið verði úr þjónustu til að fjárhagsáætlun standist eða gripið til annarra aðgerða. Lögð er áhersla á að skv. nýjum sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en útgjöld fara fram úr áætlun. Ekki er heimilt skv. lögum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

---

## 5. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. T.d. sé gerð grein fyrir því hvað starfsmenn eigi að vera margir o.s.frv.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir.

---

## 6. GREIÐSLUÁÆTLUN

---

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður eins starfsmanns fram úr áætlun í einum mánuði verði séð til þess að launin lækki í næsta eða á næstu mánuðum þannig að umframgreiðslur jafnist út.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri sveitarfélagsins. Einnig ber að leggja áherslu á greiðsluáætlanir með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs hafa verið gerðar greiðsluáætlanir en ekki unnið með þær. Hér er lögð áhersla á mikilvægi greiðsluáætlana og að unnið sé með þær. Ef það verður ekki gert eru meiri líkur en minni að fjárhagsáætlun muni ekki standast miðað við reynslu undangenginna ára.

---

## 7. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD

---

Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samanburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlit mjög virkt. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja og fá greidda nýja reikninga umfram greiðsluáætlun. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og semja við hann um lausn málsins. Með þessu

fyrirkomulagi verða forstöðumenn mun meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

---

## 8. REGLULEGIR FUNDIR

---

Lagt er til að sveitarstjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs eigi reglulega fundi með forstöðumönnum þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næst liðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en 10. hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera þetta enn virkara er lagt til að reglulega eigi sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun. Einnig er mikilvægt, þegar ársreikningur liggur fyrir, að þá sé farið yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana.

---

## 9. TÍMABUNDIÐ ÁLAG Á ÚTSVAR

---

Lagt er til að skoðað verði að leggja 5% álag á útsvar í þrjú ár til að fjármagna að hluta nýframkvæmd við Árskóla.

Í 5. mgr. 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga segir: „Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.“

Hér er lagt til að þetta heimildarákvæði verði nýtt til að fjármagna að hluta kostnað við nýframkvæmd Árskóla. Áætlað er að kostnaðurinn við framkvæmdina sé um 520 millj. kr.

Með því að nýta þetta heimildarákvæði og leggja 5% álag á útsvar gæfi það af sér um 80 millj. kr. í auknar tekjur á ári, eða samtals í þrjú ár 240 millj. kr. Um er að ræða 0,724% aukið útsvarsálag.

Miðað við 500.000 kr. mánaðarlaun gerir þetta í aukið útsvar á mánuði 3.620 kr. Miðað við heilt ár 43.440 kr.

Gera má ráð fyrir því að sveitarfélagið fari yfir hámark skuldahlutfalls af tekjum, eða 150%, verði framkvæmdin við Árskóla alfarið fjármögnuð með nýjum lánnum. Tillagan gengur m.a. út á að halda sveitarfélaginu innan hámarks skuldahlutfallsins.

Skýrsluhöfundur er ekki kunnugt um að sveitarfélag hafi nýtt sér þetta lagaákvæði til að standa straum af kostnaði vegna nýframkvæmda heldur hafa sveitarfélög valið þann kost að taka ný lán með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Heimild til að leggja álag á útsvar hefur verið nýtt þegar sveitarfélög hafa verið komin í þrot og þá skv. öðru ákvæði í sveitarstjórnarlögum, sem heimilar allt að 25% álag á útsvar.

Hér yrði um nýbreytni að ræða, sem sýndi mikla fyrirhyggju og ætti að geta verið öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni. Ljóst má vera að með þessari aðgerð verður framkvæmdin mun ódýrari fyrir sveitarfélagið til lengri tíma litið og mun gera því auðveldara að takast á við ný verkefni í framtíðinni.

Skýrsluhöfundur hefur leitað eftir álitum frá sérfróðum aðilum um hvort þetta sé heimilt þrátt fyrir framangreint lagaákvæði. Þessir aðilar hafa dregið í efa að þetta sé heimilt. Með vísan til þessa, ef þetta kemur til greina af hálfu sveitarstjórnar, er lagt til að byrjað verði á því að leita álits innanríkisráðuneytisins um hvort heimilt sé að leggja tímabundið álag á útsvar í framangreindum tilgangi.

Einnig kæmi til greina áður en ákvörðun verður tekin að fram fari íbúakosning í sveitarfélaginu þar sem íbúarnir verði spurðir hvort þeir samþykki tímabundið álag á útsvar til að fjármagna framkvæmdir við Árskóla.

---

## 10. FASTEIGNASKATTUR

---

**Lagt er til að skoðað verði að leggja að fullu 25% álag á fasteignaskatt í A-flokki, tímabundið. Þetta verði gert vegna ársins 2013.**

Með því að leggja allt að 25% álag ofan á álagningu fasteignaskatts í A-flokki væri hægt að fara með álagninguna í allt að 0,625% úr 0,5% sem hún er árið 2012. Ef álagningin yrði nýtt að fullu gæfi það af sér 35 millj. kr. í tekjur umfram það sem fengist miðað við að hafa álagningarhlutfallið óbreytt frá því sem það er nú árið 2012.

---

## 11. LÓÐARLEIGA

---

**Lagt er til að taka til athugunar að hækka lóðarleigu vegna íbúðarlóða úr 1,5% í 2% og vegna atvinnuhúsnaðis úr 2,5% í 3% á árinu 2013.**

Með því að hækka lóðarleigu á íbúðarhúsnaði í 2% miðað við lóðamat árið 2012 væri hægt að auka tekjurnar um 12,8 millj. kr. Sömuleiðis ef lóðarleiga vegna atvinnuhúsnaðis væri hækkuð í 3%, miðað við lóðamat árið 2012, væri hægt að auka tekjurnar um 5,2 millj. kr. Samtals, miðað við lóðamat árið 2012, myndu tekjur sveitarfélagsins aukast á árinu 2013 um 18 millj. kr. með þessum hækkunum.

---

## 12. FASTLAUNASAMNINGAR

---

**Lagt er til að fastlaunasamningar verði endurskoðaðir.**

Skýrsluhöfundur hefur kynnt sér launakjör í sambærilegum störfum hjá öðrum sveitarfélögum. Að sjálfsögðu eru launakjör forstöðumanna hjá sveitarfélögum mismunandi, ýmist hærri eða lægri.

---

## 13. YFIRVINNA

---

**Lagt til að samningar um fasta yfirtíð verði endurskoðaðir og sett verði á yfirvinnubann. Yfirvinna verði eingöngu heimiluð í algjörum undantekningar tilfellum. Sé yfirvinna nauðsynleg þurfi samþykki annað hvort sviðsstjóra fjármálasviðs eða sveitarstjóra.**

Það verður að teljast edlilegt að sett sé bann við yfirvinnu og hún eingöngu heimiluð í undantekningar tilfellum. Í einhverjum tilfella þarf að endurskipuleggja

vinnufyrirkomulag svo þetta sé hægt. Mörg sveitarfélög heimila t.d. ekki yfirvinnu hjá almennum starfsmönnum í skólum og má í því sambandi nefna Garðabæ sem dæmi.

Jafnframt er mikilvægt að sveitarfélagið móti sér stefnu um fasta yfirtíð. T.d. verði ekki greidd meiri föst yfirtíð en að meðaltali er unnin í hverjum mánuði. Jafnframt verði miðað við ákveðið hámark sem yfirtíð má vera. T.d. gæti algert hámark á yfirtíð verið 40 klst.

Báðar tillögurnar hér að framan um launaútgjöld (12 og 13) eru byggðar á fordæmum frá mörgum öðrum sveitarfélögum.

---

## 14. GREIN 2.6.9 Í KJARASAMNINGI

---

Lagt er til að kanna hvort ekki sé ódýrara að viðvera starfsmanna á hverri vakt verði 25 mínútum skemmri en umsaminn vinnutími segir til um. Þetta verði gert þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í yfirvinnu fyrir umræddar 25 mínútur, skv. grein 2.6.9 í kjarasamningi, eða þá að vinnan verði skipulögð þannig að starfsmenn hafi reglulegan matar- og kaffitíma.

Rétt er að benda á nýlegan dóm, sem fallið hefur um greiðslu yfirvinnu vegna skerðingar á matar- og kaffitímum. Kannað verði hvort dómurinn gangi gegn framangreindri tillögu áður en henni verði hrint í framkvæmd. Dóminn er hægt að finna á þessar slóð:

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/28/faer\\_greidda\\_yfirvinnu/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/06/28/faer_greidda_yfirvinnu/)

Lögð er áhersla á að lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga túlkar þessa grein á sama hátt og skýrsluhöfundur er að leggja hér til. En hann segir „25 mínúturnar eru ekki greiddar ef vaktin er skipulögð 25 mínútum styttri en „full“ vakt og ekki ef menn fá matarhlé, þ.e. ef starfið er skipulagt með þeim hætti að gert sé ráð fyrir matarhléi.“

Lögfræðingurinn túlkar ákvæðið þannig að ef vinnan sé skipulögð með þeim hætti að starfsmaðurinn fái matarhlé eigi ekki að koma til þessarar greiðslu.

Vætanlega væri rétt að segja þessu upp með samningsbundnum uppsagnarfresti og tilkynna jafnframt að í framhaldinu yrði framangreind túlkun látin gilda. Einnig væri rétt að hafa samráð við umræddan lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framkvæmdina.

---

## 15. LAUNAKEYRSLUR SAMÞYKKTAR FYRIR ÚTBORGUN

---

Lagt er til að forstöðumenn fari yfir launakeyrslur viðkomandi stofnunar áður en til útborgunar kemur. Jafnframt samþykki sviðsstjóri fjármálasviðs launakeyrslur endanlega áður en til útgreiðslu kemur.

Mikilvægt er að forstöðumenn fari yfir launakeyrslu viðkomandi stofnunar áður en laun eru greidd út. Jafnframt að sviðsstjóri fjármálasviðs yfirfari launakeyrsluna og samþykki hana.

Hér er um stærsta útgjaldalið sveitarfélagsins að ræða, 65,9% af tekjum s.l. ár. Alltaf geta átt sér stað mannleg mistök og með þessu er reynt að fyrirbyggja það og einnig að gera forstöðumenn meðvitaðri um launaútgjöld stofnana sinna.

Til að gera þetta framkvæmanlegt þarf að vera tryggt að upplýsingar um laun berist í

tæka tíð til launafulltrúa. Því verði fylgt þannig eftir að ef upplýsingar berist of seint verði þær að bíða til næsta mánaðar. Forstöðumenn verði gerðir ábyrgir fyrir þessu.

---

## 16. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

---

**Lagt er til að sveitarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.**

Hér er lagt til að sveitarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Sveitastjórn setji sér ákveðin tímamörk í þessu sambandi.

T.d. gæti sveitarstjórn sett sér það markmið að vera með hlutfallið það sama og það er að meðaltali fyrir sambærileg sveitarfélög að stærð eða það sama og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög í landinu.

---

## 17. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

---

**Lagt er til að tryggingar og símaþjónusta (internet tenging) hjá sveitarfélaginu verði boðið út. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.**

**Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.**

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé keypt á sem hagstæðasta verði á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði hefur verið tekið verði forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hafa ber í huga að við hvert 1% sem annar rekstrarkostnaður lækkar, miðað við árið 2011, er hægt að spara um 10 millj. kr. Þannig að til mikils er að vinna. Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

---

## 18. ORKUNOTKUN

---

**Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.**

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hefur verið í veg fyrir óþarfa notkun á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram.

---

## 19. UPPÁSKRIFT REIKNINGA

---

**Lagt er til að allir reikningar þurfi samþykki forstöðumanna áður en þeir eru færðir**



## **í bókhald sveitarfélagsins.**

Í viðræðum við sviðsstjóra fjármálasviðs kom fram að orkureikningar og reikningar vegna símaþjónustu sumra stofnana væru skráðir í gegnum kreditkortafærslur. Þannig skráir þjónustusalinn reikningana inn á kreditkort sem síðan er fært í bókhald sveitarfélagsins á vélrænan hátt. Reikningarnir eru ekki formlega samþykktir af viðkomandi forstöðumanni. Hér er lagt til að þessu verði hætt. Reikningarnir verði samþykktir eins og aðrir reikningar og notkunin skráð sérstaklega fyrir hvern mánuði, sbr. tillögu 18.

## **Fjölskyldusvið – Fjölskyldu- og félagsmál**

---

### **20. HLOTDEILD AKRAHREPPS Í KOSTNAÐI VEGNA BARNAVERNDARMÁLA**

---

**Lagt er til að þess verði gætt að Akrahreppur taki fullan þátt í kostnaði vegna barnaverndarmála.**

Eins og málum er nú háttað greiðir Akrahreppur hlutdeild í kostnaði vegna barnaverndarnefndar og einnig að fullu kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu vegna barnaverndarmála í Akrahreppi.

Sinni félagsmálastjóri og/eða félagsráðgjafi barnaverndarmálum í Akrahreppi er ekki innheimt fyrir þann kostnað né heldur vegna kostnaðar sem greiddur er til starfsmanna fyrir að vera til taks utan reglubundins vinnutíma.

Það getur ekki talist eðlilegt að þessi þjónusta sé veitt án endurgjalds. Finna þarf eðlilega þóknun fyrir hana.

---

### **21. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐRA**

---

**Lagt er til að tekjar verði upp viðræður á milli sveitarfélaganna, sem standa að byggðasamlaginu, með það að markmiði að sveitarstjórnirnar komi meira að ákvörðunartöku um ráðstöfun á þeim peningum sem eru ætlaðir til málefna fatlaðra.**

Leggja ber áherslu á að sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi taki endanlega ákvörðun um hvernig fjármunum sveitarfélagsins sé ráðstafað. Á endanum er það alltaf sveitarstjórn sem ber ábyrgð, því getur það ekki talist eðlilegt að slíkt vald um ráðstöfun á fjármunum sveitarfélagsins sé framselt til annars aðila.

---

### **22. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM**

---

**Lagt er til að þess verði gætt að þjónustu vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum.**

Mikilvægt er að tekið verði á því strax í upphafi að tekjur, sem Sveitarfélagið Skagafjörður fær vegna málefna fatlaðra, standi undir útgjöldum. Ef svo reynist ekki vera verði farið yfir alla verkferla og athugað hvort hægt sé að haga þjónustunni þannig að tekjurnar standist útgjöldin.

Ef þetta er ekki gert núna verður það erfiðara þegar frá líður.

---

## 23. YFIRTÍÐ

---

Lagt er til að dregið verði svo sem kostur úr yfirvinnu hjá vaktavinnufólki. Jafnframt verði ekki greidd yfirvinna eins og t.d. vegna heimilishjálpar og dagvistar aldraðra.

Þetta er í samræmi við tillögu um yfirvinnubann hér að framan. Þegar forföll eru hjá vaktavinnufólki vegna málefna fatlaðra verði fyrst kannað hvort hægt sé að breyta vinnufyrirkomulagi þann dag sem forföllin eiga sér stað áður en tekin er ákvörðun um að leysa það með aukastarfsmanni í yfirvinnu.

Þetta á einnig við vegna heimaþjónustu og dagvistar aldraðra.

Jafnframt verði hætt að kaupa kaffitíma af starfsmönnum eins og t.d. hjá dagvist aldraðra.

---

## 24. HÆTT VERÐI AÐ GREIÐA 25 MÍNÚTUR FYRIR HVERJA VAKT Í YFIRTÍÐ

---

Lagt er til að vinnuframlag bakvaktafólks verði 25 mínútum skemmra en umsaminn vinnutími segir til um þannig að ekki þurfi að greiða 25 mínútur í yfirtíð fyrir hverja vakt.

Þessi tillaga hefur komið fram hér að framan þar sem þetta er lagt til almennt hjá stofnunum sveitarfélagsins þar sem við á, tillaga 14. Sett hér fram til að leggja áherslu á þetta atriði undir þessum málaflokki þar sem mikið er um bakvaktir.

---

## 25. STARFSLUTFÖLL Í HEIMAÞJÓNUSTU

---

Lagt er til að fylgst sé vel með því að starfsmenn t.d. í heimaþjónustu séu á hverjum tíma í starfshlutfalli miðað við vinnuframlag.

Tillaga þessi er fram komin miðað við reynslu hjá sumum öðrum sveitarfélögum. Dæmi eru um það að dregið hefur úr þörf á heimaþjónustu um 40% þar sem áður var starfsmaður í 100% starfshlutfalli en vinnuframlagið komið niður í 60%. Starfsmaðurinn hélt áfram að fá greitt fyrir 100%. Lögð er áhersla á að þetta dæmi er ekki frá Sveitarfélaginu Skagafjörður en tillagan sett fram til að varast að slíkt geti komið fyrir.

---

## 26. SAMRÁÐSFUNDIR

---

Lagt er til að reglulega séu haldnir samráðsfundir þeirra sem þjóna eldri borgurum í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að góð samvinna sé með þeim sem vinna að málefnum aldraðra. Fram kom í viðræðum við forstöðumann dagvistar aldraðra að það þyrfti að vera meira samstarf á milli þessara aðila. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt með samráðsfundum þeirra aðila sem að þessum málum vinna.

**Fjölskyldusvið - Fræðslu- og skólamál**

---

## 27. STÖÐUGILDI VIÐ LEIKSKÓLA

---

Lagt er til að fækka stöðugildum við leikskólana.

Hér er lagt til að stöðugildi við leikskólana verði endurskoðuð með það að markmiði að fækka þeim. T.d. er athyglisvert hversu lítill munur er á launakostnaði á hvert barn í leikskólanum Ársalir og Tröllaborg, sjá töflu 44.

---

## 28. YFIRTÍÐ

---

**Lagt er til að ekki verði heimiluð yfirtíð á leikskólum sveitarfélagsins nema í algerum undantekningar tilfellum.**

Hér er m.a. lagt til að horfið verði alfarið frá því að fundir fari fram eftir að dagvinnutíma lýkur, þannig að greitt sé fyrir þá í yfirtíð. Starfsmannafundir fari fram á dagvinnutíma. Þá daga verði leikskólarnir opnir skemur. Ef starfsmaður, sem er í hlutastarfi, á ekki að vinna þegar fundur fer fram þá verði leitað eftir því að hann taki frí á móti fundartímanum. Einnig að frí, sem starfsmenn hafa fengið vegna t.d. jóla og áramóta umfram kjarasamninga, komi á móti vinnu sem unnin er utan reglubundins vinnutíma. Þetta hafa mörg sveitarfélög tekið upp.

Jafnframt verði vinnuskipulag hvers dags endurskipulagt ef um veikindi er að ræða þannig að ekki þurfi að kalla út fólk í yfirtíð vegna veikinda.

Einnig er lögð áhersla á að ekki sé greidd yfirtíð vegna opunar. Sama fyrirkomulag verði á öllum leikskólunum, þ.e. að greitt verði álag ofan á dagvinnukaup vegna opunar á morgnana.

---

## 29. MATARKAUP

---

**Lagt er til að matarkaup leikskólanna verði endurskipulögð með það að markmiði að ná kostnaði niður. Þetta á sérstaklega við Ársali.**

Matarkostnaður er nokkuð mismunandi á milli leikskólanna og einnig nokkuð hár í samanburði við aðra leikskóla, sérstaklega hvað Ársali varðar. Því er hér lagt til að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Sérstaklega verði kannað hvort ekki sé jafnvel hagstæðara fyrir Ársali að matargerðin fari fram í leikskólanum.

---

## 30. REIKNINGAR VEGNA MATARKAUPA

---

**Lagt er til að lögð verði áhersla á það við verktaka að á reikningum komi skýrt fram hversu marga matarskammta reikningurinn er fyrir og á hvaða verði hver máltíð er.**

Í viðræðum við leikskólastjóra kom fram að á reikningum vegna matarkaupa kæmi ekki fram það magn sem rukkað er fyrir og hvert verðið væri á hverri máltíð. Vegna þessa væri erfitt fyrir leikskólastjórann að hafa skoðun á því hvort reikningur væri réttur. Hér er lögð áhersla á að skýrt komi fram á reikningi fjöldi matarskammta og verð fyrir hvern matarskammt.

---

## 31. LEIKSKÓLAGJÖLD

---

**Lagt er til að leikskólagjöld verði endurskoðuð með það að markmiði að þau hækki og að tekjur leikskóla verði ekki undir 25% af rekstrarútgjöldum skólanna.**

Hér er lagt til að sveitarstjórn setji sér það markmið að tekjur leikskóla sveitarfélagsins verði ekki undir 25% af útgjöldum leikskólanna. Þetta er hlutfall sem sést hjá mörgum

sveitarfélögum.

---

## 32. FATAPENINGAR

---

**Lagt er til að sveitarfélagið hætti að greiða fatapeninga.**

Þar sem skýrsluhöfundur hefur komið að málum er það frekar undantekning en regla að starfsmönnum á leikskólum séu greiddir fatapeningar. Eins og fyrirkomulagið er nú hafa starfsmenn komið með reikning vegna fatakaupa sem síðan hefur verið greiddur til starfsmannsins og þá ekki í gegnum launabókhaldið. Hér er lagt til að þessu verði hætt.

---

## 33. BANGSABÆR

---

**Lagt er til að starfsemi Bangsabæjar í Fljótum verði hætt haustið 2012. Leikskólastarfsemin í Fljótum verð sameinuð grunnskólanum að Sólgorðum.**

Haustið 2012 verða tvö börn á leikskólaaldri í Fljótum, tvö börn í 1. bekk grunnskólans og þrjú börn í 2. bekk. Hér er lagt til að leikskólabörnin verði tekin í grunnskólann. Börnin tvö, sem verða í 1. bekk, voru í leikskólanum s.l. vetur með þeim börnum sem nú er lagt til að verði sameinuð í grunnskólann.

Eins og íbúafjöldinn er núna í Fljótum verða engin börn þar á leikskólaaldri frá og með haustinu 2015.

---

## 34. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

---

**Lagt er til að leikskólastjórum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega.**

Þetta verði gert til að grípa tímanlega inn í ef eitthvað hefur farið úrskaiðis við orkunotkun. Er í samræmi við tillögu sem komið hefur fram hér að framan um að öllum forstöðumönnum verði gert að skrá orkunotkun og fylgjast með henni.

## Grunnskólar

---

## 35. FJÖLDI STÖÐUGILDA

---

**Lagt er til að endurskoða þau viðmið sem notuð hafa verið við ákvörðun um fjölda stöðugilda við grunnskólana í Sveitarfélaginu Skagafjörður, bæði hvað varðar kennara og annað starfsfólk.**

**Jafnframt verði mörkuð ný stefna um fjölda nemenda í bekkjardeildum og fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna.**

Eins og úttektin sýndi hér að framan koma skólarnir í Sveitarfélaginu Skagafjörður ekki vel út hvað varðar fjölda nemenda á hvert stöðugildi. Einnig var sýnt fram á að fáir nemendur voru í sumum tilfella í hverri bekkjardeild.

Við ákvörðun um kennslustunda úthlutun við hvern skóla nú er stuðst við reglur sem settar voru árið 2002, eða fyrir 11 árum. Margt hefur breyst síðan þá og hefur nemendum fækkað en stöðugildum ekki að sama skapi. Rétt er að fram komi að hvert stöðugildi kennara kostar að meðaltali í laun og launatengd gjöld um 6 millj. kr. á ári. Þannig að mikilvægt er að vandað sé vel til verka þegar ákvörðun um stöðugildafjölda

er tekin. Því er mikilvægt að líta til þess hversu margir nemendur eru í bekkjardeildum og hvað margir nemendur eru á bak við hvert stöðugildi.

Verði staðið vel að þessum málum er ljóst, miðað við aðra skóla, að hægt gæti verið að spara umtalsverðar fjárhæðir.

### 36. SAMKENNSLA ÁRGANGA

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að taka upp samkennslu árganga í Árskóla og Varmahlíðarskóla.

Hér er lagt til að taka upp frekari samkennslu árganga þar sem eru fáir nemendur í árgöngum. M.a. verði höfð til hliðsjónar ný stefna um fjölda nemenda í bekkjardeildum, sbr. tillaga 36.

Hægt á að vera að koma á frekari samkennslu í Varmahlíðarskóla og Árskóla. Hér er lagt til að þetta verði kannað.

### 37. FRÍMÍNÚTNAGÆSLA KENNARA

Lagt er til að hætt verði að láta kennara gæta nemenda í frímínútum.

Þessi vinna kennara fer öll fram í yfirvinnu. Það er mat skýrsluhöfundar að með ákveðnu skipulagi eigi að vera hægt að fela öðrum starfsmönnum við skólann á Sólgörðum að annast þessa gæslu án frekari kostnaðar. Þetta fyrirkomulag er nú eingöngu hjá Grunnskólanum austan vatna og þá á Sólgörðum.

### 38. ÖNNUR YFIRTIÐ TIL KENNARA EN VEGNA KENNSLU

Lagt er til að athuga hvort önnur yfirtíð til kennara en vegna kennslu geti skv. samningi rúmast innan þess sem greitt er með svo kölluðum potti. Jafnframt er lagt til að athugað verði hvort hægt sé að draga úr forfallakennslu.

Hér er lagt til að athugað verði hvort hægt sé að skipuleggja vinnu kennara þannig að vinna vegna yfirtíðar, sem greidd hefur verið fyrir ýmis störf önnur en vegna forfallakennslu, flokkist undir þá vinnu sem greidd er úr svo kölluðum potti. Ef það er hægt þá verði það gert.

Tafla 102: Yfirvinna hjá kennurum í grunnskólum sveitarfélagsins árið 2011

	Árskóli		Varmahlíðarskóli		Grunnskólinn austan vatna	
		Hlutfall af mánaðarlaunum		Hlutfall af mánaðarlaunum		Hlutfall af mánaðarlaunum
Yfirvinna félagsstörf	5.469.936		595.171		2.652.613	
Forfallakennsla	1.765.451		0		1.305.178	
Kennsluyfirvinna grunnskóla	7.214.458		2.499.016		1.863.527	
Stundakennsla	432.088		0		381.754	
<b>Samtals</b>	<b>14.881.933</b>	<b>7,7%</b>	<b>3.094.187</b>	<b>4,1%</b>	<b>6.203.072</b>	<b>9,1%</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 102 sýnir yfirvinnugreiðslur til kennara vegna grunnskóla í Sveitarfélaginu Skagafjörður árið 2011. Samtals voru þessar greiðslur á árinu 2011 24.179 þús. kr. Til viðbótar við þessa fjárhæð bætast launatengd gjöld.

Einnig er lagt til að athuga með að draga úr forfallakennslu ef það er mögulegt.

### 39. FÖST YFIRTÍÐ OG YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA

Lagt er til að fastri yfirtíð skólaliða verði sagt upp. Jafnframt að öll vinna skólaliða og þroskaþjálfar verði endurskipulögð þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi fyrir yfirtíð.

Hér er lagt til að fastri yfirtíð vegna skólaliða verð sagt upp en í undantekningar tilfellum er um slíkt að ræða. Jafnframt að vinna þeirra og þroskaþjálfar verði endurskipulögð þannig að ekki þurfi að greiða aðra yfirtíð.

Tafla 103: Yfirvinna hjá öðrum starfsmönnum en kennurum við grunnskóla sveitarfélagsins árið 2011

	Árskóli	Varmahlíðar- skóli	Grunnskólinn austan vatna	Samtals
Föst yfirtíð	1.156.970	467.409	479.612	<b>2.103.991</b>
Yfirtíð með orlofi	5.649.718	323.190	1.921.314	<b>7.894.222</b>
Orlofsuppbót	720.784	444.558	310.024	<b>1.475.366</b>
<b>Samtals</b>	<b>7.527.472</b>	<b>1.235.157</b>	<b>2.710.950</b>	<b>11.473.579</b>

Heimild: Sveitarfélagið Skagafjörður

Tafla 103 sýnir yfirtíð hjá öðrum starfsmönnum en kennurum við grunnskóla sveitarfélagsins árið 2011.

Samkvæmt þessu var kostnaður fyrir yfirtíð vegna annarra starfsmanna en kennara án launatengdra gjalda samtals 11.474 þús. kr. á árinu 2011, sem ætti þá að sparast a.m.k. á ársgrundvelli ef farið verður að þessari tillögu, að undanskildri fastri yfirtíð húsumsjónarmanna.

Þess verði gætt að ekki sé um greiðslur að ræða umfram fasta yfirtíð.

Lögð er áhersla á að skólastarfi lýkur yfirleitt kl. 14. Auðvelt á að vera að skipuleggja daginn þannig að öll vinna starfsmanna fari fram á dagvinnutíma. Séu veikindi verði dagurinn endurskipulagður svo ekki þurfi að hafa fólk á yfirtíð vegna veikinda starfsmanna. Í endurskipulagningu gæti m.a. falist að draga úr ræstingu o.s.frv.

Jafnframt er lögð áhersla á að vinna annarra starfsmanna við grunnskólana en kennara verði skipulögð þannig að þeir skili fullri vinnu að teknu tilliti til lokunar skóla yfir sumartíma. Ef þeir hafa fengið meira frí en þeir eiga rétt á verði vinnutíminn skipulagður þannig yfir veturinn að viðvera þeirra verði lengri en vinnuskylda þeirra segir til um sem nemur umfram frí yfir sumarmánuðina. Þetta er heimilt skv. kjarasamningi. Eða athugað verði hvort hægt sé að nýta þessa starfsmenn til sumarafleysinga hjá öðrum stofnunum sveitarfélagsins þannig að dregið sé úr ráðningu sumarafleysinga fólks. Hvoru tveggja á að draga úr kostnaði.

Jafnframt verði hætt að greiða yfirtíð til annarra starfsmanna en kennara ef þeir gæta nemenda vegna veikinda kennara.

Ekki er lagt til að hætt verði að greiða fasta yfirtíð til húsumsjónarmanns enda hefur

hann eftirlit með húsnæði skólans utan daglegs vinnutíma.

---

#### **40. KOSTNAÐUR VIÐ KAUP Á SKÓLAMÁLTÍÐUM VIÐ ÁRSKÓLA**

---

Lagt er til að kannað verði hvort hægt sé að fá verktaka um skólamáltíðir í Árskóla til að lækka verðið á hverri máltíð með hliðsjón af því að þessi kostnaður er frekar hár miðað við það sem gerist hjá öðrum skólum og verð sem aðrir skólar greiða vegna stakra máltíða til verktaka annars staðar.

Jafnframt verði kannað hvort hægt sé að gera þetta fyrir minni pening með því að skólinn reki sjálfur mötuneytið og/eða matargerðin fari fram í leikskólanum Ársölum. Einnig kemur til greina að bjóða matinn út að nýju.

Miðað við þær upplýsingar sem liggja nú fyrir er kostnaður við skólamáltíðir í Árskóla mjög hár. Samanburðurinn kemur illa út bæði miðað við þá skóla sem annast sjálfir matargerðina og í þeim tilfellum sem matur er keyptur af verktaka.

Einnig er lagt til að kanna hvort ekki sé hagstæðara að sveitarfélagið annist sjálft matargerðina t.d. í leikskólanum Ársölum.

---

#### **41. KOSTNAÐUR VIÐ SKÓLAMÁLTÍÐIR VIÐ ÁRSKÓLA**

---

Lagt er til að verð á skólamáltíðum verði hækkað umtalsvert.

Verð á skólamáltíðum við Árskóla hefur verið með því lágsta sem tíðkast hjá sveitarfélögum. Sum sveitarfélög hafa haft þann háttinn á að greiða skólamáltíðir ekki niður. Hér er lagt til að skólamáltíðir verði hækkaðar umtalsvert.

---

#### **42. SKÓLAMÁLTÍÐIR ÁN ENDURGJALDS**

---

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að draga verulega úr því að starfsmenn fái fría máltíð fyrir að matast með nemendum. Athugað verði hvort ekki megi hætta þessu.

Hér er lagt til að dregið verði verulega úr því að starfsmenn fái fríar máltíðir fyrir að borða með nemendum.

Samkvæmt upplýsingum frá skóalstjóra hafa um 15 máltíðir verið fríar vegna þessa á dag. Erfitt er að sjá hvaða rök eru fyrir því að svo margar máltíðir þurfi til. Hér er lagt til að þetta verði endurskoðað og jafnvel athugað hvort ekki sé hægt að hætta þessu fyrirkomulagi.

---

#### **43. BÓKHALD VEGNA SKÓLAMÁLTÍÐA Í VARMAHLÍÐARSKÓLA**

---

Lagt er til að endurskoðandi sveitarfélagsins endurskoði uppgjör vegna skólamáltíða í Varmahlíðarskóla.

Fram til þessa hefur skólaritari annast bókhald og fjárreiður vegna skólamáltíða í Varmahlíðarskóla, bæði hvað varðar innkaup og innheimtu vegna kaupa á skólamáltíðum. Mikilvægt er að endurskoðandi yfirfari uppgjör og staðfesti að rétt sé með farið.

---

#### **44. BIFREIÐASTYRKIR**

---

Lagt er til að hætt verði að greiða bifreiðastyrki til starfsmanna hjá skólum sem hafa bifreið eða bifreiðar til afnota.

Lögð er áhersla á að skólastarfið að hausti verði þannig skipulagt yfir veturinn að bifreiðar, sem viðkomandi stofnun hefur til afnota, þurfi ekki að vera í notkun af tveimur aðilum á sama tíma, sem fram til þess hefur verið leyst með afnotum af bifreiðum starfsmanna. Á þetta við Grunnskólann austan vatna og tónlistarskólann.

Ef halda þarf fundi sem ekki eru skipulagðir að hausti og þarf að komast á milli staða, þá taki tímasetning þeirra mið af því hvenær bifreið getur verið til afnota vegna fundarins.

Ætla verður að húsumsjónarmaður Grunnskólans austan vatna eigi líka að geta notað bifreiðina sem skólinn hefur þannig að ekki þurfi að borga honum bifreiðastyrk.

---

## 45. HÚSUMSJÓNARMAÐUR

---

**Lagt er til að húsumsjónarmaður í Varmahlíðarskóla og Grunnskólanum austan vatna verði jafnframt húsumsjónarmaður við Leikskólann Birkilund og leikskólann á Hofsósi.**

Ætla verður að nokkur hagræðing sé af því að leikskólastjóri geti kallað til aðila á viðkomandi stað ef sinna þarf húsnæði leikskólans. Hér er lagt til að húsumsjónarmaður Varmahlíðarskóla og Grunnskólans austan vatna hafi umsjón með húsnæði leikskólanna á viðkomandi stöðum.

Þetta fyrirkomulag eru mörg sveitarfélög að taka upp, þ.e. að fela húsumsjónarmönnum í grunnskólum að hafa umsjón með fleiri húsum.

---

## 46. RÆSTINGAR

---

**Lagt er til að sami háttur verði hafður á í öllum skólunum varðandi ræstingar, þ.e. að dagvinnustarfsmenn annist ræstingar.**

Greitt hefur verið fyrir ræstingar á Hólum í yfirtíð. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á í öllum skólunum, þ.e. að skólaliðar annist ræstingar á dagvinnutíma.

---

## 47. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

---

**Lagt er til að húsumsjónarmönnum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna þeirra húsa sem þeir hafa umsjón með.**

Með því að skrá orkunotkun t.d. í kwst. mánaðarlega er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskeiðis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna.

---

## 48. OPINBERAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLAMÁL

---

**Lagt er til að skólayfirvöld fylgist vel með því að réttar upplýsingar birtist í opinberum gögnum um skólamál í sveitarfélaginu.**

Árlega eru birtar m.a. upplýsingar um fjölda stöðugilda í grunnskólum landsins. Þessar tölur hafa komið fram á vef Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Árbók sveitarfélaga.



Fram hefur komið að þessar upplýsingar eru unnar úr Mentor og sendar viðkomandi skólastjórnendum til yfirferðar áður en þær eru birtar. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra Grunnskólans austan vatna hafa komið fram athugasemdir við vinnslu þessarar skýrslu um tölulegar upplýsingar um skólann.

Leggja ber áherslu á að skólayfirvöld á hverjum stað ábyrgist að þessar upplýsingar séu réttar áður en þær birtast.

---

## 49. SKÓLAAKSTUR

---

**Lagt er til að útboð fari fram með reglulegu millibili vegna skólaaksturs.**

Á árinu 2011 var kostnaður við skólaakstur í sveitarfélaginu um 85 millj. kr. Ætla má að með því að bjóða aksturinn út reglulega fari aksturinn ávallt fram á sem hagstæðustum kjörum. Einnig er mikilvægt að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum um hvað þau greiða á km vegna skólaaksturs.

Leggja ber áherslu á að skólaakstur sé vel skipulagður þannig að bílar séu ekki að keyra í sitt hvora áttina. Ef hægt er að nota sama bílinn til flytja börn í hvorri ferð er ljóst að af því væri mikil hagræðing.

---

## 50. NEMENDAFERÐIR

---

**Lagt er til að reynt verði að halda kostnaði við nemendaferðir í lágmarki.**

Ákvörðun um fjölda nemendaferða verði endurskoðuð með það að markmiði að ná þeim kostnaði niður. Samkvæmt bókhaldi var kostnaður við nemendaferðir í öllum skólunum í sveitarfélaginu árið 2011 samtals 5,5 millj. kr.

---

## 51. SKÓLAHALD Í GRUNNSKÓLANUM AUSTAN VATNA

---

**Lagt er til að stefnt verði að því að skólahald í Grunnskólanum austan vatna verði á tveimur stöðum, á Hofsósi og Hólum. Kennsla fari þannig fram að 1. til 4. bekkur verði á Hólum og 5. til 10. bekkur á Hofsósi.**

Ljóst er miðað við núverandi íbúafjölda í Fljótum að grunnskólanemendum þar mun fækka á næstu árum. Gert er ráð fyrir að skólahald þar haldi áfram a.m.k. fram til haustsins 2014.

Það er mat skýrsluhöfundar að bæði kennslufræðileg og félagsleg rök séu fyrir því að skipa skólahaldi í framtíðinni eins og hér er lagt til.

Að öðru leyti varðandi þessa tillögu er vísað í tillögur vinnuhóps sem skipaður var til að vinna að tillögugerð varðandi framtíðar skólahald í Grunnskólanum austan vatna.

---

## 52. HÚSNÆÐI LEIKSKÓLADEILDARINNAR BARNABORG

---

**Lagt er til skoðað verði að leikskóladeildin Barnaborg á Hofsósi flytji í húsnæði grunnskólans þar.**

Með þeim skipulagsbreytingum, sem lagt er til að gerðar verði á skólahaldi Grunnskólans austan vatna, skapast húsrými í húsnæði grunnskólans á Hofsósi fyrir starfsemi leikskóladeildarinnar þar.

Núverandi húsnæði leikskóladeildarinnar á Hofsósi stenst engan veginn kröfur um húsnæði leikskóla og því brýnt að sem fyrst verði unnið að því að leysa húsnæðisvanda leikskólans. Lausleg athugun hefur farið fram á því hvernig leikskólinn kæmist fyrir í húsnæði grunnskólans. Samkvæmt þeirri athugun er hægt að koma leikskóladeildinni þar vel fyrir miðað við að tillaga 52 um skólalald nái fram að ganga.

---

### **53. LEIKSKÓLINN AUSTAN VATNA VERÐI SAMEINADUR GRUNNSKÓLANUM**

---

Lagt er til, að því gefnu að framangreindar tillögur um skólalald austan vatna nái fram að ganga, að kanna hvort hægt sé að sameina leikskólann og grunnskólann.

Í tillögum hér að framan er gert ráð fyrir að skólalald austan vatna fari fram á tveimur stöðum, þ.e. á Hofsósi og Hólum. Jafnframt er gert ráð fyrir að grunnskóli og leikskóli á Hofsósi og Hólum verði í sama húsnæði á báðum stöðunum.

Með hliðsjón af því er eðlilegt að leggja til að leikskólinn og grunnskólinn austan vatna verði sameinaðir í eina stofnun.

### **Tónlistarskóli Skagafjarðar**

---

### **54. BIFREIÐASTYRKIR**

---

Lagt er til að hætt verði að greiða bifreiðastyrki til starfsmanna hjá tónlistarskólanum þar sem skólinn hefur tvo bíla til umráða.

Eins og hjá Grunnskólanum austan vatna er lögð áhersla á að skólastarfið að hausti verði þannig skipulagt yfir veturinn að bifreiðar sem tónlistarskólinn hefur þurfi ekki að vera í notkun af tveimur aðilum á sama tíma, sem fram til þess hefur verið leyst með afnotum af bifreiðum starfsmanna.

Ef halda þarf fundi sem ekki eru skipulagðir að hausti og þarf að komast á milli staða, þá taki tímasetning þeirra mið af því hvenær bifreið getur verið til afnota vegna fundarins.

---

### **55. SKÓLAGJÖLD OG LEIGA Á HLJÓÐFÆRUM**

---

Lagt er til að skólagjöld ásamt leigugjöldum fyrir hljóðfæri verði hækkuð.

Með hliðsjón af samanburði á skólagjöldum hjá mörgum öðrum skólum má ætla að svigrúm sé til hækkunar á skólagjöldum og leigugjöldum fyrir hljóðfæri.

### **Fjölskyldusvið – Frístunda- og íþróttamál**

---

### **56. VINNUFYRIRKOMULAG Í HÚSI FRÍTÍMANS**

---

Lagt er til að vinnufyrirkomulag í Húsi frítímans verði tekið til endurskoðunar þannig að dregið verði svo sem kostur er úr allri yfirvinna.

Yfirvinna og álag vegna starfsmanna húss frítímans sem hlutfall af mánaðarlaunum er með því hærra sem gerist hjá sveitarfélaginu. Hér er lagt til að vinnufyrirkomulagið verði endurskipulagt þannig að dregið verði að mestu úr allri yfirvinna.

M.a. verði kannað hvort þeir sem eru að vinna eftir kl. 17 á daginn séu þá að vinna á dagvinnulaunum með álagi. Einnig, þegar eru veikindi, verði starfsemi þess dags endurskipulögð þannig að ekki þurfi að kalla til starfsmann í yfirtíð.

---

## 57. ÚTLEIGA Á HÚSNÆÐI HÚSS FRÍTÍMANS

---

Lagt er til að ef húsnæði Húss frítímans verður áfram leigt út vegna viðburða eins og afmæla en þá standi leigan undir öllum kostnaði sem fellur til.

M.a. hefur fallið til yfirvinna hjá starfsmönnum vegna leigu á húsnæðinu. Hér er lagt til að sveitarfélagið beri engan kostnað af slíkri útleigu. Einnig verður að gæta þess að sveitarfélagið sé ekki í samkeppni með leigu á húsnæðinu við hinn frjálsa markað.

---

## 58. FORSTÖÐUMAÐUR VINNUSKÓLANS OG SUMAR TIM

---

Lagt er til að athuga hvort ekki megi stytta ráðningartíma forstöðumanns vinnuskólans og forstöðumanns vegna sumar TIM.

Hér er lagt til að athuga með að stytta ráðningartíma forstöðumanns vinnuskólans og sumar TIM en þeir hafa hafið störf við undirbúning starfseminnar í apríl eða í síðasta lagi í byrjun maí ár hvert. Einnig hafa þeir látið af störfum nokkru eftir að starfseminni er hætt.

Er mögulegt að aðrir starfsmenn í fullu starfi geti komið frekar að skipulagningu þessara verkefna, t.d. forstöðumaður Húss frítímans eða aðrir.

---

## 59. VINNUSKÓLINN

---

Lagt er til að lögð verði áhersla á að starfsemi vinnuskólans sé skipulögð þannig að launaútgjöld skv. fjárhagsáætlun dugi.

Leggja ber áherslu á ekki sé farið fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Liggja það fyrir að launaútgjöld ætli að verða meiri en fjárhagsáætlun heimilar verði starfsemin endurskoðuð. Athugað verði með að stytta vinnutíma og/eða lækka laun þannig að fjárheimildin standist. Fram kom í viðtali við frístundastjóra að oft á tíðum hafi verið erfitt að láta fjárheimild vinnuskólans vegna launa standast. Með hliðsjón af því er þessi tillaga fram komin.

---

## 60. ATVINNUÁTAK FYRIR 16 TIL 18 ÁRA

---

Lagt er til að kannað verði hvor ekki megi hætta atvinnuátakinu fyrir 16 til 18 ára.

Sveitarfélagið hefur greitt laun að 50% fyrir aldurshópin 16 til 18 ára gegn því að fyrirtæki hafi ráðið viðkomandi í vinnu. Hér er lagt til að kanna hvort þörfin fyrir starfskrafta þessa hóps sé ekki svo mikil að þótt sveitarfélagið hætti að greiða með þeim fái þeir vinnu á almennum markaði.

---

## 61. OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

---

Lagt er til að opnunartími sundlaugar í Varmahlíð og á Hofsósi verði samræmdur og opnunartíminn verði stytur. Starfsmannahald verði endurskoðað með hliðsjón af nýjum opnunartíma.

Hér er lagt til að opnunartími sundlaugar í Varmahlíð og á Hofsósi verði samræmdur og opnunartíminn stytur á hvorum stað. Samhliða því verði vinnutími starfsmanna tekinn til endurskoðunar.

Í Varmahlíð er sundlaugin opin á veturna á virkum dögum frá kl. 9:00 til 20:00 og 21:00. Einn starfsmaður mætir á morgnana og annar kl. 12:00. Kannað hefur verið hvenær flestir mæta í laugina og er það á tímabilinu frá kl. 16:00 til 19:00.

Spurning er hvort ekki sé nægilegt að sundlaugin í Varmahlíð sé opin á morgnana þegar skólasund stendur yfir og lokað t.d. kl. 12:00 eða fyrr. Síðan sé ekki opnað aftur fyrr en t.d. kl. 16:00 og þá sé opið til kl. 20:00.

Velta má upp sömu spurningu vegna sundlaugar á Hofsósi. Eingöngu verði opið á morgnana þegar skólasund stendur yfir o.s.frv.

---

## **62. LEIGUVERÐ Á ÍPRÓTTAHÚSINU TIL FJÖLBRAUTASKÓLANS**

---

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé grundvöllur til að hækka leiguverð á Íþróttahúsinu til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Hér er lagt til að kannað verði hvor ekki sé grundvöllur til hækkunar á leiguverðinu til menntaskólans. Núverandi leigugjald fyrir hverja klukkustund getur vart talist hátt.

---

## **63. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN**

---

Lagt er til að starfsmönnum íþróttamiðstöðva og sundlauga verði falið að skrá orkunotkun reglulega.

Hér er lagt til á sama hátt og í öðrum stofnunum að ákveðnum starfsmönnum verði falið að fylgjast með orkunotkun í íþróttamiðstöðum og sundlaugum.

---

## **64. HÆTT VERÐI AÐ GREIÐA 25 MÍNÚTUR FYRIR HVERJA VAKT Í YFIRTÍÐ**

---

Lagt er til að vinnuframlag bakvaktafólks verði 25 mínútum skemmra en umsaminn vinnutími segir til um þannig að ekki þurfi að greiða 25 mínútur í yfirtíð fyrir hverja vakt.

Þessi tillaga hefur komið fram hér að framan þar sem þetta er lagt til almennt hjá stofnunum sveitarfélagsins þar sem við á.

### **Markaðs- og þjónustusvið**

---

## **65. ATVINNU- OG FERÐAMÁL**

---

Lagt er til að verkefni verkefnastjóra í atvinnu- og ferðamálum verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af samstarfi við SSNV um atvinnumál.

Sveitarfélagið hefur verið með tvo starfsmenn í þessum málum. Síðan hefur verið starfsmaður á vegum SSNV staðsettur á Sauðárkróki sem unnið hefur að atvinnumálum einnig. Mikilvægt er að sveitarfélagið marki sér stefnu um það hvernig þessum málum verði hagað í framtíðinni.

Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra markaðs- og þjónustusviðs að hann teldi að þessir aðilar gætu unnið meira saman. Hafa þarf að leiðarljósi við þessa athugun að ekki verði dregið úr þjónustunni heldur reyna að ná henni fram með minni tilkostnaði.

---

## **66. ATVINNU- OG FERÐAMÁLANEFND – MENNINGAR- OG KYNNINGANEFND**

---

Lagt er til að skoðað verði með að sameina atvinnu- og ferðamálanefnd og menningar- og kynningarnefnd í eina nefnd.

Ætla má að á margan hátt skarist verkefni þessara nefnda. Með hliðsjón af því gæti það reynst betra að sameina þessar nefndir. Einnig tilheyra þessir málaflokkar sama sviðinu.

Fram kom í viðræðum við sviðsstjóra sviðsins að hann teldi sameiningu þessara nefnda æskilega.

---

## **67. OPNUNARTÍMI HÉRAÐSBÓKASAFNSINS**

---

Lagt er til að opnunartími Héraðsbókasafnsins í Safnahúsinu verði alla virka daga frá kl. 11:00 til 18:00.

Opnunartíminn er á mánudaga til fimmtudaga frá kl. 11:00 til 19:00, sem hér er lagt til að verði frá kl. 11:00 til kl. 18:00, eða stytting um eina klukkustund. Opnunartími á föstudögum er frá kl. 11:00 til 18:00, þannig að opnunartíminn verður óbreyttur á föstudögum.

Í viðræðum við héraðsbókavörð kom fram að til greina kæmi að hafa opið alla daga frá kl. 11:00 til 18:00 í Safnahúsinu. Fram kom að þunginn í afgreiðslunni sé á tímabilinu frá kl. 16:00 til 18.00, það er á þeim tíma sem fólk er að koma úr vinnu. Með hliðsjón af því er þessi tillaga hér fram komin.

---

## **68. SÉRVERKEFNI Á VEGUM HÉRAÐSSKJALASAFNSINS**

---

Lagt er til að Héraðsskjalasafnið hætti að taka að sér sérverkefni nema þá að tryggt verði að það hafi ekki útgjöld í för með sér fyrir sveitarfélagið.

Erfitt er að færa rök fyrir því að sveitarfélög séu að taka að sér ýmis verkefni, eins og Héraðsskjalasafnið hefur gert, sem ekki tilheyra verkefnum sveitarfélaga og hafa af því nokkurn kostnað.

Hér er lagt til að þessu verði hætt, eða a.m.k. ef því verður haldið áfram þá verði tryggt að sveitarfélagið beri ekki kostnað af því.

Erfitt er að færa rök fyrir því, ef til þess kæmi, að þurfa að hækka skatta hjá sveitarfélaginu á sama tíma og sveitarfélagið tekur að sér verkefni, sem ekki er á verksviði sveitarfélaga.

---

## **69. FORNLEIFAEILD**

---

Lagt er til að skoðað verði með það að sveitarfélagið hætti að reka fornleifadeild. Núverandi starfsmönnum deildarinnar verði veitt aðstoð við að stofna sérstakt fyrirtæki um reksturinn.

Hér er um verkefni að ræða sem ekki eru á verksviði sveitarfélaga og erfitt að færa rök fyrir því að sveitarfélagið reki fornleifadeild sem tekur að sér verkefni fyrir aðra aðila, eins og t.d. vegagerðina í samkeppni við aðra. Sveitarfélagið hefur þurft að bera útgjöld vegna þessa rekstrar, t.d. á síðast liðnu ári.

Sveitarfélagið aðstoði núverandi starfsmenn fornleifadeildar við að stofna sérstakt félag um reksturinn. Þannig verði reynt að tryggja að reksturinn geti haldið áfram.

---

## 70. FÉLAGSHEIMILI

---

**Lagt er til að kanna hvort sveitarfélagið geti selt eignarhlut sinn í einhverjum af félagsheimilunum í sveitarfélaginu.**

Ljóst er að sveitarfélagið ber nokkurn kostnað af rekstri félagsheimilanna. Með hliðsjón af því og einnig, ef einkaaðilar eignast félagsheimili í sveitarfélaginu, væri mögulegt að sveitarfélagið væri að styðja við nýjan atvinnurekstur.

### Umhverfis- og tæknisvið

### Brunavarnir Skagafjarðar

---

## 71. SELD ÞJÓNUSTA SLÖKKVILIÐSINS

---

**Lagt er til að útseld þjónusta slökkviliðsins verði endurskoðuð og að tryggt sé að fyrir hana verði greitt þannig að ekki sé greitt með þjónustu fyrir aðra.**

Sveitarfélög eiga ekki að taka að sér þjónustu fyrir aðra sem ekki er greitt fyrir að fullu. Svo virðist sem Sveitarfélagið Skagafjörður sé að greiða með þjónustu vegna sjúkraflutninga, sem eru á verksviði ríkisins.

Hér er lagt til að teknað verði upp viðræður um hækkun á greiðslum vegna sjúkraflutninga. Ljóst er að kostnaður við tvo menn, bakvaktir og útköll vegna sjúkraflutninga er meiri en það sem greitt er fyrir. Tryggja þarf að greiðslur fyrir sjúkraflutninga standi a.m.k. undir þessum kostnaði. Jafnvel mættu tekjurnar vera hærri en þessu nemur því ljóst er að tveir menn gætu ekki sinnt sjúkraflutningunum alla daga ársins ef sjúkrahúsið sæi um þá.

---

## 72. FASTRÁÐNIR STARFSMENN SLÖKKVILIÐSINS

---

**Lagt er til að kanna hvort ekki sé fullnægjandi að hafa þrjá fastráðna starfsmenn í slökkviliðinu miðað við að haldið verði áfram með sjúkraflutninga.**

Það er mat skýrsluhöfundar að þrír slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóri, nægi til að tryggja fullt öryggi, miðað við að slökkviliðið haldi áfram að sinna sjúkraflutningum.

Þessir þrír menn skipti með sér bakvöktum og útköllum. Þeir annist einnig slökkvitækjapjónustu, eldvarnareftirlit og önnur hefðbundin verkefni slökkviliða.

Tryggja þarf að tekjur vegna sjúkraflutninga standi a.m.k. undir kostnaði vegna launa tveggja slökkviliðsmanna, bakvöktum tveggja manna og kostnaði vegna útkalla vegna sjúkraflutninga.

---

## 73. BAKVAKTIR

---

Lagt er til að slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri taki bakvaktir vegna sjúkraflutninga, þannig verði tryggt að annar bakvaktamaðurinn sé ávallt yfirmaður í slökkviliðinu.

Þar sem hvorki slökkviliðsstjóri né varaslökkviliðsstjóri taka bakvaktir vegna sjúkraflutninga hefur komið upp sú staða að tveir úr útkallsliði slökkviliðsins hafa verið á bakvakt vegna sjúkraflutninga. Þar sem þeir hafa ekki réttindi sem yfirmenn í slökkviliðinu hefur varaslökkviliðsstjóri líka tekið bakvakt vegna brunavarna. Þannig hafa þrír menn verið á bakvakt samtímis. Hér er lagt til að þessu verði hætt og að slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri taki einnig bakvaktir vegna sjúkraflutninga.

---

## 74. NÆSTI YFIRMAÐUR SLÖKKVILIÐSSTJÓRA

---

Lagt er til að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra verði sveitarstjóri. Jafnframt að þeir eigi reglulega fundi saman.

Margt mælir með því að næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra sé sveitarstjóri. Í dag er sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Mikilvægt er að slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri eigi reglulega fundi saman.

### Þjónustumiðstöð

---

## 75. REKSTUR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR VERÐI ENDURSKOÐAÐUR

---

Lagt er til að rekstur þjónustumiðstöðvar verði endurskoðaður og hann sameinaður rekstri Skagafjarðarveitna, eða Skagafjarðarveitur taki að sér reksturinn. A.m.k. verði skoðað að Skagafjarðarveitur taki yfir fráveituna. Samhliða þessu verði stefnt að því að sameina eignasjóð og þjónustumiðstöðina.

Með því að Skagafjarðarveitur taki yfir rekstur þjónustumiðstöðvarinnar myndi nást mikil hagræðing með samnýtingu á mannskap, húsnæði og tólum og tækjum. Meðal annars má gera ráð fyrir að einn verkstjóri væri í stað tveggja eins og staðan er í dag o.s.frv.

Í þessum sambandi er mikilvægt að hafa í huga áhrif á útgjöld vegna virðisaukaskatts. Liður í því væri að eignasjóður og þjónustumiðstöðin yrðu sameinuð. Þannig myndi sameinuð stofnun, eignasjóður og þjónustumiðstöð, sjá sjálf um viðhald á sínum eignum sem eru leigðar út. Þannig yrði ekki um virðisaukaskylda sölu á þjónustu að ræða.

A.m.k. er lagt til að kannað verði að Skagafjarðarveitur taki yfir fráveituna. Á næstu árum þarf að endurnýja margt í henni. Þekking er til staðar hjá Skagafjarðarveitum vegna slíkra verkefna. Skagafjarðarveitur eiga og reka hitaveitur í sveitarfélaginu, vatnsveitu og sjóveitu ásamt hitaveitu í Akrahreppi. Með hliðsjón af þessu má ætla að eðlilegt sé að Skagafjarðarveitur taki yfir fráveitu sveitarfélagsins.

Á undanförunum árum hafa mörg sveitarfélög dregið úr rekstri þjónustumiðstöðva og hafa aukið aðkeypta þjónustu af verktökum. Sem dæmi má nefna Borgarbyggð sem tók ákvörðun um að bjóða verkefni þjónustumiðstöðvar út. Frá árinu 2003 hefur sveitarfélagið haft samning við verktaka. Síðan þá hefur sveitarfélagið boðið

verkefnið út í þrígang, fyrst 2003, síðan 2007 og loks árið 2011. Stjórnendur sveitarfélagsins telja að þetta hafi sparað töluverða fjármuni, en ýmsir íbúar telja að þjónustan hafi versnað við þetta. Árið 2010 var þetta kosningamál, en eftir nokkra umræðu í kjölfar kosninga var ákveðið að bjóða þetta verkefni út að nýju og ekki endurvefja þjónustumiðstöðina.

---

## 76. FÆKKUN STARFSMANNA

---

**Lagt er til að fækkað verði um einn starfsmann í þjónustumiðstöð þar sem er verið að selja gröfu.**

Hér er lagt til að unnið verði að því að fækka starfsmönnum þjónustumiðstöðvar. Unnið hefur verið að því að selja gröfu. Með hliðsjón af því er lagt til að fækkað verði um einn starfsmann.

---

## 77. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ

---

**Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar verði átta klukkustundir í stað níu. Samhliða því verði fastri yfirtíð sagt upp og dregið úr henni.**

Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar verði átta klukkustundir, eða frá kl. 8:00 til 17:00 með kaffi- og matarhléum. Samhliða því verði dregið verulega úr yfirvinnu og fylgt þeirri almennu reglu, að ekki verði heimiluð yfirtíð, nema í undantekningartilfellum. Föst yfirtíð nái yfir slíka vinnu og allt ónæði utan reglulegs vinnutíma. Ekki verði greitt umfram umsamda yfirtíð. Til greina kemur að semja við alla starfsmenn þjónustumiðstöðvar um fasta yfirtíð.

Með því að daglegur vinnutími verði átta klukkustundir á að vera tryggt að föst yfirtíð dugi til að ná yfir uppáfallandi vinnu utan reglubundins vinnutíma.

Starfsmenn taki daglega matar- og kaffitíma skv. kjarasamningum. Matar- og kaffitímar verði ekki keyptir af starfsmönnum.

---

## 78. LEIGUHÚSNÆÐI

---

**Lagt er til að kanna hvort þjónustumiðstöðin komist ekki af með minna leiguhúsnæði en nú er.**

Þjónustumiðstöðin er nú í leiguhúsnæði. Stór hluti af húsnæðinu er nýttur undir geymslu. Spurning er hvort þjónustumiðstöðin komist ekki af með minna húsnæði og þá hvort sveitarfélagið eigi ekki húsnæði sem nýst gæti sem geymslur í stað þess að borga leigu fyrir geymslupláss.

---

## 79. BIFREIÐAR TIL AFNOTA FYRIR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ OG EIGNASJÓÐ

---

**Lagt er til að kanna hvort þjónustumiðstöð og eignasjóður komist ekki af með færri bíla.**

Eins og staðan er í dag eru fjórir starfsmenn í þjónustumiðstöð með þrjá bíla og einn starfsmaður eignasjóðs með einn bíl. Samtals eru fimm starfsmenn með fjóra bíla. Hér er lagt til að athuga hvort þessir starfsmenn komist ekki af með færri bíla.



---

## 80. VIÐGERÐ Á KANTSTEINUM

---

Lagt er til að þess verði gætt að verktaki um snjómokstur geri við skemmdir á kantsteinum sem hann hefur valdið eða greiði fyrir viðgerðir á þeim.

Nokkuð hefur verið um að kantsteinar hafi skemmst við snjómokstur. Samkvæmt samningi við verktakann á hann að gera við skemmdir eftir sig á sinn kostnað. Hér er lögð áhersla á að þessu verði fylgt eftir.

---

## 81. FJÖLDI BIFREIÐA

---

Lagt er til að fjöldi bifreiða í eigu sveitarfélagsins verði endurskoðaður.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort ekki megi fækka í bílaflota sveitarfélagsins þrátt fyrir að fylgt sé þeirri stefnu að nota bifreiðar í eigu sveitarfélagsins í stað þess að greiða bifreiðastyrki.

Eins og fram hefur komið hér að framan var gjaldfært fyrir olíu og bensín vegna þessara bifreiða á árinu 2011 4.903 þús. kr. Þetta gerir að eldsneytiskostnaður á hverja bifreið var að meðaltali 196 þús. kr., sem getur vart talist mikil eyðsla að meðaltali á hverja bifreið og þar af leiðandi ekki mikil meðaltals notkun alls þessa bifreiðaflota. M.a. með hliðsjón af þessu er hér lagt til að kanna hvort fækka megi í bifreiðaflota sveitarfélagsins.

---

## 82. BIFREIÐASTYRKIR

---

Lagt er til að ekki verði greiddir bifreiðastyrkir til starfsmanna hjá stofnunum sem hafa bifreiðar til afnota nema þá í undantekningartilfellum.

Hér er lagt til eins og varðandi yfirvinnu að starfsmenn stofnana, sem hafa bifreið og/eða bifreiðar til afnota, fái ekki greiddan bifreiðastyrk. Sé þörf á því þurfi samþykki sviðsstjóra fjármálasviðs fyrir því hverju sinni.

---

## 83. MÓTTÖKURITARI ANNIST SKRÁNINGU Á NOTKUN BIFREIÐA

---

Lagt er til að móttökuritari í ráðhúsi haldi skrá um not af bifreiðum. Starfsmenn geti haft samband við hann og óskað eftir bifreið til afnota.

Hér er lagt til að einn aðili haldi skrá um not á bifreiðum hjá sveitarfélaginu. Þurfi starfsmaður á bifreið að halda þá hefur hann samband við viðkomandi starfsmann. Hann annast úthlutun á bifreiðum hjá sveitarfélaginu.

### Garðyrkjudeild

---

## 84. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ

---

Lagt er til að daglegur vinnutími Garðyrkjudeildar verði frá kl. 8:00 til kl. 17:00. Hætt verði að kaupa matar- og kaffitíma af starfsmönnum. Föst yfirtíð tekin til endurskoðunar og hætt verði að greiða almennum starfsmönnum fasta yfirtíð.

Hér er lagt til að daglegur vinnutími verði frá kl. 8:00 til 17:00 og starfsmenn taki matar- og kaffitíma skv. kjarasamningi. Daglegur vinnutími verði átta klukkustundir.

Hætt verði að greiða almennum starfsmönnum fasta yfirtíð og hún almennt endurskoðuð.

## Hafnir í Sveitarfélaginu Skagafjörður

---

### 85. FÖST YFIRTÍÐ

---

Lagt er til að samið verði við starfsmenn hafnarinnar um fasta yfirtíð, sem nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma, þ.m.t. bakvaktir.

Hér er lagt til að samið verði við starfsmenn hafnarinnar um fasta yfirtíð sem nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Þetta fyrirkomulag er þekkt hjá mörgum öðrum höfnum.

Með þessu fyrirkomulagi verði hætt að greiða fyrir bakvaktir enda ekki alveg ljóst af hverju þarf að gera það.

Ætla verður að í flestum tilfellum liggi fyrir upplýsingar um komu skipa og báta áður en reglubundnum vinnutíma lýkur. Einnig mætti skipuleggja þjónustuna þannig að skip og bátar, sem ætla að fá þjónustu eftir að vinnudegi lýkur, tilkynni um það fyrir þann tíma, þannig að hægt sé að skipuleggja vinnuna fyrirfram. Með þessu móti á að vera hægt að draga úr óvæntum komum skipa eftir að vinnudegi lýkur og þar með gera bakvaktir óþarfar.

### 86. DAGLEGUR VINNUTÍMI

---

Lagt er til að kanna hvort þörf sé á því á veturna að vera með starfsmann í vinnu frá kl. 15:00 til kl. 23:00 eins og nú er.

Ekki liggur ljóst fyrir af hverju þarf að hafa skiptan vinnutíma hjá starfsmönnum á veturna. Vinnutími eftir kl. 17:00 er greiddur með álagi, þannig er dýrara að vera með starfsmann í vinnu á þessum tíma en á tímabilinu frá kl. 8:00 til 17:00.

### 87. NÆSTI YFIRMAÐUR YFIRHAFNARVARÐAR

---

Lagt er til að næsti yfirmaður yfirhafnarvarðar verði hafnarstjóri/sveitarstjóri. Jafnframt að þeir eigi reglulega fundi saman.

Eðlilegt er að sveitarstjóri sem jafnframt er hafnarstjóri sé næsti yfirmaður yfirhafnarvarðar. Í dag er sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs næsti yfirmaður yfirhafnarvarðar.

Mikilvægt er að yfirhafnarvörður og hafnarstjóri/sveitarstjóri eigi reglulega fundi saman.

## Skagafjarðarveitur ehf.

---

### 88. REKSTRARFORM

---

Lagt er til að rekstrarform Skagafjarðaveitna ehf. verði endurskoðað. Athugað verði hvort ekki færi betur á því að veiturnar væri reknar sem stofnun í B-hluta en ekki sem einkahlutafélag.

Hér er lagt til að kanna hvort ekki væri æskilegra að Skagafjarðaveitur verði reknar sem stofnun í B-hluta en ekki sem einkahlutafélag. Einn af kostum þess væri að yfirstjórn veitnanna mundi færast til sveitarstjórnar.

Með því að reka Skagafjarðaveitur ehf. sem einkahlutafélag er félagið rekið skv. lögum um einkahlutafélög og þá fer stjórn félagsins með æðsta vald í félaginu á milli aðalfunda. Hér er um að ræða félag sem er 100% í eigu sveitarfélagsins og því má ætla að eðlilegt sé að æðsta vald liggi hjá sveitarstjórn á hverjum tíma. Eins og þetta er í dag liggur það hjá sveitarstjórn, sem eiganda félagsins skv. lögum um einkahlutafélög, sem setur nokkrar skorður á vald sveitarstjórnar.

Ætla má að með þessu væri hægt að ná fram enn frekari hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins.

---

## 89. BÓKHALDSKERFI

---

**Lagt er til að Skagafjarðarveitur taki upp sama bókhaldskerfi og sveitarfélagið notar.**

Ljóst er að óþægindi eru því fylgjandi að Skagafjarðarveitur notist ekki við sama bókhaldskerfi og sveitarfélagið. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber sveitarfélaginu að setja upp samstöðureikning í ársreikningi, þar sem ársreikningar allra stofnana og félaga í 50% eigu sveitarfélagsins eða meira, eru settir upp saman. Þar sem ekki er stuðst við sama bókhaldskerfi hefur þetta skapað óþægindi.

## Fjármála- og stjórnsýslusvið

---

## 90. MANNAUÐSSTJÓRI

---

**Lagt er til að stofnuð verði ný staða mannauðsstjóra. Mannauðsstjóri verði yfirmaður launadeildar, hafi yfirumsjón með öllum launa- og kjaramálum hjá sveitarfélaginu, þ.m.t. ráðningasamningum.**

Í viðræðum skýrsluhöfundar við forstöðumenn kom fram að ýmislegt mætti fara betur í kjaramálum hjá sveitarfélaginu. Á s.l. ári fóru 66% af tekjum sveitarfélagsins, A-hluta, í launaútgjöld. Þannig má ljóst vera að mikið er í húfi að með launamál sé rétt farið.

Mannauðsstjóri verði yfirmaður launadeildar. Með þessari breytingu taki t.d. launadeildin alfarið yfir öll kjaramál kennara sem skólastjórar hafa fram til þessa séð um. Hann beri ábyrgð á því að farið sé eftir ráðningasamningum og að launakeyrslur séu réttar á hverjum tíma.

---

## 91. RÁÐNINGARKJÖR

---

**Lagt er til, ef gera á breytingar á ráðningarkjörum starfsmanna, verði það ekki gert nema samþykki sveitarstjóra liggi fyrir því.**

Leggja ber áherslu á að samþykkt sveitarstjóra liggi fyrir, ef gera á breytingar á kjörum starfsmanna, sem dæmi má nefna breytingar vegna starfsmats. Mikilvægt er að sveitarstjóri hafi yfirsýn yfir allar breytingar sem gerðar eru á launakjörum starfsmanna.

---

## 92. VÖRUKAUP - INNKAUPAKORT

---

Lagt er til að gefinn verði út listi yfir þá sem mega taka út vörur á vegum sveitarfélagsins gegn gjaldfresti. Listinn verði sendur til helstu þjónustu aðila í sveitarfélaginu. Jafnframt verði tekin til endurskoðunar notkun á innkaupakortum og hvort þau séu nauðsynleg.

Hér er lagt til að fyrirfram verði ákveðið hverjir megi taka út vörur og þjónustu á vegum sveitarfélagsins og láta skrifa hjá því. Á reikningi, sem viðkomandi kvittar upp á við móttöku vörunnar og/eða þjónustu, komi fram kennitala viðkomandi. Gerður verði sérstakur listi yfir þessa aðila og hann sendur helstu birgjum sveitarfélagsins.

Viðskiptavinum verði tilkynnt að ef aðrir skrifi upp á úttektir en fram koma á listanum gætu þeir átt á hættu að fá reikninga ekki greidda, m.a. ef ekki væri hægt að finna út hver úttektaraðilinn er.

Einnig er hér lagt til að draga úr fjölda þeirra sem eru með innkaupakort á vegum sveitarfélagsins.

### Stjórnsýslan

---

## 93. ÞRJÚ SVIÐ Í STAÐ SEX

---

Lagt er til að markaðs- og þjónustusvið verði sameinað stjórnsýslu- og fjármálasviði.

Jafnframt að yfir fjölskyldusviði verði einn sviðsstjóri. Þannig verði þrjú sviðsstjórar í stað sex eins og nú er.

Hér er lagt til að markaðs- og þjónustusvið sameinist stjórnsýslu- og fjármálasviði undir stjórn núverandi sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Samhliða því verði störf núverandi markaðs- og þjónustusviðs tekin til endurskoðunar.

Jafnframt er lagt til að fjölskyldusvið verði eitt svið með einum sviðsstjóra. Undir hann heyri félagsmálastjóri og fræðslustjóri. Samhliða þessu verði verksvið þeirra þriggja sviða, sem nú eru, endurskoðuð við þessa sameiningu.

Jafnframt er lögð áhersla á að stjórnsýslu- og fjármálasvið virki sem stoðsvið fyrir önnur svið, hvað varðar öll fjármál, þar með talin launamál. Starfsmenn sviðsins aðstoði starfsmenn annarra sviða, t.d. við fjárhagsáætlunargerð, samningagerð o.s.frv.

Á fylgiskjali 1 má sjá tillögu að nýju skipuriti með hliðsjón af tillögum sem hér hafa komið fram.

### Félagslegar íbúðir

---

## 94. NÚVIRÐING LÁNA

---

Lagt er til að óskað verði formlega eftir því við Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána vegna íbúða sem seldar verða miðað við núvirðingu áhvílandi lána.

Ljóst má vera að núvirði lána sem bera 0,5% vexti og upp í 2,4% eru ekki það sama og lána sem bera 4,2% og 4,7% vexti. Með vísan til þess verði leitað eftir því við

Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána, sem hvíla á íbúðum, sem seldar verði miðað við núvirðingu lánanna. Þetta ætti að gera það mögulegt að söluverð þessara íbúða gæti dugað eða a.m.k færi langt til að gera upp þau lán sem hvíla á viðkomandi íbúðum án þess að sveitarfélagið leggi til fjármagn.

Ætla verður að lán með svo lágum vöxtum séu ekki færð til bókar hjá Íbúðalánasjóði á sama hátt og lán sem bera mun hærri vexti. Þannig ætti þetta ekki að hafa áhrif á eignastöðu Íbúðalánasjóðs.

Ef þetta verður samþykkt verði farið í að selja félagslegar íbúðir þannig að salan hafi ekki áhrif á söluverð íbúða almennt á markaðnum og einnig að sveitarfélagið geti sinnt félagslegri þörf fyrir íbúðir.

---

## **95. ENDURFJÁRMÖGNUN**

---

**Lagt er til að kannað verði hvort mögulegt sé að fá lán með betri kjörum en þau lán sem félagslegar íbúðir eru nú með hjá Arion banka í erlendum myntum.**

Hér er lagt til að kannað verði hvort ekki sé mögulegt að fá hagstæðari lán en þau sem félagslegar íbúðir eru með í Arion banka í erlendra mynt. Lánasjóður sveitarfélaga býður nú verðtryggt lán með 3,15% vöxtum og 3,8% eftir tímalengd lána.

# Lokaorð

Undanfarin misseri hefur skýrsluhöfundur komið að endurskipulagningu á rekstri og fjármálum nokkurra sveitarfélaga. Sammerkt með þeim sveitarfélögum er að horfur í atvinnumálum þeirra hafa ekki verið eins og best verður á kosið. Það hefur því verið ánægulegt við vinnslu þessa verkefnis að komast að raun um hversu atvinnuástand og horfur í atvinnumálum eru góðar í Sveitarfélaginu Skagafjörður. Lítið sem ekkert atvinnuleysi og hjart framundan.

Fjárhagsvandi sveitarfélagsins einskorðast svo til eingöngu við rekstrarvanda. Skuldir í árslok 2011 voru 147% sem hlutfall af tekjum sveitarfélagsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum má hlutfallið vera að hámarki 150%. Þannig var hlutfallið innan hámarksins í árslok 2011.

Aftur á móti hefur verið nokkur halli á rekstri sveitarfélagsins undangengin ár. Á árinu 2011 var hann um 300 millj. kr. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eiga sveitarfélög að jafnaði að vera rekin hallalaus.

Miðað við árið 2011 þarf því að bæta rekstrarafkomu sveitarfélagsins um 300 millj. kr. Takist það má ljóst vera að það mun auðvelda sveitarstjórn að halda sveitarfélaginu innan tilsetts skuldahlutfalls og að ráðast í nýjar nauðsynlegar framkvæmdir á næstu árum.

Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins er það mat skýrsluhöfundar að möguleikarnir eru margir til að bæta rekstrarafkomuna. Í skýrslunni eru settar fram um 90 tillögur, sem svo til allar miðast að því að bæta reksturinn. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundur velur þann kostinn að leggja fram tillögur, þar sem hann telur mögulegt að bregðast við, síðan er það sveitarstjórnar að velja úr.

Engar af tillögunum ganga lengra en mörg sveitarfélög hafa verið að framkvæma eða eru að hrinda í framkvæmd að undanskilinni einni tillögu. Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt.

Lögð skal áhersla á að áður en skoðaðar eru tillögur um skattahækkanir eigi sveitarstjórn fyrst að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að ná settu markmiði með lækkun útgjalda. Verði farið að þeim tillögum, sem settar eru fram hér, á að vera hægt að lækka skatta og gjaldtökur hjá sveitarfélaginu til lengri tíma lítið.

Í skýrslu þessari eru lagðar fram ýmsar tillögur til að bæta rekstrarafkomu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Það er mat skýrsluhöfundar að ef farið verður eftir þeim í meginatriðum eigi rekstrarafkoma sveitarfélagsins að geta orðið jákvæð strax á næsta ári.


Í þeim tillögum sem hér eru settar fram þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á kjörum starfsmanna o.s.frv. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meirihluta og minnihluta um þær. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn þess.

Reykjavík, 14.6.2012

Haraldur L. Haraldsson,  
hagfræðing

# Fylgiskjöl

1. Skipurit: Stjórnsýslan
2. Skipurit: Ráð og nefndir





Skipurit: Stjórnsýslan, ráð og nefndir

